# FRÉTTABLAÐIÐ

7. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 9. JANÚAR 2016


# Vísar á yfirstjórn

**Karl Steinar Valsson,** fyrrverandi yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar, segist hafa útbúið greinargerð um mál lögreglufulltrúa sem er grunaður um spillingu og fylgt öllum reglum. Ásakanir um annað séu rangar. Ákvarðanir um formlega rannsókn mála hafi ekki verið hans, heldur þáverandi yfirmanna embættisins. →26



FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Veitir mér öryggi og frelsi

→28






## Ísland of einangrað

→32

## Hræringar í fíkniefnadeild

→34




PLÚS 3 SÉRBLÖÐ ● ATVINNA ● FÓLK ● SKÓLAR OG NÁMSKEIÐ

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015





GRÍN, HASAR OG RÓMANTÍK Á BÍÓSTÖÐINNI

BÍÓSTÖÐIN ER Í SKEMMTI-PAKKANUM

Bíóstöðin er hluti af Skemmtipakkanum þar sem boðið er upp á kvikmyndir allan sólarhringinn.

365.is | Sími 1817 365



Útsala

Opið til 18

SMÁRALIND

## Veður




Eftir nokkra daga af hvassri austanátt dregur loksins almennilega úr vindi í dag, víða 5-13 m/s, en heldur hvassari með suðurströndinni. Áfram éljagangur suðaustan og austan til, en annars að mestu þurrt og bjart veður þó að einhver ský verði til staðar. Kólnar í veðri, frost 0 til 5 stig, mildast við sjávarsíðuna. SJÁ SÍÐU 52



**Ólöf Nordal innanríkisráðherra segir að embætti héraðssaksóknara spili veigamikla rullu í eftirliti með lögreglu.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Vill áfram eftirlit með lögreglu

**STJÓRNSÝSLA** „Ég legg áherslu á mikilvægi þess að eftirlit sé haft með lögreglunni,“ segir Ólöf Nordal innanríkisráðherra. Mikið hefur verið fjallað um mál tveggja lögreglumanna í fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu sem grunaðir eru um að taka við greiðslum gegn upplýsingum úr deildinni. Í Fréttablaðinu í gær sagði Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri að hann gæti hugsað sér að komið yrði á fót sérstöku embætti sem hefði aðeins það hlutverk að hafa eftirlit með lögreglunni.

„Í skýrslu nefndar um meðferð kvartana og kærumála á hendur lögreglu eru tillögur sem gera ráð fyrir að stjórnsýslunefnd hafi þetta hlutverk með höndum. Í ráðuneytinu er nú unnið að gerð draga að frumvarpi á grundvelli skýrslunnar sem sett verður í almennt umsagnarferli og ég mun skoða allar athugasemdir sem fram koma sem styrkt geta eftirlitið,“ segir Ólöf.

Hún bendir jafnframt á að nýstofnað embætti héraðssaksóknara fer með rannsókn og ákæruvald vegna refsiverðrar háttsemi lögreglumanna. – snæ

# Bætt í brennuna



**Hátíðarhöld** Þrettándabrennur fara fram á höfuðborgarsvæðinu í dag en þeim þurfti að fresta vegna veðurs fyrr í vikunni. Brennan á Ægisíðu hefur haldið áfram að stækka síðustu daga og er orðin hin veglegasta. Í gær bættust tvö vörubílshlöss af brettum á brennuna og svo hafa Vesturbæingar verið duglegir að mæta með jólatrén sín. Kveikt verður í brennunni klukkan 18.30. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Geta fjárfest fyrir 20 milljarða

**EFNAHAGSMÁL** Seðlabanki Íslands hefur ákveðið að veita lífeyrissjóðum, ásamt öðrum innlendum vörsluaðilum séreignarsparnaðar, heimild til fjárfestingar í fjármálagerningum fyrir 20 milljarða króna á fyrstu fjórum mánuðum ársins. Í júlí síðastliðnum var sömu aðilum veitt undanþága til erlendrar fjárfestingar að fjárhæð 10 milljarðar króna sem dreifðist á síðari helming þess árs.

Í greinargerð frá Seðlabankanum segir að gjaldeyrisinnstreymi á nýliðnu ári og minni óvissa um þróun greiðslujafnaðar í framhaldi af samþykkt kröfuhafa slitabúa fallinna fjármálafyrirtækja á frumvörpum til nauðasamninga hafi skapað svigrúm til frekari fjárfestingar lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila séreignarsparnaðar í fjármálagerningum útgefnum í erlendum gjaldeyri. – jhh




# Læknir og hagfræðingur í veitingahúsageirann

**Læknir, hagfræðingur og iðnaðarmenn ákváðu að taka sig saman og opna veitingastað og sælkeraverslun. Borðið verður starfrækt á Ægisíðu 123. Áherslan er á hægeldaðan mat úr góðu hráefni. Telja fólk vilja eyða minni tíma í að elda.**

**VIÐSKIPTI** „Þeim mun meira sem við vorum búin að tala um þetta, þeim mun meira fannst okkur að við myndum bara sjá eftir því að láta ekki slag standa og fara út í þetta,“ segir Friðrik Ársælsson sem ásamt konu sinni Rakel Evu Sævarsdóttur og vinapari þeirra, Martinu Vigdísi Nardini og Jóni Helga Sen Erlendssyni, er stofnandi veitingastaðarins og verslunarinnar Borðsins sem verður opnuð á Ægisíðu 123 í næsta mánuði.

Það sem sameinar fjórmenningana, sem eru læknir, hagfræðingur, lögfræðingur og úr byggingageiranum, er matarást og skólaganga í Menntaskólanum við Reykjavík. Þau hafa þróað hugmyndina að staðnum frá því í fyrrasumar.

Um er að ræða eins konar take-away-stað sem sérhæfir sig í góðum mat unnum frá grunni úr góðu hráefni. „Fókusinn til að byrja með hjá okkur verður á kvöldmat og kvöldtraffík, fólk sem á leið hjá á leiðinni heim úr vinnu og getur sótt sér góðan mat. Svo býður staðurinn upp á ýmsa möguleika sem við komum til með að skoða,“ segir Friðrik. Á fimmtudögum til laugardags verður einnig boðið upp á bakaða eftirrétti.

„Frá svona 2006-2007 hefur þessi þróun átt sér stað að fólk vill eyða minni tíma í að elda, en vill borða góðan mat. Þetta er því í fyrsta lagi til að leysa vandamál sem við höfum upplifað hvert í sínu lagi, eftir vinnu þegar maður fer að velta því fyrir sér hvað á að vera í matinn og mikill tími fer í að kaupa í matinn og elda,“ segir Jón Helgi.

Auk matsölu verður í húsnæðinu verslun og boðið upp á veisluþjónustu. „Við verðum með vörur sem við erum búin að sérvelja, allt frá sultum upp í potta. Vörurnar koma alls staðar að, en mest frá Bretlandi og Ítalíu. Svo ætlum við líka að vera með okkar eigin framleiðslu þegar fram líða stundir,“ segir Rakel Eva og bætir við að það sé ósk þeirra að eins konar hverfissamfélag myndist í versluninni.

Ef vel gengur í Vesturbænum stendur jafnvel til að opna í öðrum hverfum á næstu misserum.

saeunn@frettabladid.is



**Martina Vigdís Nardini, Jón Helgi Sen Erlendsson og Rakel Eva Sævarsdóttir eiga það sameiginlegt að vera sælkerar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Fókusinn til að byrja með hjá okkur verður á kvöldmat og kvöldtraffík, fólk sem á leið hjá á leiðinni heim úr vinnu og getur sótt sér góðan mat.**
>
> Friðrik Ársælsson, einn eigenda Borðsins

HÚSASMIÐJAN

blómaval

# ÚTSALA

# HÚSASMIÐJUNNAR

## ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

### EIN STÆRSTA ÚTSALA OKKAR FRÁ UPPHAFI

BÚSÁHÖLD **25-50%** • SMÁRAFTÆKI **20-40%** • JÓLAVÖRUR **50%** • FLÍSAR **30%** • LJÓS **25-50%**
POTTAR OG PÖNNUR **25-50%** • RAFMAGNSVERKFÆRI **20-40%** • BLÖNDUNARTÆKI **25-35%**
HANDVERKFÆRI **20-40%** • VERKFÆRATÖSKUR **20-40%** • HEIMILISTÆKI VALDAR VÖRUR **15-35%**
PARKET VALDAR VÖRUR **30-40%** • ÚTIVISTARFATNAÐUR **25%** • VEGGÞILJUR **30-40%**
INNIMÁLNING **20-30%** • BARNABÍLSTÓLAR **25%** • GJAFAVÖRUR **25%** ...**OG ÓTAL MARGT FLEIRA!**



22% AFSLÁTTUR

**Þvottavél** Electrolux
7 kg, 1200sn. Orkunýting A+++
1805690
**59.990kr**
~~76.900kr~~



25% AFSLÁTTUR

**Litaðir eldhúshnífar**
5 stk í standi
2007431
**7.493kr**
~~9.990kr~~



29% AFSLÁTTUR

Electrolux
**Hraðsuðukanna Eloise**
Electrolux 1.5 ltr
1829123
**4.590kr**
~~6.490kr~~



26% AFSLÁTTUR

Electrolux
**Kaffivél Eloise**
Electrolux 10 bollar
1829126
**3.990kr**
~~5.430kr~~



50% AFSLÁTTUR

**Fiskipanna Energy**
34x23 cm
2006784
**3.300kr**
~~6.599kr~~



40% AFSLÁTTUR

**1.375kr/m²**
~~2.290kr/m²~~
**Harðparket eik planki**
Kaindl 8mm mattlakk fasað
147050



33% AFSLÁTTUR

**Stingsög**
Black&Decker 400W
5246011
**5.995kr**
~~8.995kr~~



35% AFSLÁTTUR

**Hleðsluborvél**
**Black & Decker**
14.4V.
5246006
**11.495kr**
~~17.635kr~~



40% AFSLÁTTUR

**Handlaugartæki**
Emmevi, Winny.
7900012
**5.539kr**
~~9.229kr~~



**TÚLIPANA ÚTSALA Í BLÓMAVALI**

**Túlipanar 10 stk**
**1.490kr**
~~1.990kr~~

Afslættir á útsölu gilda ekki af vörum merktum „lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“ og tilboðsvörum • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana. gildir ekki af KitchenAid

**TÖLUR VIKUNNAR** 04.01. 2016 TIL 10.01.2016

**27 af 67** verkalýðsfélögum eiga enn ósamið við Samband íslenskra sveitarfélaga.

**960.000** krónur bárust Hjálparstarfi kirkjunnar frá Jólasveinaþjónustu Skyrgáms.




**564** fyrirtæki voru lýst gjaldþrota á fyrstu ellefu mánuðum ársins 2015.

**41%** lögreglumanna á landinu gegnir yfirmannsstöðu.

**9.200** einstaklingar hafa leitað til **VIRK** frá því í lok árs 2009.

**6 einstaklingar** höfðu tilkynnt um forsetaframboð sitt í vikunni.

**14 Hvergerðingar** eru komnir yfir nírætt.

## Þrír í fréttum
## Lögregla, rusl og launaskrið

**Haraldur Johannessen**
*ríkislögreglustjóri*



sagði í viðtali við Fréttablaðið að samskiptavandi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefði hugsanlega að gera með að Sigríður Björk Guðjónsdóttir lögreglustjóri væri í karllægu starfsumhverfi embættisins. Hann sagði jafnframt að spillingarmál innan lögreglunnar væru sjaldgæf og að hann vildi setja upp sérstakt eftirlit með störfum lögreglu.

**Hjálmar Sveinsson,**
*formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur,*



sagði ákvörðun um að hirða sorp á fjórtán daga fresti í stað tíu daga vera tekna vegna umhverfissjónarmiða. Borgin vildi fækka ferðum sorphirðubíla um borgina auk þess sem flokkun plasts sérstaklega minnkaði umfang almenns sorps. Júlíus Vífill Ingvarsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, sagði ákvörðunina tekna án nægjanlegs undirbúnings.

**Ólafía B. Rafnsdóttir,**
*formaður VR,*



sagði ákvörðun kjararáðs um að hækka laun opinberra starfsmanna gera kjaraviðræður erfiðari „þegar menn fljúga svona langt, langt fram úr öðrum og maður skilur eiginlega ekki rökin fyrir því að hækka þurfi menn svona svakalega mikið á einu bretti“.

# Selja snyrtivörur sem innihalda efni sem ESB hefur bannað

**Dönsk apótek og verslanir fjarlægja vörur með bönnuðum rotvarnarefnum úr hillum. Vörur sem innihalda bönnuð efni hafa fundist í verslunum hér. Erfitt er fyrir neytendur að fylgjast með hvaða efni eru leyfileg.**

**NEYTENDUR** Stjórn félags lyfsala í Danmörku hvetur öll apótek í landinu til að fjarlægja þegar í stað úr hillunum snyrtivörur sem innihalda bönnuð rotvarnarefni, paraben, sem mögulega geta valdið krabbameini. Verslanakeðjurnar Matas og Coop í Danmörku ætla einnig að fjarlægja viðkomandi vörur úr verslunum sínum.

Í yfirlýsingu stjórnarinnar, sem danskir fjölmiðlar greina frá, segir að framleiðendur hafi ekki veitt upplýsingar um að vörurnar innihéldu bönnuð efni. Þess vegna hafi apótekin ekki vitað að í hillum þeirra væru vörur sem innihéldu þau. Í frétt danska blaðsins Politiken segir að framleiðendur L'Oréal haldi áfram að senda vörur með bönnuðum efnum í verslanir. Fyrirtækið líti svo á að vörurnar séu öruggar.

Viðbrögð lyfsala voru vegna ábendingar neytendasamtaka til dönsku umhverfisstofnunarinnar um sölu á fjölda vörutegunda með bönnuðu rotvarnarefni, þar á meðal vissra vara frá Garnier, Vichy, La Roche-Posey, L'Occitane og L'Oréal.

Bann við framleiðslu snyrtivara með fimm gerðum parabena tók gildi 30. október 2014 hér á landi og í aðildarríkjum Evrópusambandsins. Frá og með 30. júlí 2015 mátti ekki selja snyrtivörur sem framleiddar voru áður en bannið tók gildi, að því er Gunnlaug H. Einarsdóttir, sviðsstjóri hjá Umhverfisstofnun, greinir frá.

Hún segir að í fyrra hafi verið lögð áhersla á eftirlit með sölu á andlitslitum fyrir börn. „Þá fjarlægðum við af markaði vörur sem innihéldu bönnuð paraben. Síðastliðið vor, þegar enn var leyfilegt að selja snyrtivörur með þessum bönnuðu efnum, fundum við þau í sólvarnarefnum sem framleidd voru utan Evrópusambandsins.“

Þegar slíkar vörur finnast í verslunum óskar Umhverfisstofnun eftir förgun þeirra. Viðurlög eru áminningar og jafnvel dagsektir, að sögn Gunnlaugar.

Hún tekur það fram að stofnunin hafi ætlað að beina því til neytenda að þeir gæti sín en viðurkennir að slíkt geti verið erfitt fyrir þá. „Þetta er auðvitað ruglingslegt þegar sum paraben eru bönnuð en önnur ekki. Við hefðum sennilega mátt vera duglegri við að koma upplýsingum um þessi mál til innflytjenda.“

**ibs@frettabladid.is**




**Neytendur þurfa að vera á varðbergi vilji þeir ekki nota snyrtivörur með bönnuðum rotvarnarefnum.**

### Rotvarnarefni í snyrtivörum

**Bönnuð paraben**
Benzylparaben
Isobutylparaben
Isoprobylparaben
Pentylparaben
Phenylparaben

**Leyfileg paraben**
Butylparaben
Ethylparaben
Methylparaben
Propylparaben

HEIMILD: UMHVERFISSTOFNUN

> **Þetta er auðvitað ruglingslegt þegar sum paraben eru bönnuð en önnur ekki. Við hefðum sennilega mátt vera duglegri við að koma upplýsingum um þessi mál til innflytjenda.**
>
> Gunnhildur H. Einarsdóttir, sviðsstjóri hjá Umhverfisstofnun






# Fjölskyldurnar koma á þriðjudag

**SAMFÉLAG** Albönsku fjölskyldurnar tvær, sem vísað var úr landi í desember, eru væntanlegar hingað til lands að nýju á þriðjudag. Mál þeirra vakti mikla athygli í lok árs vegna þess að í þeim báðum eru langveikir drengir.

Alþingi veitti fjölskyldunum ríkisborgararétt hér á landi þann 19. desember síðastliðinn. Hermann Ragnarsson, múrari og vinnuveitandi annars mannsins, fór fyrir söfnun í desember til að fjölskyldurnar kæmust aftur hingað og safnaði 4,5 milljónum króna. Sá peningur er nýttur til að koma fjölskyldunum heim. Flugfélagið WOW air borgar fyrir ferð þeirra frá London til Íslands.

Hermann segir að búið sé að útvega fjölskyldunum atvinnu hér á landi. Þó sé ekki um fullt starf að ræða fyrst um sinn þar sem fullorðna fólkið þurfi að sækja námskeið í íslensku. Þá munu börnin sækja leikskóla og skóla hér á landi við fyrsta tækifæri. **– snæ**



**Arjan Lalaj er hjartveikur drengur sem vísað var úr landi seint á síðasta ári. Hann kemur aftur á þriðjudag.** FRÉTTABLAÐIÐ/STÖÐ2

# THE TECHNO SPACE

5 EÐA 7 MANNA

NÚ FÁANLEGIR SJÁLFSKIPTIR

NÝ, ÖFLUG OG SPARNEYTIN VÉL

ÞRJÚ AFTURSÆTI Í FULLRI STÆRÐ

ÓHINDRAÐ ÚTSÝNI



CITROËN C4 PICASSO
5 MANNA
Beinskiptur frá 3.790.000 kr.
Sjálfskiptur frá 4.090.000 kr.

CITROËN GRAND C4 PICASSO
7 MANNA
Beinskiptur frá 4.190.000 kr.
Sjálfskiptur frá 4.490.000 kr.

## KOMDU OG SKOÐAÐU
## CITROËN C4 PICASSO OG GRAND C4 PICASSO

Hvort sem þú velur 5 eða 7 manna útgáfu er tæknin framúrskarandi og rýmið nánast takmarkalaust. Með snertiskjánum stjórnar þú öllum aðgerðum og fylgist með lágri eyðslunni. Þökk sé óvenju hárri framrúðu er innanrýmið baðað ljósi og útsýnið óhindrað. Allar breytingar á sætum eru einkar fljótlegar og auðveldar. Þrjú sæti í fullri stærð eru í sætaröð fyrir aftan framsæti. Báðir bílarnir eru nú fáanlegir með nýrri sjálfskiptingu og nýrri BlueHdi dísilvél sem í senn er öflug og sparneytin.

KOMDU Í REYNSLUAKSTUR

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

citroen.is
Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

CITROËN

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

## Komin ró á markaðinn

**VIÐSKIPTI** Í gær hækkuðu hlutabréf í Kína í verði eftir stormasama viku. Kauphöllum hafði verið lokað tvisvar í vikunni, þegar verðfall varð meira en sjö prósent. Í vikunni voru miklar lækkanir á mörkuðum í Asíu, Evrópu og Bandaríkjunum í kjölfarið.

Eftir að hlutabréfverð í Kína tók við sér fylgdi Evrópu- og Bandaríkjamarkaður fast á eftir. FTSE 100 í Bretlandi hækkaði um 0,24 prósent og Dax í Þýskalandi um 0,44 prósent. Sömu sögu var að segja í Bandaríkjunum.

Hlutabréfalækkun fór að hafa áhrif á Íslandi á fimmtudaginn þegar íslenska úrvalsvísitalan lækkaði um 1,24 prósent. Í gær var þó grænn dagur og úrvalsvísitalan lækkaði einungis um 0,09 prósent. **– sg**

## Neitaði vinnu en voru dæmdar bætur

**SVÍÞJÓÐ** Þegar atvinnulaus maður í Svíþjóð, sem var vottur Jehóva, neitaði að selja happdrættismiða á grundvelli trúar sinnar var hann sviptur atvinnuleysisbótum í 45 daga. Litið var svo á að hann hefði ekki breytt rétt þegar hann neitaði að fara í atvinnuviðtal hjá viðkomandi fyrirtæki.

Nú hefur dómstóll í Stokkhólmi úrskurðað að um óbeina mismunun hafi verið að ræða. Atvinnumiðlunin hefur verið dæmd til að greiða manninum 60 þúsund sænskar krónur í bætur eða um 900 þúsund íslenskar krónur. **– ibs**

## Líf við Reykjavíkurhöfn



Reykjavíkurhöfn iðaði af lífi þegar ljósmyndari Fréttablaðsins átti þar leið hjá í gærdag. Verið var að landa úr Sturlaugi Böðvarssyni AK, togara HB Granda, en fleiri skip félagsins eru í höfn þessa dagana eins og myndin sýnir glöggt. Á næstu tveimur árum koma til landsins þrír nýir ísfisktogarar sem hluti af endurnýjun flota HB Granda. Þeir munu leysa Sturlaug og Ottó N. Þorláksson RE, sem hér er í mynd, af hólmi en einnig þriðja skipið Ásbjörn RE. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Ákveðið að slaka á útbreiðslukröfum til 365

**TÆKNI** Póst- og fjarskiptastofnun tekur undir þá skoðun 365 miðla ehf. að forsendubrestur hafi orðið um uppbyggingu á 4G þjónustu og verður því slakað á kröfum sem gerðar voru til 365.

Samkvæmt þeim kröfum sem gerðar voru þegar 365 keypti tíðniheimild til að koma þjónustunni á þarf fyrirtækið að bjóða 99,5 prósentum landsmanna upp á 4G farnetsþjónustu fyrir árslok 2016.

Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, segir slakað á kröfum um tíma en ekki dreifingu. Hann segir forsendubrestinn sem um ræðir hafa verið ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að verja 500 milljónum króna í uppbyggingu á ljósneti í dreifbýli. „Fyrir



**Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar**

hinn almenna borgara þýðir þetta að ef 365 byggir upp kerfið er hægt að gera það á hagkvæmara verði. Að ná til 99 prósenta landsmanna eru býsna miklar kröfur,“ segir Hrafnkell.

„Í stað þess að við séum að fara í uppbygginguna á farsímakerfi sem á að ná til dreifðustu byggða landsins, sem myndi kosta nokkra milljarða, þá getum við nýtt ljósleiðarauppbyggingu ríkisstjórnarinnar,“ segir Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri 365. **– þea**

# Bjartsýnn á niðurstöðu sem sátt verður um

**Stjórnarskrárnefnd fundaði í gær og fundar aftur strax eftir helgi. Formaðurinn er bjartsýnn á að sátt náist um tillögur að breytingum. Deilt um hvort þjóðin eigi að geta greitt atkvæði um mikilvægar þingsályktanir á borð við rammaáætlun.**

**STJÓRNSKIPAN** Stjórnarskrárnefnd, undir forystu Páls Þórhallssonar, fundaði í gær og fundar aftur á mánudag um tillögur um breytingar á stjórnarskránni. Rætt er um fjögur meginefni, sem gerðar yrðu breytingar á. Það eru ákvæði um þjóðareign á náttúruauðlindum, þjóðaratkvæðagreiðslu að kröfu kjósenda, umhverfisvernd og um framsal valds vegna alþjóðasamstarfs.

Stefnt er á að nefndin skili forsætisráðherra niðurstöðu um breytingartillögur fyrir upphaf þings 21. janúar. Enn er óvíst hvort það verða sameiginlegar niðurstöður, eða byggðar á ósamhljóma álitum. Páll Þórhallsson segist þó vera bjartsýnismaður að eðlisfari. „Þótt sumum finnist þetta ganga hægt, þá hefur mér liðið þannig að það hafi eitthvað þokast á hverjum fundi.“

Nefndin hefur rætt um að ákvæði um þjóðaratkvæði geri ráð fyrir því að undirskriftir 15 prósenta atkvæðisbærra manna þurfi til þess að knýja fram atkvæðagreiðslu. Minnst 25 prósent atkvæðisbærra manna þurfi að hafna lögum í þjóðaratkvæðagreiðslu til að koma í veg fyrir að þau öðlist gildi. Nefndin vill því nokkuð þrengri skilyrði fyrir þjóðaratkvæðagreiðslum en stjórnlagaráð gerði ráð fyrir árið 2011. Í frumvarpi stjórnlagaráðs var gert ráð fyrir að tíu af hundraði kjósenda gætu krafist þjóðaratkvæðis um lög.

Rætt hefur verið um það hvort í ákvæðinu eigi að vera undanskilin frumvörp um fjárlög, skattalög og lög til að fylgja þjóðréttarlegum skuldbindingum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur náðst sátt um að undanskilja frumvörp af þessu tagi. Enn er deilt um það hvort meiriháttar þingsályktanir, eins og tillögur að rammaáætlun, verði undanskildar.



**Stjórnarskrárnefnd undir forystu Páls Þórhallssonar stefnir á að skila niðurstöðu um breytingartillögur við upphaf þings 21. janúar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ef samstaða næst á meðal formanna stjórnmálaflokkanna, um að leggja fram frumvarp á Alþingi um breytingar á stjórnarskrá á grundvelli tillagna nefndarinnar, væri hægt að fara þrjár mismunandi leiðir til þess að afgreiða þær breytingar.

Það væri hægt að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu, að lokinni afgreiðslu á Alþingi. Þá þyrfti að gera það í fyrsta lagi sex mánuðum eftir afgreiðsluna á þingi og í síðasta lagi níu mánuðum seinna. Ókosturinn við þessa leið yrði sá að ef hún yrði farin yrði mjög stutt í þingkosningar og þátttaka í slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu yrði mögulega takmörkuð.

Önnur leið, sem áður hefur verið farin, er að breytingarnar yrðu afgreiddar á Alþingi. Svo væri þing rofið og breytingarnar samþykktar á nýju þingi. Þriðja leiðin væri mögulega sú að nota gömlu aðferðina en nota ráðgefandi atkvæðagreiðslu samhliða þingkosningum.

**jonhakon@frettabladid.is**



# OUTLET

# VORUM AÐ BÆTA VIÐ NÝJUM VÖRUM Á OUTLETMARKAÐINN

HAGKAUP HOLTAGÖRÐUM OG SMÁRALIND

## ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR

AÐEINS 8 VERÐ

- 500
- 1.000
- 2.000
- 3.000
- 4.000
- 5.000
- 6.000
- 8.000

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## Þrír fjórðu kennara íhuga að hætta

**SVÍÞJÓÐ** Yfir þrír af hverjum fjórum kennurum í Svíþjóð íhuga að láta af störfum vegna mikils álags. Þetta eru niðurstöður könnunar sem blað sænska kennarasambandsins lét gera meðal 1.100 kennara.

Haft er eftir formanni sambandsins, Bo Jansson, að samfélag sem ekki meti kennara, menntun þeirra og framlag þeirra að verðleikum kunni ekki heldur að meta nemendur.

Kennarar eru ánægðir með starf sitt en segjast hafa of mikið að gera. Það voru einkum kennarar með langa starfsreynslu sem tóku þátt í könnuninni en 75 prósent þeirra hafa starfað við kennslu í 11 ár eða lengur. **– ibs**



**Voreqe Bainimarama, forsætisráðherra Fídjíeyja, segir lesbíum að bóka miða aðra leiðina til Íslands.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Segir lesbíum að flytja til Íslands

**FÍDJÍEYJAR** Hjónabönd samkynhneigðra koma ekki til greina á Fídjíeyjum. Þetta sagði forsætisráðherra landsins, Voreque Bainmarama, eftir að hafa horft á sjónvarpsþátt þar sem yfirmaður kvennaathvarfs færði rök fyrir slíkum hjónaböndum.

Forsætisráðherrann ráðleggur konum sem vilja giftast konum að bóka farmiða aðra leiðina til Íslands. „Farið til Íslands og verið þar um kyrrt. Fídjíeyjar þurfa ekki á slíku rusli að halda,“ hefur miðillinn Fiji Sun Online eftir forsætisráðherranum, að því er greint er frá á vef Dagens Nyheter.

Það er mat forsætisráðherrans að ákvæði stjórnarskrárinnar um jafnrétti eigi ekki við um hjónabönd samkynhneigðra. **– ibs**




**„Sýnið okkur virðingu! Við erum ekki sjálfgefin bráð, jafnvel þótt við séum naktar,“ stendur á þessu skilti sem gjörningalistakonan Milo Moire hélt á í gær.** NORDICPHOTOS/AFP

# Merkel vill allt upp á borðið

**Rúmlega 30 manns handteknir í Köln vegna ólátanna á gamlárskvöld. Átján þeirra eru hælisleitendur. Merkel vill hraða brottflutningi þeirra sem ekki fá hæli. Lögreglustjóranum í Köln vikið úr embætti tímabundið.**

**ÞÝSKALAND** Átján hælisleitendur eru meðal þeirra rúmlega 30 manna, sem handteknir hafa verið í Köln vegna líkamsárása, þjófnaðar og kynferðisbrota gegn tugum kvenna á gamlárskvöld.

Flestir eru þeir, samkvæmt upplýsingum þýska dagblaðsins Welt am Sonntag, Sýrlendingar sem komið hafa á síðustu mánuðum til Þýskalands.

Málið hefur vakið mikið uppnám í Þýskalandi og magnað upp raddir sem vara við flóttafólki almennt.

Þýski íhaldsflokkurinn, CDU, hyggst í kjölfarið leggja til lagabreytingar sem miða að því að herða reglur um flóttafólk, þannig að enginn sem dæmdur verður til skilorðslausrar fangelsisvistar geti fengið hæli eða stöðu flóttamanns í Þýskalandi.

> **Sú tilfinning – kvenna í þessu tilviki – að vera algerlega varnarlaus er líka fyrir mig sjálfa óþolandi.**
>
> Angela Merkel, kanslari Þýskalands

Angela Merkel kanslari, leiðtogi CDU, segir einnig nauðsynlegt að hraða brottflutningi þeirra útlendinga, sem komið hafa til landsins en fá ekki samþykkt hæli þar.

Hún hvetur einnig til þess að atburðirnir í Köln verði rannsakaðir í þaula svo hægt verði að átta sig á því nákvæmlega hvað gerðist.

„Sú tilfinning – kvenna í þessu tilviki – að vera algerlega varnarlaus er líka fyrir mig sjálfa óþolandi,“ sagði hún. „Þess vegna er mikilvægt að allt sem þar gerðist komi upp á borðið.“

Hátt í 200 kærur hafa nú borist til lögreglunnar í Köln vegna árásanna á gamlárskvöld. Konur urðu fyrir því að hópar ungra manna króuðu þær af, káfuðu gróflega á þeim og stálu af þeim verðmætum, svo sem farsímum.

Lögreglan hefur viðurkennt að hafa ekki verið undir þetta búin. Þótt um 70 lögreglumenn hafi verið á vakt við lestarstöðina í miðbæ Kölnar, þá réðu þeir ekki við aðstæðurnar.

Samt sem áður voru nærri hundrað manns stöðvaðir af lögreglu þetta kvöld vegna gruns um árásir á konur.

Í gær ákvað svo Ralf Jäger, innanríkisráðherra í landstjórninni í Nordrhein-Westfalen, að víkja Wolfgang Albers, lögreglustjóra Kölnar, úr embætti um óákveðinn tíma. Jäger sagði þetta nauðsynlegt til að endurheimta trú almennings á lögreglunni og jafnframt til að gera lögregluna í Köln starfhæfa á ný. **gudsteinn@frettabladid.is**


## *Auglýsing um tillögu að **aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar** 2013–2030*

***Skipulagsyfirvöld Keflavíkurflugvallar auglýsa hér með tillögu að aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og umhverfisskýrslu skv. 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.***

Tillaga aðalskipulagsins, ásamt umhverfisskýrslu, er aðgengileg á heimasíðu Keflavíkurflugvallar, **www.kefairport.is/skipulagsmal**

Einnig verða skipulagsgögnin til sýnis á skrifstofu Isavia í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og hjá Skipulagsstofnun á Laugavegi 166 frá og með 12. janúar 2016 til og með 23. febrúar 2016.

Við gildistöku aðalskipulags Keflavíkurflugvallar 2013–2030 mun falla úr gildi aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2005–2025, sem staðfest var 24. febrúar 2006.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta gefst kostur á að gera athugasemdir við tillöguna.

**Frestur til að gera athugasemdir rennur út 23. febrúar 2016.** Skila skal skriflegum athugasemdum og/eða ábendingum til: Skipulagsfulltrúi Keflavíkurflugvallar, Flugstöð Leifs Eiríkssonar, 235 Keflavíkurflugvelli eða **sveinn.valdimarsson@isavia.is**




**Stærsta fjárfestingin var fjögurra milljarða fjárfesting leidd af framtakssjóðnum NEA í tölvuleikjaframleiðandanum CCP.** MYND/CCP

## Fjárfest fyrir sex milljarða í sprotafyrirtækjum

**MARKAÐSMÁL** Á síðasta ársfjórðungi árið 2015 var fjárfest í íslenskum sprotafyrirtækjum fyrir sem nemur sex milljörðum króna. Þetta kemur fram í samantekt fréttavefsins Norðurskautsins. Níu fjárfestingar voru á fjórðungnum.

Stærsta fjárfestingin var fjögurra milljarða fjárfesting leidd af framtakssjóðnum NEA í tölvuleikjaframleiðandanum CCP. Á eftir CCP var stærsta fjárfestingin í Arctic Trucks, svo ARK Technology og Sólfari.

Meðalfjárfesting í sprotafyrirtæki sem fjármagnaði sig í fyrsta sinn nam 175 milljónum en meðalfjárfesting í lengra komnum fyrirtækjum nam 253 milljónum króna.

Flestar fjárfestingar voru í gegnum íslenska sjóði, hins vegar kom stærsti hluti fjárhæðarinnar, eða um 80 prósent, frá útlöndum sökum fjárfestingar NEA. Fram kemur í samantektinni að íslensku sjóðirnir Brunnur, Frumtak 2, Eyrir Sprotar og Nýsköpunarsjóður voru virkir á ársfjórðungnum.

Fréttablaðið greindi frá því á síðasta ári að árið 2015 voru þrír nýir vaxtarsjóðir stofnaðir, Eyrir Sprotar, Frumtak 2 og Brunnur. Heildarfjárfestingargeta þeirra nemur 11 milljörðum. Nýsköpunarfyrirtækjum stendur því til boða mun meira fjármagn hérlendis nú en fyrir fáeinum misserum.

Nú þegar hefur Eyrir fjárfest í átta fyrirtækjum, Frumtak í fjórum fyrir milljarð og Brunnur er byrjaður að fjárfesta. Til stendur að fjölga fjárfestingum sjóðanna á nýju ári. **– sg**




**Kynntu þér Toyota FLEX**
- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág innborgun** | **Tryggt framtíðarvirði** | **Fastar mánaðargreiðslur**

## Í DAG, LAUGARDAG, 9. JANÚAR KL. 12-16 HJÁ VIÐURKENNDUM SÖLUAÐILUM TOYOTA Á ÍSLANDI

Komdu á frumsýningu á nýjum og glæsilegum **RAV4** sem markar straumhvörf enda fæst hann núna í hybrid-útfærslu í fyrsta sinn. Auk þess er ekkert lát á vinsældum **Land Cruiser 150 Adventure** og **Yaris Trend** – sérútgáfum sem bjóðast áfram í takmarkaðan tíma. Njóttu þess að skoða þessa tímamótasýningu hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota í dag.

### VILDARPUNKTAR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM*

5 ÁRA ÁBYRGÐ

| Toyota Kauptúni | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi |
|---|---|---|---|
| Kauptúni 6 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| Garðabæ | Akureyri | Reykjanesbæ | Selfossi |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 |

*Viðkomandi þarf að vera meðlimur í Icelandair Saga Club.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

SUÐRÆN SVEIFLA



**Suðræn sveifla er skemmtileg líkamsrækt fyrir konur á öllum aldri. Námskeiðið byggist upp á mjúkri upphitun, latin dönsum eins og Cha Cha, Jive, Salsa og fl., kviðæfingum og nidra slökun.**

Hver tími er 60 mínútur og kennt er tvisvar í viku á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 17:30 í leikfimissal Hvassaleitisskóla. Námskeiðið er tólf vikur.

Kennari er Birgitta Sveinbjörnsdóttir danskennari.

**Skráning er hafin á námskeiðið sem hefst þriðjudaginn 19. janúar**

**Upplýsingar og skráning í síma: 899-8669.**

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

**Framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra árið 2016**

Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra auglýsir eftir umsóknum um framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra fyrir árið 2016. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að uppbyggingu og efla öldrunarþjónustu um allt land.

Framkvæmdasjóður aldraðra starfar samkvæmt lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 og reglugerð nr. 468/2014 . Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra fer með stjórn sjóðsins og gerir tillögur til heilbrigðisráðherra um úthlutun úr honum. Vísað er til reglugerðarinnar varðandi upplýsingar um þau verkefni sem heimilt er að veita framlög til, afgreiðslu umsókna og reglur varðandi framlög.

Vakin er athygli á að umsækjendum er gert að sækja um rafrænt og er umsóknarformið, ásamt nánari upplýsingum, aðgengilegt á vef velferðarráðuneytisins http://vel.is

Umsóknum ber að skila í síðasta lagi fyrir kl. 16:00 mánudaginn 1. febrúar 2016.

*Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra*

HAFRÉTTARSTOFNUN ÍSLANDS

**Styrkir**
**til náms í hafrétti**

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókna- og fræðslustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands og er meginmarkmið stofnunarinnar að treysta þekkingu á réttarreglum á sviði hafréttar. Að stofnuninni standa Háskóli Íslands, utanríkisráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Hafréttarstofnun auglýsir hér með eftirfarandi styrki til náms í hafrétti til umsóknar:

1. Styrk til framhaldsnáms í hafrétti á háskólaárinu 2016 - 2017.
2. Styrki til þátttöku í sumarnámskeiði Ródos-akademíunnar í hafrétti 3.-22. júlí 2016.

Umsóknir sendist Tómasi H. Heiðar, forstöðumanni stofnunarinnar, með tölvupósti, **tomas.heidar@utn.stjr.is** fyrir **29. janúar 2016.**



**Frá undirritun og kynningu á stöðugleikasáttmálanum í júnílok 2009. Á myndinni eru Vilhjálmur Egilsson, þá framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, Jóhanna Sigurðardóttir, þá forsætisráðherra og Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Siglingaleiðin óljós þótt til lands sjáist

**Vinnuhópur um jöfnun lífeyrisréttinda á opinbera og almenna markaðnum fundar stíft þessa dagana. Vinna sem hófst með stöðugleikasáttmálanum 2009.**

**KJARAMÁL** Viðræður standa yfir milli fulltrúa opinberra starfsmanna, fjármálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um jöfnun lífeyrisréttinda á almenna og opinbera markaðnum. Opinberu félögin eru Bandalag háskólamanna (BHM), Bandalag starfsmanna ríkis og sveita (BSRB) og Kennarasamband Íslands.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM, segir um að ræða áframhald viðræðna sem teknar hafi verið upp að nýju í haust. Jöfnun lífeyrisréttinda sé hins vegar hluti af stöðugleikasáttmálanum svokallaða sem aðilar vinnumarkaðar, ríki og sveitarfélög undirrituðu 25. júní 2009. Unnið hafi verið að jöfnun réttindanna allt frá þeim tíma. Viðræðurnar sem nú eru í gangi eru á grundvelli draga að skýrslu vinnuhóps fjármála- og efnahagsráðherra um endurskoðun lífeyrismála, samkvæmt níundu grein stöðugleikasáttmálans og nefnist „Framtíðarsýn í lífeyrismálum“. Drögin voru birt á vef ráðuneytisins í byrjun júlí í fyrra.

Hlé varð á viðræðunum á meðan, í kjaradeilum haustsins, var leitað leiða til að gera jöfnun lífeyrisréttindanna hluta af SALEK-samkomulaginu. BHM og KÍ féllust ekki á það og stóðu því utan þess samkomulags sem gengið var frá í októberlok. „Við vildum ekki tengja lífeyrisréttindin við þetta tímabundna samkomulag um launastefnu til ársloka 2018. Þetta mál er á öðru samningaborði, sem við sitjum við núna,“ segir Þórunn, en viðræður um málið voru aftur teknar upp á þeim vettvangi í nóvember.

> **Þetta mál er á öðru samningaborði, sem við sitjum við núna.**
>
> Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM



Þórunn segir erfitt að leggja mat á hvort sjái fyrir endann á viðræðunum. „Eigum við ekki að orða það þannig að það sé landsýn en siglingaleiðin sé ekki fundin.“ Þessa dagana sé fundað nokkuð stíft. Síðasti fundur var í gær, föstudag, og gert ráð fyrir áframhaldandi fundum eftir helgi.

Í tillögum vinnuhópsins sem skilaði niðurstöðum sínum í fyrrasumar kemur fram að grundvallarmarkmið fyrirhugaðra breytinga á lífeyriskerfinu sé að skapa sjálfbært og samræmt lífeyriskerfi til framtíðar fyrir íslenskan vinnumarkað. Kerfið hvíli á þremur stoðum almannatrygginga, samtryggingarlífeyrissjóða og viðbótalífeyrissparnaðar. Niðurstaða hópsins er að miða við að launafólk geti vænst þess að fá í lífeyri um það bil 76 prósent af meðalævitekjum sínum.

„Það viðmið byggir á núgildandi réttindum A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) þannig að samkomulag er um að færa það hlutfall sem er á almenna vinnumarkaðinum upp að þessu viðmiði,“ segir þar. Um leið færist iðgjald allra í 15,5 prósent og lífeyrisaldur allra verði 67 ár. **olikr@frettabaldid.is**

# Olíutankar komnir á aldur í Varmahlíð

**UMHVERFISMÁL** Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra vinnur nú að því að fara yfir stöðu olíutanka í Skagafirði. Ný reglugerð gerir ráð fyrir að olíutankar megi ekki vera eldri en 25 ára gamlir. Eftir það geti þeir verið varasamir og olía lekið út frá þeim.

„Til að mynda eru olíutankar í Varmahlíð komnir á aldur en hafa staðist þrýstiprófanir fram að þessu. Við könnum stöðu þeirra reglulega og það má segja að þeir séu á skilorði,“ segir Sigríður Hjaltadóttir heilbrigðisfulltrúi.

Heilbrigðiseftirlitið vinnur nú áhættumat vegna olíuflutninga á vegum í umdæminu. Er farið í þessa vinnu vegna slyss síðastliðið sumar þegar olíuflutningabifreið fór út af þjóðveginum í Skagafirði. „Rétt við Varmahlíð varð alvarlegt slys sem hefði getað endað mun verr. Með þessari vinnu erum við að reyna að ná utan um tíðni og magn olíuflutninga í umdæminu og meta líkur á slysum,“ segir Sigríður.



**Farið er í vinnuna vegna slyss síðastliðið sumar þegar olíuflutningabifreið fór út af þjóðveginum í Skagafirði. Myndin er frá slysi í Ísafjarðardjúpi árið 2012.** FRÉTTABLAÐIÐ/HAFÞÓR

„Olíumengun getur haft alvarlegar afleiðingar á Norðurlandi vestra þar sem eru veiðiár og -vötn, vatnslindir og önnur náttúra sem við þurfum að hlúa að. Því er mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir vandanum.“ **– sa**

# Atvinnutækifæri eða nýtt áhugamál?

## Fjölbreytt úrval námskeiða við allra hæfi.

### Greinaskrif og hugmyndavinna

**Hagnýt skrif**
Að koma hugsunum á blað.
*Hefst 22. febrúar.*

**Skapandi hugsun** Nýtt
Fyrir þá sem vilja öðlast kjark til að deila hugmyndum sínum og öðlast innsýn í skapandi ferli frá hugmynd til verkloka.
*Hefst 25. febrúar.*

### Hönnun og handverk

**Dúkrista** Nýtt
Myndefni skorið í línóleum-dúk og þrykkt á blað með einföldum aðferðum.
*Hefst 2. mars.*

**Fatabreytingar**
*Hefst 9. febrúar.*

**Myndlistarnámskeið**
Andlit/portrett grunnur. *Hefst 8. feb.*
Dúkrista grunnur. *Hefst 2. mars.*
Landslagsmálun grunnur. *Hefst 22. feb.*
Landslagsmálun framhald. *Hefst 4. apríl.*
Mannslíkaminn/módel. *Hefst 18. apríl.*
Málað með spaða. *Hefst 7. mars.*
Olíumálun/litafræði. *Hefst 27. jan.*
Skissuteikning. *Hefst 15. feb.*
Teikning grunnur. *Hefst 20. jan.*
Teikning framhald. *Hefst 25. apríl.*
Tískuteikning. *Hefst 23. feb.*

**Saumanámskeið**
Byrjendur. *Hefst 18. jan., 20. jan. og 4. mars.*
Framhald. *Hefst 29. febrúar.*

**Silfursmíði**
Fyrir byrjendur og lengra komna.
*Hefst 11. jan., 13. jan. og 19. jan.*

**Skrautskrift – Italic Calligraphy**
Fyrir byrjendur. *Hefst 25. febrúar.*

**Steinaslípun**
Vinnustofa við steinaslípun; hugmyndavinna, mótun, sögun, slípun og pólering. *Hefst 5. apríl.*

**Taulitun og tauþrykk**
*Hefst 20. febrúar.*

**Umbúðahönnun** Nýtt
Grafísk hönnun og formteikningar.
*Hefst 10. mars.*

**Víravirki**
Farið í gerð víravirkis, allt frá undirbúningi efnis að fullunnu skarti. *Hefst 7. mars.*

### Málmur og tré

**Bólstrun**
Fyrir byrjendur. *Skráning á biðlista.*

**Eldsmíði** Nýtt
Kennd eru helstu vinnubrögð í eldsmíði.
*Hefst 13. febrúar og 5. mars.*

**Gítarsmíði**
Rafmagnsgítar smíðaður frá grunni.
*Hefst 21. janúar.*

**Hannað og smíðað**
*Hefst 16. febrúar.*

**Húsgagnaviðgerðir**
*Hefst 18. janúar og 2. mars.*

**Járnrennismíði**
Fyrir byrjendur. *Hefst 29. febrúar.*

**Lesið í skóginn ferskviðartálgun** Nýtt
Tálgað verður með margs konar bitáhöldum sem þátttakendur læra að umgangast, hirða og brýna.
*Hefst 2. febrúar.*

**Málmsuða**
Grunnur. *Hefst 18. jan. og 15. feb.*
Framhald. *Hefst 11. apríl.*

**Trésmíði fyrir konur**
*Hefst 8. febrúar.*

**Útskurður í tré**
*Hefst 27. febrúar.*

### Raftækni

**Arduino**
Fyrir byrjendur og lengra komna.
*Hefst 7. mars.*

**Rafeindatækni fyrir byrjendur**
Fjarnám með þremur staðbundnum lotum. *Hefst 4. mars.*

### Skipstjórn – vélstjórn

**ARPA ratsjárnámskeið**
Grunnur. *Hefst 17. maí.*
Endurnýjun. *Hefst 19. maí.*

**ECDIS rafrænt sjókorta- og upplýsingakerfi**
*Hefst 11. apríl.*

**Endurnýjun skipstjórnarréttinda**
*Vorönn 2016.*

**Endurnýjun vélstjórnarréttinda**
*Vorönn 2016.*

**GMDSS ROC/GOC**
*Hefst 29. febrúar.*

**Hásetafræðsla**
Hásetafræðsla – aðstoðarmaður í brú.
*Hefst 4. apríl.*

**IMDG endurnýjun**
*Haldið 2. mars.*

**Skemmtibátanámskeið**
Undirbúningsnámskeið fyrir skemmtibátapróf. Kennt í fjarnámi.
*Hefst 18. janúar.*

**Smáskipanámskeið**
Kennt í fjarnámi. *Hefst 18. janúar.*

**Smáskipavélavörður – vélgæsla**
*Hefst 7. mars.*

### Tölvur og upplýsingatækni

**AutoCAD**
Fjarnám með fjórum staðbundnum lotum. *Hefst 20. febrúar.*

**Forritunarnámskeið**
App fyrir Android. *Hefst 7. mars*
Forritun í C#. *Hefst 9. febrúar.*
HTML5 og CSS3. *Hefst 23. febrúar.*

**Kvikmyndanámskeið** Nýtt
Farið yfir helstu atriði sem þarf að hafa í huga við tökur á tæknibrellum fyrir kvikmyndir.
*Hefst 23. febrúar.*

**Lightroom myndvinnsla**
Grunnur. *Hefst 10. febrúar.*

**Listræn tískuljósmyndun** Nýtt
Farið yfir hvernig taka á flottar tískuljósmyndir, nota öðruvísi bakgrunna og mismunandi ljós og fylgihluti.
*Hefst 16. mars.*

**Ljósmyndanámskeið**
Stafræn ljósmyndun og myndvinnsla.
*Hefst 22. febrúar.*

**Margmiðlunarnámskeið**
Forskot í þrívíddarhönnun. *Hefst 8. feb.*
Kvikmyndanámskeið. *Hefst 23. feb.*
Lýsing og rendering. *Hefst 5. mars.*
Maya grunnur. *Hefst 9. feb.*
Tölvuleikjagerð í þrívídd. *Hefst 4. apríl.*

**Myndvinnsla og grafík**
Illustrator. *Hefst 3. mars.*
InDesign bæklingagerð. *Hefst 7. mars.*
Photoshop. *Hefst 9. mars.*

**Revit Architecture**
Grunnur. *Hefst 26. janúar.*

**SketchUp þrívíddarteikning**
Fyrir margvíslegar teikningar.
*Hefst 3. febrúar.*

### Umhverfi og útivist

**GPS staðsetningartæki og rötun**
*Hefst 23. maí.*

**Reiðhjólaviðgerðir**
*Haldið 23. apríl.*

**Veðurfræði og útivist**
*Haldið 19. apríl.*

### Undirbúningsnámskeið fyrir sveinspróf

**Undirbúningsnámskeið fyrir sveinspróf**
Fyrir rafvirkjun. *Hefst 18. jan.*
Fyrir rennismíði. *Hefst 22. jan.*
Fyrir vélvirkjun. *Hefst 8. feb.*

### Tækniskóli unga fólksins

**Sumarnámskeið**
Fjölbreytt og skemmtileg sumarnámskeið fyrir ungt fólk á aldrinum 12–16 ára. Ólík námskeið verða í boði og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Bjóðum m.a. upp á námskeið í endurhönnun á fötum, myndlist, málmsuðu, rafrásarföndri, saumum og tæknibrellum og þrívídd.
Vikunámskeið. *Hefjast 13. og 20. júní.*

**Skráning og nánari upplýsingar:**
www.tskoli.is/namskeid | endurmenntun@tskoli.is | Sími 514 9602
Námskeið Endurmenntunarskólans eru styrkhæf hjá flestum fræðslusjóðum stéttarfélaga.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

# Íbúar á Hvolsvelli óánægðir með skerta heilsugæsluþjónustu

**HEILBRIGÐISMÁL** Halda á íbúafund á Hvolsvelli á mánudag vegna óánægju með skertan opnunartíma heilsugæslunnar í bænum.

„Um langt skeið hefur sveitarstjórn reynt að fá fund með forstjóra Heilbrigðisstofnunar Suðurlands til þess að fá útskýringar á því hvers vegna heilsugæslustöðin var ekki opnuð eins og gert var ráð fyrir 1. september síðastliðinn,“ segir Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri Rangárþings eystra. „Það var ekki fyrr en eftir tvo fundi með forstjóra sem stöðin var opnuð – en það var 16. nóvember og þá með skertum opnunartíma.“

Ísólfur Gylfi segir að í stað þess að vera opin alla virka daga á veturna eins og áður tíðkaðist sé heilsugæslan á Hvolsvelli nú aðeins opin þrjá daga í viku. Hann bendir á að fyrir nokkrum árum hafi sveitarfélagið gert heilsufarssamninga við HSU sem feli í sér að starfsmenn sveitarfélagsins fái þjónustu alla virka daga milli klukkan átta og níu í Heilsugæslustöðinni á Hvolsvelli.

„Það gefur augaleið að með takmarkaðri opnun er ekki staðið við samninginn af hálfu HSU,“ segir Ísólfur Gylfi sem kveður forstjóra HSU munu skýra afstöðu stofnunarinnar á íbúafundinum.

Búast má við talsverðum fjölda á íbúafundinum miðað við að í gær höfðu 207 þegar skrifað undir skjal á heimasíðu sveitarfélagsins þar sem þess er krafist að skerðingin á opnunartímanum verði dregin til baka. „Öll óvissa í þessum málaflokki reynir mjög á íbúa,“ segir í bréfi þar sem sveitarstjórnin býður fulltrúum HSU á íbúafundinn. – **gar**



Ísólfur Gylfi Pálmason sveitarstjóri segir íbúa ekki una skertum opnunartíma heilsugæslunnar á Hvolsvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**207**

**hafa skrifað undir skjal á heimasíðu sveitarfélagsins þar sem þess er krafist að skerðingin á opnunartímanum verði dregin til baka.**

**Það gefur augaleið að með takmarkaðri opnun er ekki staðið við samninginn.**

Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri Rangárþings eystra





## Sýrlenskir flóttamenn í Evrópu

Flóttamannastraumurinn frá Sýrlandi verður viðfangsefni þriðja fundar í fundaröð Háskóla Íslands **Fræði og fjölmenning** sem að þessu sinni er haldinn í samstarfi við utanríkisráðuneytið og fulltrúa frá Norwegian Refugee Council (NRC), alþjóðleg frjáls félagasamtök á sviði neyðar- og mannúðaraðstoðar.

Stóraukinn straumur flóttafólks frá stríðshrjáðum svæðum, sérstaklega frá Sýrlandi, til Evrópu hefur blásið nýju lífi í umræður um fjölmenningarsamfélagið. Sýrlenskir ríkisborgarar á flótta nálgast 4,4 milljónir og hundruð þúsunda hafa á undanförnum árum sótt um hæli í Evrópu. Áhrifanna gætir um gjörvalla álfuna, þar með talið á Norðurlöndum, að Íslandi meðtöldu.

Fundurinn verður haldinn **mánudaginn 11. janúar nk., kl. 12.00 til 13.30** í Hátíðasal Aðalbyggingar Háskóla Íslands.

**Dagskrá**

**Jón Atli Benediktsson**, rektor Háskóla Íslands, setur fundinn.

**Eygló Harðardóttir** velferðarráðherra greinir frá viðbrögðum íslenskra stjórnvalda við ööldinni í Sýrlandi og áskorunum vegna aukins straums flóttamanna frá stríðshrjáðum svæðum til Evrópu.

**Martin Hartberg**, sérfræðingur í málefnum Mið-Austurlanda hjá NRC, greinir frá stöðu mála í Sýrlandi, áhrifum átakanna í Evrópu og starfsemi NRC í tengslum við þau.

**Arvinn E. Gadgil**, yfirmaður samstarfs- og stefnumáladeildar hjá NRC, greinir frá viðbrögðum Norðmanna við ástandinu í Sýrlandi og umræðum þar um stöðuna í Evrópu.

**Auðbjörg Halldórsdóttir**, forsvarsmaður Íslensku friðargæslunnar, fjallar um framlag Íslands til neyðar- og mannúðarmála er tengjast ástandinu í Sýrlandi.

Fundurinn fer fram á ensku og er öllum opinn.

Að fundi loknum verður boðið upp á hressingu.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

www.hi.is




Kristófer Dignus segir engan heilagan þegar kemur að gríni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ekki að sparka í liggjandi mann

**Dagskrárstjóri RÚV segir ekki til umræðu að biðja Sigurð Einarsson afsökunar á Áramótaskaupinu. Leikstjórinn segir engan heilagan þegar kemur að gríni.**

**MENNING** „Það hefur ekki komið til umræðu enda ekki verið farið fram á neitt slíkt. En mér þykir það vissulega leitt að þetta atriði eða önnur í Skaupinu hafi farið fyrir brjóstið á einhverjum áhorfendum eða sært þá enda er það sannarlega ekki tilgangurinn,“ segir Skarphéðinn Guðmundsson, aðspurður um hvort til greina komi að biðja Sigurð Einarsson, fyrrverandi stjórnarformann Kaupþings, afsökunar á atriði þar sem Sigurður kemur við sögu í Áramótaskaupinu.

Í þessu tiltekna atriði er spiluð upptaka af samtali sem fréttastofa RÚV átti við Sigurð sama dag og hann var dæmdur í fangelsi í Hæstarétti vegna al Thani-málsins. Jónas Sigurgeirsson, fyrrverandi upplýsingafulltrúi Kaupþings, gagnrýnir þetta atriði harðlega í Fréttablaðinu í gær. Gagnrýnin vakti nokkra athygli á samfélagsmiðlum. Sigurður sætir, sem kunnugt er, fangelsisrefsingu á Kvíabryggju.

Kristófer Dignus, leikstjóri Áramótaskaupsins, segir umrætt grín vera þínlegt og það eigi að vera þannig, enda vísi það til þínlegs atburðar á síðasta ári. Í stað þess að vera með leikið atriði, þar sem leikarar léku bankamenn, hafi verið ákveðið að fara þá leið sem farin var.

„Mér finnst þetta hafa snert svolítið mikið okkur sem þjóð, það sem gerðist og afleiðingar þess sem gerðist,“ segir Kristófer um bankahrunið og afleiðingar þess. Hann segir engan vera heilagan þegar kemur að gríni og grínið hafi verið góðlátlegt. „Mér finnst við ekki vera að sparka í liggjandi mann.“

Skarphéðinn Guðmundsson, dagskrárstjóri RÚV, segist ekki vita til þess að Sigurður Einarsson hafi gert athugasemdir við umrætt atriði. Skarphéðinn segir nálgunina í umræddu atriði vissulega hafa verið djarfa, en hann trúi ekki að nein meinfýsni hafi ráðið för hjá höfundunum.

Fréttablaðið hringdi á Kvíabryggju og óskaði viðbragða frá Sigurði Einarssyni, en var tjáð að hann væri upptekinn vegna funda með lögfræðingum. **jonhakon@frettabladid.is**



# Sixt vill þig í hópinn!

Við erum að bæta í hópinn og leitum að hressu og metnaðarfullu fólki sem vill starfa í skemmtilegu og fjölbreyttu umhverfi. Um er að ræða sumarstörf sem og framtíðarstörf.

- **Ertu með ríka þjónustulund?**
- **Ertu góð/ur í tungumálum?**
- **Vinnur þú vel undir álagi?**
- **Góð laun í boði fyrir duglegt fólk.**

**Sölufulltrúi í Reykjanesbæ og Reykjavík** - laust er til umsóknar bæði á dag- og næturvaktir í Reykjanesbæ

*Starfssvið:*
- Afgreiðsla á bílaleigubílum
- Bókanir og eftirfylgni með þeim
- Sala á allri vörulínu Sixt
- Símsvörun og upplýsingagjöf
- Önnur tilfallandi verkefni

*Hæfniskröfur:*
- Stúdentspróf
- Góð enskukunnátta skilyrði
- Góð framkoma og rík þjónustulund
- Reynsla af sölustörfum er kostur
- Framúrskarandi söluhæfileikar
- Bílpróf

**Starfsmaður á skutlu í Reykjanesbæ og Reykjavík**

*Starfssvið:*
- Akstur
- Umsjón með bílaflota
- Móttaka viðskiptavina
- Önnur tilfallandi verkefni

*Hæfniskröfur:*
- Bílpróf
- Góð enskukunnátta er skilyrði
- Góð framkoma og rík þjónustulund
- Meirapróf er kostur en ekki skilyrði

**Þjónustufulltrúi í Reykjanesbæ og Reykjavík**

*Starfssvið:*
- Almenn skrifstofustörf
- Bókanir og eftirfylgni með þeim
- Dagleg samskipti við viðskiptavini
- Sala á þjónustu fyrirtækisins
- Símsvörun og upplýsingagjöf
- Önnur tilfallandi verkefni

*Hæfniskröfur:*
- Stúdentspróf
- Góð enskukunnátta er skilyrði
- Góð framkoma og rík þjónustulund
- Bílpróf

Unnið er á dag-, kvöld- og næturvöktum. 12 tíma vaktir og unnið eftir 2-2-3 kerfi. Umsóknir beristi til Sixt rent a car, Fiskislóð 18, 101 Reykjavik eða á tölvupóstfangið atvinna@sixt.is fyrir 31.01.2016.

Sixt rent a car er stærsta bílaleiga Þýskalands, stofnuð 1912, með yfir 4000 afgreiðslustaði í yfir 105 löndum. Sixt á Íslandi hefur starfsstöðvar í Reykjavík og Reykjanesbæ. Sixt hefur verið í miklum vexti undanfarin ár og ætíð lagt ríka áherslu á fagmennsku, framúrskarandi þjónustu og gott starfsumhverfi.

SIXT rent a car

Sixt rent a car - Fiskislóð 18 - 101 Reykjavík - 540 2222 - www.sixt.is - sixt@sixt.is

# GEFÐU ÞÉR GÓÐAN TÍMA Í CHICAGO

**Verð frá 39.600* kr.**
**Þessi ferð gefur frá 2.100 til 6.300 Vildarpunkta aðra leiðina.**



**Njóttu hverrar mínútu**
Þú þarft ekki að flýta þér með pönnupizzuna eða rjúka á milli búða á Michigan Avenue. Það sem skiptir máli er að njóta tímans. Rölta meðfram Lake Michigan eða kíkja á sýningu í The Goodman Theatre. Spegla þig í Bauninni, Cloud Gate, staldra við og litast um. Eyða heilum degi í The Museum Park. Eiga gæðastundir og safna minningum sem lifa.

* Innifalið: Flug aðra leiðina og flugvallarskattar.




+ Bókaðu núna á icelandair.is

Vertu með okkur

ICELANDAIR

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 75959 01/16

# Lögreglustjóri tekur til



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Nýr lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu hefur látið til sín taka á stuttum tíma í embættinu. Nú horfir það svo við okkur sem fyrir utan stöndum að miklar tiltektir eigi sér stað innan embættisins. Að ábendingar og ásakanir um misferli í störfum lögreglumanna séu teknar fastari tökum en áður. Því ber að fagna.

Áherslur Sigríðar Bjarkar Guðjónsdóttur í kynferðisbrotamálum og málum er varða heimilisofbeldi eru nauðsynlegar og til þess fallnar að svara kalli nútímans. Ríkislögreglustjóri sagði í föstudagsviðtali Fréttablaðsins í gær að hann væri stærsti bakhjarl Sigríðar. Þar ýjar hann að því að samskiptavandi innan yfirstjórnar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, sem mikið hefur verið fjallað um í fjölmiðlum, kunni að hafa með það að gera að Sigríður situr í karllægu og formföstu embætti, þar sem erfitt er að knýja fram breytingar. Samskiptavandi nokkurra yfirmanna á ríkisstofnun er lítill fórnarkostnaður fyrir bætta starfshætti lögreglu.

Valdheimildir lögreglu eru miklar. Völd einstakra lögreglumanna eru mikil yfir lífi fólks, þótt eðlilega séu takmarkanir á því valdi. Sumum finnst ekki nóg um þær takmarkanir. Þegar fólk hefur vald yfir öðru fólki er mikilvægt sem aldrei fyrr að eftirlit sé haft með slíku. Fréttir af því að koma eigi fyrir skammbyssum í sérstökum vopnakössum í lögreglubílum auka þörfina á eftirliti.

Eins og sakir standa er eftirlit með störfum lögreglu ekki nægjanlegt. Við höfum séð undanfarin misseri að svo virðist sem ekki sé alltaf farið eftir settum reglum. Eitt mikilvægasta hlutverk réttarríkisins hlýtur að vera að gæta þess að valdastofnunum séu sett skýr mörk.

> Engin ástæða er til þess að ætla að lögreglumenn séu óheiðarlegri en annað fólk. Það breytir ekki þeirri staðreynd að undanfarinn áratug hafa 11 ákærur verið birtar lögreglumönnum í starfi.

Engin ástæða er til þess að ætla að lögreglumenn séu óheiðarlegri en annað fólk. Það breytir ekki þeirri staðreynd að undanfarinn áratug hafa ellefu ákærur verið birtar lögreglumönnum í starfi. Í vikunni sat reyndur rannsóknarlögreglumaður úr fíkniefnadeild í einangrun, grunaður um að hafa átt í óeðlilegum samskiptum við fólk í fíkniefnaheiminum og þegið greiðslur fyrir að veita því upplýsingar. Vísir hefur fjallað um mál annars lögreglumanns sem hefur þrisvar verið færður til í starfi undanfarna mánuði, eftir að samstarfsmenn hans lýstu yfir vantrausti á störf hans. Einnig leikur grunur á að hann hafi átt í óeðlilegum samskiptum við brotamenn.

Ríkislögreglustjóri, fyrrnefndur lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, formaður Landssamtaka lögreglumanna, innanríkisráðherra, ríkissaksóknari og flestir alþingismenn virðast vilja taka upp sjálfstætt eftirlit með starfsháttum lögreglu. Okkur er ekki til setunnar boðið.

Það verður að hafa eftirlit með eftirlitinu.




## Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Óáhugaverðasti pistill Íslandssögunnar

Skiptir það þig máli hver mætti og hver skrópaði á ritstjórnarfund þessa dagblaðs í morgun? Veltir þú mikið fyrir þér um hvað rifrildi starfsmanna snerist sem ómur barst af frá lagernum í Bónus síðast þegar þú fórst að versla? Skiptir það þig máli hvort þessi pistill var skrifaður með Times New Roman letrinu eða Arial?

Kæri lesandi. Ég ráðlegg þér að hætta strax að lesa. Eftirfarandi eru hugleiðingar um eitt óáhugaverðasta málefni stjórnmálanna nú um stundir – jafnvel óáhugaverðasta málefni stjórnmálasögunnar allrar.

**Með majónes út á kinn**

Ég sat uppi í sófa á gamlársdag og horfði á Kryddsíldina á Stöð 2 eins og hefðin kveður á um. Ég segi horfa en ég meina dotta, dotta yfir Kryddsíldinni. Í ár dró hins vegar til tíðinda.

Venjulega hef ég náð að halda mér vakandi yfir þessari áramótasamkomu fremstu þingmanna þjóðarinnar að minnsta kosti fyrsta hálftímann. Að minnsta kosti jafnlengi og það tekur mig að skófla í mig tveimur pökkum af flatkökum og dalli af túnfisksalati. En að þessu sinni var met slegið. Eftir fjórtán mínútur, með munninn fullan af brauði, majónes út á kinn og dós af jólaöli enn í lúkunum fór ég að hrjóta.

**Litli, hrjótandi jafnaðarmaðurinn**

Strax annan dag ársins birti Gallup skoðanakönnun um fylgi stjórnmálaflokkanna sem staðfesti þá þróun sem varð á árinu 2015: Jafnaðarmannaflokkarnir – Samfylkingin og Björt framtíð – eru að þurrkast út. Yrði kosið í dag hlyti Samfylkingin 10% atkvæða. Björt framtíð næði ekki manni á þing.

Það er skrýtið til þess að hugsa að ekki fleiri gangi um með lítinn jafnaðarmann í hjartanu. Þangað til í síðustu þingkosningum fékk Samfylkingin alltaf milli 25 og 30 prósent atkvæða í alþingiskosningum. Björt framtíð kom sex mönnum á þing í síðustu kosningum. Hvað varð eiginlega um alla þessa litlu jafnaðarmenn?

Svarið er einfalt. Rétt eins og ég yfir Kryddsíldinni eru þessir litlu jafnaðarmenn farnir að hrjóta af leiðindum.

Þegar ég sofnaði á gamlársdag var Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, að tala um vinnubrögð á Alþingi. „Þingmál koma nú seinna inn í þingið en nokkru sinni fyrr,“ sagði hann kappsfullur. Ég heyrði þó lítið annað en „bla, bla, bla“ og hvarf inn í draumaheiminn þar sem tók á móti mér skrímsli úr majónesi í laginu eins og Jabba the Hutt sem reyndi að éta mig. Þegar ég vaknaði upp með andfælum undir lok Kryddsíldar, staðráðin í að fara í heilsuátak næsta dag, blasti við mér á skjánum sjón sem lét mér líða eins og ég væri föst í þætti af The Twilight Zone: Árni Páll var enn að tala um vinnubrögð á Alþingi.

**Jón sem gleymir að sturta niður**

Rétt eins og Árni Páll hefur Björt framtíð lagt mikla áherslu á vinnubrögð á Alþingi í málflutningi sínum. Mér þykir leiðinlegt að þurfa að segja þetta en ég bara verð: Sorrí, krakkar, en það er langflestum sama um vinnustaðapólitíkina ykkar.

Við glímum öll við vinnustaðapólitík. Það þýðir þó ekki að lesendur Fréttablaðsins þurfi að lesa um stemninguna á kaffistofu 365 á síðum þessa blaðs. Það þýðir ekki að þegar maður fer í Bónus þurfi maður áður en maður fær að borga að hlusta á starfsmann á kassa eitt kvarta undan því að Jón á kassa tvö gleymi alltaf að sturta niður þegar hann er búinn á klósettinu.

Kjósendum stendur á sama um hversu seint eða snemma þingmenn leggja fram frumvörp, þeim stendur á sama um frammíköll þingmanna, bjölluslátt þingforseta, fundarstjórn, málþóf, þingsköp, hálsbindi og hvað er á matseðli dagsins í mötuneytinu. Þessi þráhyggja um vinnubrögð á Alþingi höfðar til 63 einstaklinga og þeir sitja allir á þingi.

Kjósendum stendur hins vegar ekki á sama um heilbrigðismálin, húsnæðismálin, málefni öryrkja og eldri borgara, gjaldeyrishöftin, menntamálin ...

Pistill næstu viku verður tileinkaður hinum hrjótandi jafnaðarmanni. Fjallað verður um mismunandi leturstærðir allra helstu ritvinnsluforrita. Verði ykkur að því.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*


19 Hvernig er fjármálalæsi okkar?
Kynnt verður rannsókn á fjármálalæsi Íslendinga sem Stofnun um fjármálalæsi og sálfræðisvið viðskiptadeildar HR stóðu að.
20 Að setja sér markmið í fjármálum
Fræðslufundur með Breka Karlssyni, forstöðumanni Stofnunar um fjármálalæsi.
26 Fræðslufundur með Jóni Jónssyni
Jón fræðir unglinga á aldrinum 12–16 ára á skemmtilegan hátt um peninga.
28 Smásala á krossgötum
Morgunfundur ÍMARK um mikilvægi markaðsmála fyrir smásöluna.
Fræðsla og viðburðir í janúar
Arion banki býður upp á fjölda opinna fræðsluviðburða í janúar.
Nánari upplýsingar í viðburðadagatalinu okkar á arionbanki.is
Arion banki
– fyrir framtíðina

# Vont er þeirra ranglæti, verra þeirra réttlæti



**Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson**
bankamaður 1996-2010

Eftir fimm ára bið féll dómur í Stím-málinu í Héraðsdómi Reykjavíkur rétt fyrir jól. Samkvæmt dómi skal ég sæta 18 mánaða fangelsisvist vegna brota er ku hafa átt sér stað fyrir átta árum í öðrum banka en ég starfaði hjá. Mér er reyndar ókunnugt um að þessi brot hafi átt sér stað, en þau voru ósönnuð með öllu. Ég áfrýjaði dóminum samdægurs til Hæstaréttar og mun líklega þurfa að bíða í eitt og hálft ár eftir málsmeðferð þar. Af lestri dómsins er erfitt að sjá að réttarhald hafi farið fram eða að einhvers konar málsvörn hafi átt sér stað.

Í fimm ár hef ég mátt þola símhleranir; upptöku persónulegra gagna; húsrannsókn; mannorðsmissi og skert lífsviðurværi. Að óþörfu og ósekju.

Af kynnum mínum af réttarkerfinu hef ég séð sannleikann afbakaðan af opinberum embættismönnum, einskis er látið ófreistað til að treysta eigin tilverugrundvöll og sefa reiði, ímyndaða sem raunverulega. Í mínu tilviki byggðu ákæra og síðar dómur á fyrirfram gefinni niðurstöðu rannsakenda um tilgátu sem mótuð var í upphafi rannsóknar. Engu skipti hvað kom fram við yfirheyrslur, gagnaöflun eða réttarhöld. Í málinu var ákært fyrir umboðssvik. Saksóknari hafnaði framlagningu hins eiginlega og formlega umboðs, sem við höfðum gætt að afla. Það gerði saksóknari með fulltingi dómsúrskurðar sama dómara og dæmdi í málinu, reyndi þannig að halda frá dómi þeim gögnum sem ekki studdu hans tilgátu. Engar sönnur voru færðar á ákæruefnin. Upptökum símtala er sönnuðu sakleysi sakborninga var eytt án þess að verjendur fengju sannreynt innihald þeirra. Til að bíta höfuðið af skömminni byggir saksóknari síðan fyrst og fremst á keyptum framburði uppljóstrara sem sannanlega fór ekki rétt með staðreyndir frammi fyrir dómi.

**Grímulaus misbeiting ákæruvalds**

Samkvæmt almennum hegningarlögum er það að bera mann röngum sökum eða halda frá máli gögnum er benda til sýknu, saknæmt athæfi og getur varðað fangelsisvist allt að 16 árum. Slík er ábyrgð opinberra embætta og einstakra starfsmanna þeirra og rétt að benda á það hér, því einhver mun á endanum þurfa að svara fyrir grímulausa misbeitingu ákæruvalds. Ákæruvaldi ber að rannsaka mögulegt saknæmt athæfi til sakfellingar og sýknu til jafns og velta við hverjum steini.

Þá er jafnframt mögulega um að ræða brot á ákvæði stjórnarskrárinnar um réttláta og skjóta málsmeðferð frammi fyrir óhlutdrægum dómstóli og jafnframt brot á Mannréttindasáttmála Evrópu. Höfum við vikið til hliðar öllum grunnreglum réttarríkisins er í hlut á tiltekin starfstétt manna og kvenna á Íslandi?

**Ég fullyrði að niðurstaðan í Stím-málinu er röng. Ég gerði ekkert rangt og myndi breyta eins í sömu aðstæðum aftur. Ég get harmað að hafa borist á öldum bjartsýni fyrir 2008, en mögulega voru fleiri sekir um það.**

Dómsformaður í mínu máli, Símon Sigvaldason, sagði á opinberum vettvangi nokkrum dögum fyrir dómsuppsögu yfir mér og tveimur öðrum, að vitanlega tækju dómar mið af stemningunni í samfélaginu. Orðrétt sagði Símon: „Við megum ekki gleyma því að dómstólarnir eru sprottnir upp úr okkar eigin samfélagi og eiga að endurspegla viðhorf okkar til málefna líðandi stundar. Dómararnir koma úr því sama umhverfi. Það er mjög eðlilegt að dómarar endurspegli samfélagsvitundina."

Er það svo að túlkun einstakra dómara á stemningunni og persónuleg afstaða þeirra til málefna ráði för? Er þá réttlætisgyðjan ekki blind, heldur alsjáandi og hefur þróað með sér pólitískt nef? Téður dómari reyndist sammála ákæruvaldinu í 99,4% tilfella og sakfelldi, en sýknaði þó í 2 af 304 málum er síðast var athugað.



Í kjölfar sýknudóms yfir heilbrigðisstarfsmanni sté ríkissaksóknari fram og lýsti því yfir að ákæruvaldinu og dómstólum, væri vorkunn, málaflokkurinn væri flókinn og eingöngu á færi sérfræðinga að skilja. Á þetta eingöngu við um heilbrigðismál, en ekki fjármál, s.s. afleiðuviðskipti, markaðsáhættu og alþjóðlega reikningsskilastaðla.

**Niðurstaðan er röng**

Ég fullyrði að niðurstaðan í Stímmálinu er röng. Ég gerði ekkert rangt og myndi breyta eins í sömu aðstæðum aftur. Ég get harmað að hafa borist á öldum bjartsýni fyrir 2008, en mögulega voru fleiri sekir um það. Gjaldið hefi ég greitt og það ríflega. Að ég hafi gerst sekur um afbrot er fráleitt.

Bankamenn hafa í mörgum tilvikum ekki getað eða mátt tjá sig af lagalegum ástæðum, málaflokkurinn er einnig flókinn og á tíðum erfitt að reka mál á opinberum vettvangi. Þannig hefur verið hægt að ala á lægstu hvötum í allri umfjöllun og margir fundið fróun í að úthúða einni stétt í heild sinni. Eru allir pípulagningarmenn fúskarar ef springur einn ofn í stofunni? Og ef allir ofnar í öllum stofum allra landsmanna springa, er þá ekki líklegra að um framleiðslu- eða kerfisgalla sé að ræða?

Mér hefur verið bent á að ég megi ekki skrifa svona, því mál mitt sé í áfrýjunarferli og gagnrýni kunni að ala á óvild dómstóla í minn garð. Hver á annars að standa með eigin málstað ef ekki maður sjálfur?

Réttarkerfinu hefur fatast áður, sbr. í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu og í Hafskipsmálinu. Í báðum tilvikum varð umræðan í kjölfarið á þá lund að slík mannréttindabrot og málsmeðferð mætti aldrei endurtaka í íslensku réttarríki. Erum við á réttri braut nú?

Að lokum vil ég óska lesendum gleðilegs nýs árs og velfarnaðar í leik og starfi.




15. JANÚAR 2016 - GRAND HOTEL

VEISTU

HVAÐ MÉR ÞYKIR VÆNT UM ÞIG?

Tengsl og tengslamyndun
Árleg ráðstefna Barna- og unglingageðdeildar LSH

SALUR
Fundarstjóri: Henný Hraunfjörð

08:00 - 8:30
Skráning og afhending ráðstefnugagna

08:30 - 08:40
Ráðstefna sett

08:40 - 09:10
Um tengslamyndun og mikilvægi ævilangt
Vigfús Bjarni Albertsson sjúkrahúsprestur

09:15 - 10:15
Solihull Approach- Overview of the theories
Cath Coucill, public health nurse, UK

10:15 - 10:35
Kaffihlé

10:40 - 11:20
Solihull Approach- Overview of the theories
Cath Coucill, public health nurse, UK

11:25 - 11:55
Solihull Approach- Overview of the theories
Cath Coucill, public health nurse, UK

12:00 - 13:00
Hádegisverðarhlaðborð

13:00 -14:25
Dagskrá í sölum A og B

14:25 - 14:45
Kaffihlé

14:45 - 15:15
Erfið mismunagreining, tengslaröskun og einhverfa
Björn Hjálmarsson, barnalæknir

15:20 - 15:45
Skemmtiatriði - Ari Eldjárn

16:00
Ráðstefnuslit

SALUR A
Fundarstjóri: Valgerður Hafdís Jensen

13:00 -13:25
Hvernig veit ungbarnið að það er elskað?
Anna María Jónsdóttir, geðlæknir

13:30-13:55
Að lesa í merki ungbarna. Leið til að styrkja samskipti foreldra og ungbarns.
Stefanía Birna Arnardóttir, hjúkrunarfræðingur

14:00-14:25
Tímabundið tengslarof milli foreldra og unglinga.
Vilborg G Guðnadóttir, geðhjúkrunarfræðingur

SALUR B
Fundarstjóri: Gunnar Páll Leifsson

13:00 -13:25
Tengslaeflandi nálgun - hvað þarf til?
Helga Magnea Þorbjarnardóttir, iðjuþjálfi

13:30-13:55
Lyfjameðferð ef tengslaröskun?
Dagbjörg Sigurðardóttir, barna- og unglingageðlæknir

14:00-14:25
Af Hönsum og Grétum samtímans og þeirra fólki.
Valgerður Halldórsdóttir, félagsráðgjafi

BUGL

DAGSKRÁ RÁÐSTEFNU

Bættu góðu áhrifin með því að taka **NUTRILENK GOLD** og **NORÐURKRILL** samhliða!

# KAUPAUKATILBOÐ

## Frábær tvenna fyrir liðina




### Vertu laus við LIÐVERKINA

**NUTRILENK Gold** er eitt mest selda bætiefnið fyrir liðina á Íslandi. Það inniheldur brjósk úr fiski sem talið er öflugt byggingarefni fyrir bein og brjósk enda ríkt af kondritíni, kondritíni súlfati, kollageni og kalki.

## KAUPAUKI

### Omega 3 í sinni hreinustu mynd

NORÐURKRILL inniheldur hreint Omega 3, unnið úr krillolíu frá suðurskautinu sem er hreinasta hafsvæði veraldar ásamt Astaxanthini sem hefur öfluga andoxunareiginleika.






**Hinrik Ólafsson**
Leikari, kvikmyndagerðarmaður og leiðsögumaður

## Laus við verki vegna slitgigtar

„Ég hef verið að kljást við slitgigt í hnjám og mjóbaki í fjölmörg ár og prófað margt, bæði lyf og náttúrulyf sem dugað hafa skammt auk þess að fara í liðþófa aðgerðir. Fyrir rúmum 3 árum gat ég varla beygt mig, var með bólgur í liðum og hreyfigetan takmörkuð. Ég pantaði þá tíma hjá bæklunarlækni sem benti mér á að hyggja betur af lífstílnum og taka inn **NUTRILENK.**

Ég fór beint í næstu verslun og fjárfesti í **NUTRILENK Gold** ásamt **NORÐURKRILLI** og hef tekið það nær óslitið í 3 ár. Batinn er ótrúlegur. Ég finn ekki lengur til í hjánum og get hreyft mig óhindrað. Ég er mjög meðvitaður um mataræði og stunda sjóböð sem eru allra meina bót. Ef ég sleppi því hinsvegar að taka inn **NUTRILENK** og **NORÐURKRILL** þá finn ég verkina koma aftur. Ég er bjartsýnn á að ég þurfi ekki að heimsækja lækninn fyrr en í fyrsta lagi 75 ára. **Ég get því mælt heilshugar með þessari blöndu".**

**„Ég finn ekki lengur til í hjánum og get hreyft mig óhindrað."**

*Tilboðið gildir til 31. janúar 2016.

Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum, stórmörkuðum og verslunum.

## Baráttan um farseðlana til Póllands




# Hver verður skilinn eftir?

**Aron Kristjánsson landsliðsþjálfari tók 18 leikmenn með sér til Þýskalands um helgina. Aðeins 17 munu síðan fara með á Evrópumótið í Póllandi og 16 þeirra verða í leikmannahópnum sjálfum.**

**HANDBOLTI** Lokahnykkurinn á undirbúningi strákanna okkar fyrir EM fer fram í Þýskalandi um helgina þar sem liðið spilar tvo æfingaleiki við Þjóðverja. Eftir þá leiki mun Aron skera hópinn niður um einn leikmann og halda af stað til Póllands.

Það er mitt mat að fjórtán leikmenn séu komnir með öruggt sæti í EM-hópnum. Tandri Már Konráðsson spilaði mikið gegn Portúgal og Aron ætlar sér að nota hann. Ég er einnig á því að Arnór Þór Gunnarsson muni fara til Póllands enda ómögulegt annað en að vera með hreinræktaðan hornamann hægra megin. Ásgeir Örn mun spila mikið fyrir utan þar sem Alexander er ekki heill heilsu.

Heilsa Bjarka Más Gunnarssonar ræður miklu um hvernig lokahópurinn verður. Hann er tæpur vegna meiðsla. Ef hann verður ekki klár í slaginn þá verður hann maðurinn sem dettur út og Guðmundur Hólmar Helgason færi þá með. Komi Bjarki aftur á móti vel út úr helginni þá spái ég því að Guðmundur Hólmar verði sendur heim. Aron gæti vissulega farið þá leið að taka þá báða með og ef svo verður yrði það á kostnað Ólafs.

Fari aðeins annaðhvort Bjarki Már eða Guðmundur Hólmar þá standa eftir Kári Kristján Kristjánsson og Ólafur Andrés Guðmundsson. Annar þeirra þyrfti að byrja í stúkunni. Ég spái því að það verði Ólafur. **henry@frettabladid.is**

## Nýjast

**Domino's-deild karla**

### KR - Stjarnan 73-74

**Stigahæstir:** Michael Craion 23/14 frák./5 varin, Ægir Þór Steinarsson 19/7 stoðs./8 stolnir, Brynjar Þór Björnsson 10 - Marvin Valdimarsson 19, Al'lonzo Coleman 16/13 frák./5 stoðs., Tómas Heiðar Tómasson 15, Ágúst Angantýsson 10/10 frák. **Stjarnan** hefur unnið báða leikina við KR í vetur.

### Höttur - Njarðvík 86-79

**Stigahæstir:** Tobin Carberry 40/6 frák./6 stoðs./6 stolnir, Hreinn Gunnar Birgisson 11, Mirko Stefán Virijevic 11/17 frák. - Logi Gunnarsson 17, Maciej Stanislav Baginski 16, Hjörtur Hrafn Einarsson 13, Oddur Kristjánsson 12, Haukur Pálsson 11/8 stoðs. **Fyrsti sigur** Hattarliðsins á tímabilinu.

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Keflavík | 20 | Tindastóll | 14 |
| KR | 18 | Snæfell | 10 |
| Stjarnan | 16 | Grindavík | 8 |
| Haukar | 14 | ÍR | 8 |
| Þór Þorl. | 14 | FSu | 6 |
| Njarðvík | 14 | Höttur | 2 |

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 12.45 | Wycombe - A. Villa | Sport |
| 15.00 | Doncaster - Stoke | Sport 4 |
| 15.00 | Arsenal - Sunderland | Sport |
| 15.00 | Barcelona - Granada | Sport 3 |
| 17.00 | Fiorentina - Lazio | Sport 3 |
| 17.30 | Man. Utd - Sheff.Utd | Sport |
| 19.30 | Real Madrid - Deport. | Sport |
| 19.45 | Roma - AC Milan | Sport 3 |
| 21.30 | NFL: Texans - Chiefs | Sport |
| 01.15 | NFL: Bengals - Steelers | Sport |
| 13.30 | HK - Fjölnir | Digranes |
| 13.30 | Valur - Afturelding | Valshöll |
| 13.30 | Grótta - ÍR | Hertzhöll |
| 14.00 | Selfoss - Haukar | Selfoss |
| 15.00 | KA/Þór - FH | KA-hús |
| 16.00 | Fylkir-Stjarnan | Fylkishöll |
| 16.00 | Keflavík - Skallagr. | Keflavík |

## Á morgun

| | | |
|---|---|---|
| 14.00 | Chelsea - Scunthorpe | Sport |
| 14.00 | Verona - Palermo | Sport 3 |
| 16.00 | Tottenham- Leicester | Sport |
| 18.00 | NFL: Vikings-Seahawks | Sport |
| 19.45 | Sampdoria-Juventus | Sport 3 |
| 21.30 | NFL: Redskins-Packers | Sport |
| 13.30 | ÍBV - Fram | Eyjar |
| 16.00 | Valur - Snæfell | Valshöll |
| 16.00 | Grindavík - Haukar | Grindavík |
| 16.00 | Stjarnan - Hamar | Garðabær |



RENAULT
Passion for life

# Renault CLIO

Sjálfskiptur sparneytinn dísilbíll




## DÍSILBÍLARNIR FRÁ RENAULT SLÁ Í GEGN

Renault Clio Sport Tourer er fjölskylduútgáfan af þessum vinsæla bíl frá Renault. Clio Sport Tourer býður allar litlar krúttlegar fjölskyldur sem hafa gaman af að fara á skíði á veturna og í ferðalög á sumrin velkomnar í reynsluakstur.

Ríkulegur staðalbúnaður; 16" álfelgur, leiðsögubúnaður með Íslandskorti, Bluetooth handfrjáls símabúnaður og streymi, leðurklætt stýri, þokuljós framan, hraðastillir og margt fleira.

**Verð: 3.990.000 kr.**
CLIO
Dísil, sjálfskiptur
Eyðsla 3,7 l/100 km*

**Verð: 3.190.000 kr.**
CLIO SPORT TOURER
Dísil, sjálfskiptur
Eyðsla 3,7 l/100 km*

E F

**„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT"**

**OPIÐ Í DAG FRÁ KL. 12–16**

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri

ENNEMM / SÍA / NM72907

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L



## FRIDAY
Tungusófi, hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt eða brúnt áklæði. Stærð: 260 × 170 × 87 cm

**143.992 kr.** ~~179.990 kr.~~

**20%** AFSLÁTTUR



## CLEVELAND
Hornsófi með tungu. Hægri eða vinstri. Grátt áklæði. Stærð: 308 x 140/203 x 81 cm

**151.992 kr.** ~~189.990 kr.~~

**20%** AFSLÁTTUR



## ANACO XL
Hornsófi hægri eða vinstri.Litur Corsica grár
Stærð: B:288 x 212 x H: 80 cm

**149.995 kr.** ~~299.990 kr.~~

**50%** AFSLÁTTUR



## TWIST
2,5 sæta sófi. Margir litir. Viðarfætur.
Stærð: 157 x 92 x 95 cm

**76.993 kr.** ~~109.990 kr.~~

**30%** AFSLÁTTUR

## Fjölbreytt úrval smávöru

Allt að
**70%**
afsláttur



## TWIST
Hægindastóll.
Margir litir.
Einnig fáanlegur skemill við stól.

**48.993 kr.** ~~69.990 kr.~~

**30%** AFSLÁTTUR



## HAVANA
Nettir og þægilegir stólar með snúning. Svart leður.

**95.992 kr.** ~~119.990 kr.~~

**20%** AFSLÁTTUR



**30%** AFSLÁTTUR

## TIANA
Borðstofustóll. Svartur.

**9.793 kr.** ~~13.990 kr.~~



## STELLA
La-Z-Boy hægindastóll úr svörtu eða brúnu leðri.Stærð: 93 x 93 x 106 cm

**99.995 kr.** ~~199.990 kr.~~

**50%** AFSLÁTTUR



## GRAND PINNACLE XL
Klæddur leðri á slitflötum. Fáanlegur í brúnum, svörtum og vínrauðum lit.
92 × 97 × 116 cm

**139.993 kr.** ~~199.990 kr.~~

**30%** AFSLÁTTUR



*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*

# Risa ÚTSALA í fullu fjöri

## Allt að 60% afsláttur

### LEVANTO
Hægindastóll með skemli.
Svart leður.



33% AFSLÁTTUR

Leðurstóll með skemli.
99.990 kr. ~~149.800 kr.~~

### STANLEY
La-Z-Boy hægindastóll úr svörtu eða brúnu leðri.



30% AFSLÁTTUR

125.993 kr.
~~179.990 kr.~~

### ASTRO
Slitsterkt áklæði
margir litir.



30% AFSLÁTTUR

41.993 kr. ~~59.990 kr.~~



### KLINT SÓFASETT
Þriggja og tveggja sæta leðursófasett
Svart leður og viðargrind (Br.: 193 & 138 cm)

40% AFSLÁTTUR

227.988 kr. ~~379.980 kr.~~



### ELLY
Þriggja sæta. Margir litir.
Slitsterkt áklæði
Stærð: 183 x 82 x 85 cm

40% AFSLÁTTUR

59.994 kr. ~~99.990 kr.~~

### ASAMA
Borðstofustóll,
svart og hvítt
PU leður.



30% AFSLÁTTUR

11.193 kr. ~~15.990 kr.~~



### CLEVELAND
Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt slitsterkt áklæði. Aukahlutur á mynd höfuðpúði. Stærð: 231 × 140 × 81 cm.

20% AFSLÁTTUR

95.992 kr. ~~119.990 kr.~~



### FRIDAY
Fjölskyldusófinn, hægri eða vinstri tunga.
Brúnt áklæði.
Stærð: 330 × 230/170 × 90 cm

30% AFSLÁTTUR

209.993 kr. ~~299.990 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN

# FRÉTTABLAÐIÐ HELGIN



Fyrsta sunnudag í mánuði er krakkajóga á Kexi hosteli. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Skemmtun fyrir börn og foreldra

## Fjölbreytt fjölskyldudagskrá er í boði alla sunnudaga á Kexi hosteli. Um helgina er boðið upp á krakkajóga.

Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is

Heimilislegir sunnudagar eru haldnir alla sunnudaga á Kexi hosteli. Þar er boðið upp á fjölbreytta fjölskyldudagskrá sem hefst klukkan 13 alla sunnudaga og frítt er á viðburðina.

„Mér fannst vanta fjölskyldudagskrá um helgar sem væru svona fastur liður. Ég byrjaði á þessu fyrir fjórum árum en flutti síðan utan í tvö ár en byrjaði aftur þegar ég kom heim og núna er þetta annar veturinn þar sem þetta hefur verið fastur liður,“ segir Nanna Kristín Magnúsdóttir leikkona sem stendur fyrir Heimilislegum sunnudögum á Kexi hosteli. Á hverjum sunnudegi er í boði dagskrá sem ætluð er börnum og foreldrum þeirra.

„Við erum með fjölbreytta dagskrá. Fyrsta sunnudag í mánuði er alltaf krakkajóga. Síðan höfum við fengið Ævar vísindamann, Línu Langsokk, Leikhópinn Lottu og fleiri góða í heimsókn. Við höfum líka oft verið með tónleika og fáum reglulega til okkar listamenn sem kynna starf sitt. Meðal annars myndlistarmenn, leikara og leikstjóra,“ segir Nanna Kristín en einnig hefur verið krakkabíó og krakkadjass.

> KRÖKKUNUM FINNST ROSALEGA SKEMMTILEGT ÞEGAR FORELDRARNIR LEIKA MEÐ.

„Við reynum að hafa viðburði sem foreldrar geta líka tekið þátt í. Krökkunum finnst rosalega skemmtilegt þegar foreldrarnir leika með. Kex er þægilegur staður, þar er líka góður veitingastaður fyrir bæði börn og fullorðna þannig að það er hægt að fá sér að borða líka.“






## REYKJAVÍK, KÓPAVOGUR, SELTJARNARNES

**ÁRBÆJARKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.arbaejarkirkja.is*

**ÁSKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.askirkja.is*

**BREIÐHOLTSKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.breidholtskirkja.is*

**BÚSTAÐAKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.kirkja.is*

**DIGRANESKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.digraneskirkja.is*

**DÓMKIRKJAN**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.domkirkjan.is*

**FELLA- OG HÓLAKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.fellaogholakirkja.is*

**GRAFARVOGSKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
í Grafarvogskirkju og kl. 13
í Kirkjuselinu í Spönginni
*Nánar á www.grafarvogskirkja.is*

**GRENSÁSKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.kirkjan.is/grensaskirkja*

**GUÐRÍÐARKIRKJA GRAFARHOLTI**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.gudridarkirkja.is*

**HALLGRÍMSKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.hallgrimskirkja.is*

**HÁTEIGSKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.hateigskirkja.is*

**HJALLAKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.hjallakirkja.is*

**KÓPAVOGSKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.kopavogskirkja.is*

**LAUGARNESKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.laugarneskirkja.is*

**LANGHOLTSKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.langholtskirkja.is*

**LINDAKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11 í Lindakirkju
og í Boðaþingi
*Nánar á www.lindakirkja.is*

**NESKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.neskirkja.is*

**ÓHÁÐI SÖFNUÐURINN**
Annan og fjórða sunnudag
mánaðarins kl. 14
*Nánar á www.ohadisofnudurinn.is*

**SELJAKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.seljakirkja.is*

**SELTJARNARNESKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.seltjarnarneskirkja.is*

## HAFNARFJÖRÐUR, GARÐABÆR, MOSFELLSBÆR

**ÁSTJARNARKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.astjarnarkirkja.is*

**BESSASTAÐAKIRKJA**
Fyrsta sunnudag hvers mán.
í Bessastaðakirkju kl. 11
Aðra sunnudaga í Brekkuskógum 1
(safnaðarheimili)
*Nánar á bessastadasokn.is*

**FRÍKIRKJAN HAFNARFIRÐI**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.frikirkja.is*

**HAFNARFJARÐARKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is*

**VÍÐISTAÐAKIRKJA**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.vidistadakirkja.is*

**VÍDALÍNSKIRKJA – GARÐABÆ**
Alla sunnudaga kl. 11
*Nánar á www.vidalinskirkja.is*

**LÁGAFELLSKIRKJA**
Alla Sunnudaga kl. 13
*Nánar á www.lagafellskirkja.is*



Barnastarf kirkjunnar

# Ég fylgdi öllum reglum í starfi

**Karl Steinar Valsson** segist hafa útbúið greinargerð í janúar 2012 um mál lögreglufulltrúa sem er grunaður um spillingu. Hann hafi fylgt reglum og komið ábendingum sem honum bárust sem yfirmaður fíkniefnadeildar til þáverandi yfirmanna sinna, Jóns H. B. Snorrasonar og Friðriks Smára Björgvinssonar. Þeir hafi tekið ákvarðanirnar.

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is



Þessar ásakanir á hendur mér eiga ekki við rök að styðjast. Það hefði aldrei verið í mínum verkahring að hefja rannsóknir á mínum næstu undirmönnum. Sú ályktun sem dregin er, að ég hafi með einhverjum hætti vikið frá formlegum verkferlum í þessu máli eða öðrum málum sem upp komu í minni tíð, er einfaldlega röng," segir Karl Steinar Valsson, sem gegndi stöðu yfirmanns fíkniefnadeildar lögreglu frá 2007 til 2014.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, og eins og fram kom í blaðinu í gær, var Karl Steinar endurtekið upplýstur um grunsemdir í garð vel tengds lögreglufulltrúa hjá deildinni. Maðurinn er enn við störf hjá lögreglu og hefur aldrei verið vikið frá störfum. Hann hefur hins vegar þrisvar verið færður á milli deilda undanfarna mánuði.

„Ég man eftir tilvikum um svona ásakanir í garð lögreglumanna sem upp komu í minni tíð og ég kannast við þetta tilvik. Síðan virðist málið koma upp aftur, eftir að ég hætti störfum. Það mál og það ferli þekki ég ekki neitt og er algjörlega ótengdur því. Mér finnst ég ekki hafa notið sannmælis í fréttaflutningi af málinu."

**Útbjó greinargerð í janúar 2012**

Vísir hefur fjallað ítarlega um mál lögreglufulltrúans undanfarnar vikur og mánuði. Engin formleg rannsókn á málinu var sett af stað á sínum tíma þegar ásakanir í hans garð komu fyrst upp, í tíð Karls Steinars. Síðan hafi fleiri ásakanir komið upp á hendur lögreglufulltrúanum, eftir að Karl Steinar hætti störfum. Karl segir slíkar rannsóknir aldrei hafa verið í sínum verkahring í lögreglunni. Sjálfur hafi hann útbúið greinargerð um þær ábendingar sem honum bárust í janúar 2012 og komið henni áfram til sinna yfirmanna. Nú sé annar yfirmaður fíkniefnadeildar og hafi verið um nokkurt skeið, eða síðan 2014.

„Sá verkferill sem þarna fór í gang var hefðbundinn. Ákveðin grunnskoðun fór í gang, sem ég sá um að gera sjálfur. Þann gjörning er ekki hægt að kalla rannsókn, heldur er það almenn skoðun þeirra gagna sem eru fyrirliggjandi á þeim tíma. Út frá því útbjó ég greinargerð sem ég svo sendi áfram til minna yfirmanna. Ég fylgdi öllum reglum."

Yfirmenn Karls Steinars árið 2012 voru Friðrik Smári Björgvinsson, sem gegnir stöðu yfirlögregluþjóns hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, og Jón H. B. Snorrason, sem gegnir stöðu saksóknara og varalögreglustjóra hjá sama embætti. Þeir báru, þegar þarna var komið sögu, ábyrgð á því að koma ábendingum áfram til ríkissaksóknara sem hefði þá farið fram á formlega rannsókn á málinu, ef tilefni þætti til. Hvorki náðist í Friðrik Smára né Jón H. B. þegar leitað var eftir viðbrögðum þeirra.

„Það er ekki rétt að ég sem yfirmaður sé að rannsaka mína eigin menn. Það gengur ekki upp. Ég hefði aldrei verið sá sem framkvæmdi slíka rannsókn."

Karl Steinar gegnir nú stöðu tengifulltrúa Íslands hjá Evrópsku lögregluskrifstofunni, Europol, og er staddur í Hollandi, þar sem hann býr og starfar.



Karl Steinar segir greinilegt að fleiri ábendingar hafi borist um mál lögreglufulltrúans eftir að Karl hætti sem yfirmaður fíkniefnadeildar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Engar formlegar ábendingar borist Aldísi

Sú sem tók við starfi Karls Steinars heitir Aldís Hilmarsdóttir og hefur gegnt stöðu yfirmanns fíkniefnadeildar síðan 15. apríl 2014.

Aldís segir engar formlegar ábendingar hafa borist til sín um meint misferli lögreglufulltrúans síðan hún tók við starfinu. „En ég get auðvitað ekki svarað fyrir aðra en mig," útskýrir Aldís og bætir við:

**ÉG TEL EKKI SLÚÐURSÖGUR MEÐ. ÉG VEIT HINS VEGAR TIL ÞESS AÐ LÖGREGLUFULLTRÚINN SJÁLFUR HEFUR ÓSKAÐ ÞESS AÐ SLÚÐURSÖGUR SEM UM HANN GANGA VERÐI SKOÐAÐAR.**



Aldís Hilmarsdóttir er eftirmaður Karls Steinars í starfi.

## Lögreglufulltrúinn færður þrisvar til í starfi

Í gær kom fram að hópur lögreglumanna hefði skrifað núverandi yfirmönnum lögreglunnar bréf á vormánuðum þar sem þeir lýstu yfir vantrausti á lögreglufulltrúann sem um ræðir og starfaði við fíkniefnadeild lögreglunnar. Bréfið hefði orðið til þess að maðurinn var færður til í starfi.

Lögreglufulltrúinn var fyrst færður í deild ótengda fíkniefnarannsóknum en heimildir Vísis herma að hann hafi svo verið færður í deild sem annast símahlustanir fyrir öll lögreglulið í landinu.



Lögreglufulltrúinn annast símahlustanir í dag.

**ÉG HAFÐI ENGA SKOÐUN Á ÞVÍ HVORT ÆTTI AÐ VÍSA ÞESSU MÁLI ÁFRAM TIL RÍKISSAKSÓKNARA Á SÍNUM TÍMA.**

**Ekki mitt að rannsaka**

Hann kannast við mál lögreglufulltrúans sem vísað er til, eins og fram kom að ofan.

„Ég hafði enga skoðun á því hvort ætti að vísa þessu máli áfram til ríkissaksóknara á sínum tíma. Í svona tilfelli er ég hreinlega of nálægur starfsmönnunum til þess að fara að taka afstöðu til þess hvort eigi að beita agaviðurlögum innan stofnunarinnar, eða hvort eigi að beita öðrum viðurlögum. Ég get ekki tekið formlega afstöðu til þeirra ásakana sem koma fram. Hvort formleg rannsókn hefði átt að fara fram, ég bara get ekki svarað fyrir það. Enda skiptir mat mitt á því hvort tilefni sé til rannsóknar nánast engu máli. Það er annarra að taka þá ákvörðun, minna yfirmanna á þessum tíma."

Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari hefur sagst ekki geta tjáð sig um málið.

**Vildi einbeita sér að vinnunni**

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fullyrti Karl Steinar á fundi með undirmönnum sínum að rannsókn á málinu hefði farið fram og að enginn fótur væri fyrir ásökunum á hendur lögreglufulltrúanum á sínum tíma. „Ég hélt fund vegna málsins. Ég man eftir því. Þar skýrði ég stöðu mála eins og hún blasti við, skýrði frá því að greinargerð hefði farið frá mér til yfirstjórnar sem tæki frekari afstöðu. Nákvæmlega hvaða orðalag ég notaði get ég ekki munað, þó ég sé þokkalega minnugur maður. Ég minnist þess að hafa sagt mínum mönnum að málið væri úr okkar höndum. Við ættum að einbeita okkur að því að vinna vinnuna okkar."

**Samskiptin fyrst og fremst fagleg**

Samkvæmt heimildum átti Karl Steinar í góðu sambandi við lögreglufulltrúann. „Ég lít á okkar samskipti sem fyrst og fremst fagleg. Við unnum saman í nokkur ár. Hann er ákaflega reyndur og góður rannsóknarlögreglumaður. Samskipti mín við hann voru bara eins og við aðra starfsmenn, vinaleg og fagleg."

Hann segir hlutverk lögreglufulltrúans sem um ræðir undir sinni stjórn hafa fyrst og fremst verið samskipti við brotamenn, til upplýsingaöflunar. „Það er kannski eitthvað sem hefur ekki komið fram. Við höfum heimild samkvæmt lögum til þess að eiga í slíkum samskiptum. Af því tilefni er kannski ekkert óeðlilegt að stundum komi ábendingar um að hann hafi sést á tali við einhverja brotamenn. Það var hans hlutverk, eftir allt saman. Ég þekki ekki til þeirra upplýsinga eða gagna sem liggja fyrir í þessu máli núna, en það er haldið utan um öll samskipti lögreglu í svona málum. Slík gögn eiga öll að vera til."

ÚTSALA

# Stórafsláttur af völdum úrum

frá **þessum vörumerkjum** í verslunum okkar á **Laugavegi 15** og **Kringlunni**

Gildir ekki á michelsen.is




Einnig eru fjölmörg glæsileg tilboð á öðrum vörum í verslunum okkar meðan á útsölu stendur

**Hlökkum til að sjá þig!**

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR

Laugavegi 15 og Kringlunni - sími 511 1900 - www.michelsen.is

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



# Leikhúsið er minn staður

Frumsýning á nýrri þýðingu og nýju frumsömdu verki er meðal þess sem er fram undan hjá nýráðnu leikskáldi Borgarleikhússins **Sölku Guðmundsdóttur.**

Salka Guðmundsdóttir er ungt leikskáld og þýðandi sem hefur vakið verðskuldaða athygli á undanförnum árum, m.a. fyrir verkin Súldarsker og Hættuför í Huliðsdal og fram undan er frumsýning á hennar nýjasta verki, Old Bessastaðir, á vegum leikhópsins Sokkabandsins. Að auki hefur Salka meðal annars þýtt Emmu eftir Jane Austin og þekktasta verk Edwards Albee, Hver er hræddur við Virginiu Wolf? sem verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu í lok næstu viku.

Í liðinni viku var tilkynnt að Salka hefði orðið fyrir valinu sem nýtt leikskáld Borgarleikhússins á vegum leikritunarsjóðs Leikfélags Reykjavíkur en markmið sjóðsins er að efla nýsköpun og fjölbreytni í íslenskri leikritun. Það eru því spennandi tímar fram undan hjá skáldkonunni ungu sem virðist þó vera hin rólegasta yfir upphefðinni sem hún segir að hafi í raun komið sér á óvart.

### Gott pláss á litlu sviði

„Þetta gladdi mig mikið og það hafa eflaust margir sóst eftir þessu. Við erum allnokkur af yngri kynslóðinni sem erum að skrifa fyrir leikhús í dag sem er mjög gaman. Við þekkjumst og höfum tengsl okkar á milli en auk mín eru það meðal annars Kristín Eiríksdóttir, Tyrfingur Tyrfingsson og Heiðar Sumarliðason. Þetta eru allt leikskáld sem hafa verið að koma fram á síðustu fjórum til fimm árum og þetta er fleira en hefur oft verið en ég fann líka þegar ég kom með mitt fyrsta verk, Súldarsker, fyrir fimm árum að það er mikill þorsti eftir nýjum íslenskum leikritum. Ég fann að fólki fannst gaman að ég sem höfundur hefði valið þá leið að vera að vinna sem leikskáld. En núna virðist vera gott pláss fyrir margt á leikhússenunni og það þrátt fyrir að hún sé í raun og veru frekar lítil.“

Salka bendir á að sjálfstæðu leikhóparnir hafa á undanförnum árum verið að eflast mikið og að það sé eflaust líka ákveðinn hluti af aukningu á meðal ungra íslenskra leikskálda. „Það er klárlega ákveðið blómaskeið í frumsköpun hjá sjálfstæðu leikhópunum í dag. Ég rek líka minn eigin leikhóp, ásamt Aðalbjörgu Árnadóttur leikkonu, sem kallast Soðið svið og frjáls leikhópur er góður vettvangur til þess að taka ákveðna áhættu sem maður mundi kannski ekki leggja í annars. Maður finnur líka hvað það er mikill vilji til þess að halda vel utan um íslenska leikritun í dag. Borgarleikhúsið er til að mynda komið með Hrafnhildi Hagalín sem er bæði frábær dramtúrg og leikskáld og í því felst mikill stuðningur. Auk þess hefur samvinnuverkefnum frjálsu leikhópanna og stóru húsanna fjölgað og það eru verkefni sem eru unnin af metnaði og fagmennsku.

### Bæði öryggi og frelsi

Að auki þá er Tjarnarbíó orðið að raunverulegu heimili frjálsu leikhópanna og hætt þessu hálfkáki sem var í gangi þar lengi vel. Í dag er þetta alvöru miðstöð sjálfstæðrar leiklistar og ég er t.d. að vinna með leikhópnum Sokkabandinu sem er að fara að frumsýna eftir mig verkið Old Bessastaðir. Þær fengu mig til liðs við sig eftir að María Heba Þorkelsdóttir leikkona hafði fengið hugmynd að grunni fyrir leikverk og leitaði með þá hugmynd til mín og sáði fræjum að þessu verki. Þannig að hugmyndin er svona okkar sameiginlega barn og það er búið að vera ótrúlega gaman að vinna að þessu með þeim. En það er rosalega erfitt að tala um þetta verk án þess að gefa of mikið upp þannig að ég ætla að leyfa áhorfendum að njóta þess þegar að kemur. En ég get þó sagt að þetta er tragíkómedía þar sem við erum að vinna með raunverulegar tilfinningar og raunverulegt fólk.

Það er auðvitað alltaf sérstakt að vinna fyrir leikhóp þar sem maður er að skrifa fyrir ákveðinn fjölda leikara o.s.frv. En það er svo gaman hvað samtalið er mikið og Marta Nordal leikstjóri er mjög vön að vinna með verk í mótun og það er mikill ávinningur í því fyrir mig. Þetta felur í sér tækifæri til þess að þroskast sem leikskáld rétt eins og tækifærin sem bíða mín í Borgarleikhúsinu. Að vinna inni í húsi og fá að vinna með hæfu fólki og klúðra fimmtán hlutum áður en ég finn þann rétta. Í þessu er bæði öryggi og frelsi sem mér finnst ansi magnað. Það eru ekkert of mörg tækifæri fyrir leikskáld á þessu landi þannig að maður grípur þetta með báðum höndum.“

### Leikhús er þýðing

Í lok næstu viku verður frumsýning á Hver er hræddur við Virginiu Wolf? eftir Edward Albee í þýðingu Sölku og hún segir að það hafi vissulega verið krefjandi verkefni að þýða þetta meistaraverk. „Albee er svo mikill meistari formsins og þetta var frábært verkefni fyrir mig sem þýðanda en líka sem leikskáld. Albee sem leikskáld er þannig að hann hefur öll verkfærin og notar þau öll vel. Þetta er verk sem hann er búinn að endurskrifa og snurfusa í hálfa öld. Hann teflir persónunum svo rosalega vel saman en hann er samt perri og það er samt anarkí í þessu þó svo þetta sé það sem kallað er „well made play“. Það er svo mikill ofsi í þessu og mikil grimmd og ljótleiki en samt líka einhver mikil fegurð. Albee vinnur á svo mörgum plönum að það er eins og að fá masterclass í leikritun að fá að vinna með svona texta mánuðum saman.

Ég held að það sé gott fyrir leikritaskáld að takast á við svona þýðingarverkefni þó svo að það sé allt önnur vinna. En maður er að rýna svo mikið í vinnubrögð annars leikskálds og taka þannig inn það sem aðrir gera. Maður er líka að takast á við möguleikana í tungumálinu og leikhús er alltaf þýðing. Allt sem við gerum á sviðinu er þýðing á annaðhvort hugmynd, texta eða einhverju sambærilegu. Þetta hefur alltaf verið einhver heild í mínum huga og ég á mér þann fjarlæga draum að skrifa einhvern tíma doktorsritgerð um leikhús sem þýðingu, svona þegar ég hef ekkert að gera,“ segir Salka og hlær við tilhugsunina enda sér hún örugglega ekki fram á hörgul á verkefnum á komandi misserum.

### Máttur orðsins og leikhúsið

Það sem ég leitaðist við að gera í þessari vinnu var að færa tungumálið nær okkur. Þessar persónur eru ákveðin tegund af fólki sem beitir tungumálinu á ákveðinn og meðvitaðan hátt. Hjónin George og Marta eru meistarar með tungumálið og það er þannig sem þau stjórna umhverfinu. Það sem ég einbeitti mér að var trúverðugleiki og svo þessi persónueinkenni hvernig þau nota tungumálið. Staða persónanna liggur í beitingu þeirra á tungumálinu.“

Þar sem leikskáld vinna við það að beita tungumálinu vaknar óneitanlega sú spurning hvort það sé ekki martröð að búa með leikskáldum? En Salka hlær nú bara við tilhugsunina. „Jú, örugglega erum við manipúlerandi sækópatar upp til hópa. Ég bý í augnablikinu með foreldrum mínum og það vill þannig til að þau eru bæði rithöfundar og leikskáld. En ætli við fáum ekki bara nóg af dramanu í vinnunni svo heimilislífið er meira eins og létt kómedía.

En ég er alin upp í leikhúsi, pabbi minn Guðmundur Ólafsson var mikið hjá LR, og ég ætlaði alltaf að vinna í leikhúsi og nú er sá draumur orðinn að veruleika svo ég get ekki annað en brosað þessa dagana. Leikhúsið er minn staður.“



Það er margt spennandi fram undan í leikhúslífinu hjá Sölku Guðmundsdóttur, leikskáldi og þýðanda. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> MAÐUR ER LÍKA AÐ TAKAST Á VIÐ MÖGULEIKANA Í TUNGUMÁLINU OG LEIKHÚS ER ALLTAF ÞÝÐING.

PIPAR\TBWA - SÍA - 156272

# Opnum igen í febrúar

*Já, Jómfrúin stendur í breytingum þessa dagana í tilefni 20 ára afmælis.
Þess vegna er lokað á meðan en við opnum aftur í febrúar. Jómfrúin hlakkar til að hitta gestina sína á ný í enn huggulegra húsnæði með sitt góða smørrebrød og en lille en.
På gensyn!*




RESTAURANT
**Jómfrúin**
EKTA
DANSKT SMURBRAUÐ
SMØRREBRØD


STÓR-ÚTSALA Í
Góður afsláttur af
Flísar
40 tegundir
15-50%
AFSLÁTTUR
Drive 12V Li Ion rafhlöðuborvél
6.990
5.592
20% afsláttur
5005 3,5 lítra 489 391
5006 7,5 lítra 785 628
5007 15 lítra 995 746
4 litir
3 stærðir
1.719
G 002 með hjólum 52 lítra 58x42x34cm
2.149
20% afsláttur
20% afsláttur
Marc-Leo4 100x40x185cm 5 hillur
7.995 6.396
30% afsláttur
Rafhlöðuborvél með höggi, HDA2544 18V
17.990
12.593
AR636 18V Skrúfvél Ni-Cd 2,0Ah 158Nm
18.990
11.394
40% afsláttur
Drive Delta Sander 180W
3.390
2.712
Drive toppasett 17 stk 1/4"
990 743
25% afsláttur
MJÖG ÖFLUG dæla 16,7kg
20% afsláttur
25% afsláttur
Límbyssa í tösku
1.571 1.178
ALM18DB 18V Li-Ion borvél 2,8Ah 38Nm
29.990
22.493
ALM14DF 14,4V Li-Ion herðsluskrúfvél 2,8Ah 135Nm
34.990
17.495
50% afsláttur
ALM 14DW 2 hraða borvél 14,4V Ni-Cd 2,0 Ah
12.990
9.743
Lavor Vertico 20 140bör 400 min ltr.
35.990
28.792
INDUCTION MOTOR POWERED
Hitabyssa 200W
3.195
2.398
LFD105TA Stáltrappa 2 þrep
4.990
2.994
40% afsláttur
Patrol verkfærakista Trophy
6.995
4.897
Mikið úrval af verkfæra-kistum
30% afsláttur
30% afsláttur
Ryco LDL-MD418A lampi m. grind 4x18W T8 62x60x8 cm með perum
6.995 4.897
Drive útdraganlegt rafmagnskefli 20 metra
11.990
9.592
Karbít Borasett 33-83mm 6stk
4.990
3.743
Drive160 L steypurhrærivél
45.990
36.792
Búkki – Vinnuborð stillanlegt (E)
3.942
3.154
30% afsláttur
Kapalkefli 40 m
6.290
4.718
Járnbúkkar sett=2 stykki
4.690 3.752
25% afsláttur
Drive LG3-70A
1800W flísasög 86x57cm borð
119.900 83.930
Drive DIY 500mm flísaskeri
7.990 5.993
Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágma


MÚRBÚÐINNI!
MÚRBÚÐARVERÐI – það er gott verð
Protool fjölnota verkfæri 220W með 37 fylgihluti í tösku
11.990
8.993
ABO reykskynjari með rafhlöðu
1.890
1.323
30% AFSLÁTTUR
Smergel 150W
5.290
4.232
TY200W Vinnuljóskastari á telescope fæti 400W ECO pera
5.390
3.935
27% afsláttur
Handlaugar 20-50%
Náttúrusteinsvaskar 30-50%
Sturtuklefar og -horn 20-40%
Hitastýrð blöndunartæki 20%
Sturtusett m/hitastýrðu tæki 20%
Baðherbergisflísar 20-50%
WC 20-25%
Stálvaskar 25-40%
Skolvaskar 20%
Mikið úrval af stalvöskum með 30% afslætti
30% afsláttur
Bol-834 80x48x18cm þykkt 0,8mm
9.990 6.993
20% afsláttur
Gua-543-1 vegghengdur, 1mm stál 17.990
14.392
Riga salerni með setu, veggstútur.
21.990
17.592
20% afsláttur
20% afsláttur
Spandy 1200W Cyclone heimilsryksuga
11.990
9.592
BOZZ hitastýrð blöndunartæki
BOZZ- LH2202-3 Hitastýrt sturtutæki með uppstút kr.
9.890 (rósettur fylgja)
einnig til með niðurstút kr. 9.890
7.912
7.912
20% afsláttur
BOZZ-SH2101-1 Bað og sturtusett með hitastýrðu tæki
31.990
(rósettur fylgja)
25.592
20% afsláttur
BOZZ hitastýrt baðtæki m/úrtaki
13.990 11.192
BOZZ SH22015-3 Sturtusett m/hitastýrðu tæki
26.990
(rósettur fylgja)
21.592
Drive ryksuga í bílskúrinn
• 1200W
• 20 lítra
• sogkraftur > 16KPA
• fjöldi fylgihluta
7.590
5.920
22% afsláttur
MIKIÐ ÚRVAL
1.490
20% afsláttur
2.990
1.192
2.397
5 lítrar
2.590
20% afsláttur
2.072
BOZZ sturtuklefi
80x80cm
43.990 35.192
Fást einnig rúnnaðir 43.990 35.192
Fást einnig 80x80cm 41.990 33.592
Sturhorn 80x80 29.990 23.992
Sturtustöng og -brúsa fylgja.
Vatnslás og botnventill frá McAlpine seldur sér á kr. 1.290
Drive Juðari
2.490
1.992
25% afsláttur
Gúmmímottur
MIKIÐ ÚRVAL
25% afsláttur
Bíla & gluggaþvotta-kústur, gegn um rennandi 116>180cm, hraðtengi með lokun
2.660
1.995
SAN-SM-CLE206 Fjölnota pallur/trappa
18.990
pallur fylgir
13.293
30% afsláttur
Rafmagnshita-blásari 3Kw 1 fasa
8.890
7.120
20% afsláttur
Reykjavík Kletthálsi 7 Opið virka daga kl. 8 -18, laug. 10 -16
Reykjanesbær Fuglavík 18 Opið virka daga kl. 8 -18
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
rksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

# Landamærastefna Íslands rasísk

**Logi Pedro Stefánsson** segist líklega hafa aðra sýn á þjóðfélagið en margir Íslendingar þar sem bakgrunnur hans sé öðruvísi. Hann vinnur nú að fjórðu plötu hljómsveitarinnar Retro Stefson sem fagnar tíu ára afmæli sínu í ár.

Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is





Logi hefur mörg járn í eldinum og stjórnar upptökum fyrir margar af vinsælustu hljómsveitum landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þrátt fyrir ungan aldur hefur Logi Pedro Stefánsson lengi verið áberandi í íslensku tónlistarlífi, meðal annars sem einn af meðlimum hljómsveitarinnar Retro Stefson. „Ég var 14 ára þegar bandið var stofnað," segir Logi þar sem hann tekur á móti blaðamanni í upptökuveri sínu í Þingholtsstræti í Reykjavík. Hér hefur hann komið sér upp góðri vinnuaðstöðu og er hér flesta daga að vinna að eigin músík eða að taka upp fyrir aðra.

„Ég er í fullu starfi við svo margt, en þetta eru allt tónlistartengdir hlutir. Ég dj-a, spila á tónleikum og er svo með aðstöðu hér," segir Logi sem hefur stjórnað upptökum og útsett tónlist fyrir ýmsa tónlistarmenn, meðal annars Sturlu Atlas, Young Karin, Karo, Skítamóral og Gus Gus svo einhverjir séu nefndir. „Ég byrjaði að pæla í þessu af alvöru þegar ég fór í Tækniskólann 2014. Þá var ég að klára stúdentspróf og fór í hljóðtækni þar. Ég var búinn að pródúsera slatta fyrir það en eftir að ég útskrifaðist setti ég upp fasta og góða aðstöðu hér. Svo er ég í alls konar litlum verkefnum, gera lög fyrir auglýsingar og þannig."

### Ætluðu ekki að flytja til Íslands

Tónlistin hefur verið stór hluti af lífi Loga frá því hann var ungur að árum. Sex ára gamall byrjaði hann að læra á flautu, síðan gítar, trommur en fann sig svo á bassanum sem hefur verið hans helsta hljóðfæri síðan. Hljómsveitin Retro Stefson var stofnuð í Austurbæjarskóla árið 2006 og fagnar því 10 ára afmæli sínu í ár. Hljómsveitin hefur notið mikillar velgengni og vinnur nú að sinni fjórðu plötu. „Við ætluðum að gefa hana út á síðasta ári en ákváðum svo að geyma það fyrir tíu ára afmælið," segir Logi.

Eldri bróðir Loga, Unnsteinn Manuel, er með honum í bandinu. Bræðurnir eiga íslenskan föður og móður frá Angóla. Þeir fluttu til Íslands þegar Logi var 3 ára og Unnsteinn 5 ára. „Við fluttum hingað af tilviljun, það stóð ekki til. Við komum hingað í frí. Mamma veiktist og við urðum eftir hér," segir hann. Móðir hans, Ana Maria Unnsteinsson, var með alvarlega nýrnabilun og hefur þrisvar þurft á nýrnaígræðslu að halda. Áður höfðu læknar í Portúgal ranglega greint móður hans með aðra kvilla og hún var sett á lyf sem höfðu áhrif á nýru hennar. „Hún hefur oft verið mikið veik. Hún var mikið veik áður en hún fékk nýra síðast árið 2013 en hún var heppin að fá nýra þá."

Foreldrar hans kynntust í Portúgal þar sem faðir hans var með saltfiskútgerð. Leiðir þeirra lágu fyrst saman í strætóskýli í borginni. Móðir hans er þó upprunalega frá Angóla en flutti til Portúgals eftir að faðir hennar lést. „Hún er úr mjög stórri fjölskyldu og átti 25 systkini. Þegar faðir hennar dó þá fór hún með portúgalskri fjölskyldu til Portúgals og var húshjálpin þeirra."

Þegar móðir Loga veiktist varð hún eftir á Íslandi ásamt bræðrunum en faðir þeirra bjó áfram í Portúgal en flutti aftur til Íslands í kringum aldamótin.

### Erfiðara að eiga ekki bakland

Logi þekkir það því af eigin raun að vera innflytjandi á Íslandi. „Ég held það breyti samt svolitlu fyrir okkur Unnstein er að við erum hálfíslenskir. Við eigum íslenska fjölskyldu, en fyrir marga krakkana sem voru að flytja frá Filippseyjum til dæmis var ekki jafn aðgengilegt að komast inn í samfélagið, þau áttu ekkert bakland hér á landi. Það gat verið erfiðara fyrir þau að komast inn í hópinn og eðlilega varð kannski meiri hópamyndun hjá þeim sem komu frá sama landi."

Logi var í Austurbæjarskóla sem var fjölmenningarlegur skóli. „Þangað komu flestir innflytjendur sem fluttu til Reykjavíkur. Það er ekkert djók að flytja til Íslands og eiga enga fjölskyldu hér heima, það er ekkert grín að aðlagast. Að fá samþykki inn í samfélagið. Umhverfið er öðruvísi, matargerðin er allt öðruvísi og fólki finnst margt svo skrítið. Íslenska samfélagið bauð heldur ekki upp á það að þau væru jafn mikið inni í því og allir hinir. Sem er algjör synd."

Hann segir að þrátt fyrir uppruna sinn hafi hann ekki upplifað mikla fordóma í sinn garð. „Enga markvissa. Auðvitað einhverja en ekki þannig að ég pæli í því. Þegar ég var lítill þá var fólk stundum að tala við mann ensku en það er bara beisik. Ég hef sjálfur lent í því að gera ráð fyrir að einhver sé ekki frá Íslandi. Það kemur fyrir. Ef þú hittir einhvern og veist ekki hvort hann er íslenskur þá áttu bara að gera ráð fyrir að hann sé íslenskur og tala við hann á íslensku," segir hann.

### Rasísk landamærastefna

„Ég upplifi mig ekkert öðruvísi og hef aldrei gert það en ég upplifi oft að ég sé ekki partur af ákveðnum þankagangi eða ég sjái hlutina öðruvísi heldur en flestir. Eins og þegar kemur að málefnum innflytjenda eða trúarhópa." Hann útskýrir að líklega sé hann ekki hinn týpíski Íslendingur þegar kemur að þessu. Fjölskyldan hafi verið í kaþólsku kirkjunni og vinahópur mömmu hans hafi að mestu verið innflytjendur. Hann hafi því oft aðra sýn á málin. „Ég var í sunnudagaskóla á laugardögum í Landakotskirkju hjá Margréti Muller. Hún var mjög leiðinleg við alla. Við tókum fyrstu altarisgönguna okkar þarna, við Unnsteinn. Svo var mamma að vinna á Sælukoti sem er Ananda Marga leikskóli, svo eru allir vinir hennar mömmu innflytjendur sem koma alls staðar að. Ég held að fólkið sem var í kringum mig hafi verið fjölbreyttara en flestir eru vanir."

> MÉR FINNST VIÐ BÚA Í ÁKVEÐNU „FOKKED" SAMFÉLAGI. ÉG HELD AÐ FÓLK ÁTTI SIG EKKI Á ÞVÍ HVERSU EINANGRAÐ ÍSLAND ER.

Logi hefur sterkar skoðanir á þeirri stefnu sem við rekum í flóttamannamálum. Það vakti athygli þegar hann setti inn færslu á Facebook-síðu sína fyrir nokkrum vikum þegar var verið að fjalla um málefni sýrlenskrar fjölskyldu sem senda átti úr landi. Þar sagði hann sýrlensku systurnar minna sig á þá bræður þegar þeir voru á leikskólanum Grænuborg. „Mér finnst við búa í ákveðnu „fokked" samfélagi. Ég held að fólk átti sig ekki á því hversu einangrað Ísland er. Þetta er flókið mál að því leyti að landamæri, sérstaklega landamærastefna eins og Ísland rekur, eru í eðli sínu rasísk. Þú mátt ekki koma hingað nema þú sért frá ákveðnu landi eða með ákveðinn bakgrunn. Ég skil það að vissu leyti en það þarf einhverja nýja nálgun á þetta. Þegar kemur að því að tala um, eins og Hannes Hólmsteinn gerir, að við viljum ekki fá unga ómenntaða karlmenn frá stríðshrjáðum löndum, er það bara menningarrasismi. Ég get ekki sagt að við eigum bara að opna landamærin og sjá hvað gerist, en ég get sagt að það sem er í gangi er rasískt."

Hann segir almenning ekki vilja að svona sé tekið á málum flóttafólks eins og verið hefur undanfarið og vonandi fari stjórnvöld að hugsa hlutina upp á nýtt. „Eins og við sjáum með albönsku fjölskyldurnar, þetta er bara fólk í alls konar aðstæðum, það er engin lógík í því að segja bara þið eruð frá Albaníu, því miður. Reiði fólks sýndi að við viljum ekki taka svona á málunum. Við viljum fá einhverja nýja nálgun, ég veit ekki hver sú nálgun er en sú sem er í gangi núna er hrikaleg."

### Skemmtilegra í dag

Logi segir að það sé langt frá því að hann sé kominn með leiða á tónlistinni. Það hefur mikið vatn runnið til sjávar frá því að Retro Stefson spilaði á fyrstu stóru tónleikunum fyrir bráðum áratug.

„Við spiluðum fyrst á Airwaves 2006. Þá var ég 14 ára. Það var megavesen af því að okkur var ekki hleypt inn á staðinn. Egill Tómasson, sem þá var að vinna fyrir Airwaves, þurfti að koma og öskra á einhverja menn og við fengum að spila," segir hann hlæjandi. Hljómsveitin spilaði ekki mikið á síðasta ári. Árin á undan voru þau mikið á tónleikaferðalagi en spila meira núna á stærri og færri viðburðum. „Við túruðum mikið 2011-13 og svo aðeins árið 2014."

Á þessu tímabili bjuggu þau meðal annars í Berlín og hafa spilað í yfir 30 löndum. Hann segir lífið á tónleikaferðalögum nokkuð ljúft. „Þetta er bara kósí, maður er ekki að gera neitt annað. Þetta er samt ekkert glæsilíf, við höfum alveg spilað á góðum hátíðum og fullt af góðum tónleikum en það eru líka tónleikar inn á milli sem eru bara hark." Logi segir þau ekki græða mikið á tónleikaferðalögum en þau tapi ekki heldur. „Það er erfitt að borga níu manns full laun fyrir þetta."

Það er stundum sagt að mikið djamm fylgi tónlistarlífinu og Logi segir alveg eitthvað til í því. „Jú, algjörlega en maður kjarnar sig bara af og til. Þegar Retro er að túra og svona þá er aldrei neitt um eiturlyf eða svoleiðis. En maður er kannski að taka 3-4 mánaða túr og maður fær sér bjór alla dagana. Maður hefur ekkert annað að gera en að vera úti í bíl, spila á tónleikum og fá sér bjór. En það eru aldrei eiturlyf eða neitt svoleiðis, við erum með mjög skýra stefnu hvað má gera og hvað ekki."

Logi segir skemmtilegra að spila á tónleikum núna en þegar þau voru að byrja. „Mér líður eins og að þangað til ég var 19 ára hafi ég bara verið að fljóta með án þess að pæla. Mér líður eins og ég hafi vaknað."

Nú vinnur hljómsveitin hörðum höndum að fjórðu plötu sinni. „Við ætluðum að gefa hana út á síðasta ári en ákváðum að bíða fram að 10 ára afmælinu."

Logi segist vera í draumastarfinu; að vinna við tónlist en sér samt fyrir sér að gera fleiri hluti samhliða því í framtíðinni. „Við erum með framleiðslufyrirtæki og höfum tekið að okkur nokkrar auglýsingar og gerðum sjónvarpsseríu fyrir Bravó um íslenska tónlistarmenn. Ég væri til í að gera meira af þessu og fara út í alls konar svona þessu tengt í framtíðinni."


GÓÐ HEILSA
… er gulli betri. Nú fást frábæru Superfruit heilsuvörurnar á góðu verði
í Iceland og einnig 100% náttúruleg fæðubótalína frá Betteryou
superfruit
WWW.SUPERFRUIT.COM
GÆÐI Á GÓÐU VERÐI
Açaí
Beet
Goji
Coconut oil
Rose Hip /Nypon
Baobab
Hemp protein powder
SUPER BOOSTER V1.0 GREENS
Spirulina
Chia
TILBOÐ! 1 kg prótein
2799 kr. stk.
BETTERYOU PRÓTEIN - 1 KG
KÓKOS, SÚKKULAÐI, JARÐARBERJA, VANILLU
PROTEIN
PROTEINHALT 85%
ÄRT- & HAVREPROTEIN FÖR MUSKELÖKNING DIET & MELLANMÅL
1 kg
ORGANIC PWO
BETTER YOU
Naturliga kostillskott
HRISTIBRÚSI FYLGIR
Fæst eingöngu í Iceland Engihjalla
Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.
Jón Jónsson
Til ráðstöfunar 150.000 kr.
Úttektarheimild 200.000 kr.
Borga
Borgaðu með símanum á einfaldan og öruggan máta með Netgíró.
Við sendum þér reikning í netbankann og þú færð allt að 14 daga vaxtalausan greiðslufrest.
Skráðu þig á www.netgiro.is
Netgíró
Betri leið til að borga
OPIÐ 24 TÍMA
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA
Iceland

# Þöggun í kringum rannsókn

**Starfsmenn fíkniefnadeildar lögreglu eiga á hættu að vera ógnað og freistað í starfi. Það er ekki að ástæðulausu að í nágrannalöndunum er virkt ytra eftirlit með störfum lögreglu. Sagan sýnir að reglulega koma upp spillingarmál. Fíkniefnadeild íslensku lögreglunnar er engin undantekning. Fyrir tuttugu árum fór fram viðamikil rannsókn á starfsemi deildarinnar, Atli Gíslason fór með rannsóknina.**

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Árið 1997 fór fram ítarleg rannsókn á starfsemi lögreglunnar í Reykjavík þar sem fjörutíu lögreglumenn höfðu stöðu grunaðra á einhverjum tímapunkti. Tímabilið sem var skoðað var frá 1988 til 1997.

Yfirmenn fíkniefnadeildar á þessum tíma voru þeir Arnar Jensson sem stýrði deildinni frá 1985 til 1990 og Björn Halldórsson sem tók við af Arnari og stýrði deildinni frá 1990 til 1997.

Bæði Arnar og Björn voru grunaðir um að hafa verið í upplýsinga- og trúnaðarsambandi við Franklín Steiner sem hafði verið dæmdur fyrir fíkniefnabrot. Franklín var talinn hafa fengið skjól hjá lögreglu í skiptum fyrir upplýsingar. Rannsókn var hafin á málinu eftir ítarlega umfjöllun tímaritsins Mannlífs.

Rannsókninni stýrði Atli Gíslason hæstaréttarlögmaður sem skilaði skýrslu til ríkissaksóknara.

Að rannsókn lokinni var ekki ákært í málinu. Skýrslan var ekki gerð opinber. Þá eins og nú var talið að fjölmörg mál hafi ekki fengið eðlilega meðferð. Atli segir að í skýrslunni hafi verið greint frá upplýstu fíkniefnamáli sem aldrei hafi verið ákært í.

**Erfið rannsókn og mikil þöggun**

„Þetta var mjög erfið rannsókn og mikil þöggun í kringum hana. Ég rak lögmannsstofu á þessum tíma og skipaður lögreglustjóri um tíma af þáverandi dómsmálaráðherra, Þorsteini Pálssyni. Ég fékk tvo lögreglumenn mér til aðstoðar, einn af Selfossi og annan úr Reykjavík sem var kennari í Lögregluskólanum, auk þess að nota fulltrúa minn,“ segir Atli.

Að sögn Atla vann hann í rannsókninni í tvo eða þrjá mánuði og var mikill fjöldi lögreglumanna yfirheyrður.

„Menn voru svo sem ekki samvinnufúsir og þetta var erfitt viðureignar. Við skiluðum af okkur skýrslu til ríkissaksóknara. Í henni kom meðal annars fram að í einu upplýstu fíkniefnamáli var ekki kært. Það varð ekkert úr því máli, það bara sofnaði í fíkniefnadeildinni. Franklín Steiner neitaði alltaf þessu samstarfi við lögregluna og ríkissaksóknari tók þá ákvörðun að gefa ekki út ákæru,“ upplýsir Atli.

**Hefði verið betra að gefa út ákæru**

Atli segir samstarfið við þáverandi dómsmálaráðherra hafa verið gott. „Þorsteinn var allur af vilja gerður til að upplýsa um þetta og samstarfið við hann var gott. Það hefði verið betra að ýmsu leyti ef það hefði verið gefin út ákæra í málinu. Það urðu einhverjar breytingar á innra starfi deildarinnar í kjölfar skýrslunnar,“ segir hann.

Af reynslunni ræður Atli að það sé eðlilegt að búast við spillingu í rannsóknum fíkniefnamála. Það þurfi að fyrirbyggja með einhverjum hætti, til að mynda með því að færa menn til í starfi og skipta oftar um yfirmenn.

„Það má búast við svona. Það er eðlilegt. Þetta er óskaplega harður heimur, menn svífast einskis. Þetta er erfitt fyrir starfsmenn fíkniefnalögreglu. Ef það er ekki beitt fé, þá kemur til að þeim sé hótað persónulega eða börnum þeirra. Það þarf að vera bæði innra og ytra eftirlit með lögreglunni. Þetta þarf auðvitað að skoða, rótera oft innan deildarinnar og skipta oftar um yfirmenn,“ segir Atli.



Atli Gíslason yfirheyrði tugi lögreglumanna og skilaði viðamikilli skýrslu um starfsemi fíkniefnadeildar. Engin ákæra var gefin út. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Yfirmaður finnsku fíkniefnalögreglunnar í fangelsi

Jaari Aarnio var einn af æðstu yfirmönnum lögreglunnar í Helsinki þar til hann var handtekinn árið 2013, grunaður um að vera umsvifamikill fíkniefnasali. Réttarhöld yfir Jaari skóku finnskt samfélag síðasta sumar. Í réttarhöldunum kom fram að finnska lögreglan hafði um nokkurt skeið fylgst með samskiptum tveggja manna vegna viðskipta með fíkniefni.



Starfsmenn fíkniefnadeildarinnar vissu deili á öðrum manninum, þekktum fíkniefnasala. Hinn kölluðu þeir „hinn snjalla“. Þar til þeir gerðu þá uppgötvun að hann var yfirmaður þeirra, Jari Aarnio, einn af æðstu yfirmönnum lögreglunnar í Helsinki.

Saksóknari sagði við réttarhöldin að Jari hefði skipulagt flutning á sex stórum tunnum af fíkniefnum frá Hollandi. Jari sagði hins vegar að þetta hefði verið liður í störfum sínum við að uppræta eiturlyfjasmygl.

Við réttarhöldin yfir honum kom fram að tekjur hans af fíkniefnasölunni væru taldar hafa verið að minnsta kosti 500.000 evrur, um það bil sjötíu og sjö milljónir íslenskra króna. Jari starfaði innan lögreglunnar um nær 30 ára skeið. Kærur á hendur Jari eru hátt á þriðja tug. Síðasta sumar var hann dæmdur fyrir eitt brotanna og hlaut eins árs og átta mánaða dóm. Aarnio var í haldi finnskra yfirvalda í nærri tvö ár vegna rannsóknarhagsmuna. Frekari réttarhöld verða yfir honum í mars á þessu ári og á hann yfir höfði sér allt að þrettán ára fangelsisdóm vegna meintra brota sinna.

**Starfsmenn í hættu**

Landssamband lögreglumanna hefur um áratugaskeið bent á hættur sem steðja að þeim sem starfa í þessari deild. „Hætturnar sem að þeim steðja sem starfa í þessari deild eru t.d. hótanir gagnvart þeim og fjölskyldum þeirra,“ segir Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna.

„Skemmdir á eigum þeirra (bílum o.s.frv.). Óvissa við innfarir í hús þar sem gera þarf húsleit – hverjir eru á staðnum, eru þeir vopnaðir, hundar á staðnum og svo framvegis. Þá má einnig telja til aukin umsvif erlendra aðila í undirheimunum hér á landi og þar er mikill óvissuþáttur því þetta eru aðilar sem lögregla þekkir jafnvel engin deili á. Aðilar sem svífast einskis, sem sást t.d. í árásinni á starfsmenn fíkniefnadeildarinnar á Laugaveginum fyrir einhverjum par árum síðan. Þeir vita í raun ekkert, þegar þeir fara til vinnu að morgni, hvert dagurinn leiðir þá og hvort þau mál sem þá liggja fyrir klárist þann daginn eða hvort þau krefjist farvista frá fjölskyldu og vinum í einhverja daga eða vikur jafnvel. Starfsumhverfið er því þrungið mikilli óvissu, afar krefjandi og áhættusamt ofan á léleg laun og undirmönnun.“

Ólöf Nordal innanríkisráðherra segir unnið að gerð frumvarps um eftirlit með lögreglu.

„Ég legg áherslu á mikilvægi þess að eftirlit sé haft með lögreglunni. Í skýrslu nefndar um meðferð kvartana og kærumála á hendur lögreglu eru tillögur sem gera ráð fyrir að stjórnsýslunefnd hafi þetta hlutverk með höndum. Í tillögunum nefndar um lögð til fyrstu skref og er skýrsla nefndarinnar góður grunnur til að byggja á. Í ráðuneytinu er nú unnið að gerð draga að frumvarpi á grundvelli skýrslunnar sem sett verður í almennt umsagnarferli og ég mun skoða allar athugasemdir sem fram koma sem styrkt geta eftirlitið.

Mikilvægt er að líta til þeirra breytinga sem hafa þegar tekið gildi með embætti héraðssaksóknara sem tók til starfa 1. janúar 2016, en það embætti fer nú með rannsóknir og ákæruvald vegna meintra refsiverðra brota lögreglumanna í starfi. Jafnframt er mikilvægt að ákvarðanir héraðssaksóknara í þessum efnum eru kæranlegar til ríkissaksóknara. Í því felst aukið réttaröryggi,“ segir Ólöf Nordal.

Embætti héraðssaksóknara er þannig falið mikilvægt eftirlitshlutverk með lögreglunni. Þetta er þýðingarmikil breyting frá því kerfi sem var við lýði fram til 1. janúar sl. þar sem þetta var í höndum ríkissaksóknara og ekki var hægt að kæra niðurstöðu embættisins á æðra ákæruvaldsstig.

Þá er rétt er að taka fram að gera verður greinarmun á því hvort um er að ræða kæru vegna meintrar saknæmrar háttsemi lögreglumannsins í starfi eða kvartanir um starfshætti lögreglu.

## Misbeiting valds og brot á hegningarlögum



Mál sem varða misbeitingu lögreglunnar á valdi koma reglulega upp. Þá hafa lögreglumenn líka orðið uppvísir að því að brjóta hegningarlög. Þrátt fyrir að ekki sé sjálfstætt ytra eftirlit með lögreglu hafa nokkur mál ratað rétta leið og leitt til ákæru og dóms.

Haraldur Johannessen var spurður í föstudagsviðtali Fréttablaðsins hvort fleiri mál kæmust ekki upp á yfirborðið vegna skorts á innra eftirliti.

„Þetta er eðlileg spurning. Hvort lögreglan sé svo gegnsýrð af spillingu og þess vegna komist þau ekki upp. Nei, það er alls ekki svo,“ sagði hann.

**Stoppaði ferðamenn og sektaði**

Í nóvember á síðasta ári var Stefán Pedro Cabrera, lögreglumaður á Austurlandi, dæmdur í tíu mánaða fangelsi fyrir fjárdrátt, fjársvik og rangar sakargiftir í opinberu starfi. Hann dró sér tæplega eina milljón króna í starfi en um var að ræða sektargreiðslur sem erlendir ferðamenn greiddu vegna hraðaksturs. Ákæran gegn Stefáni var í 21 lið og áttu brotin sér stað sumrin 2013 og 2014.

Hann var meðal annars ákærður fyrir rangar sakargiftir þar sem hann hafði stöðvað ökumann sem hann sagði hafa ekið á 105 kílómetra hraða á klukkustund þegar hið rétta var að konan sem ók bílnum var á 75 kílómetra hraða en lögreglumaðurinn hafði læst hraðamælinum í 105 kílómetrum. Lét hann síðan ökumanninn borga 25 þúsund krónur í sekt. Önnur brot lögreglumannsins sneru að því að hann stöðvaði ökumenn víðs vegar um Austurland fyrir of hraðan akstur og sektaði þá fyrir.

**Fór offari við handtöku**

Lögreglumaður var ákærður fyrir líkamsárás við handtöku konu á Laugaveginum sumarið 2013. Atvikið vakti mikla athygli í fjölmiðlum og fór myndband af handtökunni, sem þótti mjög gróf, sem eldur í sinu um netheima. Maðurinn var dæmdur í 30 daga skilorðsbundið fangelsi í Hæstarétti og til að greiða konunni 430 þúsund í bætur og 300 þúsund króna sekt. Málið vakti mikla reiði almennings og fyrir dómi var tekist á um það hvort þær aðferðir sem lögreglumaðurinn beitti hefðu verið réttmætar. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að þegar litið hefði verið til ástands konunnar, sem var verulega ölvuð, og ástæðu þess að hún var handtekin, þá væri það mat dómsins að ákærði hefði farið offari við handtökuna.

**STARFSUMHVERFIÐ ER ÞVÍ ÞRUNGIÐ MIKILLI ÓVISSU, AFAR KREFJANDI OG ÁHÆTTUSAMT OFAN Á LÉLEG LAUN OG UNDIRMÖNNUN.**



**ÉG LEGG ÁHERSLU Á MIKILVÆGI ÞESS AÐ EFTIRLIT SÉ HAFT MEÐ LÖGREGLUNNI.**




ÚTSALA
GERÐU SVAKALAEGA GÓÐ KAUP
PLASTBOX 30% AFSLÁTTUR
PRJÓNAGARN 25-50% AFSLÁTTUR
INNILEIKFÖNG 30% AFSLÁTTUR
BLÁR EINHELL 25-40% AFSLÁTTUR
FERÐATÖSKUR 25% AFSLÁTTUR
LJÓS 25% AFSLÁTTUR
VERKFÆRABOX 30% AFSLÁTTUR
KÄRCHER HÁÞRÝSTIDÆLUR 20% AFSLÁTTUR
BÚSÁHÖLD 25% AFSLÁTTUR
JÓLAVÖRUR 30-60% AFSLÁTTUR
JÁRNHILLUR 40% AFSLÁTTUR
SADOLIN OG PINOTEX 25% AFSLÁTTUR
CAT VINNUSOKKAR 25% AFSLÁTTUR
50% AFSLÁTTUR
447 kr.
30% AFSLÁTTUR
KRONO ORIGINAL
Krono Original
2.306 kr./m²
50% AFSLÁTTUR
3.598 kr.
20% AFSLÁTTUR
Angel Gray
3.595 kr./m²
20% AFSLÁTTUR
ARMATURA
7.836 kr.
40% AFSLÁTTUR
Sorppokar
10 stk.
177 kr.
30 stk. hvít.
3.997 kr.
50% AFSLÁTTUR
Galanz
GALANZ
7.797 kr.
40% AFSLÁTTUR
bavaria
BAVARIA
2.987 kr.
35% AFSLÁTTUR
30% AFSLÁTTUR
GROHE Concetto
12.595 kr.
GROHE
Einhell
35% AFSLÁTTUR
EINHELL
5.325 kr.
Einhell
EINHELL
3.297 kr.
40% AFSLÁTTUR
FJÖLDI ANNARRA VARA Á LÆKKUÐU VERÐI
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN
ÚTSALAN ER Í FULLUM GANGI
byko.is

# Kaczynski fetar í fótspor Orbans

Ný stjórn íhaldsmanna í Póllandi lét það verða eitt af sínum fyrstu verkum að grafa undan stjórnlagadómstól landsins og herða tökin á ríkisfjölmiðlum. Stjórnin í Ungverjalandi fór svipaða leið fyrir nokkrum árum.

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is



Þeir Viktor Orban og Jaroslaw Kaczynski, forsætisráðherrar Ungverjalands og Póllands, hittust á miðvikudaginn í bænum Niedzica, sem er syðst í Póllandi, rétt við landamæri Slóvakíu.

Báðir hafa þeir farið óskaplega í taugarnar á ráðamönnum Evrópusambandsins og flestra aðildarríkja þess. Báðir hafa þeir notað aðstöðu sína til þess að styrkja völd sín, með afar umdeildum hætti.

Kaczynski er leiðtogi pólska íhaldsflokksins Lög og réttlæti, sem vann mikinn kosningasigur í október og fer nú með völdin í landinu. Flokkssystir Kaczynskis, Beate Szydlo, er forsætisráðherra en sjálfur ræður hann miklu þótt hann hafi haldið sig dálítið til hlés í kosningabaráttunni.

Þau Kaczynski og Szydlo biðu ekki boðanna því flokkurinn var varla kominn til valda á ný þegar þingið samþykkti afar umdeildar breytingar á lögum um stjórnlagadómstól landsins.

### Lamaður stjórnlagadómstól

Breytingarnar tryggja að stjórnlagadómstóllinn eigi erfiðara með að fetta fingur út í lagasetningar nýja þingmeirihlutans.

Hér eftir þurfa nefnilega tveir af hverjum þremur dómurum dómstólsins að standa að baki úrskurðum, en áður nægði einfaldur meirihluti – eins og venjulega tíðkast hjá dómstólum.

Þar með er dómstóllinn í reynd orðinn frekar máttlaus stofnun, en Kaczynski hefur harðlega gagnrýnt stjórnlagadómstólinn og sagt hann eitt af því versta sem til er í pólsku samfélagi.

Þessi lög voru afgreidd rétt fyrir áramótin, þann 28. desember. Sama dag fékk þingið til afgreiðslu ný lög um ríkisfjölmiðla, sem eiga að tryggja að þeir verði stjórnvöldum almennt leiðitamari en verið hefur.

### Hert tök á ríkisfjölmiðlum

Fjölmiðlalögin voru samþykkt tveimur dögum síðar. Forseti landsins, Andzrej Duda, staðfesti þau síðan á fimmtudaginn.

Duda var flokksbróðir Kaczynskys og Szydlo þangað til hann sagði sig úr flokknum síðasta vor, eftir að hafa unnið sigur í forsetakosningum.

Samkvæmt hinum nýju fjölmiðlalögum fær fjármálaráðherra Póllands það hlutverk að ráða yfirmenn ríkisrekinna útvarps- og sjónvarpsstöðva. Þar með getur hann einnig rekið yfirmenn þessara fjölmiðla.

### Hótanir Evrópusambandsins

Evrópusambandið brást harðlega við lagabreytingunum, segir þær grafa undan meginreglum réttarríkis í Póllandi og hótar refsiaðgerðum. Málið verður tekið til umræðu á fundi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í næstu viku.

„Það mælir margt með því að við virkjum nú réttarríkisregluna og setjum pólsk stjórnvöld undir eftirlit,“ sagði Günther Oettinger, sem fer með málefni fjölmiðla í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, í viðtali við þýska dagblaðið Frankfurter Allgemeine.

Verði þetta samþykkt verða pólskir ráðamenn kallaðir til viðræðna um lagfæringar, og láti þeir sér ekki segjast verða þeir sóttir til saka fyrir brot gegn meginreglum Evrópusambandsins. Refsingin gæti orðið sú, að Pólland fái ekki að taka þátt í atkvæðagreiðslum á vettvangi Evrópusambandsins.

Aldrei hefur komið til þess að Evrópusambandið beiti aðildarríki refsingu af þessu tagi, en heimild til þess er ekki gömul. Hún er frá árinu 2014 og byggð á 7. grein Lissabonsáttmálans.

### Ungverska fordæmið

Hinn ungverski Orban hefur reynslu af svipuðum átökum við Evrópusambandið.

Fljótlega eftir að Orban komst til valda árið 2010 samþykkti hægriflokkur hans, Fidesz, ýmsar lagabreytingar sem mörgum þykja harla ólýðræðislegar og þjóðrembulegar.

Flokkurinn hafði fengið tvo þriðju atkvæða og Orban leit svo á að kjósendur hefðu gert byltingu. Hann hefði því fullt umboð til að breyta stjórnarskránni, og gerði það strax árið eftir.

Þær breytingar fólu meðal annars í sér, rétt eins og í Póllandi núna, að dregið var úr áhrifum stjórnlagadómstóls landsins. Mikil áhersla var lögð á kristindóm, föðurlandsást og gamlar hefðir. Auk þess var hjónabandið afdráttarlaust skilgreint sem hjónaband karls og konu.

Fyrir utan stjórnarskrárbreytinguna setti nýja þingið ýmis lög, sem sögð voru brjóta gegn lýðræði og frelsi borgaranna með ýmsum hætti. Þar á meðal fjölmiðlalöggjöf sem rétt eins og í Póllandi herti tök ríkisvaldsins á ríkisreknum fjölmiðlum.

### Ungverjar drógu í land

Mannréttindasamtök gagnrýndu þetta allt saman harðlega og Evrópusambandið tók fljótlega við sér.

„Sum af þessum lögum geta verið brotleg gegn lögum og meginreglum Evrópusambandsins,“ sagði til dæmis Jose Manuel Barroso, þáverandi forseti framkvæmdastjórnar ESB, í janúar árið 2012.

Harðorð bréfaskipti og hótanir um refsiaðgerðir af hálfu ESB urðu til þess að haustið 2013 dró ungverska þingið til baka að hluta hinar umdeildu breytingar sínar á stjórnarskránni og fleiri lagabreytingar, sem ESB sagði stangast á við grundvallarreglur sambandsins.

Ungverska stjórnin sagði þetta gert til þess að „ekki verði hægt að nota tiltekin stjórnarskráratriði sem átyllu til þess að gera fleiri atlögur að framförum í Ungverjalandi“.

### Fundurinn í Niedzica

Þeir Orban og Kaczynski sátu að fundum og snæðingi í sex klukkustundir á gistihúsinu í Niedzica á miðvikudaginn, en fátt er vitað um hvað þeim fór á milli.

Fjölmiðlar hafa getið sér þess til að hótanir Evrópusambandsins hafi borið á góma. Orban hefur reynsluna og þýska dagblaðið Süddeutsche Zeitung segir að hann gæti hafa fullvissað Kaczynski um að þótt ESB gelti stundum hátt þá bíti það aldrei.

Pólskir fjölmiðlar hafa óspart vitnað í þessar þýsku vangaveltur.

Evrópusambandið virðist líka hafa áhyggjur af því að með hótunum skapi það sér óvinsældir í Póllandi. Að minnsta kosti dró Jean-Claude Juncker, forseti framkvæmdastjórnar ESB, heldur í land á blaðamannafundi á fimmtudaginn:

„Við skulum nú ekki blása þetta mál út,“ sagði hann. „Þetta er mikilvægt mál, en við verðum að halda vinsamlegum og góðum tengslum við Pólland. Við nálgumst þetta á mjög uppbyggilegan hátt. Við erum ekkert að fara illa með Pólland.“



**Þingmenn pólska íhaldsflokksins Lög og réttlæti fagna niðurstöðu atkvæðagreiðslu um breytingar á stjórnarskrá 22. desember síðastliðinn. Beate Szydlo forsætisráðherra og Jaroslaw Kaczynski flokksleiðtogi í fremstu röð fyrir miðju.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Pólland og Ungverjaland hafa bakað sér óvild innan Evrópusambandsins



**Viktor Orban, forsætisráðherra Ungverjalands, kemur af fundinum í Niedzica á miðvikudag.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**Jaroslaw Kaczynski, leiðtogi pólskra íhaldsmanna, kemur af fundinum í Niedzica á miðvikudag.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

### Orban hitti Kaczinsky í Niedzica

- Bærinn Niedzica í Póllandi tengist sögu Ungverjalands. Lengi vel náði Ungverjaland að landamærum Póllands og þá var Niedzica mikilvægur landamærabær. Þar í bæ er einnig kastali frá 14. öld, sem er mikið aðdráttarafl ferðamanna.
- Þeir Orban og Kaczynski hittust þó ekki í kastalanum, heldur í litlu gistihúsi þar sem þeir sátu á fundum í sex klukkustundir á miðvikudaginn, á þrettánda degi jóla.




**Pólland**



Höfuðborg **Varsjá**
Íbúafjöldi **38 milljónir**
Hlutfall af íbúafjölda ESB **7,6%**
Forsætisráðherra **Beate Szydlo**

**Ungverjaland**



Höfuðborg **Búdapest**
Íbúafjöldi **10 milljónir**
Hlutfall af íbúafjölda ESB **1,9%**
Forsætisráðherra **Viktor Orban**

# Eitt skemmtilegasta sem ég hef gert

**Þorsteinn Guðmundsson,** grínisti, leikari og uppistandari, venti kvæði sínu í kross í haust og settist á skólabekk. Hann nemur nú sálfræði við Háskóla Íslands og finnst fyrirlestrarnir nánast eins og að fara á skemmtun eða í bíó.

**Hvað kom til að þú settist aftur á skólabekk?**
Mig hefur lengi langað að komast í nám þó að ég hafi kannski ekki skoðað það af neinni alvöru fyrr en í fyrrasumar. Staðan hjá okkur í fjölskyldunni var svo þannig að við skiptum um húsnæði og stóðum að mörgu leyti á tímamótum og þá ákvað ég að kýla á það.

**Hvaða nám valdir þú þér?**
Ég er í námi í sálfræði við HÍ. Mér hefur alltaf fundist sálfræði vera mjög forvitnileg enda er margt í sálfræðinni sem tengist mínu starfi sem jafnframt hefur verið mitt áhugamál. Sem leikari, grínisti og rithöfundur þarf maður stöðugt að vera að pæla í fólki, reyna setja sig í annarra spor og reyna að skilja hvað það er sem fær fólk til þess að hugsa og haga sér á margvíslegan hátt. Sálfræðin gengur svo auðvitað líka út á hvernig maður getur bætt sína eigin líðan og annarra og það höfðar auðvitað til mín líka.

**Hvernig finnst þér upplifunin að vera í námi með yngra fólki?**
Það var dálítið óþægilegt til að byrja með. Mér leið svona dálítið eins og ég hefði rambað inn á rangan stað eða að ég væri að fara að skemmta á árshátíð í skóla en það venst eins og annað. Ég ákvað líka að láta það ekki trufla mig. Samnemendur mínir hafa líka tekið mér sérlega vel, ég hef getað skipst á glósum og þó svo að ég skeri mig kannski úr þá er ég líka hluti af hópnum og stunda námið á sömu forsendum og aðrir.

**Voru þínir nánustu hissa þegar þú fórst aftur í skóla?**
Nei, ekki beinlínis. Ég held að mínir nánustu þekki mig það vel að þeir viti að ég á það til að taka upp á óvenjulegum hlutum. Ég hef ekki fengið neitt annað en gríðarlegan stuðning frá öllum í kringum mig. Sem dæmi um þetta þá kom sonur minn 12 ára til mín í haust og spurði mig hvernig gengi. Ég svaraði honum að það gengi bara vel. Þá horfði hann á mig og svaraði svo: Ekki hafa áhyggjur af því þó að þú sért eldri en hinir. Við getum nefnilega allt sem við setjum okkur. Mér þótti rosalega vænt um þetta hjá honum en þetta er svo sem alveg í hans anda.

**Stefnir þú á enn frekara framhaldsnám?**
Ég hef ekki hugsað svo langt ennþá en það er mjög margt spennandi sem býðst þeim sem klára BS í sálfræði þannig að ég kem til með að skoða það mjög vandlega. Ég get nefnt sem dæmi heilsusálfræði og vinnustaðasálfræði, svona án þess að ég sé neitt að ákveða mig á þessum tímapunkti en það hljómar mjög spennandi.




„Það kom mér skemmtilega á óvart hversu sálfræðin er orðin fræðileg og vísindaleg. Ég held að margir geri sér hugmyndir um að sálfræði gangi svona meira út á samskipti og innsæi og eitthvað slíkt eða sé það sem stundum er kallað „kjaftafag“. Það er sem sagt mjög langt frá því,“ segir Þorsteinn. MYND/ERNIR

> Ég reyni að nýta hverja stund til að undirbúa mig fyrir skóla eða vinnu án þess að það komi niður á fjölskyldulífinu sem er nr. 1 hjá mér og auðvitað að reyna að halda sambandi við vini mína. Ég ætla mér ekki að útskrifast fullkomlega vinalaus eftir nokkur ár.
>
> Þorsteinn Guðmundsson

**Hefur þetta verið skemmtilegur tími?**
Þetta hefur verið eitthvað það skemmtilegasta sem ég hef gert á ævinni. Fyrirlestrarnir fyrir mér eru nánast eins og að fara á skemmtun eða í bíó og margt af því sem maður er að læra er í raun það sem ég myndi hvort sem er vera að sækjast eftir að læra með öðrum hætti. Ég hef lengi verið mjög sólginn í að horfa á góðar heimildarmyndir og alls konar skemmtilegan fróðleik. Þetta er í sjálfu sér ekkert öðruvísi í eðli sínu.

**Er eitthvað sem hefur komið á óvart?**
Kannski tvennt. Það kom mér skemmtilega á óvart hversu sálfræðin er orðin fræðileg og vísindaleg. Ég held að margir geri sér hugmyndir um að sálfræði gangi svona meira út á samskipti og innsæi og eitthvað slíkt eða sé það sem stundum er kallað „kjaftafag“. Það er sem sagt mjög langt frá því. Hitt kom mér líka dálítið á óvart hversu stíft námið er og hversu mikill tími fer í lestur. En ég hugsaði bara að úr því að ég væri kominn í þetta þá væri best að gera bara sitt allra besta. Enda hefur það líka skilað sér ágætlega.

**Hvernig ætlar þú að nýta þér menntunina?**
Ég er í raun og veru ekki búinn að ákveða það ennþá enda góður tími til stefnu en ég er oft fenginn til þess að halda fyrirlestra og erindi um ýmislegt og ég efast ekki um að ég komi til með að nýta mér námið á því sviði. Það er heldur ekki bara galli að fara í nám á miðjum aldri, maður býr auðvitað að mikilli reynslu og sú reynsla gæti nýst manni þegar kemur að því að skoða þessi mál. Að setja hlutina fram á skemmtilegan hátt ætti til dæmis ekki að vefjast fyrir mér þannig lagað.

**Hvernig er að vera í fullu námi meðfram annarri vinnu?**
Það er auðvitað frekar strembið og kallar á mikið skipulag. Ég reyni að nýta hverja stund til að undirbúa mig fyrir skóla eða vinnu án þess að það komi niður á fjölskyldulífinu sem er nr. 1 hjá mér og auðvitað að reyna að halda sambandi við vini mína. Ég ætla mér ekki að útskrifast fullkomlega vinalaus eftir nokkur ár. Vinnan mín sem felst aðallega í uppistandi, er samt að ýmsu leyti heppileg vegna þess að hún fer að miklu leyti fram á kvöldin og um helgar. En sem sagt, þetta er aðallega spurning um skipulag og kannski að sleppa því að hanga yfir sjónvarpinu á kvöldin.

**Hefur þú getað sinnt leiklistinni meðfram náminu?**
Ég er aðallega í uppistandi núna en ég er að vinna að leiknum sjónvarpsþáttum með Styrmi Sigurðssyni leikstjóra sem við fáum vonandi tækifæri til þess að taka upp í sumar þannig að við finnum út úr því. Málið er að ég hef unnið að mjög mörgum og ólíkum verkefnum samhliða og samtímis allan minn feril þannig að ég þekki vel hvernig maður fer að því að hoppa úr einu í annað. Fyrir mér er það bara kostur, allt hefur sinn tíma og allt tekur sinn tíma.

# Þroskandi að dvelja erlendis

Með mikilli þrautseigu landaði Margrét Rósa námsstyrk í Bandaríkjunum þar sem hún stundar háskólanám og gegnir lykilhlutverki í körfuboltaliði skólans. Að námi loknu stefnir hún á að sameina körfuboltann og nám í dýralækningum.

Það er draumur margra ungra íþróttamanna og -kvenna að iðka íþrótt sína og stunda um leið nám erlendis. Leið flestra liggur til Bandaríkjanna þar sem góðu íþróttafólki gefst oft kostur á styrkjum til að stunda nám samfara íþróttaiðkun sinni. Meðal þeirra sem haldið hafa vestur um haf undanfarin ár er körfuboltakonan Margrét Rósa Hálfdanardóttir úr Hafnarfirði. Hún stundar nú nám við Canisius College í New York-ríki í Bandaríkjunum ásamt því að gegna lykilhlutverki í körfuboltaliði skólans.

Margrét er á öðru ári í námi sem ber heitið Animal Behavior, Ecology and Conservation, sem lýsir sér best sem atferlisfræði dýra að hennar sögn. „Við förum í gegnum grunninn á flokkun allra dýra og helstu hegðun þeirra og staðsetningum. Einnig lærum við mikið um dýragarða og það er mikið rökrætt um neikvæðar og jákvæðar hliðar þeirra.“ Auk þess tekur Margrét grunntíma í efnafræði, líffræði og fleiri vísindaáföngum til að búa sig undir dýralæknanám.

### Þroskandi ferli

Bandarískt skólakerfi er að ýmsu leyti ólíkt því íslenska að hennar sögn. „Ég er eldri en allir í árganginum mínum þar sem bandarískir krakkar fara í háskóla 18 ára en ég byrjaði tvítug. Ég fékk þó einhverja áfanga metna úr framhaldsskóla. Helsti munurinn er sá að hér er búist við því að þú takir virkan þátt í umræðum í tíma og nemendur fá einkunn fyrir þátttökuna. Lokapróf-in gilda auk þess oft bara 30% af heildareinkunn.“

Það er margir kostir við að sækja háskóla erlendis að hennar sögn. „Það er þroskandi að spjara sig á öðru tungumáli, hitta fólk frá öllum heimshornum, búa á heimavist með ókunnugu fólki og að byggja upp virðingu hjá fólki og á körfuboltavellinum alveg frá grunni. Svo fær maður flotta gráðu að launum sem mun opna margar leiðir í framtíðinni. Einnig finn ég hvað ég met fjölskylduna enn þá meira.“

### Gafst ekki upp

Leið Margrétar í háskóla í Bandaríkjunum er nokkuð sérstök. Hún byrjaði ung að spila körfubolta með Haukum, á marga íslands- og bikarmeistaratitla að baki auk landsleikja með yngri landsliðum og A-landsliðinu. En vilji maður bæta sig sem leikmaður eru Bandaríkin fyrirheitna landið að hennar sögn. Vandinn var sá að háskólaþjálfarar frá Bandaríkjunum gera sér sjaldan ferð til Norðurlanda til að skoða leikmenn. „Ég ákvað þá að leita þjálfara uppi og fór í mikla rannsóknarvinnu við að leita að skólum sem mig langaði að stunda nám við. Því hafði ég samband við fjölda þjálfara, sendi þeim myndbönd af mér og tölfræði. Sumir svöruðu og samskipti entust í tvær vikur en svo heyrðist ekki meira í þeim. Ég hafði ekki hugmynd um hvernig ég ætti að koma mér á framfæri en fékk góð ráð frá fólki sem hafði gengið í gegnum það sama.“ Ferlið tók um tvö ár og óstöðvandi vilji hennar skilaði sér í skólastyrk hjá Canisius College.



Margrét Rósa stundar nám við Canisius College og spilar með körfuboltaliði skólans þar sem hún stendur sig mjög vel. MYND/ÚR EINKASAFNI

> **Það er þroskandi að spjara sig á öðru tungumáli, hitta fólk frá öllum heimshornum, búa á heimavist með ókunnugu fólki.**
> *Margrét Rósa Hálfdanardóttir*



Hér er Margrét Rósa ásamt foreldrum sínum, Hálfdani Þóri Markússyni og Sóleyju Indriðadóttur. MYND/ÚR EINKASAFNI

### Stefnir í dýralækninn

Líf Margrétar snýst þó ekki bara um skólann því körfuboltinn tekur stóran hluta dagsins. „Ég er núna á öðru ári, byrja inn á og er ein af þeim stigahæstu í liðinu. Auk þess er ég ofarlega á lista yfir bestu þriggja stiga nýtinguna í deildinni. Skólinn minn hefur unnið sjö af þrettán leikjum í vetur en við spilum í MAAC-riðlinum.“

Að námi loknu stefnir Margrét í dýralæknanám en óvíst er hvort það verður í Bandaríkjunum eða Evrópu. „Körfuboltalega séð er ég ekki tilbúin að hætta eftir háskóla. Líkaminn er ennþá í toppstandi og á inni góð ár með landsliðinu ef ég kemst hjá meiðslum. Það verður bara að koma í ljós hvernig ég næ að flétta það saman við dýralæknanám.“

ÚTGEFANDI 365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA Bryndís Hauksdóttir | bryndis@365.is | s. 512-5434 | ÁBYRGÐARMAÐUR Svanur Valgeirsson

heilsuhótel íslands

Góður lífsstíll

HEILSUNÁMSKEIÐ
heilsa, hvíld og gleði

VETUR*
8. - 22. janúar 2016
Heilsunámskeið 2 vikur
nokkur herbergi laus

VOR / SUMAR*
1.-15. apríl
Heilsunámskeið 2 vikur
Pantið tímanlega, vinsæll tími

* aðeins þessi 2 námskeið 2016

Fyrirlesarar og kennarar


Ásdís Ragna Einarsdóttir
grasalæknir


Chad Keilen
BSc Heilsuvísindi


Vigdís Steinþórsdóttir
hjúkrunarfræðingur


Steinunn Aðalsteinsdóttir
heilsumarkþjálfi

Sími 512 8040 | www.heilsuhotel.is | heilsa@heilsuhotel.is
Heilsuhótel Íslands | Lindarbraut 634 | 235 Reykjanesbær



„Það jók sjálfstraust mitt að takast á við aðstæður sem gjarnan vekja kvíða og ótta. Ég fékk þjálfun í að nýta hæfileikana sem í mér búa. Með því að leysa krefjandi verkefni lærði ég jákvæðari leiðir í samskiptum við aðra. Námskeiðið gaf mér þor til að standa með mínum eigin skoðunum. Ég fékk nýja sýn á sjálfa mig. Í staðinn fyrir hindranir sé ég núna fleiri tækifæri í lífinu.“

*// Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir, markaðsráðgjafi*

ÍSLENSKA SIA.IS DAL 77902 01/16

# SKRÁÐU ÞIG NÚNA

## *Dale Carnegie námskeið*

***Á námskeiðinu færðu þjálfun í að nýta hæfileika þína til fulls og ná betri árangri í lífinu. Lærðu að vera öruggari í framkomu og betri í samskiptum við aðra. Finndu þinn innri leiðtoga og farðu út í lífið með meira sjálfstraust og jákvætt viðhorf. Skráðu þig núna!***

### *// Ókeypis kynningartímar*

Kynningartímar í Reykjavík, Ármúla 11, 3. hæð:

| | | |
|---|---|---|
| Fullorðnir | 13. janúar | kl. 20:00 til 21:00 |
| Fullorðnir | 17. janúar | kl. 16:00 til 17:00 |
| Ungt fólk, 10 til 15 ára | 10. janúar | kl. 15:00 til 16:00 |
| Ungt fólk, 16 til 25 ára | 10. janúar | kl. 16:00 til 17:00 |
| Ungt fólk, 10 til 15 ára | 24. janúar | kl. 15:00 til 16:00 |
| Ungt fólk, 16 til 25 ára | 24. janúar | kl. 16:00 til 17:00 |

Upplýsingar um fleiri kynningartíma og skráning á **www.dale.is**

### *// Næstu námskeið*

| | |
|---|---|
| Dale Carnegie kvöldnámskeið | 11. janúar |
| Dale Carnegie kvöldnámskeið | 28. janúar |
| Dale Carnegie morgunnámskeið | 10. febrúar |
| Dale Carnegie á laugardagsmorgnum | 20. febrúar |
| Dale Carnegie á þremur dögum | 4. mars |
| Áhrifaríkar kynningar | 18. febrúar |
| Samningatækni | 19. maí |
| Sölunámskeið | 11. febrúar |
| Stjórnendaþjálfun | 11. febrúar |
| Leiðtogaþjálfun fyrir stjórnendur | 9. febrúar |
| Árangursrík framsögn | 12. mars |

Nánari upplýsingar á **www.dale.is**

**Ráðgjafar Dale Carnegie eru einnig við símann milli kl. 10 og 16 á laugardag og sunnudag**

Skráning á **dale.is** Nánari upplýsingar í síma **555 7080**

DALE CARNEGIE® ÞJÁLFUN

*Ármúla 11, 108 Reykjavík ı Sími 555 7080 ı www.dale.is*

## LÆRT UM HEIMILI OG HÖNNUN



Hjá endurmenntunardeildum háskólanna er að finna ýmis skemmtileg námskeið. Sem dæmi má nefna námskeiðið Heimili og hönnun sem er á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands og fer fram í lok janúar.

Á námskeiðinu, sem kennt er af Emilíu Borgþórsdóttur iðnhönnuði, er farið í grunnatriði hönnunar innan heimilisins líkt og uppröðun húsgagna, hvernig hengja eigi upp myndir og litaskema. Einnig verður farið yfir hvernig gera má upp gömul húsgögn með tilliti til efnis og svo framvegis. Hvernig má láta húsgögn, persónulega muni, myndir, liti og lýsingu spila saman til að mynda góða heild á heimilinu?

Á námskeiðinu er farið í grunnatriði innanhússhönnunar á einföldu máli. Tekin eru fjölmörg dæmi um vel heppnaðar samsetningar. Hvað fer saman, hvað ekki og af hverju ekki?

## FRAMADAGAR Í FEBRÚAR



Framadagar háskólanna verða haldnir 10. febrúar næstkomandi. Framadagar eru árlegur viðburður í háskólalífinu þar sem nokkur af helstu fyrirtækjum landsins kynna starfsemi sína fyrir háskólanemendum. AIESEC-stúdentasamtökin skipuleggja Framadaga á hverju ári.

Á Framadögum fá nemendur tækifæri til að kynnast fyrirtækjum á ýmsum sviðum. Þeir hafa beint samband við starfsfólk í stjórnarstöðum þar sem hægt er að spyrja þau spjörunum úr.





Innritun og upplýsingar á dansskoli.is eða í síma 553 6645

Salsa
Break
Zumba
Hip Hop
Freestyle
Brúðarvals
Barnadansar
Samkvæmisdansar
Sérnámsskeið fyrir hópa
Börn - Unglingar - Fullorðnir

ZUMBA fitness

Ýmis starfsmanna-, stéttar- og sveitarfélög veita styrki vegna dansnámskeiða.

DANSSKÓLI Jóns Péturs og Köru
Dansfélag Reykjavíkur

Danskennarasamband Íslands | Faglærðir danskennarar
www.dansskoli.is | dans@dansskoli.is | sími 553 6645




Námskeiðin byggjast á stuttum myndbandsfyrirlestrum og gagnvirkum prófum og verkefnum sem mörg fela í sér samskipti og endurgjöf á milli nemenda.

# Fyrsta flokks námskeið fyrir alla

**Coursera.org** veitir fólki um allan heim aðgang að bestu menntun sem völ er á og býður upp á yfir hundrað netnámskeið án endurgjalds. Fyrirtækið er í samstarfi við alla helstu háskóla og fræðslustofnanir heims.

Markmið Coursera er að gera öllum kleift að sækja sér menntun óháð búsetu, stétt og stöðu.

Námskeið Coursera eru á breiðu bili og er meðal annars hægt að sækja nám í markaðsfræði, fjármálalæsi, félagssálfræði, samningatækni, verkefnastjórnun og algóritma svo fátt eitt sé nefnt. Námskeiðin eru unnin í samstarfi við marga af fremstu háskólum heims, jafnt í Evrópu, Asíu og Ameríku. Lengd námskeiða er misjöfn en flest eru kennd á 5-10 vikna tímabili. Námskeiðin byggja á stuttum myndbandsfyrirlestrum og gagnvirkum prófum og verkefnum sem mörg fela í sér samskipti og endurgjöf á milli nemenda. Að loknu hverju námskeiði fá nemendur formlega viðurkenningu.

Forsvarsmenn Coursera sjá fyrir sér framtíð þar sem allir hafa aðgang að menntun á heimsmælikvarða en hingað til hefur hún aðeins verið í boði fyrir lítinn hluta mannkyns. Markmiðið er að gefa öllum færi á góðri menntun og efla þannig einstaklinga, fjölskyldur þeirra og nærumhverfi.

Á námskeiðunum er lögð áhersla á að beita viðurkenndum kennsluaðferðum sem ýta undir að nemendur læri betur og hraðar. Netkennsla er þar lykilatriði en nýlegar rannsóknir sýna að hún skili jafnvel betri árangri en hefðbundin kennsla í kennslustofu. Hjá Coursera er jafnframt notast við svokallaða Mastery Learning – tækni sem sálfræðingurinn Benjamin Bloom hefur þróað en hún gengur út á að nemendur skilji tiltekið efni fullkomlega áður en lengra er haldið. Nemendur fá því tafarlausa endurgjöf ef þeir virðast ekki skilja ákveðið hugtak eða efni og fá endurtekin og breytileg verkefni sem ýta undir skilning.

Þar sem tölvur geta aðeins gefið takmarkaða endurgjöf notast Coursera jafnframt við svokallað jafningjamat þar sem nemendur gefa hver öðrum endurgjöf. Þessi aðferð hefur þótt gagnast bæði þeim sem svarar prófi eða leysir verkefni og þeim sem gefur endurgjöfina.

Námskeið Coursera eru fyrir alla, byrjendur jafnt sem lengra komna, en margir nota þau jafnframt til að dýpka skilning sinn á tilteknu efni. Þá hefur komið á daginn að blönduð kennsla gefur oft góða raun og hafa netnámskeið Coursera oft reynst góð viðbót við hefðbundna kennslu.

**Fróðleiksfúsum er bent á Coursera.org**

# Yfir þrjú hundruð bókasöfn



Yfir þrjú hundruð ólík bókasöfn er að finna á landinu. Sögubíllinn Æringi er undir flokknum Sérstök bókasöfn á bokasafn.is.

Bókasöfn landsins eru af ýmsum toga og fyrir utan þau sem eru opin almenningi er að finna bókasöfn í einkafyrirtækjum og stofnunum þar sem þau þjóna sérhæfðum verkefnum, bókasöfn eru í skólum landsins þar sem nemendur sækja sér fróðleik og þá eru ýmis sérhæfð bókasöfn sem almenningur getur sótt í.

Á vefnum bokasafn.is segir að yfir þrjú hundruð bókasöfn sé að finna á Íslandi en á síðunni er samantekt yfir rúmlega sextíu þeirra.

Þar eru þau flokkuð í almenningsbókasöfn, framhaldsbókasöfn, háskólabókasöfn, sérfræðisöfn, sérstök bókasöfn og skólabókasöfn. Þar er einnig að finna staðsetningu þeirra á landinu og opnunartíma, síma og netföng. Undir flokknum sérstök bókasöfn er að finna tvö bókasöfn, sérstæð fyrir þær sakir að þau eru á hjólum, sögubílinn Æringja og bókabílinn Höfðingja. Hljóðbókasafn Íslands er einnig í flokknum sérstök bókasöfn og Gljúfrasteinn, sem var heimili Halldórs Laxness.



Hvert bókasafn sér um að skrá inn á vefinn og er ætlunin að öll bókasöfn landsins verði að finna á síðunni.

**Sjá www.bokasafn.is**

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ



**Pólitískur fjölskyldufaðir**
**Líf Benedikts Erlingssonar snýst um kvikmyndagerð milli þess sem hann fer upp í Borgarfjörð og segir þar gamlar sögur og flytur einleik um Egil Skallagrímsson.**
**SÍÐA 2**




# FÉKK HEILSU Á NÝ

**ARCTIC STAR KYNNIR** *Þórunn Maggý er betri af liðverkjum eftir að hafa tekið Arctic Star sæbjúgnahylkin. „Ég er 100% viss um að þetta virkar fyrir mig.“*

Þórunn Maggý hefur verið með slitgigt í fleiri ár. Hún telur sig nú hafa fundið lausn við því vandamáli sínu. „Ég hef lengi verið með verki í flestum liðum og voru úlnliðir og hné í vondum málum. Ég hef tekið hin og þessi lyf í gegnum tíðina, mörg voru ágæt en ekkert þeirra gerði hundrað prósent gagn. Þegar ég sá svo auglýsingu um Arctic Star sæbjúgnahylkin greip ég það eins og skot að þetta væri það sem myndi gagnast mér. Ég hef ágætis innsæi og vissi um leið og ég sá það að þetta væri það rétta fyrir mig,“ útskýrir Þórunn Maggý.

Nokkrum dögum áður en hún sá auglýsinguna fyrst var hún á göngu og þá hafði eitthvað komið fyrir annað hnéð. Var hún draghölt á eftir og gat hvorki beygt hnéð né rétt úr því. Þórunn Maggý segist því hafa verið með augun opin fyrir einhverju sem gæti hjálpað henni.

„Eftir að ég frétti af sæbjúgnahylkjunum fór ég á stúfana að leita að þeim. Þau voru ekki komin í apótekið þannig að ég fór bara beint í fyrirtækið, talaði við hann Jens og sagðist vilja fá þetta eins og skot. Útkoman var sú að eftir að hafa tekið hylkin í fimm til tíu daga var ég orðin ágæt í hnénu og það var ekkert vandamál að beygja það og rétta úr því. Allir liðverkirnir voru líka farnir þannig að ég er hundrað prósent örugg um að þetta henti.“

Þórunn Maggý ætlar að halda áfram að nota Arctic Star sæbjúgnahylkin og er búin að kaupa sér heilan kassa af þeim. „Ég mæli heils hugar með þessu og segi bara takk fyrir mig að þetta skyldi koma á markaðinn. Ég er svo hamingjusöm að fá heilsuna til baka, það er svo mikilvægt,“ segir hún glöð.

**JÁKVÆÐ ÁHRIF**

Arctic Star sæbjúgnahylkin innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum sem geta haft jákvæð áhrif á lífeðlisfræðilega starfsemi mannslíkamans, til dæmis er mikið kollagen í þeim en það er eitt helsta uppbyggingarprótein líkamans. Í Kína eru sæbjúgu þekkt sem heilsubótarfæði og notuð til bóta við hinum ýmsu meinum. Kínverjar kalla sæbjúgu gjarnan „ginseng hafsins“ og til eru sagnir um notkun sæbjúgna þar fyrir meira en þúsund árum.



**ER MIKLU BETRI** Þórunn Maggý hefur tekið Arctic Star sæbjúgnahylkin í nokkurn tíma og fann strax mun. Hún er nú laus við liðverki sem plöguðu hana. MYND/GVA




**SÆBJÚGU ERU ÞEKKT FYRIR**
- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjósk og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns



**UPPLÝSINGAR**

Framleiðandi sæbjúgna er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á **arcticstar.is**

Arctic Star sæbjúgnahylki fást í Lyfju og í Apótekinu.






# PÓLITÍKUS AÐ EINHVERJU LEYTI

**PÓLITÍSKUR FJÖLSKYLDUFAÐIR** *Líf Benedikts Erlingssonar snýst þessa dagana um kvikmyndagerð á milli þess sem hann fer upp í Borgarfjörð og segir þar gamlar sögur öðru hvoru en hann flytur einleik sinn um Egil Skallagrímsson á ný um þessar mundir.*

Þessa stundina er ég aðallega starfandi kvikmyndagerðarmaður. Ég er að vinna að gerð og þróun næstu kvikmyndar og ef guð lofar og Kvikmyndamiðstöð hefjast tökur á henni þann ellefta júlí næstkomandi. Myndin mun líklega heita Fjallkonan fyrir stríð og verður það sem myndi kallast á ensku „action“-mynd,“ segir Benedikt Erlingsson, leikari og kvikmyndagerðarmaður, og jánkar því að þess konar mynd sé ekki eitthvað sem hann hefur hingað til verið þekktur fyrir. „Jú, það eru allir mjög hissa á að ég vilji gera eitthvað annað en eitthvert dýra-porn.“

**TVÍBURADRAMA Í ANDA SHAKESPEARE**

Benedikt segist vera mjög uppnuminn af gerð myndarinnar sem áætlað er að frumsýna vorið 2017. Hann lýsir myndinni sem hetjumynd um konu á besta aldri sem ákveður að bjarga heiminum og er meira að segja búin að finna aðferðina til þess. Hann vill hins vegar aðeins bíða með að gefa upp hver aðferðin er. „Þær systur Harpa og Ásta Arnardætur munu leika stórt hlutverk í myndinni og má segja að þetta verði nokkurs konar tvíburadrama eins og hjá Shakespeare,“ lýsir hann.

Mikið verður af lifandi tónlist í myndinni sem Davíð Þór Jónsson tónskáld, sem gerði tónlistina í Hross í oss, semur. „Við erum að vinna í tónlistinni núna því hún þarf að vera tilbúin fyrir tökur þar sem hetjan okkar sem er að bjarga heiminum á í innri baráttu sem er sýnileg í formi tónlistarmanna sem fylgja henni eftir. Þeir leika því kvikmyndatónlistina meira og minna „live“ á vettvangi.“

**PÍPIR EITTHVAÐ OPINBERLEGA**

Benedikt hefur stundum vakið athygli þegar hann hefur viðrað skoðanir sínar opinberlega eða pípt eitthvað eins og hann kallar það. En er hann pólitískur? „Ég held að allir séu mjög pólitískir, allt sem þú hugsar og segir og gerir er pólitík í einhverjum skilningi. Ég er ekki pólitíkus en pólitísk erum við kannski öll. Á hvaða formi sem það er þá er maður alltaf óbeint í þessum geira að reyna að hafa áhrif á fólk, að snerta og miðla. Maður reynir að hafa áhrif á gildismat og er þar með orðinn eins og pólitíkus í einhverju samhengi, maður miðlar ákveðinni skoðun í gegnum allt sem maður gerir. Eftir að Facebook varð til erum við öll orðin pólitíkusar, við erum öll að miðla skoðunum endalaust.“

**Á SÖGUSLÓÐUM**

Benedikt ætlar að verja helginni í Borgarfirði með fjölskyldunni en hann flytur einleikinn Mr. Skallagrímsson í kvöld og gerði það líka í gærkvöld. Verkið er endurflutt um þessar mundir í tilefni tíunda starfsárs Landnámssetursins. „Það er gaman að koma aftur að þessu og gefandi. Í raun og veru er þetta samverustund, ég upplifi mikla hlýju og gleði á þessari sýningu og er alltaf uppljómaður á eftir.“

Fjölskyldan verður á stað sem heitir Krumshólar og er einmitt getið í Egilssögu en að sögn Benedikts var fyrsta mannvist í Borgarfirði í hólunum. „Ég verð á söguslóðum um helgina að labba um hólana. Þar er ég líka með þrjár hryssur og er ein fylfull. Ég bind miklar vonir við þetta ófædda folald,“ útskýrir Benedikt en hann segir hestamennsku einu sinni hafa verið sitt helsta áhugamál en nú hafi fjölskyldan tekið við. „Ég á þrjár dætur og tvær af þeim eru bara sjö ára. Ég hef mikinn áhuga á þeim og hef líka áhuga á konunni minni. Þetta fólk er eiginlega mitt hobbý.“



**Í NÓGU AÐ SNÚAST** Benedikt Erlingsson vinnur nú að gerð nýrrar kvikmyndar sem hann er mjög uppnuminn af. Myndinni lýsir hann sem hetjumynd um konu á besta aldri sem ákveður að bjarga heiminum og er meira að segja búin að finna aðferðina til þess. MYND/GVA




## GIRNILEG OG EINFÖLD SÚKKULAÐIKAKA

*Þessa köku er tilvalið að skella í fyrir helgarkaffið.*

Þó flestir séu nú að reyna að trappa sig niður eftir veislur undanfarna hátíðisdaga þá er kannski óþarfi að hætta algjörlega að gera vel við sig í mat og drykk. Sérstaklega um helgar. Enda standast fáir ljúffengar og girnilegar súkkulaðikökur eins og þessa sem hér er gefin uppskrift að. Kakan er á mörkunum að vera búðingur. Hún er mjúk, með blautum botni og einföld í bakstri enda aðeins sex hráefni notuð í hana.

**½ bolli sykur, auka til að strá yfir form**
**6 stór egg (við stofuhita)**
**170 g súkkulaði**
**½ tsk. salt**
**Flórsykur, til að strá yfir kökuna**
**Smjör til að smyrja form**

Hitið ofninn í 180°C. Bræðið súkkulaðið yfir vatnsbaði. Smyrjið eldfast mót og stráið sykri yfir það. Hrærið saman í skál eggjarauður og sykur þar til létt og ljóst. Hrærið saman við bráðið súkkulaðið og setjið til hliðar. Hrærið saman í hrærivél á miklum hraða eggjahvítur og salt þar til mjúkir toppar myndast. Hrærið svo ⅓ af eggjahvítunum við súkkulaðiblönduna. Bætið síðan við restinni af eggjahvítunum og hrærið varlega saman með sleif þar til allt hefur blandast (varist að hræra of mikið). Mikilvægt er að setja eggjahvíturnar út í í tveimur skrefum svo deigið verði léttara.

Hellið deigi í eldfasta mótið. Setjið mótið svo ofan í steikarfat og hellið sjóðandi vatni í fatið þannig að það nái um 2,5 sentimetra upp á eldfasta mótið. Setjið svo fatið inni í ofn og látið bakast þar til kakan hefur bólgnað út og er nánast bökuð í gegn (miðjan í kökunni ætti að hreyfast örlítið þegar mótið er hrist), í um það bil 25 til 35 mínútur. Látið kólna í fimm mínútur, stráið flórsykrinum yfir og berið fram.



**BLAUTUR BOTN** Kakan er einföld í bakstri enda inniheldur hún aðeins sex hráefni.

# ÚTSALAN

HELDUR ÁFRAM



# 10 - 50%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

SÓFAR / STÓLAR / BORÐSTOFUSTÓLAR / BORÐ / SKÁPAR
SVEFNSÓFAR / LJÓS / PÚÐAR / SMÁVARA

LÍNAN

BÆJARLIND 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARD. 11 - 16

# SÍÐBÚIN ÞRETTÁNDAGLEÐI



**BRENNUR OG FLUGELDASÝNINGAR** *Vegna slæms veðurs á sjálfum þrettándanum var nokkrum hátíðum frestað fram til helgarinnar. Því ber að fagna enda fáum við að njóta jólanna aðeins lengur en búist var við.*

**ÞRETTÁNDAHÁTÍÐ Í GRAFARHOLTI**
Hin árlega Þrettándahátíð í Grafarholti verður haldin í dag. Safnast verður saman við Guðríðarkirkju upp úr klukkan 18.15 og um 18.45 verður lagt af stað í skrúðgöngu niður í Leirdal þar sem kveikt verður í brennunni en stefnt er að því að kveikja í henni um 19.15.

- Jólasveinarnir mæta á svæðið, syngja með gestum, kveðja jólin og halda svo til fjalla.
- Kyndlasala verður við Guðríðarkirkju fyrir skrúðgönguna og veitingasala í Leirdal þar sem fólk getur fengið sér hressingu eftir gönguna.
- Ef allt gengur upp verður kvöldinu slúttað klukkan 20 með flugeldasýningu.

**ÞRETTÁNDAHÁTÍÐ VESTURBÆJAR**
Þrettándahátíð Vesturbæjar hefst klukkan 18 í dag við KR-heimilið, þar sem sungin verða nokkur lög og síðan gengið með blys að brennunni á Ægisíðu.

- **18.30** Kveikt verður í brennunni.
- **18.45** Foreldrafélög grunnskólanna í Vesturbæ ásamt styrktaraðilum og KR-Flugeldum bjóða upp á glæsilega flugeldasýningu.

**ÞRETTÁNDABRENNA GRAFARVOGSBÚA**
Árleg Þrettándagleði Grafarvogsbúa hefst kl. 17.15 í dag við Hlöðuna hjá Gufunesbænum. Þar verður bæði kakó- og kyndlasala auk þess sem skólahljómsveit Grafarvogs leikur létt lög.

- **17.50** Blysför verður farin frá Hlöðunni.
- **18.00** Kveikt í brennu og boðið upp á skemmtun á sviði.
- **18.30** Þrettándagleði lýkur með skotkökusýningu í boði Gufunesbæjar.

**ÞRETTÁNDASKEMMTUN Í REYKJANESBÆ**
Boðið verður upp á luktarsmiðju í Myllubakkaskóla (gengið inn frá Suðurtúni) milli klukkan 16 og 17 í dag.

- Fólk er beðið um að koma með glerkrukku að heiman til að útbúa fallega lukt til að ganga með í blysförinni að hátíðarsvæði. Allt efni til skreytinga á staðnum og led-ljós til að setja í luktina. Verð kr. 300.



**ÞRETTÁNDABRENNA** Þrettándahátíðir verða í Grafarholti, Grafarvogi, Vesturbæ og á Reykjanesi í dag en í Kópavogi hjá HK á mánudaginn.

- Klukkan 17 verður farin blysför að hátíðarsvæði. Lagt af stað frá Myllubakkaskóla í fylgd álfakóngs og -drottningar, álfa, púka og barna með luktirnar sínar.
- Tónlistardagskrá á sviði verður undir stjórn Grýlu og jólasveins. Álfakór flytur þrettándasöngva, Grýla og jólasveinninn taka lagið með börnunum en kynjaverur af ýmsu tagi verða á sveimi.
- Þrettándabrennan verður haldin í Bakkalág en þar má einnig fá heitt kakó og piparkökur til að ylja sér á.
- Kvöldinu lýkur með flugeldasýningu Björgunarsveitar Suðurnesja.

**ÞRETTÁNDAGLEÐI HK Á MÁNUDAG**
Þrettándagleði HK verður haldin hátíðleg í Fagralundi í Kópavogi kl. 17.30 á mánudaginn.

- Boðið verður upp á heitt súkkulaði og piparkökur á meðan Skólahljómsveit Kópavogs leikur jóla- og áramótalög.
- **17.50** Kyndlaganga hefst frá Fagralundi en kyndlana verður hægt að kaupa á staðnum. Skátarnir sjá svo um flugeldasýningu sem hefst klukkan 18.15.

# OPINN DAGUR Í HEILSUDREKANUM

**HEILSUDREKINN KYNNIR** *Í Heilsudrekanum fer fram blómleg starfsemi. Þar er hægt að leggja stund á kínverska leikfimi og sækja hinar ýmsu heilsumeðferðir. Í ár verður bryddað upp á þeirri nýjung að bjóða kung fu-iðkendum í barnaflokki að læra undirstöðuatriði í kínversku.*

Í Heilsudrekanum er kennd hugræn teygjuleikfimi, heilsu qi gong, tai chi og kung fu. Þeir sem eiga kort fá aðgang að öllum tímum. Leikfimin er fyrir fólk á öllum aldri en kung fu-kennslunni er skipt upp í barna- og fullorðinsstarf. Í dag, laugardag, verður opinn dagur milli 10.30 til 16. Öllum sem vilja er boðið að koma og kynna sér starfsemina og prófa tíma en auk þess verða ýmis tilboð.

Meðal nýjunga í ár er kínverskukennsla. „Kung fu-iðkendurnir okkar hafa margir talað um að þá langi til að læra kínversku. Við ákváðum að prófa að setja hana inn barnastarfið í fyrra og gekk mjög vel. Henni verður því bætt við það á nýju ári," segir Dong Qing Guan, eigandi Heilsudrekans, en boðið verður upp á tvo kung fu-tíma og einn kínverskutíma í viku.

Að sögn Qing hentar kínversk leikfimi öllum en hún er nátengd kínverskri menningu og hefur þróast samhliða kínverskum lækningum í þúsundir ára.

„Allar æfingarnar eiga rætur að rekja til kínverskra lækninga og eru mismunandi æfingar sniðnar að ólíkum líffærum eins og meltingu, hjarta, lifur og miðtaugakerfi. Æfingarnar eru góðar fyrir alla sem vilja viðhalda góðri heilsu og fyrirbyggja vandamál en líka fyrir þá sem glíma við kvilla eða þurfa endurhæfingu. Fyrir hádegi erum við með mjög rólega tíma sem eru hugsaðir fyrir þá sem þurfa að fara sér hægt. Í tímunum eftir hádegi og á kvöldin förum við svo meira á dýptina og í meiri tækniatriði."

Allir kennarar Heilsudrekans hafa háskólamenntun og sækja reglulega símenntun. „Þá erum við dugleg að fá til okkar gestakennara til að kynna nýjustu fræðin og koma með ferskt blóð inn í starfsemina," segir Qing.

Hún segir sömuleiðis lagt mikið upp úr alþjóðlegri samvinnu. „Heilsudrekinn er í samstarfi við íþróttafélagið Drekann sem er aðili að alþjóðlega wushu-sambandinu og alþjóðlega heilsu qi gong-sambandinu svo dæmi séu nefnd.

Hjá Heilsudrekanum er líka hægt að sækja ýmsar heilsumeðferðir eins og nálastungur og kínverskt nudd. Þá er boðið upp á ýmiss konar dekur ásamt heilsuvörum og heilsutei sem verður á kynningartilboði í dag.



**HENTAR ÖLLUM** Kínversk leikfimi hentar öllum að sögn Qing. Hún er nátengd kínverskri menningu og hefur þróast samhliða kínverskum lækningum í þúsundir ára. MYND/ANTON

**FERSKT BLÓÐ**
„Við erum dugleg að fá til okkar gestakennara til að kynna nýjustu fræðin og koma með ferskt blóð inn í starfsemina."

**Allar nánari upplýsingar er að finna á Heilsudrekinn á Facebook.**



**SKEMMTILEGT** Boðið verður upp á listasmiðjur, tónleika, upplestur og fleira.

# BARNAGAMAN Í KÓPAVOGI

*Menningarhús Kópavogsbæjar iða af lífi á laugardögum í vetur þar sem boðið er upp á skemmtilega og ókeypis viðburði fyrir börn og unglinga.*

Menningarhúsin í Kópavogi hafa tekið upp þá nýbreytni í vetur að bjóða upp á fjölbreytta menningartengda viðburði á laugardögum fyrir börn og unglinga undir heitinu Fjölskyldutstund í menningarhúsum Kópavogs.

Boðið verður upp á listasmiðjur, tónleika, upplestur og fleira skemmtilegt og hefjast viðburðirnir kl. 13 en þeir standa fram til loka maí.

Fyrsta námskeið ársins hefst í Gerðarsafni nú um helgina og er undir leiðsögn Linn Björklund myndlistarmanns. Þar verða klippimyndir Gerðar Helgadóttur m.a. skoðaðar og tilraunir gerðar til að búa til stórt veggverk í anda hennar. Námskeiðið er sniðið að börnum á aldrinum 7 til 10 ára en fullbókað er á það á laugardeginum. Námskeiðið verður því endurtekið í opinni smiðju í Gerðarsafni á sunnudeginum frá kl. 13 til 16.

Tilgangur fjölskyldustundanna er að efla enn frekar menningarfræðslu fyrir börn og ungmenni og gefa þeim tækifæri til að upplifa, læra og skilja menningu, vísindi og listir og að tjá sig í gegnum listir og skapandi greinar.

Viðburðir vetrarins verða ýmist í Bókasafni Kópavogs, Gerðarsafni, Náttúrufræðistofu Kópavogs eða í Salnum. Þátttaka er ókeypis.

Dagskrá fjölskyldustundar í menningarhúsum Kópavogs í vetur verður auglýst nánar innan skamms og kynnt, meðal annars á vef bæjarins, *www.kopavogur.is*.

# FITUBRENNSLA Á NÁTTÚRULEGAN HÁTT

**ICECARE KYNNIR** *Chili Burn-töflurnar auka brennslu, örva meltingu og minnka sykurlöngun. Sævar Guðmundsson hefur lést eftir að hann fór að taka Chili Burn. „Mér finnst þörfin í sykur hafa minnkað, mig langar ekki eins mikið að fá mér gos eða nammi og áður.“*

Chili Burn-töflurnar eru byltingarkenndar töflur sem hjálpa til við fitubrennslu á náttúrulegan hátt. Töflurnar innihalda chili-jurtina sem eykur brennslu, grænt te sem örvar meltinguna, króm sem minnkar sykurlöngun, piparmintuolíu sem dregur úr uppþembu og vindgangi ásamt B-vítamíni og magnesíum. Chili Burn virkar þannig á þrefaldan hátt; það eykur brennslu, örvar meltinguna og minnkar sykurlöngunina.



**ÁNÆGÐ MEÐ ÁRANGURINN** Helene Jenssen hefur lagt af og ekki bætt kílóunum á sig aftur eftir að hún fór að nota Chili Burn.

**HJÁLPAR TIL VIÐ AÐ LÉTTAST**

Sævar Már Guðmundsson hefur lengi átt í baráttu við aukakílóin og hefur hreyfing verið helsta ástæða þess að hann hefur ekki verið í ofþyngd. „Fyrir ári síðan var ég í mjög góðum málum og búinn að léttast töluvert á hálfu ári á undan. Þá hafði ég tekið mataræðið í gegn svo um munaði og hreyfði mig mikið. Álag í vinnunni gerði það svo að verkum að ég fór að hafa minni tíma til að æfa og borða rétt og fór þá að þyngjast aftur,“ segir Sævar.

„Þetta snýst allt um sjálfsaga og ég fann það á fyrstu skiptunum mínum í ræktinni að ég þurfti breytingu í öllu. Eftir að ég sá auglýsingu um Chili Burn ákvað ég að prófa það. Tæpum tveimur mánuðum síðar hafði ég lést um rúm fjögur kíló og fituprósenta lækkað um tæp fjögur prósentustig.“

**SYKURÞÖRFIN MINNI**

Sævar tekur Chili Burn-töfluna kvölds og morgna og hann telur það hjálpa til við að halda bruna gangandi allan daginn. „Með réttu mataræði hjálpar þetta mikið. Auk þess finnst mér þörfin í sykur hafa minnkað, mig langar ekki eins mikið að fá mér gosdrykki eða nammi eins og áður. Ég leyfi mér það þó einu sinni í viku.“

Hann segir það lykilatriði að hafa trú á þessu öllu saman. „Hreyfing skiptir mig miklu máli og rækt á líkamanum til að viðhalda hraustlegu útliti. Chili Burn hjálpar til við að halda niðri sykurþörf og mataræðinu í lagi auk þess sem það er vatnslosandi,“ segir Sævar.

**FANN LOKSINS ÞAÐ SEM VIRKAR**

Helene Jenssen hefur tekið Chili Burn-töflurnar inn daglega í rúma tvo mánuði. „Ég hef lagt af og ekki bætt kílóunum á mig aftur.“

Hún segist hafa barist við hliðarspik og stóran maga í mörg ár, reynt allt til að grennast en ekkert gengið. „Þegar ég las að chili væri náttúrulega efnið í Chili Burn-töflunum fór ég strax í næstu heilsuverslun og keypti mér pakka – og þá fór eitthvað að gerast! Eftir að ég fór að taka Chili Burn inn hef ég minnkað matarskammtana aðeins. Mér líður betur í maganum og ég er ekki eins þrútin og útþanin eins og ég var áður eftir máltíðir.“

**FRAMLEITT Í SKANDINAVÍU**

Sænskir sérfræðingar hjá New Nordic hafa þróað þessar nýju töflur byggðar á efnum úr chili-plöntunni. Þykkninu hefur verið blandað saman við önnur náttúruleg efni sem innihalda katekín-andoxunarefni. Klínískar rannsóknir, sem hafa verið birtar í vísindatímaritinu Obesity, sýna fram á að sama magn af þeim innihaldsefnum og er í töflunum getur dregið úr líkamsfitu. Sérfræðingarnir bættu piparmintuolíu við töfluna, sem dregur úr uppþembu og vindgangi. – Fólk með skerta lifrarstarfsemi ætti ekki nota Chili Burn.

- Ekki skal taka Chili Burn á tóman maga.
- Chili Burn er ekki ætlað börnum.
- Fólk með skerta lifrarstarfsemi ætti ekki nota Chili Burn.




ICECARE CHILI BURN HELENE JENSSEN

# SKYNDIHJÁLP VIÐ BRJÓSTSVIÐA

**ICECARE KYNNIR** *Frutin eru töflur sem geta hjálpað þér að neyta fæðu sem getur valdið brjóstsviða án þess að eiga hættu á að finna fyrir óþægindum eftir máltíðina.*

Ýmsar matvörur eða of stórir matarskammtar geta valdið útþenslu og örvað sýruframleiðslu magans. Við það myndast aukið álag á ákveðna vöðva þannig að magasýrurnar flæða upp í vélindað og valda brjóstsviða. Frutin-töflurnar innihalda náttúrulegar trefjar sem geta komið í veg fyrir einkenni brjóstsviða.



**ÁNÆGÐ** Hanne er ánægð með Frutin-töflurnar.

**AUKIN SÝRUMYNDUN Í MAGA**

Hanne er ein þeirra sem hafa átt í stríði við magasýrurnar. „Ég á það til að borða of stóra matarskammta og elska fitugan mat og franskar kartöflur. Þegar ég borðaði slíkan mat flæddu magasýrurnar upp í vélinda úr maganum með tilheyrandi vanlíðan. Þetta var hræðileg brunatilfinning og ég þurfti samstundis að drekka vatn eða mjólk. Ég fór í heilsubúð og spurði hvort þau ættu náttúrubætiefni sem ég gæti tekið inn,“ segir Hanne. Það kom á óvart þegar konan sem rekur verslunina sagði að til væru töflur sem hægt er að tyggja og innihalda náttúrulegar trefjar úr appelsínum. „Afgreiðslukonan útskýrði fyrir mér að þetta eru einu töflur sinnar tegundar sem innihalda þessar einstöku trefjar úr appelsínum. Trefjar sem eru svo sérstakar að þær mynda náttúrulega róandi froðu yfir efsta hluta magans sem hjálpar til við að hindra að magasýrurnar flæða upp í vélindað. Það hljómaði vel og ég ákvað að prófa,“ segir Hanne. Töflurnar virkuðu strax og nú er Hanne alltaf með töflurnar meðferðis, hvert sem hún fer.

**NÁTTÚRULEG LAUSN VIÐ BRJÓSTSVIÐA**

Helga Linda Gunnarsdóttir hefur þurft að glíma við brjóstsviða undanfarin ár. „Ég var alltaf með lyf við brjóstsviðanum. Ég gat ekki verið án þeirra og mér leið ekki vel. Ég var komin í yfirþyngd og var alveg að nálgast þriggja stafa tölu á vigtinni.“ Hún ákvað að leita sér aðstoðar og hafði samband við Ingu Kristjánsdóttur heilsuþerapista. „Það var alveg ótrúlegt hvað hún gerði fyrir mig. Hún sá fljótlega að ég var með óþol fyrir hveiti og mjólkurvörum og lagði upp nýtt mataræði. Það var eins og við manninn mælt, ég missti fljótlega mörg kíló, brjóstsviðinn lagaðist og ég fór að forðast fæðu sem olli mér vanda,“ segir Helga Linda. En þegar hún vill leyfa sér annað slagið eitthvað matarkyns sem hún veit að gæti leitt til brjóstsviða, svo sem vínglas eða súkkulaði, notast hún við Frutin-töflurnar. „Ég sá Frutin auglýst, það vakti áhuga minn þar sem það er alveg náttúruleg vara en ekki tilbúið lyf. Það höfðaði til mín og ég ákvað að prófa það, og fann fljótt að það virkar mjög vel á mig. Núna get ég stolist í að fá mér góðgæti án þess að sofna með brjóstsviða. Frutin er því frábær lausn fyrir mig,“ segir Helga Linda.

***Frutin er fáanlegt í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Nánari upplýsingar er hægt er að nálgast á heimasíðu Icecare, www.icecare.is.***




# SÆTINDALÖNGUN NÁNAST HORFIN

**ICECARE KYNNIR** *Zuccarin er fæðubótarefni sem inniheldur engin lyf. Það hentar þeim sem þurfa að minnka kaloríuinntöku eða draga úr sykurnotkun. Zuccarin-töflurnar eru aðallega unnar úr laufum af japanska mórberjatrénu.*

Ég hef sótt meira í sykur og sætindi en áður. Ég var alltaf að narta í eitthvað, til dæmis nammi eða popp á kvöldin. Þess vegna hafa kílóin læðst á mig hægt og rólega,“ segir Berglind Stolzenwald Jónsdóttir. „Í byrjun árs bauðst mér að prófa Zuccarin og ákvað ég að slá til og sé ekki eftir því.“

Berglind átti ekki sérstaklega von á því að sjá árangur og kom það henni því á óvart þegar hún fann að hún var orðin orkumeiri og fimm kílóum léttari á einum mánuði. „Ég er ánægð með árangurinn og ætla að halda áfram því ég finn að mér líður mun betur en áður og er full af orku,“ segir Berglind.

**EKKI LENGUR ORKULAUS**

Rósa Harðardóttir skólasafnskennari hefur gert margar tilraunir til að útiloka sykur úr daglegri fæðu sinni með misgóðum árangri. „Ekkert er eins gott og góður súkkulaðimoli eftir góða máltíð en ég hef átt erfitt með að standast sykur og sætindi. Ég hef fundið fyrir vanlíðan eftir að hafa borðað sætindi og kökur, finn til í skrokknum og fæ höfuðverk,“ segir Rósa.

Hún hefur í gegnum tíðina lagt sig fram um að borða hollan og næringarríkan mat og hreyfa sig daglega en sykurlöngunin er alltaf til staðar. „Eftir að ég fór að taka Zuccarin er þetta hins vegar ekkert mál. Ég hef nánast enga löngun í súkkulaði og önnur sætindi og finn að ég er öll kraftmeiri.“




**BLÓÐSYKURINN Í JAFNVÆGI**

Zuccarin-töflurnar eru aðallega unnar úr laufum af japanska mórberjatrénu. Einnig innihalda þær króm. Laufin innihalda sérstakt efni sem kallast DNJ en það getur komið í veg fyrir upptöku sykurs úr matnum sem við neytum. DNJ getur því haldið blóðsykrinum í jafnvægi og minnkað löngun í sykur. Króm getur hjálpað til við að viðhalda eðlilegum efnaskiptum. Zuccarin er auðvelt í notkun. Taktu eina töflu fyrir hverja máltíð og þú finnur fljótt muninn.



**RÓSA HARÐARDÓTTIR** Fann fyrir vanlíðan eftir að hafa borðað sælgæti og kökur. Eftir að hún fór að taka inn Zuccarin hefur hún litla löngun í sætindi.



**ORKUMEIRI OG LÉTTARI** Berglind er ánægð með árangurinn og ætlar að halda áfram að taka Zuccarin því henni líður betur en áður og er full af orku.

**SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR** Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is

IceCare






**BRAGÐMIKIÐ** „Hér kennir ýmissa grasa og erfitt er að lýsa þeim nákvæmlega. Best er að loka augunum og hlusta og láta hugann reika,“ segir President Bongo um fyrstu sólóplötu sína Serengeti sem kom út nýlega. MYND/SNORRI BROS

# HRÆRT SAMAN Í GÓÐA KÁSSU

**NÝR KAFLI** *President Bongo kvaddi GusGus í fyrra eftir 20 ára feril. Nýlega kom út fyrsta sólóplata hans og mörg spennandi verkefni eru í farvatninu.*

Eftir 20 ára farsælan og viðburðaríkan feril með hljómsveitinni GusGus ákvað Stephan Stephensen, öðru nafni President Bongo, að segja skilið við félaga sína og hefja sólóferil ásamt því að einbeita sér að öðrum verkefnum. Fyrir nokkrum vikum kom svo frumburðurinn út, konseptplatan Serengeti. Á henni leggur fjöldi ólíkra hjálparmanna, eða tilfinningasmiða eins og hann kallar þá, honum lið við að skapa verk sem lýsa á lífinu í þjóðgarðinum Serengeti sem er á landamærum Tansaníu og Kenýa.

Hann segir að Serengeti hefði auðveldlega getað verið nokkuð öflug hryggjarsúla í GusGus-verki og skemmtileg viðbót í flóru sveitarinnar með ýmsum viðbótum, t.d. söng Daníels Ágústs og Högna. „Hlutirnir þróuðust hins vegar þannig að tilraunamennska var ekki fremsti fuglinn í GusGus-oddafluginu og því ákvað ég að skera mig úr flokknum og leita eigin leiða. Taka Gæsavatnaleiðina til Egilsstaða. Hér kennir ýmissa grasa og erfitt er að lýsa þeim nákvæmlega. Best er að loka augunum og hlusta og láta hugann reika.“

## TIL Í TUSKIÐ

Aðspurður nánar út í brotthvarf sitt úr GusGus segir Bongo: „Hvernig útskýrir maður af hverju samband endar? Dó ástin? Þagnaði hláturinn? Hvarf spennan? Hvar eru börnin? Braustu handklæðin vitlaust saman og í ofanálag settir aldrei í vél? Á hljómsveitarmáli er þetta víst nefnt „listrænn ágreiningur“ og þá gerir maður auðvitað sína eigin plötu þar sem maður ræður því sjálfur hvernig handklæðin eru brotin saman. Maður áttar sig á hvað maður vill ekki gera og fer hina leiðina og lætur hjartað ráða för.“

Hann segir það hafa verið frábæra tilfinningu að vera eigin herra eftir öll þessi ár. „Ég nýt þess mikið að vera leiðangursstjórinn inni í Serengeti-garðinum þar sem allir taka þátt og merkja sín svæði. Ég lít þó á þessa plötu sem samstarf og líður eiginlega eins og leikstjóra, frekar en sóló-artista. Þannig er ég til í tuskið en á endanum er það ég sem er skrifaður fyrir öllu ruglinu og tek alla ábyrgð.“

Hann segir vinnuferlið hafa verið bæði skemmtilegt og gefandi, heima og að heiman. „Ég sendi og fékk senda frá þessum tilfinningasmiðum músík sem ég útsetti síðan og raðaði saman í það sem varð á endanum efnið í allar þessar vindáttir sem fjallað er um á plötunni. Tilfinningasmiðirnir eru af ýmsum toga; innlendir og erlendir tónlistarmenn, leikstjórar og hönnuðir.“

Serengeti hefur fengið góðar viðtökur og segist hann hafa á tilfinningunni að fólk skilji að verkið fjallar um annað og meira en þriggja mínútna útgáfu af poppi. „Verkið fjallar um samruna líkama og sálar, frumþarfir og trans. Ástina, lífið og láta ímyndunaraflið hræra þessu öllu saman í góða kássu. Hingað til hafa gagnrýnendur gefið sér tíma til að hlusta og skilja konseptið til fullnustu og það yljar manni um hjartaræturnar því að baki liggur mikil vinna.“



**GÓÐ FERÐ** „Ég nýt þess mikið að vera leiðangursstjórinn inni í Serengeti-garðinum þar sem allir taka þátt og merkja sín svæði,“ segir President Bongo um gerð plötunnar. MYND/ARI MAGG

## MÖRG JÁRN Í ELDINUM

Margt annað spennandi er á döfinni hjá Bongo í ár. „Ég, Dj Margeir og Ásdís María erum harðákveðin í að byrja fyrir alvöru að vinna fyrstu Gluteus Maximus-plötuna og sú vinna hófst í vikunni. Svo er ég með tvær ljósmyndabækur í smíðum og vonandi enn eina ljósmyndasýninguna með haustinu. Ég er sífellt að gera endurhljóðblandanir og er nýbúinn að skila af mér mixi fyrir Wild Style Lion. Um er að ræða rokk-prójekt Khan of Finland þar sem Kim Gordon kemur við sögu. Þessa dagana er ég að leggja lokahönd á mix fyrir Fufanu. Nokkur járn í eldinum sem ættu að ylja manni fram á sumar.“

Hægt er að hlusta á plötuna í heild á Soundcloud og Spotify auk þess sem horfa má á magnað myndband við lagið Greco á YouTube-rásinni President Bongo. Nánari upplýsingar má finna á www.radiobongo.net.

■ starri@365.is






FESTA

Festa lífeyrissjóður er tíundi stærsti lífeyrissjóður landsins með um 16.000 greiðandi sjóðfélaga og rúmlega 7.000 lífeyrisþega. Heildareignir sjóðsins nema um 112 milljörðum króna. Sjóðurinn starfar í tveimur deildum, aldurstengdri samtryggingardeild og séreignardeild. Hjá sjóðnum starfa 12 starfsmenn. Aðalskrifstofa sjóðsins er í Reykjanesbæ.

# Forstöðumaður reikningshalds

Festa lífeyrissjóður óskar eftir að ráða forstöðumann reikningshalds.

**Starfssvið**
- Umsjón með reikningshaldi
- Vinnsla árshlutauppgjöra og ársuppgjörs
- Ábyrgð á innra eftirliti á sviði reikningshalds
- Skýrslugerð til stjórnar og opinberra aðila
- Samskipti við innri og ytri endurskoðendur
- Áætlanagerð og áhættustýring

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf í viðskiptafræði með áherslu á reikningshald
- Starfsreynsla við bókhaldsuppgjör og gerð ársreikninga
- Mjög góð tölvukunnátta (Excel)
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Agi og skipulag í vinnubrögðum
- Góð íslensku- og enskukunnátta

**Upplýsingar veitir:**

Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 18. janúar nk.**

**Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

---

MTHøjgaard

# Verkefnastjóri - tilboðsgerð

*Markmið MT Højgaard er að taka virkan þátt í samfélagsmótun á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum með því að skapa innviði og byggingar sem endurspegla veruleikann á hverjum stað og hafa áhrif á hversdagslíf íbúanna. Skrifstofan sem fyrirtækið opnaði nýverið í Reykjavík verður þungamiðjan fyrir starfsemi þess á Norður-Atlantshafssvæðinu. Stærsta verkefnið sem fyrirtækið vinnur að um þessar mundir er bygging 121.000 fermetra verksmiðju fyrir Silicor Materials á Íslandi.*

*Höfuðstöðvar MT Højgaard eru í Danmörku og fyrirtækið er á meðal umsvifamestu aðila á sviði byggingariðnaðar á Norðurlöndunum*

*Hjá MT Højgaard starfa 4.000 starfsmenn sem leggja ríka áherslu á framleiðni, sjálfbærni og gæði. Ársvelta fyrirtækisins er 7 milljarðar danskra króna.*

MT Højgaard á Íslandi óskar eftir að ráða verkefnastjóra til að sinna tilboðsgerð. Um er að ræða lykilstarfsmann sem heyrir beint undir framkvæmdastjóra á Íslandi. Viðkomandi þarf að gera ráð fyrir styttri ferðum til Grænlands, Færeyja og mögulega annarra starfsstöðva MT Højgaard utan Íslands.

**Helstu viðfangsefni og ábyrgð:**
- Ber ábyrgð á gerð og rýni útboðsgagna
- Sér um að öll nauðsynleg gögn séu til staðar við undirbúning útboða og umsjón með þeim
- Gerð áhættumats og ákvörðun tilboðsstefnu
- Tilboðsgerð vegna birgða og undirverktaka
- Þátttaka í myndun verkefnateyma
- Þátttaka í samningaviðræðum vegna verkefna
- Aðstoðar aðra verkefnastjóra við samningagerð og framkvæmd verkefna

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði verk- eða tæknifræði eða sambærileg menntun
- Framhaldsmenntun sem nýtist starfinu er kostur
- Reynsla af tilboðsgerð og samningagerð er nauðsynleg
- Reynsla af verklegum framkvæmdum er nauðsynleg
- Skipuleg vinnubrögð og ferlamiðuð hugsun
- Áhugi á þróun og uppbyggingu fyrirtækisins
- Góðir samskiptahæfileikar og lausnamiðað viðhorf
- Góð kunnátta í íslensku og ensku er mikilvæg. Kunnátta í öðru Norðurlandamáli er kostur

*Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is), í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 18. janúar 2016. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.*

***Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

---

Ásbjörn
Ásbjörn Ólafsson ehf.

# Vörustjórnun (logistics)

*Ásbjörn Ólafsson ehf. var stofnað árið 1937. Árið 2006 byggði fyrirtækið núverandi húsnæði sitt að Köllunarklettsvegi 6 og þar starfa ríflega 50 harðduglegir og hæfir starfsmenn.*

*Kjarnastarfsemi fyrirtækisins er innflutningur, markaðssetning, sala og dreifing á ýmsum vörum fyrir neytenda- og stórnotendamarkað. Söludeildin skiptist í þrjú svið: Neytendavörusvið, stóreldhúsasvið og sérvörusvið.*

***Nánari upplýsingar um fyrirtækið er að finna á heimasíðu þess www.asbjorn.is***

Heildverslunin Ásbjörn Ólafsson auglýsir laust til umsóknar starf í vörustjórnun (logistics). Staðan tilheyrir framkvæmdastjórn og heyrir beint undir framkvæmdastjóra.

**Helstu viðfangsefni og ábyrgð:**
- Stjórnun og ábyrgð á skipulagi aðfangakeðju
- Áætlanagerð og birgðastýring
- Þátttaka í skipulagi vöruhúss
- Vörudreifing og flutningar
- þátttaka í innkaupum og gerð söluspáa
- Umsjón með upplýsingatæknimálum
- Þátttaka í þróun aðfangakeðju
- Samningagerð

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði verkfræði, vörustjórnunar (logistics), viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Framhaldsmenntun á sviði vörustjórnunar er kostur
- Árangursrík starfsreynsla af vörustjórnun er nauðsynleg
- Reynsla af áætlanagerð, tölfræði, bestun og úrvinnslu gagna
- Skipulögð vinnubrögð og ferlamiðuð hugsun
- Áhugi á frekari þróun og uppbyggingu fyrirtækisins
- Góðir samskiptahæfileikar og lausnamiðað viðhorf

*Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is), í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 18. janúar 2016. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.*

***Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Vilt þú vera?

# Verkefnisstjóri

Umsóknarfrestur

**17. janúar**

Byggingavettvangur – BVV, nýr samstarfsvettvangur stofnaður af Samtökum iðnaðarins, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Mannvirkjastofnun og Íbúðalánasjóði, óskar eftir að ráða öflugan verkefnisstjóra. Formlegt starf BVV hefst í byrjun árs.

Samstarfsvettvangurinn er tímabundið átaksverkefni til þriggja ára. Tilgangur BVV er að efla samkeppnishæfni innan byggingageirans, auka framleiðni og nýsköpun, stuðla að faglegri mannvirkjagerð og skila virðisauka fyrir þá sem þar starfa.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Nánari upplýsingar veita:
Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is)
Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is)

Sæktu um starfið á

**capacent.is**

Starfssvið

- Að fylgja eftir ákvörðunum og áherslum stjórnar BVV
- Að leita eftir hugmyndum um ný verkefni og fjármagni til þeirra á innlendum og erlendum vettvangi
- Að fylgjast með framgangi verkefna

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og þekking af verkefnum á sviði mannvirkja eða innan stjórnsýslunnar tengt framkvæmdum
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Tengslanet innan fagsviðsins
- Leiðtogahæfileikar og færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og árangursdrift
- Geta til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Sjálfstæði í vinnu og öguð vinnubrögð

SI

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Mannvirkja stofnun

Íbúðalána sjóður

*Ekki taka gömlum sannleik sem gefnum. Það þarf kjark til að líta hlutina nýjum augum og fá ferska sýn á þá.*

capacent

Vilt þú vera?

# Fjármálastjóri

BRAMMER

Umsóknarfrestur

**17. janúar**

Brammer á Íslandi óska eftir að ráða öflugan og metnaðarfullan fjármálastjóra til starfa. Um fjölbreytt og krefjandi starf er að ræða í alþjóðlegu umhverfi.

Starfssvið

- Daglegur rekstur og stjórnun
- Fjárstýring, áætlanagerð, eftirfylgni og kostnaðareftirlit
- Ábyrgð á uppgjörum og reikningshaldi
- Greiningar, samantekt upplýsinga og skýrslugerð
- Samskipti við birgja, viðskiptavini og fjármálastofnanir
- Samskipti við móðurfélag

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Sæktu um starfið á

**capacent.is**

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í viðskiptafræði, verkfræði eða hagfræði eða önnur sambærileg menntun
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum
- Greiningarhæfni, færni í að taka saman upplýsingar og framsetningu þeirra
- Leiðtogahæfni, færni í samskiptum, frumkvæði og metnaður
- Reynsla af erlendum samskiptum kostur
- Góð íslenska og enskukunnátta, ræðu og riti

Nánari upplýsingar veita:
Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is)
Hilmar Garðar Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is)

Brammer er eitt af leiðandi fyrirtækjum í Evrópu sem dreifingaraðili á iðnaðarrekstarvöru, með yfir 50 ára reynslu. Brammer er þekkt fyrir hágæðavörur og sveigjanlega þjónustu. Framúrskarandi þjónustu okkar ber fyrst og síðast að þakka góðu starfsfólki. Brammer á Íslandi starfrækir vöruhús á svæði Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði, verslun og söluskrifstofu í Hafnarfirði og skrifstofu í Kópavogi. Brammer er ört stækkandi fyrirtæki á Íslandi með um 45 starfsmenn hérlendis.
**www.brammer.is**
**www.brammer.biz**

*Ekki taka gömlum sannleik sem gefnum. Það þarf kjark til að líta hlutina nýjum augum og fá ferska sýn á þá.*

capacent

## Capacent Ráðningar

Ráðgjafar Capacent búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.
**Kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is**

capacent

Vilt þú vera?

# Verkefnastjóri

Umsóknarfrestur

**17. janúar**

Sæktu um starfið á

**capacent.is**

Starfssvið

- Umsjón með faglegri vinnu varðandi stöðlun á sviði raftækni, upplýsingatækni og véltækni og kynningu á því starfi
- Umsjón með þátttöku í tæknilegu staðlastarfi á vegum CENELEC og IEC
- Ritari Rafstaðlaráðs, Fagstaðlaráðs í upplýsingatækni og Fagstjórnar í véltækni
- Þátttaka í erlendu samstarfi er tengist stöðlum
- Umsjón með tölvukerfi Staðlaráðs
- Þátttaka í öðrum stöðlunarverkefnum

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í rafmagnsverkfræði, tæknifræði, eða sambærileg menntun
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Þekking og áhugi á stöðlum
- Þekking á upplýsingatækni og rekstri tölvukerfa er æskileg
- Góðir samskiptahæfileikar
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Geta til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita:
Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is)
Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is)

ÍSLENSKIR STAÐLAR
STAÐLARÁÐ ÍSLANDS

Staðlaráð Íslands er vettvangur hagsmunaaðila til að vinna að stöðlun og notkun staðla á Íslandi. Ráðið starfar á grundvelli laga um staðla og Staðlaráð Íslands nr. 36/2003. Staðlaráð stendur fyrir námskeiðum og veitir ráðgjöf, upplýsingar og þjónustu um hvaðeina er lýtur að stöðlum og stöðlun. Jafnframt sér Staðlaráð um sölu staðla frá fjölmörgum staðlastofnunum.

*Nánar um fyrirtækið*

**www.stadlar.is**

*Ekki taka gömlum sannleik sem gefnum. Það þarf kjark til að líta hlutina nýjum augum og fá ferska sýn á þá.*

capacent

Vilt þú vera?

# Innkaupastjóri á fjármálasviði

Umsóknarfrestur

**25. janúar**

Sæktu um starfið á

**reykjanesbaer.is/stjornkerfi/laus-storf**

Helstu verkefni

- Umsjón með og framkvæmd útboða og verðkannana er varða kaup á vörum og þjónustu
- Mótun innkaupastefnu, innleiðing og eftirfylgni
- Áætlanagerð og greiningarvinna vegna innkaupa
- Samningagerð
- Miðlun upplýsinga og þekkingar um vörur og þjónustu
- Ráðgjöf til stjórnenda sveitarfélagsins
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun er nýtist í starfi eða haldgóð reynsla af sambærilegu
- Reynsla af opinberum rekstri æskileg
- Góð íslenskukunnátta og ritfærni
- Greiningarhæfni og tölugleggni
- Reynsla af notkun Excel og Navision mikill kostur
- Frumkvæði, sjálfstæði og nákvæmni í vinnubrögðum
- Góð samskipta- og samstarfshæfni
- Álagsþol og aðlögunarhæfni

Með umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita:
Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is)
Katrín Ólöf Egilsdóttir (katrin.egilsdottir@capacent.is)

Hjá Reykjanesbæ starfar samhentur hópur starfsmanna sem hefur það að leiðarljósi að þjónusta við íbúa bæjarfélagsins sé eins og best verður á kosið hverju sinni. Við bjóðum góða starfsaðstöðu, jákvætt andrúmsloft og samstarfsfólk sem tekur áskorunum hvers dags af eldmóði og krafti.

Launakjör starfa eru skv. kjarasamningi launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

*Ekki taka gömlum sannleik sem gefnum. Það þarf kjark til að líta hlutina nýjum augum og fá ferska sýn á þá.*

capacent

## Capacent Ráðningar

Ráðgjafar Capacent búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.
**Kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is**

capacent

**Íbúðalánasjóður**

Tilgangur Íbúðalánasjóðs er að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks til að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.

Starfsmannastefna Íbúðalánasjóðs tekur mið af jafnréttisáætlun.

# Umsjónarmaður fasteigna

Íbúðalánasjóður vill ráða öflugan og jákvæðan umsjónarmann fasteigna.

### Starfssvið

- Umsjón með fasteignum Íbúðalánasjóðs
- Matsgerðir í tengslum við úttektir á ástandi eigna og skráningu þeirra
- Viðhald og lagfæringar
- Innri og ytri skýrslugjöf
- Samskipti við eftirlitsmenn fasteigna á landsbyggðinni

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Byggingafræðingur eða sambærileg menntun eða mikil reynsla af umsjón með fasteignum
- Iðnmenntun er kostur
- Reynsla af sambærilegum verkefnum
- Reynsla af mati á ástandi og viðhaldsþörf fasteigna er kostur
- Framúrskarandi þjónustulund
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Samskiptahæfileikar og færni til að starfa í hópi

**Upplýsingar veitir:**

Inga S. Arnardóttir
inga@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 24. janúar nk.**

Um er að ræða fullt starf. Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsókn gildir í 6 mánuði frá lokum umsóknarfrests.

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

---

**SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG**

Slysavarnaskóli sjómanna er í eigu Slysavarnafélagsins Landsbjargar, og var stofnaður árið 1985 til að sinna öryggisfræðslu fyrir sjómenn. Markmið skólans er samkvæmt lögum að efla öryggisfræðslu sjómanna með öflugum skóla sem uppfyllir íslenskar og alþjóðlegar kröfur um þjálfun sjómanna og að auka þjónustu við sjómenn og fleiri aðila í tengslum við sjó og vötn. Slysavarnaskóli sjómanna er gæðavottaður skóli samkvæmt ISO 9001 staðli.

# Kennari/leiðbeinandi

Slysavarnaskóli sjómanna óskar eftir að ráða öflugan einstakling til að sinna fjölbreyttum verkefnum tengdum námskeiðum skólans í Reykjavík og á landsbyggðinni.

### Ábyrgðarsvið:

- Annast þróun og undirbúning námskeiða, æfinga og námsefnis í öryggismálum sjómanna
- Annast og bera ábyrgð á þeirri kennslu og námskeiðum skólans sem yfirmaður felur honum
- Annast viðhald námstækja og námsgagna skólans
- Vinna að auknu öryggi sjómanna með fræðslu, þjálfun og leiðbeiningum
- Vinna að gerð, uppbyggingu og viðhaldi gæðastjórnunarkerfis fyrir Slysavarnaskóla sjómanna og skólaskipið Sæbjörgu

### Hæfniskröfur:

- Reynsla af störfum á sjó
- Köfunarréttindi æskileg
- Þjálfun eða menntun í kennslu
- Þekking á öryggismálum sjómanna
- Fagleg og örugg framkoma
- Hæfni í mannlegum samskiptum

**Upplýsingar veitir:**

Inga S. Arnardóttir
inga@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 18. janúar nk.**

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

---

**HAMAR**

Fyrirtækið Hamar ehf. var stofnað árið 1998 og er í dag eitt áreiðanlegasta og framsæknasta fyrirtæki á sviði málmtækni hér á landi. Á liðnum árum hefur fyrirtækið vaxið hratt og í íslenskum málmtækniiðnaði er Hamar ehf. með stærsta og öflugasta þjónustunetið á landinu, með alls fimm fastar starfsstöðvar og þjónustuverkstæði hringinn í kringum landið. Hamar ehf. býður viðskiptavinum sínum þjónustusamninga til lengri tíma og eru mörg af öflugustu fyrirtækjum landsins meðal viðskiptavina fyrirtækisins.

# Þjónustustjóri í tæknideild

Hamar ehf. óskar eftir þjónustustjóra með góða tækniþekkingu til að sjá um samskipti við fiskimjölsverksmiðjur og þjónustu við búnað frá Haarslev í Danmörku auk annarra verkefna á tæknisviði fyrirtækisins. Einhver ferðalög fylgja starfinu.

### Helstu verkefni:

- Samskipti og þjónusta við viðskiptavini
- Umsjón með varahlutalager
- Uppbygging viðskiptasambanda við framleiðendur og birgja
- Heimsóknir til viðskiptavina
- Önnur verkefni á tæknisviði, s.s. hönnunar-, tækni- og teiknivinna
- Ýmiss konar verkefnastýring

### Menntunar og hæfniskröfur:

- Véltæknifræði-, vélstjóra- eða verkfræðimenntun æskileg
- Önnur iðnmenntun kemur einnig til greina
- Góð reynsla og þekking á faginu nauðsynleg
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Öguð vinnubrögð og gott skipulag
- Góð þekking á MS Office (Excel, Word og jafnvel MS project)
- Þekking á notkun AutoDesk teikni- og hönnunarforrita er kostur
- Gott vald á ensku, bæði töluðu og rituðu máli, þekking á Norðurlandamáli mikill kostur

**Upplýsingar veitir:**

Elísabet Sverrisdóttir
elisabet@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 18. janúar nk.**

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

# Spennandi störf hjá VIRK

## Deildarstjóri mats og þjálfunar

Við leitum að öflugum og lausnamiðuðum stjórnanda í eina af lykilstöðum VIRK. Deildarstjóri mats og þjálfunar stýrir deild sem ber ábyrgð á þjálfun og handleiðslu ráðgjafa VIRK um allt land og sérfræðingum sem starfa við framkvæmd matsferils VIRK. Einnig vinnur hann náið með öðrum stjórnendum VIRK sem og öðrum fagaðilum. Hann er jafnframt mikilvægur hlekkur í áframhaldandi þróun og uppbyggingu á starfsemi sjóðsins.

### Starfs- og ábyrgðarsvið

- Skipulag og utanumhald með framkvæmd matsferils á vegum VIRK
- Þjálfun og handleiðsla ráðgjafa í starfsendurhæfingu
- Innleiðing gæðaskjala fyrir ráðgjafa í starfsendurhæfingu og sérfræðinga í mötum
- Upplýsingagjöf til ráðgjafa í starfsendurhæfingu og sérfræðinga í mötum
- Innleiðing á niðurstöðum þróunarverkefnis um atvinnutengingu
- Önnur verkefni

### Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólamenntun, helst á sviði heilbrigðisvísinda
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar er æskileg
- Stjórnunarreynsla og reynsla af verkefna- og breytingastjórnun
- Fagmennska, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Framúrskarandi samskipta- og skipulagshæfni
- Leiðtogahæfileikar og jákvætt viðmót
- Mjög góð tölvukunnátta og gott vald á íslensku og ensku
- Góð færni í að koma frá sér efni í ræðu og riti

## Sérfræðingur á sviði talnaúrvinnslu og greininga

Við leitum að sérfræðingi til að starfa við fjölbreytt og krefjandi verkefni á sviði tölfræði, talnaúrvinnslu, greininga og samantekta. Hér gefst einstakt tækifæri til að vinna að uppbyggingu, þróun og þjónustu hjá VIRK.

### Starfs- og ábyrgðarsvið

- Tölfræðileg greining á gögnum VIRK og annarra stofnanna
- Alþjóðlegur samanburður á þjónustu, kerfum og tölfræði
- Þróun mælikvarða
- Ýmis önnur verkefni

### Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólamenntun sem gefur sterkan grunn í greiningum, útreikningum og úrvinnslu gagna
- Frábær greiningarhæfni
- Fagmennska, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Mjög góð skipulags- og samskiptahæfni
- Sveigjanleiki og jákvætt viðmót
- Vilji og geta til að tileinka sér nýja þekkingu og vinnubrögð
- Mjög góð tölvukunnátta og gott vald á íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli
- Góð færni í að koma frá sér efni í ræðu og riti





Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingarþjónustu. VIRK hefur í samstarfi við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir skilað samfélagslegum ávinningi með aukinni þátttöku einstaklinga á vinnumarkaði og er leiðandi í rannsóknum og þróun á sviði starfsendurhæfingar. Að VIRK standa öll helstu samtök launamanna og atvinnurekanda á vinnumarkaði.

VIRK er metnaðarfullur vinnustaður þar sem lögð er áhersla á jákvæðan starfsanda og sterka liðsheild. VIRK kappkostar að skapa jákvæða menningu með traustu fagfólki. Gildi VIRK eru fagmennska, virðing og metnaður og er starfsfólk hvatt til að hafa gildin að leiðarljósi í störfum sínum.

**Nánari upplýsingar um VIRK er að finna á virk.is**

**Upplýsingar veita:**
Leifur Geir Hafsteinsson
leifurgeir@hagvangur.is

Geirlaug Jóhannsdóttir
geirlaug@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is
Umsóknarfrestur er til og með 17. janúar.

Umsókn þarf að fylgja starfsferilskrá og einnar blaðsíðu kynningarbréf þar sem á kerfisbundinn hátt er gerð grein fyrir því hvernig viðkomandi uppfyllir hæfniskröfur starfsins.

VIRK
STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

HAGVANGUR



# Á FLJÚGANDI FERÐ

*Við óskum eftir kraftmiklu fólki til þess að bætast í frábæran hóp starfsfólks á Keflavíkurflugvelli*

## Spennandi sumarstörf í öryggisleit

Við leitum að traustum einstaklingum sem hafa góða samskiptafærni, eru sveigjanlegir og geta unnið undir álagi. Óskað er eftir starfsfólki í bæði hluta- og heilsdagsstörf. Um er að ræða vaktavinnu. Helstu verkefni eru vopna- og öryggisleit og eftirlit í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og á flughlöðum á Keflavíkurflugvelli.

Umsóknarfrestur er til og með **22. janúar** og þurfa umsækjendur að geta hafið störf í apríl og í maí.

**Hæfniskröfur**

- Aldurstakmark 20 ár
- Gott vald á íslenskri og enskri tungu, bæði rituðu og mæltu máli
- Rétt litaskynjun
- Lágmark tveggja ára framhaldsnám eða sambærilegt nám
- Þjónustulund

Allir umsækjendur þurfa að geta sótt undirbúningsnámskeið í átta virka daga áður en þeir hefja störf.

16-0051 • HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# Fjölbreytt störf í Flugstöð Leifs Eiríkssonar

## Umsjónarmaður öryggiskerfa

Umsjónarmaður öryggiskerfa hefur umsjón með aðgangsstýringu og myndavélaeftirlits-, öryggis-, hljóð- og brunakerfum Isavia í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Starfið felur í sér daglegan rekstur ofangreindra kerfa ásamt því að koma að ákvarðanatöku innan eignaumsýsludeildar um fjárfestingar, viðbætur, breytingar og endurnýjun kerfanna.

Umsóknarfrestur er til og með **31. janúar.**

**Hæfniskröfur**
- Rafeindavirkjun, rafvirkjun, kerfisfræði, tæknifræði eða sambærileg menntun/reynsla sem nýtist í starfi
- Góð íslensku- og enskukunnátta bæði í töluðu og rituðu máli

## Verkfræðingur

Meðal helstu verkefna er daglег umsjón með virkni, viðhaldi og viðhaldsáætlunum farangurskerfa, ábyrgð á gæðakerfi, gerð og eftirfylgni rekstraráætlana ásamt öðrum tilfallandi verkefnum.

Umsóknarfrestur er til og með **31. janúar.**

**Hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði vélaverkfræði, véltæknifræði, iðnaðarverkfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi er skilyrði
- Reynsla eða menntun á sviði framleiðslu- eða færibandakerfa er æskileg

## Rafeindavirki

Helstu verkefni eru uppsetning, viðgerðir og eftirlit með rafeindabúnaði Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

Umsóknarfrestur er til og með **31. janúar.**

**Hæfniskröfur**
- Sveinsbréf í rafeinda- eða rafvirkjun
- Þekking á aðgangsstýrikerfum, myndavélaeftirlitskerfum, öryggiskerfum, brunavarnakerfum og hljóðkerfum er kostur
- Reynsla af viðgerðum er kostur

## Launafulltrúi á mannauðssviði

Helstu verkefni eru launavinnsla, þróunarvinna við launakerfi og tölfræðilegar greiningar, umsjón með tímaskráningarkerfi og starfsmannaskrá, undirbúningur móttöku nýrra starfsmanna og önnur verkefni.

Umsóknarfrestur er til og með **22. janúar.**

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af launavinnslu er skilyrði
- Þekking og reynsla af tímaskráningarkerfi er æskileg
- Færni í Excel og Word ásamt góðri þekkingu á öðrum helstu tölvuforritum
- Skipulögð og nákvæm vinnubrögð

Umsóknum skal skilað inn á rafrænu formi á **www.isavia.is/atvinna**



Jafnlaunaúttekt PwC 2015

**Gildi Isavia eru öryggi, þjónusta og samvinna**

Hjá Isavia og dótturfélögum starfa um 1.100 manns. Helstu verkefni fyrirtækisins eru umsjón með uppbyggingu og rekstri flugvalla og að veita flugleiðsöguþjónustu fyrir innanlandsflug, jafnt sem millilandaflug, auk yfirflugsþjónustu fyrir Norður-Atlantshafið. Isavia leggur áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.

isavia

Sjóvá | 440 2000 | sjova.is

# Krefjandi starf á Tjónasviði

Við óskum eftir að ráða jákvæðan og vandvirkan einstakling í starf við **skoðanir og mat eignatjóna.** Í boði er spennandi starf, í samstilltum hópi, sem miðar að því að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu.

### Við leitum að einstaklingi

- með menntun og reynslu á byggingarsviði.
- sem er nákvæmur og lausnamiðaður og hefur tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð.
- sem býr yfir þjónustulund og hæfileikum í mannlegum samskiptum.
- sem hefur gott vald á íslensku og ensku.
- með góða tölvukunnáttu.

### Starfið felur í sér

- ráðgjöf og þjónustu til viðskiptavina.
- vettvangsskoðanir, öflun gagna og mat á eignatjónum.
- greiningu og ákvarðanir um bótaskyldu.
- stjórnun og eftirlit verklegra framkvæmda.
- uppgjör og eftirlit með kostnaðarliðum.

Eignatjónadeild heyrir undir Tjónasvið félagsins, þar starfa 12 reyndir starfsmenn. Undir eignatjón falla öll eigna- og munatjón önnur en ökutækjatjón. Sjóvá bætir um 25 þúsund tjón á ári og greiðir út rúmlega 9 milljarða króna í bætur til viðskiptavina.

Umsóknarfrestur er til og með **17. janúar.**
Sótt er um á **www.sjova.is/starfsumsoknir**

Nánari upplýsingar veitir Ólafur Þór Ólafsson,
hópstjóri eignatjóna, **olafur.thor.olafsson@sjova.is**

SJÓVÁ

LS Retail



# Amazing Opportunities!

**Join an international award-winning team which has been developing market-leading software solutions for over two decades. Our systems are currently used by more than 55,000 stores and restaurants in over 120 countries.**

## Digital Marketing Specialist

We are looking for a full-time Digital Marketing Specialist to join our Marketing team. This position will drive the creation and optimization of lead nurturing, lead scoring and automated marketing programs in order to develop qualified marketing leads.

## Developer

We are looking for developers to join our ever-growing consulting and product team. The main responsibility will be to develop, customize and implement our retail systems based on the Microsoft Dynamics AX, .NET platforms, mobile and web solutions to fit the requirements of our customers.

## Support Specialist

We are seeking a candidate who has a service-minded attitude and has working experience with retail management systems (preferably Dynamics NAV). The ideal candidate is a technical enthusiast with high problem-solving skills who is eager to provide online technical assistance to LS Retail's worldwide network of Partners.

## Apply by January 24

Information & submissions at
**jobs.LSRetail.com**

Made in Iceland
BIOEFFECT

ORF Líftækni hf. er íslenskt líftæknifyrirtæki sem framleiðir 24 tegundir frumuvaka (human growth factors) með plöntu erfðatækni fyrir stofnfrumurannsóknir, þar á meðal EGF frumuvakann (Epidermal Growth Factor). ORF Líftækni er eina félagið í heiminum í dag sem framleiðir húðvörur með þessari aðferð, en húðvörur fyrirtækisins eru framleiddar undir nafninu BIOEFFECT og eru í dag seldar í meira en 1000 lúxusverslunum í 29 löndum. ORF Líftækni er ört vaxandi fyrirtæki, þar sem frumkvöðlaandi ríkir og miklir möguleikar eru á framþróun í starfi fyrir dugmikla og áhugasama starfsmenn.

# ORF LÍFTÆKNI ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA Í EFTIRFARANDI STÖRF

## SÉRFRÆÐINGUR Í MARKAÐSSETNINGU

Óskað er eftir að ráða metnaðarfullan og dugmikinn einstakling í starf sérfræðings í markaðsdeild fyrirtækisins til að sinna stafrænni markaðssetningu á BIOEFFECT. Leitað er að drífandi og metnaðarfullum einstaklingi sem á auðvelt með að laga sig að nýjum aðstæðum og sem býr yfir góðri málfarskunnáttu og ritfærni á bæði ensku og íslensku.
Helstu verkefni eru ábyrgð og eftirfylgni með samfélagsmiðlum BIOEFFECT, sem og uppfærsla og ábyrgð á vefjum BIOEFFECT. Umsjón með framleiðslu kynningarefnis fyrir vörur BIOEFFECT og samskipti við dreifiaðila þar af lútandi.

**Menntun og hæfniskröfur**

- Háskólapróf og/eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af vefstjórnun
- Reynsla af sölu- og markaðsmálum í meðalstóru eða stóru fyrirtæki
- Þekking og reynsla af alþjóðlegri markaðssetningu á netinu er kostur
- Reynsla og mikill áhugi á samfélagsmiðlum og nýjungum á netinu
- Umsjón með markaðssetningu á netinu og umsjón með leitarvélabestun (SEO)
- Öll almenn greining og eftirfylgni vegna netmarkaðssetningar
- Mikil þekking á Google umhverfinu (Adwords, Analytics, Tag Manager etc.)
- Sköpunargáfa og hugmyndaauðgi
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

## INNKAUPASTJÓRI

Óskað er eftir að ráða til starfa innkaupastjóra. Möguleiki er á hlutastarfi fyrir réttan einstakling. Leitað er að öflugum einstaklingi til að stýra innkaupum. Starfið felur í sér greiningarvinnu, áætlanagerð, umsjón með flutningsmálum og samskipti við birgja.
Umsækjandi þarf að hafa náð góðum árangri í fyrri störfum og hafa metnað fyrir árangri.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Menntun á sviði vörustjórnunar eða annað nám sem nýtist í starfi
- Haldbær reynsla af innkaupum
- Reynsla af samningagerð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Greiningarhæfni og talnagleggni
- Nákvæmni og öguð vinnubrögð




## VÉLAMAÐUR OG UMSJÓNAMAÐUR EIGNA

Óskað er eftir að ráða til starfa vélamann og umsjónarmann eigna. Leitað er að hæfileikaríkum einstaklingi til að hafa umsjón með uppsetningu, viðhaldi og keyrslu á tækjum félagsins fyrir áfyllingu og pökkun á húðvörum, tækjum fyrir lífefnavinnslu og í gróðurhúsi, sem og með öðrum eignum félagsins. Umsækjandi þarf að vera áhugasamur í starfi og geta unnið í góðri samvinnu við sérfræðinga og stjórnendur félagsins.

**Menntun og hæfniskröfur**

- Vélstjóri, rafmagnsiðnfræðingur, rafvirki eða sambærileg menntun
- Góð þekking á vélum og stýringu véla
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Nákvæm vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Færni til að eiga samskipti við íslenska og erlenda birgja vegna varahluta og viðgerða á tækjum og öðrum eignum félagsins

ORF
LÍFTÆKNI

**Nánari upplýsingar má finna á www.orf.is og www.bioeffect.is**

**This advertisement can be seen in english on www.orfgenetics.com**

» Ráðningarþjónusta

# Tæknistjóri



Þekkt jarðvegsvinnufyrirtæki óskar eftir að ráða tækni- eða verkfræðimenntaðan einstakling í starf tæknistjóra.

**» Starfssvið**
- Mælingar
- Samskipti við verkkaupa
- Uppgjörsmál

**» Hæfniskröfur**
- Tækni- eða verkfræðimenntun
- 2 ára starfsreynsla eða meira æskileg
- Metnaður og frumkvæði í starfi

Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

**Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.**

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

## Uppgjörsvinna.

Endurskoðunarskrifstofa í Kópavogi auglýsir eftir uppgjörsaðila. Hlutastarf kemur einnig til greina.
Um er að ræða almenna uppgjörsvinnu, þ.e. gerð ársreikninga og skattframtala, ásamt bókhaldsstörfum, vsk-uppgjörum, skattskilum o.fl. Reynsla af uppgjörsvinnu skilyrði.
Umsóknir sendist á box@frett.is merktar:„Uppgjör-0901".

## Lagerstarf hjá Imtex

Imtex óskar eftir duglegum og drífandi starfsmanni í hlutastarf. Í starfinu felst tiltekt pantana, útkeyrsla og annað sem til fellur. Unnið er 1 til 2 daga í viku og aðra hverja helgi. Tilvalin vinna fyrir skólafólk.

Áhugasamir sendi umsókn merkta „Lagerstarf" á **starf@10-11.is**.

imtex warehouse

Klettagarðar 6
104 Reykjavík

ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

## Forstjóri Hafrannsóknastofnunar, rannsókna- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna

Embætti forstjóra Hafrannsóknastofnunar er laust til umsóknar. Skipað verður í embættið til fimm ára frá og með 1. apríl 2016. Um er að ræða nýja stofnun sem verður til við sameiningu Hafrannsóknastofnunar og Veiðimálastofnunar og sem taka mun til starfa þann 1. júlí 2016.

Forstjórinn mun skipuleggja starfsemi hinnar nýju stofnunar sem starfar samkvæmt lögum nr. 112/2015 um Hafrannsóknastofnun, rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna.

Forstjóri fer með yfirstjórn stofnunarinnar. Hann ber ábyrgð á faglegum og fjárhagslegum rekstri og ræður starfsfólk til stofnunarinnar.

**Megin starfssvið**
- Vísindaleg leiðsögn og forysta.
- Ábyrgð á daglegum rekstri og starfsemi.
- Ábyrgð á stefnumótun og áætlanagerð.
- Samskipti við stjórnvöld, stofnanir og atvinnulíf.
- Forysta um erlent samstarf og samskipti.

Forstjóri er talsmaður stofnunarinnar

**Menntunar- og hæfniskröfur**
**Skilyrði:**
- Háskólapróf á verkefnasviði stofnunarinnar, að lágmarki meistarapróf.
- Reynsla af vísindarannsóknum.
- Stjórnunar- og rekstrarreynsla.
- Mjög góð hæfni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku.

**Annað:**
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg.
- Reynsla af stefnumótunarvinnu er æskileg.
- Reynsla af breytingastjórnun er æskileg.
- Reynsla af þátttöku í alþjóðlegu samstarfi er æskileg.
- Vald á einu Norðurlandamáli er æskilegt.

Leitað er eftir einstaklingi sem hefur til að bera hæfni í mannlegum samskiptum, leiðtogahæfileika og færni til að hvetja aðra til árangurs.

**Ráðningartími, kjör og umsóknarfrestur**
Ráðherra skipar í embættið til fimm ára að fengnu mati hæfnisnefndar sem ráðherra skipar með hliðsjón af reglum nr. 393/2012 um ráðgefandi nefndir er meta hæfni umsækjenda um embætti við Stjórnarráð Íslands.

Um er að ræða fullt starf. Launakjör eru samkvæmt ákvörðun kjararáðs.
Áhugasamir einstaklingar, bæði konur og karlar, eru hvattir til að sækja um embættið.

Umsóknir ásamt ítarlegum upplýsingum um menntun og starfsferil sendist atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík. Í umsókn skal einnig tilgreina umsagnaraðila.
**Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar 2016.**
Nánari upplýsingar veitir Jóhann Guðmundsson, skrifstofustjóri í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu (johann.gudmundsson@anr.is).

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um skipan í embættið.

## Staða leikskólastjóra í Undralandi á Flúðum

**Í Hrunamannahreppi er laus staða leiksskólastjóra leikskólans Undralands. Leikskólinn er staðsettur í þéttbýliskjarnanum á Flúðum.**

**Óskað er eftir metnaðarfullum og áhugasömum leiðtoga.**

**Starfssvið**
- Stjórn og ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri leikskólans.
- Fagleg forysta og forysta í samstarfi við foreldra og grenndarsamfélag.
- Stjórnun og ráðning starfsfólks.
- Vinna að framvindu og þróun í starfi leikskólans.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Leikskólakennaramenntun.
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar æskileg.
- Reynsla af stjórnun leikskóla mjög æskileg.
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í starfi ásamt skipulagshæfni.
- Hæfni og lipurð í mannlegum samskiptum.

Í leikskólanum Undralandi eru að jafnaði við nám 35-40 nemendur í þremur deildum.
Sjá nánar á http://www.undraland.is.

Í Hrunamannahreppi búa um 800 íbúar og þar af býr um helmingur í þéttbýlinu á Flúðum. Öflug atvinnustarfsemi er í sveitarfélaginu og blómlegt mannlíf. Grunnskóli, sundlaug, bókasafn og önnur stoðþjónusta er til staðar í þéttbýlinu á Flúðum. Stutt er í helstu ferðamannastaði og náttúruperlur á Suðurlandi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ fyrir hönd Félags stjórnenda leikskóla.

Umsóknarfrestur er til 26. janúar n.k. en æskilegt er að starfsmaðurinn geti hafið störf eigi síðar en 1. apríl nk. eða eftir samkomulagi. Með umsókn skal fylgja starfsferilsskrá ásamt kynningarbréfi þar sem tilgreindar eru ástæður umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknum og fylgigögnum skal skilað á skrifstofu Hrunamannahrepps, Akurgerði 6, 845 Flúðir eða á netfangið hruni@fludir.is

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri í síma 480-6600 eða á netfangið jon@fludir.is.

Vinakot

## Vinakot leitar að öflugu starfsfólki

Vinakot ehf. rekur skammtíma- og langtíma búsetu fyrir börn og unglinga með fjölþættan vanda. Um þessar mundir leitar Vinakot að öflugu starfsfólki í framtíðarstarf í nýtt úrræði. Um er að ræða vaktavinnu með ungling með fjölþættan vanda.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Hvetja og styðja þjónustuþega til sjálfstæðis og virkni
- Umönnun, eftirlit og félagslegur stuðningur
- Fyrirmynd fyrir þjónustuþega
- Almennt heimilishald
- Þátttaka í einstaklingsáætlunum og teymisvinnu

**Hæfniskröfur**
- 20 ára eða eldri
- Áhugi og metnaður fyrir að starfa með unglingum með fjölþættan vanda
- Menntun sem nýtist í starfi er æskileg
- Reynsla af því að starfa með fólki er æskileg
- Þekking á einhverfu er æskileg
- Sveigjanleiki og færni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að takast á við óvæntar aðstæður
- Frumkvæði, jákvæðni og áhugasemi í starfi
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Hreint sakavottorð í samræmi við lög

Bæði kynin eru hvött til að sækja um starfið.

Starfshlutfall 30-80 %

**Umsóknarfrestur er til 10.janúar 2016** og umsækjendur þurfa að geta hafið störf eigi síðar en 15.janúar 2016.

Upplýsingar gefur Ásdís Sigurjónsdóttir, deildarstjóri og þroskaþjálfi, á netfangið asdis@vinakot.is og í síma 659-3751

Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á starf@vinakot.is

# Metnaðarfullur meistarakokkur

Ertu framúrskarandi kokkur með ástríðu fyrir matargerð? Þá gæti starf kokks á veitingastaðnum 8 Bitum í höfuðstöðvum Vodafone verið framtíðarstarfið þitt. Auk þess að framreiða dýrindis hádegismat, morgunmat og síðdegishressingu ásamt samstarfsfólki sér kokkur 8 Bita um daglegan rekstur, innkaup og skipulag starfsins.

**Allar nánari upplýsingar um starf og hæfniskröfur er að finna á vodafone.is/storf. Umsóknarfrestur er til og með 17. janúar næstkomandi.**

**Vodafone**
Við tengjum þig




Hagsýni | Liðsheild | Heilindi | nordural.is




# SPENNANDI SUMARSTÖRF

## FJÖLBREYTT VINNA Á SKEMMTILEGUM STAÐ!

Við leitum að metnaðarfullu fólki í fjölbreytt og eftirsótt sumarstörf í álverinu á Grundartanga. Í boði eru störf af ýmsu tagi við framleiðslu, raf- og vélvirkjun og fleira.

Öll störfin henta jafnt körlum og konum. Norðurál leggur áherslu á heilsusamlegt, öruggt og ánægjulegt starfsumhverfi og góðan starfsanda.

**HÆFNISKRÖFUR:**
- 18 ára lágmarksaldur
- Mikil öryggisvitund og árvekni
- Heiðarleiki og stundvísi
- Góð samskiptahæfni
- Dugnaður og sjálfstæði
- Starfsfólk í raf- og vélvirkjun þarf að hafa sveinspróf eða vera langt komið í námi í viðeigandi fagi
- Bílpróf er skilyrði

Árangurstengd laun sumarfólks í vaktavinnu eru um 470.000 krónur á mánuði fyrir fullt starf. Starfsfólki bjóðast ferðir frá Akranesi, Borgarnesi og af höfuðborgarsvæðinu. **Umsóknarfrestur er til og með 18. janúar.**

Umsóknir og upplýsingar eru á www.nordural.is og hjá Helgu Björgu Hafþórsdóttur í síma 430 1000. Öllum umsóknum verður svarað og trúnaði heitið.

Norðurál er eitt stærsta iðnfyrirtæki á Íslandi. Hjá fyrirtækinu starfa um 600 manns með fjölbreytta menntun og bakgrunn. Árleg framleiðslugeta er um 300 þúsund tonn af hágæða áli.

bsi. OHSAS 18001 Occupational Health and Safety Management | bsi. ISO 14001 Environmental Management | bsi. ISO 9001 Quality Management

NORÐURÁL




SPORTS DIRECT.COM

# SPORTS DIRECT LEITAR AF STARFSFÓLKI Í FULLT STARF.

**Kröftugum einstaklingum sem vilja vinna sig upp í starfi sem og ábyrgð. Sanngjörn laun og veglegir sölubónusar í boði fyrir öflugt fólk.**

Vinnutími er eftir samkomulagi en er í samræmi við opnunartíma verslunarinnar.

**Hæfniskröfur:**
**Þjónustulund**
**stundvísi**
**skipulagni**
**samskiptahæfni**

## SÆKIÐ UM Á SPORTSDIRECT.RADA.IS

Frekari upplýsingar veitir Margrét Theodórsdóttir,mannauðsstjóri (margret.theodorsdottir@sportsdirect.com) í síma: 571-3010

---

HAMPIÐJAN

**Hampiðjan er leiðandi fyrirtæki í heiminum í sölu og þjónustu á framúrskarandi veiðarfærum til fiskiskipa.**

**Fyrirtækið er jafnframt í fararbroddi í þróun og framleiðslu á ofurköðlum, sem seldir eru víða um heim, mest til olíuleitar, olíuvinnslu og djúpsjávarrannsókna.**

**Hampiðjan er alþjóðlegt fyrirtæki í íslenskri eigu og hjá því starfa rúmlega 520 starfsmenn í 10 löndum.**

# Vélaverkfræðingur/véltæknifræðingur

**Við erum að leita að vélaverkfræðingi / véltæknifræðingi með góða þekkingu á olíuiðnaði og reynslu í verkefnastjórnun til að taka þátt í hönnun og þróun á vörum úr ofurefnum fyrir bæði olíuiðnað og sjávarútveg. Starfið kallar á þó nokkur ferðalög, fundi og vinnuferðir erlendis.**

Starfssvið:

- Þátttaka í hönnun á spiltógum fyrir krana- og togspil.
- Þróun á tæknilausnum fyrir veiðitækni framtíðarinnar í samstarfi við útgerðir og fyrirtæki í sjávarútvegi.
- Verkefnastjórnun rannsókna- og þróunarverkefna.
- Samstarf við spilframleiðendur erlendis.
- Tæknilegur stuðningur við söludeild olíuiðnaðar í viðskiptavinaheimsóknum og á sýningum.

Menntun og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í vélaverkfræði / véltæknifræði nauðsynleg.
- Vélvirkja- eða vélstjóramenntun æskileg.
- Reynsla af hönnun spilkerfa fyrir olíuiðnað er kostur.
- Starfsreynsla í norskum olíuiðnaði kæmi að góðum notum.
- Góð kunnátta í ensku, kunnátta í einu Norðurlandamáli, norsku eða dönsku er æskileg.

**Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.**

**Nánari upplýsingar veita:**
**Auður Bjarnadóttir**
**(audur.bjarnadottir@capacent.is)**
**og Hilmar G. Hjaltason**
**(hilmar.hjaltason@capacent.is)**
**hjá Capacent.**

**Umsóknarfrestur er til og með 20. janúar nk.**

HAMPIÐJAN

---

HAFNARFJÖRÐUR

*Hafnarfjörður er framsækið sveitarfélag sem byggir á fjölskylduvænu umhverfi, fyrirmyndarþjónustu og öflugu atvinnulífi.*

*Nánari upplýsingar um bæjarfélagið á* ***www.hafnarfjordur.is***

# Deildarstjóri bókhalds

Fjármálasvið er annað af stoðsviðum sveitarfélagsins. Sviðinu er skipt í fjárreiðudeild, hagdeild og bókhaldsdeild og heyrir starf deildarstjóra bókhalds undir sviðsstjóra fjármálasviðs. Um er að ræða 100% starf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

## Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Yfirumsjón, eftirlit og ábyrgð á bókhaldi
- Umsjón með fjárhagskerfinu Dynamics NAV
- Afstemmingar og lokafrágangur mánaðaruppgjöra
- Vinnur að árshlutauppgjörum og ársreikningum Hafnarfjarðarbæjar
- Innra eftirlit og almennt rekstrareftirlit
- Dagleg umsjón og rekstur bókhaldsdeildar

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Viðskiptafræðingur af fjármála- eða endurskoðunarsviði og/eða meistarapróf í reikningsskilum
- Reynsla af störfum á endurskoðunarstofu æskileg
- Leiðtoga- og stjórnunarhæfni
- Samskipta- og samstarfshæfni
- Þekking á lögum og reglum um bókhald og reikningsskil sveitarfélaga
- Góð þekking á Dynamics Nav og Excel
- Nákvæmni í vinnubrögðum og töluglögg(ur)
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfni

Laun eru skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Samkvæmt jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um starfið.

*Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is), í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 25. janúar 2016. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.*

***Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir







# Sumarstörf 2016

## Vilt þú starfa í skemmtilegu og alþjóðlegu starfsumhverfi á Keflavíkurflugvelli?

Við hjá Airport Associates leitum að starfsfólki í sumarstörf sem og í framtíðarstörf. Um er að ræða hluta- og heilsdagsstörf í vaktavinnu. Umsækjendur þurfa í sumum tilfellum að sækja undirbúningsnámskeið áður en til starfa kemur.

Nánari upplýsingar um hæfniskröfur og störf sem í boði eru:

### Catering
Í starfinu felst m.a. flutningur og hleðsla matar- og söluvagna um borð í flugvélar. Ökuréttindi, enskukunnátta, vinnuvélaréttindi æskileg. Lágmarksaldur 19 ár.

### Farþega- og farangursþjónusta
Innritun og ýmis þjónusta við farþega. Stúdentspróf eða sambærileg menntun æskileg, tölvukunnátta og góð tungumálakunnátta. Lágmarksaldur 20 ár.

### Flugvéla- og húsnæðisræsting
Ökuréttindi, enskukunnátta.
Lágmarksaldur 17 ár.

### Fraktvöruhús
Skimun, móttaka og afhending á flugfrakt. Ökuréttindi, tölvukunnátta, enskukunnátta, vinnuvélaréttindi æskileg. Lágmarksaldur 18 ár.

### Frílager
Hefðbundin lagerstörf, áfylling og uppgjör söluvagna. Tölvukunnátta, enskukunnátta, lyftararéttindi kostur. Lágmarksaldur 18 ár.

### Hlaðdeild
Hleðsla og afhleðsla farangurs og frakt. Ökuréttindi, enskukunnátta, vinnuvélaréttindi æskileg.
Lágmarksaldur 18 ár.

### Hleðslueftirlit
Gerð hleðsluskráa, þjónusta við áhafnir og samræming gagna frá öðrum deildum. Stúdentspróf æskilegt, tölvukunnátta og góð enskukunnátta. Lágmarksaldur 20 ár.

Mikilvægt er að umsækjendur búi yfir færni í mannlegum samskiptum, hafi ríka þjónustulund, séu stundvísir og agaðir í starfi en jafnframt sveigjanlegir. Reynsla á sviði flugafgreiðslu er kostur.

Sótt er um störfin rafrænt á www.airportassociates.com.

Umsóknarfrestur sumarstarfa er til 16. febrúar 2016.

Airport Associates
-at your service!

## LAGERMAÐUR ÓSKAST Í HÚSGAGNAVERSLUN

Húsgagnaverslun á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir starfsmanni á lager í fullt starf. Umsækjendur þurfa að hafa reynslu af lagerstörfum eða sambærilegu starfi. Við leggjum áherslu á góða þjónustulund, heiðarleika og stundvísi.

Skilafrestur umsókna er til 15. janúar. Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá á husgagnamarkadur@gmail.com.

## Laghenta manneskju vantar til starfa á smíðaverkstæði, lager o.s.frv.

Um er að ræða starf við framleiðslu, vinnutími er frá 8 til 18 á daginn. Aðeins ábyrg, vandvirk, dugleg, heiðarleg, sjálfstæð manneskja með mannleg samskipti á hreinu.
Gott vald á íslensku algjört skilyrði. Hreint sakavottorð og meðmæli óskast.

**Áhugasamir umsækjendur hafi samband í rekkjan@rekkjan.is**

## Blikksmíði ehf

**Óskar eftir blikksmiðum eða vönum mönnum í Blikksmíðavinnu, einnig aðstoðarmönnum.**

Upplýsingar í síma: 893 4640 eða blikksmidi@simnet.is

## Húsvörður

Húsfélagið Þorragötu 5-9, 101 Reykjavík óskar að ráða húsvörð til starfa. Starfinu fylgir 60 m² íbúð og er búseta þar skilyrði. Um er að ræða fjölbýli fyrir eldri borgara með 38 íbúðum.

Leitað er að einstaklingi sem er reyklaus, þjónustulundaður, traustur, samviskusamur, lipur í samskiptum og handlaginn. Starfið getur einnig hentað samhentum hjónum.

Helstu verkefni eru umsjón með fasteigninni, þrif, umhirða lóðar, minniháttar viðhald, umsjón með verktökum, aðstoð við íbúa hússins og önnur tilfallandi störf.

**Starfið er laust frá og með 1. mars 2016.**

Umsókn fylgi mynd, ferilskrá og meðmæli. Trúnaði heitið.

Umsóknum ásamt fylgigögnum skal skilað í pósti til Húsfélagsins Þorragötu 5-9, Þorragötu 7, 101 Reykjavík eða rafrænt á netfangið thorragata.5.9@gmail.com fyrir 26. janúar 2016.

## Húsvörður óskast

### Okkur vantar húsvörð í Laugardalshöll

Óskum eftir að ráða öflugan húsvörð í fullt starf. Vinnutími er 12 tíma vaktir og er unnið eftir vinnukerfi 2-2-3 auk tilfallandi aukavinnu.

Starfsemi Laugardalshallar er lifandi og fjölbreytt allt árið. Áhugasamir sendi umsókn fyrir 25. janúar 2016 ásamt ferilskrá á tölvupóst ish@ish.is

Nánari upplýsingar er að finna á forsíðu Laugardalshallar www.ish.is - Laus störf -

LAUGARDALSHÖLLIN




## Verkefnastofa Arion banka leitar að verkefnastjóra

Við leitum að ákveðnum og drífandi einstaklingi til að vinna í öflugu teymi á verkefnastofu Arion banka við stýringu á flóknum og spennandi verkefnum með fjölbreyttum hópi fólks víðs vegar úr bankanum. Verkefnastjórar stýra stærri verkefnum þvert á svið bankans með stefnu og framtíðarsýn hans að leiðarljósi.

### Starfssvið

- Stýrir stefnumótandi verkefnum þvert á svið bankans
- Leiðir þverfagleg verkefnateymi og tryggir framgang verkefna

### Hæfniskröfur

- Hæfni í mannlegum samskiptum og áhugi á teymisvinnu
- Skipulagshæfileikar og færni í úrlausn vandamála
- Sjálfstæð vinnubrögð og gagnrýnin hugsun
- Reynsla af verkefnastjórnun er skilyrði
- Gott vald á rituðu máli, bæði íslensku og ensku

### Menntunarkröfur

- Háskólapróf á meistarastigi sem nýtist í starfi
- MPM eða MBA framhaldsnám er kostur

**Nánari upplýsingar veitir Guðrún Helga Hamar,** forstöðumaður verkefnastofu, sími: **444 6926**, netfang: gudrun.hamar@arionbanki.is og **Jónas Hvannberg** mannauðsstjóri, sími **444 6376**, netfang: jonas.hvannberg@arionbanki.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 19. janúar 2015.** Umsækjendur sæki um á vef bankans www.arionbanki.is. Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

**Arion banki er líflegur og spennandi vinnustaður.**
Við vinnum með viðskiptavinum okkar að því að búa í haginn fyrir framtíðina. Við ræktum jákvæðan starfsanda, og leggjum áherslu á að starfsfólk okkar þroskist og þróist í starfi með markvissri fræðslu og þjálfun. Straumlínustjórnun er hluti af daglegri menningu með stöðugum umbótum og samvinnu allra starfsmanna. Jafn réttur kvenna og karla til starfa er okkur hjartans mál og hlutum við nýverið Jafnlaunavottun VR. **Saman látum við góða hluti gerast.**

JAFNLAUNA-VOTTUN VR

Arion banki – fyrir framtíðina



## Verkefnastjóri á kennslusviði

Spennandi starf í einstöku umhverfi og heillandi samfélagi

### Starfssvið

- Umsjón með nemendaskrá skólans og umsóknum um skólavist
- Samskipti við nemendur og starfsfólk skólans
- Úrvinnsla og birting tölfræðigagna
- Ráðgjöf varðandi nám og námsleiðir við Háskólann á Bifröst

### Hæfni og menntunarkröfur

- Háskólapróf
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð tölvukunnátta og færni í úrvinnslu tölfræðigagna
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Um er að ræða fullt starf á Bifröst og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi. Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 24. janúar nk. Umsókn skal fylgja náms- og starfsferilsskrá og kynningarbréf. Jafnframt skal leggja fram staðfestar upplýsingar um menntun. Umsóknir og fyrirspurnir um starfið skulu sendast á netfangið kennslustjori@bifrost.is.

311 Borgarnes | Sími: 433 3000 | bifrost@bifrost.is | bifrost.is

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

# Content marketing specialist

TripCreator is looking for a motivated, creative thinker with excellent writing skills and strong knowledge of content- and social media marketing to join its team in Iceland.

TripCreator is a fast growing Icelandic startup that was awarded "WORLD'S BEST TRAVEL WEBSITE 2015". The company is expanding rapidly and is looking for the perfect person to help scale its marketing efforts to a global scale.

## Job duties involve, but are not limited to:

- Daily operations of various social media accounts
- Brainstorming and developing creative content designed to attract high-quality links and new users
- Finding and recruiting guest bloggers
- Monitoring brand mentions and reputation
- Writing and distributing press releases
- Writing and maintaining content and providing updates to company website
- Finding and negotiating with travel bloggers and influencers

## The ideal candidate has

- Relevant university degree and/or equivalent working experience.
- Exceptional writing and editing skills
- Excellent organizational skills to work independently and manage projects with many moving parts
- Highly driven and goal oriented personality

All applications will be treated as strictly confidential!
Please send your resume and cover letter to Bragi Þór Antoníusson - bragi@tripcreator.com - by January 20th.

TripCreator

Hlíðasmári 3
201 Kópavogur
Tel. +354 415 5100

**tripcreator.com**

**www.hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is



# VILTU VARÐA LEIÐINA MEÐ OKKUR?

## FORSTÖÐUMAÐUR FYRIRTÆKJASVIÐS

Nordic Visitor leitar að öflugum einstaklingi til að leiða ört vaxandi fyrirtækjasvið. Undir fyrirtækjasviðið heyrir öll sala og markaðssetning á þjónustu Nordic Visitor til erlendra ferðaskrifstofa, skipulagning hvata- og fundarferða, viðburðir og þjónusta við sérhópa. Starfið kallar á leiðtogahæfileika, hugmyndaauðgi og skipulagshæfni því forstöðumaður ber ábyrgð á þróun, skipulagi og verklagi sviðsins. Starfið heyrir undir framkvæmdastjóra.

### STARFSSVIÐ

- Umsjón með uppbyggingu og stefnumótun
- Umsjón með og ábyrgð á daglegum rekstri
- Ábyrgð á fjármálum og áætlanagerð
- Starfsmannamál
- Samræming og skipulagning verkferla
- Önnur verkefni

### MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi og að lágmarki 3 ára stjórnunarreynsla
- Þekking og reynsla af áætlanagerð, fjármála- og verkefnisstjórnun
- Þekking og reynsla af ferðaþjónustu kostur
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum, lipurð og þjónustulund
- Mjög góð færni í íslensku og ensku, bæði í töluðu og rituðu máli
- Færni í Norðurlandamáli og/eða öðrum tungumálum kostur

**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 18. JANÚAR 2016**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

**Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.**

Nánari upplýsingar veita Katrín Ólöf Egilsdóttir (katrin.egilsdottir@capacent.is) og Hilmar Garðar Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) hjá Capacent.

Nordic Visitor er framsækin ferðaskrifstofa sem sérhæfir sig í því að skapa góðar minningar með sérsniðnum pakkaferðum fyrir einstaklinga og hópa til allra Norðurlanda. Fyrirtækið hefur verið í stöðugum vexti síðan það var stofnað árið 2002 og er í dag eitt af stærstu ferðaþjónustufyrirtækjum Íslands með um 80 starfsmenn. Nordic Visitor starfrækir metnaðarfulla mannauðs- og menntastefnu og mikil áhersla er lögð á starfsánægju.

nordicvisitor.com

NORDIC VISITOR

**strætó.is**

# Lipur í akstri?

**Finnst þér gaman að keyra stóra bíla og taka á móti fjölbreyttum hópi farþega? Þá er þetta starfið fyrir þig.**

**Strætó bs. óskar eftir þjónustuliprum og ábyrgum einstaklingum í starf vagnstjóra. Starfið felur í sér akstur á höfuðborgarsvæðinu og þjónustu við viðskiptavini Strætó. Um er að ræða fullt starf í vaktavinnu.**

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Aukin ökuréttindi (D-próf) og hreint sakavottorð
- Góð samskiptahæfni og þjónustulund
- Samviskusemi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Íslensku og / eða enskukunnátta er æskileg

Starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Strætó bs. og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

ÍSLENSKA SIA.IS STR 77927 01/16

Umsóknir skulu fylltar út og sendar inn á **strætó.is**.
Umsóknarfrestur er til og með 23. janúar 2016.

Við hvetjum konur jafnt sem karla til þess að sækja um starfið.




## Ellingsen leitar að öflugum einstaklingi í hjólreiðadeild sína að Fiskislóð 1.

MERIDA

**Viðkomandi mun sjá um að leiða sölu á reiðhjólum og hjólavörum ásamt því að bera ábyrgð á þjónustumálum þessu tengdu.**

Ellingsen er umboðsaðili Merida reiðhjóla sem hafa verið framleidd í meira en 25 ár og seld við góðan orðstír um heim allan. Merida býður breitt úrval hjóla, allt frá barnahjólum upp í hágæða keppnisreiðhjól í öllum flokkum.

***Ef þú hefur:***
*ástríðu fyrir hjólreiðum*
*gaman af þjónustu*
*gaman af sölumennsku*
*áhuga á að vinna á skemmtilegum vinnustað,*

þá skaltu kynna þér **merida.com** og senda okkur atvinnuumsókn ásamt ferilskrá á netfangið **vidir@ellingsen.is.**

Nánari upplýsingar gefur Víðir Pétursson í síma **660 3108.**

**REYKJAVÍK**
Fiskislóð 1
Sími 580 8500

**AKUREYRI**
Tryggvabraut 1–3
Sími 460 3630

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

**Waldorfleikskólinn Ylur auglýsir eftir manneskju í fullt starf**
Leikskólinn er staðsettur í Lækjarbotnum, 10 km fyrir austan Árbæ í yndislegri náttúru sem hefur skapandi og nærandi áhrif á börnin og starfsfólkið.

Starfað er samkvæmt hugmyndafræði Rudolfs Steiner þar sem virðing fyrir þörfum barnanna er metin ofar öllu. Sú virðing speglast í umhverfinu, námsefninu og háttum kennara.

Æskilegt er að umsækjandi hafi þekkingu og/eða áhuga á Waldorfuppeldisfræði.

**Frekari upplýsingar veita Sigrún, 661-7750 og Tinna, 857-9139.**
**Netfang: ylur@simnet.is**

## STARFSKRAFTUR ÓSKAST Í 50-100% STARF Í METRAVÖRUDEILD Á KORPUTORGI

**Við leitum að jákvæðum og þjónustulunduðum einstaklingi til starfa í metravörudeild okkar í Rúmfatalagernum á Korputorgi. Skemmtilegt starf í lifandi umhverfi.**




**Sendið ferilskrá og umsókn á netfangið:**
**korputorg.verslun@rfl.is**
**Einnig er hægt að koma á staðinn og sækja um eða hafa samband við Ívar 820-8011 eða Vilmu 842-8064.**

**Umsóknarfrestur er til 12. janúar 2016**

**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
**www.rumfatalagerinn.is**

KOPAR

## *Kopar óskar eftir meistara eða faglærðum þjóni*

Kopar Restaurant við gömlu höfnina í Reykjavík óskar eftir meistara eða faglærðum þjóni til að taka að sér spennandi vaktstjóra starfi (100% vinna)

Umsóknir berast á netfangið
**asta@koparrestaurant.is**
eða í síma **770-0085**

**BAKO ÍSBERG**

Höfðabakka 9. 110 Reykjavík. S. 595-6200
www.bakoisberg.is

Bako Ísberg ehf er þjónustufyrirtæki fyrir veitingahús, hótel, bakarí, mötuneyti o.s.frv. Við bjóðum upp á heildarlausnir fyrir stóreldhús.
Við óskum eftir að ráða rafvirkja í sérhæfða viðgerðar-og uppsetningarvinnu. Um er að ræða krefjandi starf hjá traustu fyrirtæki.

**Helstu verkefni**
- Viðgerðir og þjónusta á tækjum frá Bako Ísberg
- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Uppsetningar á tækjum frá Bako Ísberg
- Viðgerðir á kælitækjum

**Hæfniskröfur**
- Rafvirki, vélvirki eða eitthvað sambærilegt
- Hæfni til að vinna sjálfstætt
- Skipulögð vinnubrögð
- Rík þjónustulund og samskiptahæfni
- Góð almenn tölvukunnátta

**Hvað veitum við**
- Góða sérhæfða þjálfun fyrir starfið
- Símenntun
- Tækifæri til sérmenntunar
- Góð laun fyrir rétta aðila

**Hvernig sækir þú um?**
Sendu umsókn þína til Bako Ísberg ehf, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík.
throstur@bakoisberg.is Þröstur Líndal 825-6260.
Við förum með umsókn þína sem trúnaðarmál.





# Spennandi störf fyrir gott fólk

## Söluráðgjafar atvinnubíla

Askja óskar eftir að ráða jákvæða og drífandi aðila í störf söluráðgjafa atvinnubíladeildar Mercedes-Benz sem meðal annars selur hópferða-, sendi- og vörubíla.

### Ábyrgð og verkefni

- Sala á nýjum Mercedes-Benz atvinnubílum og ráðgjöf til viðskiptavina
- Samskipti við framleiðendur
- Frágangur á skjölum
- Önnur tilfallandi verkefni

### Hæfniskröfur

- Reynsla sem nýtist í starfi
- Góð almenn ensku- og tölvukunnátta
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og samningatækni
- Stundvísi, skipulag og dugnaður
- Hæfni í mannlegum samskiptum og mikil þjónustulund
- Aukin ökuréttindi eru skilyrði

Í söludeild atvinnubíla eru seldir Mercedes-Benz sendi-, hópferða- og vörubílar. Opnunartími er alla virka daga frá kl. 8 til 18. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið. Einungis reyklausir einstaklingar koma til greina.

**Nánari upplýsingar** eru veittar í netfanginu atvinna@askja.is

## Vél- eða bifvélavirki á atvinnubílaverkstæði

Askja óskar eftir að ráða færa vél- eða bifvélavirkja til starfa. Boðið er upp á úrvals vinnuaðstöðu til þjónustu og viðgerða á Mercedes-Benz atvinnu- og hópferðabílum.

Vinnutími á verkstæðum er mánudaga til fimmtudaga frá kl. 8 til 17 og föstudaga frá kl. 8 til 16.

### Ábyrgð og verkefni

- Öll almenn viðhalds- og viðgerðavinna
- Meðhöndlun bilanagreininga
- Miðlun þekkingar til samstarfsfélaga
- Unnið er eftir öryggisreglum Öskju og gæðakröfum framleiðenda

### Hæfniskröfur

- Haldbær reynsla af störfum vél- eða bifvélavirkja
- Gilt bílpróf, meirapróf er kostur
- Öguð, snögg og nákvæm vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Góð og fagleg framkoma, snyrtimennska og stundvísi
- Almenn ensku- og tölvukunnátta
- Áhugi á þróun í starfi og vilji til að kynna sér tækninýjungar

**Nánari upplýsingar** veitir Óskar Páll Þorgilsson, forstöðumaður þjónustusviðs (opth@askja.is)

## Vél- eða bifvélavirkjar á fólksbílaverkstæði

Askja óskar eftir að ráða færa vél- eða bifvélavirkja til starfa. Boðið er upp á úrvals vinnuaðstöðu til þjónustu og viðgerða á Mercedes-Benz og Kia fólksbílum.

Vinnutími á verkstæðum er mánudaga til fimmtudaga frá kl. 8 til 17 og föstudaga frá kl. 8 til 16.

### Ábyrgð og verkefni

- Öll almenn viðhalds- og viðgerðavinna
- Meðhöndlun bilanagreininga
- Miðlun þekkingar til samstarfsfélaga
- Unnið er eftir öryggisreglum Öskju og gæðakröfum framleiðenda

### Hæfniskröfur

- Haldbær reynsla af störfum bifvélavirkja
- Gilt bílpróf
- Fagleg, snögg og nákvæm vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Góð og fagleg framkoma, snyrtimennska og stundvísi
- Almenn ensku- og tölvukunnátta
- Áhugi á þróun í starfi og vilji til að kynna sér tækninýjungar

**Nánari upplýsingar** veitir Óskar Páll Þorgilsson, forstöðumaður þjónustusviðs (opth@askja.is)

## Þjónustustörf á verkstæði

Askja óskar eftir að ráða þjónustustarfsmenn í fjölbreytt störf á verkstæðum fyrirtækisins. Boðið er upp á úrvals vinnuaðstöðu til þjónustu og viðgerða á Mercedes-Benz og Kia fólksbílum.

Vinnutími á verkstæðum er mánudaga til fimmtudaga frá kl. 8 til 17 og föstudaga frá kl. 8 til 16.

### Ábyrgð og verkefni:

- Almenn viðhalds- og þjónustustörf
- Miðlun þekkingar til samstarfsfélaga
- Starfa eftir öryggisreglum Öskju og gæðakröfum framleiðenda

### Hæfniskröfur

- Reynsla af viðhalds- og þjónustustörfum
- Gilt bílpróf
- Fagleg, snögg og nákvæm vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Góð og fagleg framkoma, snyrtimennska og stundvísi
- Almenn ensku- og tölvukunnátta
- Áhugi á þróun í starfi og vilji til að kynna sér tækninýjungar

**Nánari upplýsingar** veitir Óskar Páll Þorgilsson, forstöðumaður þjónustusviðs (opth@askja.is)

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 16-0087

**Umsóknarfrestur er til og með 25. janúar 2016**. Umsóknir óskast sendar á netfangið atvinna@askja.is. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

## METNAÐUR - FAGMENNSKA - HEIÐARLEIKI - GLEÐI

Askja er framsækið þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu á Mercedes-Benz og Kia bifreiðum. Við leitum að heiðarlegum og skemmtilegum einstaklingum í teymið okkar sem mun leiða Öskju áfram inn í spennandi framtíð. Boðið er upp á krefjandi vinnuumhverfi í hópi metnaðarfullra og hæfra einstaklinga. Mikill metnaður er lagður í þjálfun starfsmanna og endurmenntun í samstarfi við framleiðendur.

ASKJA

Bílaumboðið Askja ehf • Krókhálsi 11 • 110 Reykjavík • Sími 590 2100 • askja@askja.is

## HS Veitur hf óska eftir að ráða í starf svæðisstjóra rafmagnsdeildar Suðurnesjum

**Helstu þættir starfsins eru:**
- Hönnun á há- og lágspennudreifikerfum.
- Rekstur og viðhald á aðveitu- og dreifikerfum.
- Verkumsjón.
- Almennt skipulag.
- Vinna við landupplýsingarkerfi.
- Uppbygging á verkbókhaldi.
- Samvinna við aðrar deildir s.s. mæla- og vatnsdeild.

**Hæfniskröfur:**
- Fullnaðarpróf frá rafmagnsdeild, verkfræði- eða tækniskóla.
- Rafvirkjaréttindi og/eða reynsla við rafvirkjastörf við háspennuvirki æskileg.
- Haldgóð þekking á rafdreifikerfi veitna.
- Góð þekking á íslensku, ensku og einu norðurlandamáli.

Sótt er um starfið á heimasíðu HS Veitna, www.hsveitur.is.
Nánari upplýsingar varðandi starfið veitir Petra Lind Einarsdóttir, starfsmannastjóri HS Veitna hf.
**Umsóknarfrestur er til og með 17. janúar 2016.**

HS Veitur hf voru stofnaðar 1. desember 2008 þegar Hitaveitu Suðurnesja hf var skipt í HS Veitur hf og HS Orku hf.
HS Veitur annast raforkudreifingu á Suðurnesjum, í Hafnarfirði, í hluta Garðabæjar m.a. Álftanesi, í Vestmannaeyjum og í Árborg.
HS Veitur annast hitaveiturekstur á Suðurnesjum og í Vestmannaeyjum og vatnsveiturekstur að stórum hluta á Suðurnesjum og í Vestmannaeyjum.
Starfsstöðvar HS Veitna eru fjórar, þ.e. í Reykjanesbæ, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og í Árborg.
Hjá HS Veitum starfa nú 84 starfsmenn.

**HS VEITUR HF**
www.hsveitur.is

# Sérfræðingur á vörusviði

Óskum eftir að ráða öflugan sérfræðing á vörusvið fyrirtækisins. Á vörusviði fer fram gæðaeftirlit vöru, skráning og umsjón vörusafns og fræðsla til starfsfólks ÁTVR.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Umsjón með skynmati
- Mótun gæðaeftirlits
- Önnur tengd verkefni

**Hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla eða menntun í skynmati
- Sjálfstæði og nákvæmni í vinnubrögðum
- Góð tölvukunnátta

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

**Umsóknarfrestur er til og með 25. janúar nk.** Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Vínbúðanna, **vinbudin.is**

**Nánari upplýsingar veitir:** Guðrún Símonardóttir, gudrun@vinbudin.is – 560 7700

ÁTVR rekur 50 Vínbúðir um allt land og er með skrifstofur og dreifingarmiðstöð á Stuðlahálsi 2. Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

Jafnlaunaúttekt PwC 2012

VÍNBÚÐIN

» **Ráðningarþjónusta**

## Fljúgðu með okkur á vit ævintýranna!









# Þyrluflugmenn

Vegna aukinna umsvifa og stækkunar félagsins óskar Þyrluþjónustan HELO eftir flugmönnum með atvinnuflugmannsréttindi.

» **Hæfniskröfur**

Við sækjumst eftir þjónustulunduðum og liprum einstaklingum í öfluga liðsheild þar sem fagmennska, starfsgleði og metnaður eru höfð í fyrirrúmi.

HELO

Þyrluþjónustan HELO býður fjölbreytt úrval ævintýralegra ferða bæði fyrir hópa og einstaklinga. Við sérhæfum okkur í VIP flugi og þjónustu.

**Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.**

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

MOSFELLSBÆR

## Laust starf í Þjónustustöð Mosfellsbæjar

Þjónustustöð Mosfellsbæjar sér um alla almenna þjónustu við bæjarbúa á sviði umhverfismála, svo sem snjóruðning, viðhald og rekstur gatna, holræsa, veitna, umferðarmannvirkja og opinna svæða. Þjónustustöð annast einnig viðhald á fasteignum bæjarins.

**Menntunar- og hæfnikröfur**
- Menntun og reynsla er nýtist í starfi.
- Almenn ökuréttindi skilyrði.
- Meirapróf og vinnuvélaréttindi.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Frumkvæði, jákvæðni og sjálfstæði í vinnubrögðum.

**Umsóknarfrestur er til 15. janúar 2016**

Nánari upplýsingar er að finna undir laus störf á www.mos.is.

Um fullt starf er að ræða.
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsmannafélags Mosfellsbæjar.

Fólk af báðum kynjum er hvatt til að sækja um starfið.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

Okkur vantar markaðsstjóra!

## Ert þú framúrskarandi í markaðsmálum og fjölmiðlun?

Ef svo er þá vill Nýsköpunarmiðstöð Íslands fá þig í sinn hóp

Hlutverk Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er að styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og auka lífsgæði með þekkingaruppbyggingu. Miðstöðin veitir stuðningsþjónustu fyrir frumkvöðla, sprota- og nýsköpunarfyrirtæki og stundar tækniþróun og rannsóknir á völdum tæknisviðum. Nýsköpunarmiðstöð Íslands kemur með nýjar víddir inn í íslenskt samfélag - í þágu atvinnulífsins.

**Starfssvið**

Að stjórna markaðssetningu miðstöðvarinnar og þjónustu hennar. Ritstýra vefsíðu og útgáfu frétta af starfseminni. Að hafa umsjón með viðburðum sem miðstöðin stendur fyrir, rækta tengsl við fjölmiðla og hafa frumkvæði að nýjungum á sviði markaðsmála og fjölmiðlunar.

**Hæfniskröfur**
- Háskólamenntun í fjölmiðlun, markaðsmálum, viðskiptum eða á sambærilegum sviðum
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði og dugnaður
- Góð íslensku- og enskukunnátta í töluðu og rituðu máli
- Hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund

Hvatt er til umsókna frá konum jafnt sem körlum.
Umsóknarfrestur er til 25. janúar nk.
Starfstöð viðkomandi verður í Reykjavík.
Umsóknir skulu sendar á netfangið karlf@nmi.is merktar „markaðsstjóri".
Upplýsingar veitir Karl Friðriksson, framkvæmdastjóri mannauðs og markaðssviðs Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands í síma 522 9000.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Árleyni 2-8, 112 Reykjavík
Sími 522 9000 | www.nmi.is

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

## DEILDARSTJÓRI ÓSKAST Í FULLT STARF Í SMÁVÖRUDEILD Á KORPUTORGI

**Við leitum að jákvæðum og þjónustulunduðum einstaklingi til starfa í smávörudeild okkar í Rúmfatalagernum á Korputorgi. Skemmtilegt starf í lifandi umhverfi.**




**Sendið ferilskrá og umsókn á netfangið: korputorg.verslun@rfl.is**
**Einnig er hægt að koma á staðinn og sækja um eða hafa samband við Ívar 820-8011 eða Vilmu 842-8064.**

**Umsóknarfrestur er til 12. janúar 2016**

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

---

ÞÚSUND FJALIR EHF

## SMIÐIR ÓSKAST

**Fyrirtækið Þúsund Fjalir ehf óskar eftir smiðum til starfa.**

Starfið er fólgið í almennri kunnáttu á sviði trésmíði, þar sem verkefni eru afar fjölbreytt og spennandi.

Fyrirtækið þjónustar tryggingarfélög, sveitarfélög, verkfræðistofur og fasteignafélög. Verkefnastaða er góð og verkefnin áleitin. Hjá fyrirtækinu starfa auk smiða, píparar, múrarar og málarar, sem hafa í gegnum störf sín aukið sérhæfni sína á viðeigandi sviðum.

Umsækjandi þarf að vera menntaður smiður, áhugasamur um að auka getu sína og færni á sviði uppbyggingar og viðhalds. Viðkomandi gengur inn í teymi samhentra iðnaðarmanna sem vinna verkefni sín af áhuga og metnaði. Hver og einn iðnaðarmaður hefur yfir að ráða bíl, sem búinn er verkfærum til flestra verka.

Starfsandi, umhverfi, og hlunnindi eru einkar góð. Viðskiptavild fyrirtækisins og orðspor, gera þar fyrir utan starfsumhverfið þægilegt og hvetjandi. Aðstaða fyrirtækisins er mjög góð og verkefnaferli byggir á rúmlega 16 ára reynslu á sviði framkvæmda.

Starfsmannafélag er afar virkt.

Ferilsskrá og meðmæli vel þegin, en hafa skal samband við Björgvin 8977983 eða retturmadur@gmail.com

---



TOYOTA
ALWAYS A BETTER WAY

# Hópstjóri á vara-og aukahlutalager

### Starfssvið
- Stýring á daglegum verkefnum lagers
- Yfirumsjón með afgreiðslu pantana til verkstæða og viðskiptavina
- Almenn dagleg umsýsla
- Önnur tilfallandi verkefni

### Hæfniskröfur
- Leiðtogahæfni
- Þekking og reynsla af lagerstörfum æskileg
- Skipulagshæfni, frumkvæði og vandvirkni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni, vinnugleði og rík þjónustulund

Vinnutími: Mánudaga – föstudaga kl. 08:00 – 17:00.

Í húsnæði Toyota að Kauptúni 6 í Garðabæ er glæsileg starfsmannaaðstaða, fullkomið mötuneyti, þægilegt vinnuumhverfi og frábærir vinnufélagar.

Toyota Kauptúni er sölu- og þjónustuaðili fyrir Toyota. Starfsmenn fyrirtækisins byggja gildi sín og viðmið á The Toyota Way: Stjórnunar- þjónustu- og mannauðsstefnu Toyota. Gagnkvæm virðing og náin samvinna eru hornsteinar í daglegri starfsemi Toyota Kauptúni. Hverri áskorun er tekið fagnandi og leita starfsmenn stöðugt leiða til að tryggja áframhaldandi framfarir í starfsemi fyrirtækisins og þjónustu gagnvart viðskiptavinum þess.

**Umsóknarfrestur rennur út laugardaginn 16. janúar 2016.**

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá á netfangið atvinna@toyota.is, merkt viðkomandi starfi. Nánari upplýsingar veitir Fanný Bjarnadóttir gegnum netfangið fanny@toyota.is

---

# Viltu mynda framtíðina með okkur?




**Vegna aukinna verkefna er auglýst eftir þýðanda í fullt starf hjá IKEA. Þýtt er úr ensku.**

Starfssvið: Viðkomandi sinnir fjölbreyttum þýðingum, t.d. á efni fyrir verslun, vöruupplýsingum, efni fyrir starfsfólk, prófarkalestri bæklinga o.fl. Vinnutími er að jafnaði 8-16 virka daga.

**Hæfniskröfur**
- Mjög góð íslenskukunnátta
- Mjög góð enskukunnátta
- Skipulagshæfni
- Vandvirkni
- Frumkvæði
- Nákvæmni
- Góð almenn tölvukunnátta
- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi

Áhugasamir eru beðnir að fylla út umsókn á www.IKEA.is fyrir 24. janúar.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Fjóla Kristín Helgadóttir, starfsmannastjóri, fjola@IKEA.is

JAFNLAUNAVOTTUN VR

Í dag starfa um 270 manns hjá IKEA á Íslandi, í lifandi alþjóðlegu umhverfi. Þessi stóri samheldni hópur vinnur daglega að framgangi hugmyndafræði IKEA: „Að gera daglegt líf þægilegra fyrir sem flesta". Starfsemi fyrirtækisins býður upp á skapandi og skemmtileg störf og mikla möguleika á að þróast og vaxa í starfi – með jákvæðni að leiðarljósi.

IKEA®

© Inter IKEA Systems B.V. 2015

# Forseti hug- og félagsvísindasviðs

Háskólinn á Akureyri



Staða forseta hug- og félagsvísindasviðs við Háskólann á Akureyri er laus til umsóknar. Um 100% starf er að ræða, sem felur m.a. í sér yfirumsjón með allri starfsemi og rekstri fræðasviðsins og stefnumörkun í málefnum sviðsins samkvæmt stefnu skólans. Næsti yfirmaður er rektor háskólans. Miðað er við að viðkomandi geti hafið störf 1. ágúst 2016. Starfsstöðin er á Akureyri.

## Helstu ábyrgðarþættir:

- Frumkvæði og forysta um málefni fræðasviðsins.
- Stjórnsýsluleg og rekstrarleg ábyrgð á málefnum fræðasviðsins.
- Yfirumsjón með rannsóknarvirkni og kennslu á sviðinu.
- Framkvæmd gæðastjórnunar á fræðasviðinu í samráði við gæðastjóra.
- Starfsmannamál á sviðinu.
- Yfirumsjón með innlendum og erlendum samskiptum fræðasviðsins.
- Seta í framkvæmdastjórn skólans og er hluti af yfirstjórn skólans.

## Menntunar- og hæfiskröfur:

- Doktorspróf er skilyrði og æskilegt að prófið sé á vettvangi fræða sem kennd eru á viðkomandi fræðasviði eða tengjast viðfangsefnum þess.
- Hæfileiki til að byggja upp og leiða teymi akademískra starfsmanna.
- Reynsla af rekstri og stjórnun.
- Hæfileiki til að móta og miðla framtíðarsýn.
- Reynsla af starfi innan háskóla er æskileg.
- Reynsla af störfum sem tengjast viðfangsefnum á fræðasviðinu er æskileg.
- Krafist er góðrar samstarfshæfni og lipurðar í mannlegum samskiptum.

Umsækjendur skulu uppfylla almenn hæfisskilyrði sem háskólakennarar á vettvangi þeirra fræða sem annað hvort eru kennd á fræðasviðinu eða tengjast mjög náið helstu viðfangsefnum þess.

Umsóknarfrestur er til og með 15. mars 2016.

Nánari upplýsingar um starfið og umsóknarferlið er að finna á starfatorg.is og vef háskólans,

www.unak.is/lausstorf

Háskólinn á Akureyri stuðlar að jafnrétti kynjanna og hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um laus störf.

---

SAMFÉS

# STARFSMAÐUR ÓSKAST

Samfés, samtök félagsmiðstöðva á Íslandi, óska eftir starfsmanni í 50% starf á skrifstofu samtakanna.

**Helstu verkefni**

- Umsjón með ungmennaráði Samfés
- Aðstoð við skipulagningu og framkvæmd viðburða
- Önnur tilfallandi verkefni

Nánari upplýsingar á www.samfes.is.
**Umsóknarfrestur er til og með 20. janúar 2016.**

---

# SÉRFRÆÐINGUR Í FJÁRHAGSLEGU EFTIRLITI MEÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJUM

▶ Eftirlitssvið leitar að sérfræðingi til stuðnings við ábyrgðarmenn og tengiliði við fjármálafyrirtæki

Eftirlitssvið hefur yfirsýn yfir starfsemi eftirlitsskyldra aðila, fylgist með því að starfsleyfisskilyrði séu uppfyllt og að gripið sé til viðeigandi ráðstafana ef tilefni er til. Einnig að starfshættir á fjármálamarkaði séu í samræmi við þær réttarreglur sem í gildi eru þ.á.m. varðandi heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Hlutverk teymis sem sér um fjárhagslegt eftirlit er að hafa yfirsýn yfir áhættur og stöðu fjármálafyrirtækja með reglubundnu og sértæku eftirliti.

## Starfssvið

- Aðstoð við fjárhagslegt eftirlit með fjármálafyrirtækjum og skýrslugerð
- Samskipti við eftirlitsskylda aðila og vinna við hæfismat stjórnenda þeirra
- Þátttaka í þróun og vinnu við rafræn skýrsluskil og úrvinnslukerfi
- Þátttaka í innra starfi Fjármálaeftirlitsins

## Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, einkum í viðskiptafræði eða hagfræði
- Viðeigandi þekking og reynsla af fjármálamarkaði eða eftirlitsstörfum æskileg
- Rík greiningarhæfni og nákvæmni í vinnubrögðum nauðsynleg
- Lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna með öðrum
- Frumkvæði, ábyrgð, heiðarleiki og metnaður í starfi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku sem og í miðlun upplýsinga

Umsjón með starfinu hafa Hjálmur Nordal forstöðumaður á eftirlitssviði (hjalmur@fme.is) og Árni Ragnar Stefánsson mannauðsstjóri (arni@fme.is).

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is eða á www.starfatorg.is.

Umsóknarfrestur er til og með 25. janúar nk. Umsókn um starfið skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

---



# Spennandi störf hjá Fjarðabyggð

## Umhverfisstjóri Fjarðabyggðar

Um er að ræða krefjandi og spennandi starf við stefnumótun í umhverfismálum sveitarfélagsins og framkvæmd hennar. Starfið kallar á faglega forystu í umhverfismálum, náttúruvernd og ásýnd umhverfis í sveitarfélaginu auk umsjónar með opnum svæðum og almenningsgörðum og skipulagningu og umsýslu leiksvæða. Þá felur starfið í sér framkvæmdaeftirlit, leyfismál, umsjón efnistökusvæða og almenna verkefnastjórn á sviðinu auk samskipta við íbúa.

## Forstöðumaður framkvæmda- og þjónustumiðstöðvar Fjarðabyggðar

Um er að ræða nýtt og spennandi starf innan framkvæmda-, umhverfis og veitusviðs sveitarfélagins. Starfið heyrir undir sviðsstjóra. Forstöðumaður samræmir starfsemi þjónustumiðstöðva, veitna og hafna sveitarfélagsins. Þá tengir hann starfsemina við þær framkvæmdir og viðhaldsmál sem eru í gangi í sveitarfélaginu á hverjum tíma. Forstöðumaður er staðgengill sviðsstjóra og gegnir frumkvæðishlutverki í uppbyggingu þjónustustefnu, gæða- og ferlamálum, samskiptum við íbúa o.fl. er starfseminni tengist.

***Umsóknarfrestur fyrir hvort starf er til og með 18. janúar 2016.***

**Sótt er um á fjardabyggd.is undir „Laus störf", þar sem einnig má nálgast starfslýsingar ásamt menntunar- og hæfniskröfum.** Umsóknum skal fylgja kynningarbréf og ferilskrá með upplýsingum um menntun og reynslu sem nýtist viðkomandi starfi.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum LN við viðkomandi stéttarfélag.

Störfin henta báðum kynjum og eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um.

Frekari upplýsingar veitir Marinó Stefánsson sviðsstjóri framkvæmda-, umhverfis- og veitusviðs Fjarðabyggðar í síma 470 9000.

*Veruleg uppbygging á sér stað í Fjarðabyggð, bæði í atvinnulífi og þjónustu. Íbúar sveitarfélagsins eru um 4.800 talsins í sex byggðarkjörnum, sem eru Mjóifjörður, Neskaupstaður í Norðfirði, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður.*

FJARÐABYGGÐ
fjardabyggd.is

Vilt þú vera?

# Verkefnastjóri

Rafiðnfræðingur / Véliðnfræðingur

Ljósvirki

Umsóknarfrestur
**24. janúar**

Sæktu um starfið á
**capacent.is**

Helstu verkefni

- Verkumsjón og vinna í nýframkvæmdum og þjónustuverkefnum
- Innkaup og samskipti við erlenda birgja
- Verkefnaöflun og tilboðsgerð
- Markaðssetning á sviði ljósleiðara- og raflagnaverkefna
- Tæknileg og fagleg úrlausnarefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Raf- eða véliðnfræðimenntun eða sambærilegt
- Reynsla af vinnu við ljósleiðaraverkefni æskileg
- Reynsla eða menntun á sviði verkefnastjórnunar æskileg
- Frumkvæði og skapandi hugsun
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni í samskiptum nauðsynleg
- Góð íslensku- og enskukunnátta nauðsynleg í ræðu og riti
- Kunnátta í einu Norðurlandamáli kostur

Með umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita:
Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is)
Katrín Ólöf Egilsdóttir (katrin.egilsdottir@capacent.is)

Ljósvirki er rafverktakafyrirtæki stofnað 1961 sem sérhæfir sig í dag í ljósleiðaralögnum og rafverktöku. Undanfarin ár hefur fyrirtækið tekið virkan þátt í ljósleiðaravæðingu höfuðborgarsvæðisins og eflt þjónustu við iðnaðarfyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

*Nánar um fyrirtækið*
**www.ljosvirki.is**

*Ekki taka gömlum sannleik sem gefnum. Það þarf kjark til að líta hlutina nýjum augum og fá ferska sýn á þá.*

capacent

# Spennandi störf á sviði opinberra fjármála og félagaumsýslu

Umsóknarfrestur
**24. janúar**

Sæktu um störfin á
**capacent.is**

Fjármála- og efnahagsráðuneytið leitar fjögurra framúrskarandi sérfræðinga til að sinna spennandi verkefnum á sviði ríkisfjármála og félagaumsýslu. Markmið starfanna er að stuðla að auknum árangri í starfsemi ríkisins, umbótum og hagkvæmri nýtingu almannafjár.

Sérfræðingarnir þurfa að vera lausnamiðaðir, búa yfir gagnrýnni hugsun og sýna sjálfstæði og frumkvæði í starfi. Þeir þurfa að búa yfir framúrskarandi samskiptahæfni og getu til að ávinna sér traust samstarfsaðila. Störfin krefjast öll kunnáttu og hæfileika til að greina og miðla upplýsingum á greinargóðan og skýran hátt.

Eitt starf er á skrifstofu opinberra fjármála og þrjú störf eru á skrifstofu stjórnunar og umbóta. Í ráðuneytinu eru 80 starfsmenn, flestir háskólamenntaðir.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi.

Laun eru skv. kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. Umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. 2. gr. reglna nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum með síðari breytingum.

Nánari upplýsingar veita:
Jóna B. Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is)
Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is)

## Sérfræðingur í opinberum fjármálum

Starfið felst í áætlanagerð fjárlaga ásamt skrifum um opinber fjármál og ríkisfjármálastefnu stjórnvalda. Starfið krefst mikillar greiningarvinnu og upplýsingagjafar um opinber fjármál, auk samstarfs við lykilaðila á því sviði.

## Tveir sérfræðingar í fjárstýringu, reikningsskilum og áætlanagerð

Tvö störf tengd fjárstýringu ríkisins og framkvæmd fjárlaga. Sérhæfing starfanna felst annars vegar í áætlanagerð ríkisaðila og hins vegar í þróun reikningsskila hins opinbera. Markmið starfanna er að stuðla að umbótum, auknum árangri og hagkvæmni í starfsemi ríkisins.

## Sérfræðingur í stjórnarháttum og umsýslu félaga í ríkiseigu

Starfið varðar stjórnhætti ríkisfyrirtækja, ásamt þróun og eftirfylgni eigendastefnu ríkisins. Í því felst umsjón með samskiptum ríkisins við félög í eigu þess og þátttöku í verkefnum við sölu eignarhluta í fjármálafyrirtækjum.

Í boði eru áhugaverð störf á krefjandi og skemmtilegum vinnustað.

Framundan er innleiðing nýrra laga um opinber fjármál sem fela í sér verulegar breytingar og tækifæri. Fjármála-og efnahagsráðuneytið gegnir lykilhlutverki í breytingunum og munu sérfræðingarnir taka virkan þátt í þeim.

Nánari upplýsingar um störfin eru á Starfatorgi og á heimasíðu Capacent. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um störfin. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

*Ekki taka gömlum sannleik sem gefnum. Það þarf kjark til að líta hlutina nýjum augum og fá ferska sýn á þá.*

capacent

Vilt þú vera?

# Þjónustufulltrúi

EINING-IÐJA

Umsóknarfrestur
**20. janúar**

Sæktu um starfið á
**capacent.is**

Eining-Iðja leitar að öflugum liðsmanni í starf þjónustufulltrúa hjá félaginu. Um er að ræða krefjandi og fjölbreytt starf. Starfið er á Akureyri

Helstu verkefni

- Almenn upplýsingagjöf
- Verkefnastjórnun
- Lögfræðileg málefni, td. tengd kjarasamningum
- Útreikningar
- Eftirlit með vinnustaðaskírteinum
- Samstarf og samskipti við hagsmunaaðila
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er æskileg
- Reynsla og þekking á vinnumarkaði og nærsamfélaginu
- Þekking á kjarasamningsmálum er kostur
- Framúrskarandi samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund
- Geta til að skilja og setja sig inn í mismunandi aðstæður einstaklinga
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfni
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð tungumálakunnátta, í íslensku og ensku og geta til að koma frá sér efni í ræðu og riti

Félagssvæði Einingar-Iðju er Akureyri, Dalvíkurbyggð, Fjallabyggð og allir hreppar Eyjafjarðarsýslu. Einnig Svalbarðsstrandar- og Grýtubakkahreppur í Suður- Þingeyjarsýslu. Félagið heldur úti öflugri þjónustu fyrir félagsmenn og leitast er við að tryggja þeim sem bestan aðgang að upplýsingum og þjónustu. Fjórtán starfsmenn starfa hjá félaginu á skrifstofum félagsins á Akureyri, Dalvík og í Fjallabyggð.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita:
Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is)
Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is)

*Ekki taka gömlum sannleik sem gefnum. Það þarf kjark til að líta hlutina nýjum augum og fá ferska sýn á þá.*

capacent



Við leitum að

# Verkefnastjórum

RST Net

Umsóknarfrestur
**24. janúar**

Sæktu um starfið á
**capacent.is**

Vegna aukinna verkefna óskar RST Net að ráða í tvær stöður verkefnastjóra. Leitað er að öflugum einstaklingum sem hafa vilja og metnað til að ná árangri í starfi. Störfin krefjast ferðalaga innanlands sem utan.

RST Net er sérhæft þjónustufyrirtæki í raforkuiðnaði.

Starfsemin felst í þjónustu við orkufyrirtæki og iðjuver landsins, verktöku í ýmsum nýframkvæmdaverkum í orkuiðnaði og framleiðslu á búnaði.

Nánar um fyrirtækið
www.rst.is

Vilt þú vera?
## Verkefnastjóri
**Rafmagnsverkfræðingur / rafmagnstæknifræðingur**

Helstu verkefni

- Verkumsjón
- Verkfræðileg þjónusta
- Verkefnaöflun og tilboðsgerð
- Samskipti við erlenda birgja, uppbygging og viðhald langtíma viðskiptasambanda
- Markaðsmál og tækniIeg ráðgjöf

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólagráða í rafmagnsverk- eða tæknifræði
- Reynsla af vinnu í orkuiðnaði æskileg
- Reynsla eða menntun á sviði verkefnastjórnunar æskileg
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð íslenskukunnátta, reynsla og hæfni í framsetningu tölulegra og ritaðra gagna
- Góð kunnátta í talaðri og ritaðri ensku
- Norðurlandatungumál kostur

Vilt þú vera?
## Verkefnastjóri
**Vél- eða rafiðnfræðingur**

Helstu verkefni

- Verkumsjón og vinna í þjónustu- og framkvæmdaverkefnum á háspennusviði
- Aflspennaviðhald
- Mælingar og ástandsmat raforkubúnaðar
- Samskipti við erlenda birgja
- TækniIeg ráðgjöf og þjónusta
- Tilboðsvinna og efnisöflun

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun á sviði vél- eða rafiðnfræði
- Reynsla af vinnu í orkuiðnaði æskileg
- Reynsla eða menntun á sviði verkefnastjórnunar æskileg
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Sveigjanleiki og hæfni í samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta nauðsynleg í ræðu og riti

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita:
Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is)
Katrín Ólöf Egilsdóttir (katrin.egilsdottir@capacent.is)

*Ekki taka gömlum sannleik sem gefnum. Það þarf kjark til að líta hlutina nýjum augum og fá ferska sýn á þá.*

capacent

Vilt þú vera?

# Verkefnisstjóri

Umsóknarfrestur
**17. janúar**

Sæktu um starfið á
**capacent.is**

Byggingavettvangur – BVV, nýr samstarfsvettvangur stofnaður af Samtökum iðnaðarins, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Mannvirkjastofnun og Íbúðalánasjóði, óskar eftir að ráða öflugan verkefnisstjóra. Formlegt starf BVV hefst í byrjun árs.

Samstarfsvettvangurinn er tímabundið átaksverkefni til þriggja ára. Tilgangur BVV er að efla samkeppnishæfni innan byggingageirans, auka framleiðni og nýsköpun, stuðla að faglegri mannvirkjagerð og skila virðisauka fyrir þá sem þar starfa.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Nánari upplýsingar veita:
Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is)
Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is)

Starfssvið
- Að fylgja eftir ákvörðunum og áherslum stjórnar BVV
- Að leita eftir hugmyndum um ný verkefni og fjármagni til þeirra á innlendum og erlendum vettvangi
- Að fylgjast með framgangi verkefna

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og þekking af verkefnum á sviði mannvirkja eða innan stjórnsýslunnar tengt framkvæmdum
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Tengslanet innan fagsviðsins
- Leiðtogahæfileikar og færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og árangursdrift
- Geta til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Sjálfstæði í vinnu og ögud vinnubrögð

SI

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Mannvirkja stofnun

Íbúðalána sjóður

*Ekki taka gömlum sannleik sem gefnum. Það þarf kjark til að líta hlutina nýjum augum og fá ferska sýn á þá.*

capacent

Vilt þú vera?

# Fjármálastjóri

BRAMMER

Umsóknarfrestur
**17. janúar**

Sæktu um starfið á
**capacent.is**

Brammer á Íslandi óska eftir að ráða öflugan og metnaðarfullan fjármálastjóra til starfa. Um fjölbreytt og krefjandi starf er að ræða í alþjóðlegu umhverfi.

Starfssvið
- Daglegur rekstur og stjórnun
- Fjárstýring, áætlanagerð, eftirfylgni og kostnaðareftirlit
- Ábyrgð á uppgjörum og reikningshaldi
- Greiningar, samantekt upplýsinga og skýrslugerð
- Samskipti við birgja, viðskiptavini og fjármálastofnanir
- Samskipti við móðurfélag

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf í viðskiptafræði, verkfræði eða hagfræði eða önnur sambærileg menntun
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum
- Greiningarhæfni, færni í að taka saman upplýsingar og framsetningu þeirra
- Leiðtogahæfni, færni í samskiptum, frumkvæði og metnaður
- Reynsla af erlendum samskiptum kostur
- Góð íslenska og enskukunnátta, ræðu og riti

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita:
Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is)
Hilmar Garðar Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is)

Brammer er eitt af leiðandi fyrirtækjum í Evrópu sem dreifingaraðili á iðnaðar-rekstarvöru, með yfir 50 ára reynslu. Brammer er þekkt fyrir hágæðavörur og sveigjanlega þjónustu. Framúrskarandi þjónustu okkar ber fyrst og síðast að þakka góðu starfsfólki. Brammer á Íslandi starf-rækir vöruhús á svæði Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði, verslun og söluskrifstofu í Hafnarfirði og skrifstofu í Kópavogi. Brammer er ört stækkandi fyrirtæki á Íslandi með um 45 starfsmenn hérlendis.
**www.brammer.is**
**www.brammer.biz**

*Ekki taka gömlum sannleik sem gefnum. Það þarf kjark til að líta hlutina nýjum augum og fá ferska sýn á þá.*

capacent

## Capacent Ráðningar

Ráðgjafar Capacent búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.
**Kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is**

capacent

Vilt þú vera?

# Verkefnastjóri fag- og kynningarmála

Bandalag háskólamanna

Umsóknarfrestur
**24. janúar**

Sæktu um starfið á
**capacent.is**

Starfssvið
- Umsjón með heimasíðu og samskiptamiðlum BHM
- Skipulagning fræðslu, ráðstefna og kynninga
- Tengsl við fjölmiðla
- Seta í nefndum og ráðum innan og utan BHM
- Umsjón með kynningarefni BHM
- Markaðssetning og tengslamyndum

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Gott vald á íslensku, talaðri og ritaðri auk staðgóðrar kunnáttu í ensku og einu Norðurlandamáli
- Áhugi á stöðu háskólamanna á vinnumarkaði
- Frumkvæði og sjálfstæði í hugsun og vinnubrögðum eru nauðsynlegir eiginleikar
- Lögð er áhersla á lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita:
Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is)
Katrín Ólöf Egilsdóttir (katrin.egilsdottir@capacent.is)

Bandalag háskólamanna var stofnað 23. október 1958 og er heildarsamtök stéttarfélaga háskólamanna. Stéttarfélögin eru flest skipuð einstaklingum einnar fagstéttar þar sem menntun félagsmanna veitir þeim tiltekin starfsréttindi. Félagsmenn innan aðildarfélaga bandalagsins eru háskólamenn sem starfa á öllum sviðum íslenks atvinnulífs jafnt hjá ríki, sveitarfélögum og einkafyrirtækjum. Félögin eru 28 og félagsmenn um 11.000.

*Ekki taka gömlum sannleik sem gefnum. Það þarf kjark til að líta hlutina nýjum augum og fá ferska sýn á þá.*

capacent

PIPAR\TBWA • SÍA • 160044




# STÓRT TÆKIFÆRI Á LITLU KAFFISTOFUNNI

**Olíuverzlun Íslands hf. auglýsir eftir áhugasömum og metnaðarfullum aðila til að taka að sér rekstur Litlu kaffistofunnar.**

Litla kaffistofan er einn þekktasti áningarstaðurinn við þjóðveg eitt, en hún var upphaflega stofnuð 4. júní 1960. Litla kaffistofan er þjónustustöð með veitingar, vörusölu og eldsneyti en við hana eru sjálfsafgreiðsludælur frá Olís. Leitað er eftir aðila sem hefur reynslu af rekstri, með ríka þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Áhugasamir aðilar eru vinsamlegast beðnir um að senda inn umsóknir á **kaffistofan@olis.is** eigi síðar en **26. janúar**.

Olís er eitt af 30 stærstu fyrirtækjum landsins. Markmið fyrirtækisins er að bjóða viðskiptavinum vandaðar og samkeppnishæfar vörur á samkeppnishæfu verði. Á þjónustustöðvum Olís er lögð áhersla á umhverfisvernd, vinalegt andrúmsloft og góða þjónustu.

olís
Vinur við veginn

GER
INNFLUTNINGUR

GER innflutningur, rekstraraðili Húsgagnahallarinnar, Betra Bak og Dorma óskar eftir bílstjórum og lagerstarfsmönnum:

## Bílstjóra og lagerstörf
## 100% VINNA

**Hægt er að hefja störf strax.**

Umsóknir ásamt upplýsingum um umsækjanda sendist á netfangið

**vinna@ger.is**

Starfsferilskrá og meðmæli eru æskileg fylgigögn. Hreint sakavottorð er skilyrði.

Öllum umsóknum svarað.

HÚSGAGNA HÖLLIN · Betra BAK · DORMA Láttu drauminn rætast


# Capacent Ráðningar
Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á **www.capacent.is**

capacent

# Laus störf

## Grunnskóli Seltjarnarness

- Starfsfólk vantar í Skólaskjól / frístund, lengda viðveru fyrir nemendur í 1.-4.bekk, og stuðningsfulltrúa vantar í hlutastörf við skólann.

Upplýsingar veita Ólína Thoroddsen skólastjóri olina@grunnskoli.is og Rut Hellenar ruth@grunnskoli.is forstöðukona Skólaskjóls, sími 595 9200.

Öllum umsóknum ásamt fylgiskjölum skal skilað á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar -undir http://www.seltjarnarnes.is –Störf í boði

**Umsóknarfrestur er til 20. janúar næstkomandi.**

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélaga.

Seltjarnarnesbær    www. seltjarnarnes. is

# Læknir hjá Tryggingastofnun

Tryggingastofnun auglýsir laust til umsóknar starf læknis. Um er að ræða allt að **50%** starf.

### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Læknisfræðilegt mat á umsóknum um örorku lífeyristrygginga
- Ráðgjafi við læknisfræðileg mál svo sem við mat á umsóknum um endurhæfingarlífeyri, bifreiðastyrk og umönnunarmat
- Annað það er kemur að læknisfræðilegu mati varðandi almannatryggingar

### Hæfnikröfur:

- Íslenskt lækningaleyfi og sérfræðileyfi lækninga eru skilyrði
- Góð samskiptafærni nauðsynleg
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Frumkvæði, metnaður og jákvætt viðhorf

**Nánari upplýsingar veita:**

Haraldur Jóhannsson, yfirlæknir í síma 560 4400 og
Hólmfríður Erla Finnsdóttir, mannauðsstjóri í síma 560 4400.

**Umsóknarfrestur er til og með 1. febrúar 2016. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á www.starfatorg.is. Nánari upplýsingar um TR má finna á www.tr.is.**

TRYGGINGASTOFNUN
Laugavegi 114 | 105 Reykjavík | Sími 560 4400

Ímyndunarafl / TR




Össur leitar að metnaðargjörnum, jákvæðum og skipulögðum einstaklingum til að vinna í öflugum hópi okkar. Við leitum að fólki með frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og hæfni í mannlegum samskiptum.

## STJÓRNUN BREYTINGAVERKEFNA

### STARFSSVIÐ:

- Stjórnun alþjóðlegra breytingaverkefna í Business Process teymi
- Leiða breytingar á viðskiptaferlum þvert á deildir
- Verkefnastjórnun
- Stjórnun vinnustofa
- Skráning verkferla og greiningar
- Samvinna við upplýsingatæknideild í vali og breytingum á kerfum

### HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólamenntun
- A.m.k. 7 ára starfsreynsla
- Reynsla af greiningum og frammistöðumælingum
- Reynsla í upplýsingatæknigeiranum
- Leiðtogahæfni
- Mjög góð enskukunnátta

## LÖGFRÆÐINGUR

### STARFSSVIÐ:

- Almenn lögfræðiráðgjöf innan lands og utan
- Skjalagerð og yfirlestur samninga
- Sérverkefni á vegum lögfræðideildar
- Aðstoð við regluvörslu

### HÆFNISKRÖFUR:

- Meistarapróf í lögfræði
- A.m.k. 5 ára reynsla af lögfræðistörfum
- Hæfni til tjáningar í ræðu og riti
- Rík þjónustulund
- Mjög góð enskukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 18. janúar 2016. Sótt er um starfið á vef Össurar, ossur.is/mannaudur. Athugið að velja viðeigandi starf.
Nánari upplýsingar veitir mannauðsdeild í síma 515 1300.

Jafnlaunaúttekt PwC 2014

Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja. Hjá félaginu starfa um 2300 manns í 18 löndum.
Gildi félagsins eru: Heiðarleiki – Hagsýni – Hugrekki.

WWW.OSSUR.COM

Göngudeild geðsviðs

LANDSPÍTALI

## YFIRLÆKNIR

*Starf yfirlæknis er laust til umsóknar. Starfsstöðvar eru við Hringbraut og á Hvítabandi. Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri geðsviðs. Deildin sinnir einstaklingum með alvarlegan geðrænan vanda og tekur við tilvísunum m.a. frá heilsugæslu og bráðaþjónustu geðsviðs. Þangað leita um 2.700 einstaklingar á ári hverju. Áhersla er lögð á teymisvinnu og einstaklingsmiðaða þjónustu.*

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Fagleg ábyrgð
- Fjárhagsleg ábyrgð
- Starfsmannaábyrgð

**Hæfnikröfur**

- Stjórnunarreynsla
- Leiðtogahæfileikar, faglegur metnaður og framúrskarandi samskiptahæfni eru skilyrði
- Reynsla í teymisvinnu skilyrði
- Reynsla í kennslu og vísindavinnu
- Góð þekking á sviði stjórnunar á sjúkrahússtarfsemi
- Víðtæk reynsla af meðhöndlun geðsjúkdóma
- Íslenskt sérfræðileyfi í geðlækningum

Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. mars 2016 eða eftir samkomulagi, til 5 ára í samræmi við stefnu LSH.

Umsókn fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf og reynslu af kennslu-, vísinda- og stjórnunarstörfum, ásamt afriti af helstu ritsmíðum sem umsækjandi hefur ritað eða átt þátt í.

Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, Maríu Einisdóttur, framkvæmdastjóra, Skrifstofa geðsviðs 34A, Landspítali við Hringbraut, 101 Reykjavík.

Umsóknir verða sendar til stöðunefndar lækna hjá Landlæknisembættinu. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim auk mats stöðunefndar á innsendum umsóknargögnum.

Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags. Fullt starf er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2. maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006.

Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Nánari upplýsingar veita María Einisdóttir, framkvæmdastjóri (mariaein@landspitali.is, 543 4077) og Sigríður Hafberg, mannauðsráðgjafi (shafberg@landspitali.is, 543 4453).

Umsóknarfrestur er til og með **26. janúar 2016.**

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*



# Rafmagnsverk-/tæknifræðingur eða arkitekt

ÍSKRAFT óskar eftir að ráða rafmagnsverkfræðing, rafmagnstæknifræðing eða arkitekt. Starfið felur í sér verkefni á lýsingarsviði ÍSKRAFT. Leitað er að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi með framtíðarstarf í huga.

» Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Sala, innkaup, ráðgjöf og þjónusta við viðskiptavini á lýsingarbúnaði, ásamt öðrum tengdum varningi hjá fyrirtækinu
- Samskipti við birgja
- Þjónusta, ráðgjöf og aðstoð við viðskiptavini á úrlausnum tengdum lýsingu og lýsingarhönnun

» Menntunar- og hæfniskröfur:

- Próf í rafmagnsverkfræði, tæknifræði eða arkitektúr
- Góð tölvukunnátta
- Góð þekking á lýsingartækni
- Góð enskukunnátta, í tal- og ritmáli
- Færni í mannlegum samskiptum og þjónustulipurð
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Metnaður og áhugi til að takast á við krefjandi verkefni
- Starfsreynsla æskileg en ekki skilyrði

Umsóknir óskast sendar til ÍSKRAFTS, Smiðjuvegi 5, 200 Kópavogi,
**fyrir 20. janúar 2016.**
Upplýsingar veitir Jón Sverrir Sverrisson, netfang: jon@iskraft.is
Farið er með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsækjendum svarað.

Ískraft er rafiðnaðarheildsala og leiðandi á því sviði á íslenskum markaði. Fyrirtækið hefur starfað síðan 1975. Ískraft rekur 5 starfstöðvar, í Kópavogi, Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi og Reykjanesbæ.

ÍSKRAFT

STÁL & SUÐA

## Stálsmiðir og Rafsuðumenn óskast

Vegna aukinna verkefna óskum við eftir vönum íslenskumælandi stálsmiðum og rafsuðumönnum sem geta unnið sjálfstætt. Eingöngu vanir menn koma til greina.
Stál og Suða ehf. er framsækið fyrirtæki í málmiðnaði sem sinnir fjölbreyttum verkefnum með stóran hóp viðskiptavina.
Áhugasamir sendi umsókn með ferilskrá á netfangið stalogsuda@stalogsuda.is

Gallery Restaurant

## Þjónustustjóri

Gallery Restaurant leitast eftir þjónustustjóra í fullt starf. Starfið felst í að annast viðskiptavini og svara fyrirspurnum varðandi veisluhöld og ýmislegt fleira. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi reynslu af þjónustustörfum og gott vald á íslensku og ensku, talaðri sem ritaðri.

## Þjónar og aðstoð í sal

Gallery Restaurant leitar eftir þjónum og aðstoðarfólki í sal í aukavinnu á kvöldin og um helgar. Reynsla af þjónustustörfum nauðsynleg.

## Barþjónn

Gallery Bar á Holtinu leitar eftir góðum barþjón til þess að sjá um gesti okkar. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi reynslu af barstörfum og einstaka þjónustulund.

Ferilskrá ásamt mynd sendist á umsokn@holt.is
Gallery Restaurant – Hótel Holt.
**www.holt.is**

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Hofsstaðaskóli**
- Leiðbeinandi í tómstundaheimilið Regnbogann

**Leikskólinn Hæðarból**
- Leikskólakennari eða annar uppeldismenntaður starfsmaður

**Leikskólinn Krakkakot**
- Matráður
- Aðstoðarmatráður

**Leikskólinn Sunnhvoll**
- Leikskólakennari eða leiðbeinandi í 50% starf eftir hádegi

**Móaflöt**
- Starfsmaður óskast á kvöld-, helgar- og næturvaktir í skammtímavistun fyrir fötluð börn

Samkvæmt jafnréttisáætlun Garðabæjar eru allir hvattir til að sækja um - karlar jafnt sem konur.

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

## Starfskraftur óskast

Bílaryðvörn Bílshöfða 5, 110 RVK óskar eftir starfskrafti á ryðvarnar verkstæði okkar sem fyrst.

Uppl. ásamt ferilsskrá sendist á jon@bilahollin.is eða í s. 664 8090.

## TÆKNIMAÐUR

Þorgeir & Ellert hf. er gamalgróið málmiðnaðarfyrirtæki með sögu allt aftur til 1928. Starfssemi fyrirtækisins byggir aðallega á tvennu. Annars vegar þjónustu við útgerðir og stóriðjur og hins vegar eigin framleiðslu, svo sem framleiðsla á sjálfvirkum plötufrystum.

Þorgeir & Ellert hf. óskar eftir því að ráða tæknimann til að sinna hönnun og tilboðsgerð fyrir fyrirtækið.

Umsækjandi þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Hafi menntun og starfsreynslu í málmiðnaði.
- Hafi reynslu af notkun AutoCad og Inventor teikniforrita.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar gefur
Ingólfur Árnason framkvæmdastjóri í síma 897-1403.
Umsóknum með ferilskrá skal skilað á netfangið
ingólfur@skaginn3x.com fyrir **29.janúar 2016**

ÞORGEIR & ELLERT HF.

Þorgeir & Ellert hf.
Bakkatúni 26
300 Akranes

## Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

**Leikskólar**
- Leikskólakennari í leikskólann Álfatún

**Grunnskólar**
- Skólaliðar í dægradvöl í Snælandsskóla
- Matráður í Kársnesskóla
- Skólaliði í dægradvöl í Vatnsendaskóla
- Skólaliðar í dægradvöl í Lindaskóla

**Velferðasvið**
- Starfsmenn á heimili fatlaðs fólks

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær
kopavogur.is

[Sérhæfð endurhæfingargeðdeild Kleppi](#)

LANDSPÍTALI

## HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

*Óskum eftir hjúkrunarfræðingi til starfa. Deildin er 10 rúma legudeild sem sinnir meðferð á alvarlega geðsjúkum einstaklingum og fjölskyldum þeirra. Þar dvelja ungmenni á aldrinum 18-30 ára sem eru flest greind með geðrofssjúkdóm og fíknivanda. Markmið endurhæfingar er að endurhæfa skjólstæðingana aftur út í samfélagið. Á deildinni er lögð áhersla að unnið sé samkvæmt gagnreyndri þekkingu og viðurkenndum verklagsferlum. Meðferðarstarf deildar einkennist af teymisvinnu, áherslu á fjölskyldustuðning og batamiðaða þjónustu.*

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Ákveða, skipuleggja og veita hjúkrunarmeðferð í samráði við skjólstæðinga og bera ábyrgð á meðferð samkvæmt starfslýsingu

**Hæfnikröfur**
- Faglegur metnaður og framúrskarandi samskiptahæfni skilyrði
- Reynsla af geðhjúkrun æskileg
- Áhugi á geðhjúkrun og meðferðarstarfi skilyrði
- Íslenskt hjúkrunarleyfi

Starfshlutfall er 80-100% og er starfið laust eftir samkomulagi. Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af prófskírteinum og starfsleyfi.

Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Nánari upplýsingar veita Eydís Kr Sveinbjarnardóttir, deildarstjóri (eydissve@landspitali.is, 543 4219) og Sigríður Hafberg, mannauðsráðgjafi (shafberg@landspitali.is, 543 4453).

Umsóknarfrestur er til og með **25. janúar 2016.**

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*

Göngudeild geðsviðs Kleppi

LANDSPÍTALI

## HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

*Óskum eftir hjúkrunarfræðingi til starfa. Á deildinni er veitt sérhæfð eftirfylgd, meðferð og stuðningur, bæði tímabundið og til lengri tíma, við alvarlega geðsjúka einstaklinga og fjölskyldur þeirra.*

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Byggja upp traust og mynda meðferðarsamband við sjúklinga og aðstandendur
- Skipuleggja og hafa yfirsýn yfir meðferð sjúklinga
- Veita nánustu aðstandendum stuðning
- Skipuleggja útskrift og hafa yfirsýn yfir útskriftarmál sjúklinga í samvinnu við félagsráðgjafa
- Þátttaka í helstu þróunarverkefnum deildar; uppbyggingu teymisvinnu, innleiðing fjölskylduvænrar þjónustu göngudeildar í anda batastefnu og innleiðingu lífsgæðahópa

**Hæfnikröfur**
- Faglegur metnaður og framúrskarandi samskiptahæfni skilyrði
- Reynsla af geðhjúkrun æskileg
- Áhugi á geðhjúkrun skilyrði
- Íslenskt hjúkrunarleyfi

Starfshlutfall er 80% og er starfið laust eftir samkomulagi.

Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af prófskírteinum og starfsleyfi.

Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Nánari upplýsingar veita Eydís Kr Sveinbjarnardóttir, deildarstjóri (eydissve@landspitali.is, 543 4219) og Sigríður Hafberg, mannauðsráðgjafi (shafberg@landspitali.is, 543 4453).

Umsóknarfrestur er til og með **25. janúar 2016.**

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*

## RÁÐGJÖF
- Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs

## RÁÐNINGAR
- Réttir starfsmenn í réttum hlutverkum ræður mestu um árangur fyrirtækja

## RANNSÓKNIR
- Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

**Endurhæfingardeild Grensási**

LANDSPÍTALI

## HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

*Við leitum eftir drífandi hjúkrunarfræðingi til að ganga til liðs við okkur á endurhæfingardeild sem staðsett er á 2. hæð Grensási. Deildin er 24 rúma og fer þar fram sólarhringsþjónusta við fjölbreyttan hóp sjúklinga sem eiga það sameiginlegt að hafa tapað færni, tímabundið eða varanlega vegna slysa eða veikinda. Á deildina koma fyrst og fremst sjúklingar frá öðrum deildum Landspítala.*

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Skipulagning einstaklingshæfðar hjúkrunarmeðferðar endurhæfingarsjúklinga
- Þátttaka í þvegfaglegri teymisvinnu
- Fræðsla til sjúklinga og aðstandenda
- Þátttaka í þverfaglegum faghópum

**Hæfnikröfur**

- Faglegur metnaður og ábyrgð í starfi
- Hæfni og áhugi á teymis- og verkefnavinnu
- Sjálfstæði, frumkvæði og lausnamiðuð nálgun
- Jákvætt viðhorf og samskiptahæfileikar
- Íslenskt hjúkrunarleyfi

Unnið er á þrískiptum vöktum og vinnuhlutfall er samkomulagsatriði. Starfið veitist frá 1. febrúar 2016 eða eftir nánara samkomulagi.

Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af prófskírteinum og starfsleyfi.

Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf".

Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Nánari upplýsingar veita Sigríður Guðmundsdóttir, deildarstjóri (siggud@landspitali.is, 824 5291) og Bára Benediktsdóttir, mannauðsráðgjafi (baraben@landspitali.is, 824 59096120).

Umsóknarfrestur er til og með **25. janúar 2016.**

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*

**Skemmtileg atvinna í boði á skemmtilegasta vinnustað landsins**

DV óskar eftir góðu og jákvæðu símasölufólki

- Söluhæfileikar eru mjög mikilvægir
- Ófeimin/n að tala við fólk í gegnum síma
- Reynsla af svipuðum störfum er kostur

*Laun eru árangurstengd. Góð laun í boði fyrir góðan og duglegan sölumann.*




**Svæfinga- og gjörgæslulækningar**

LANDSPÍTALI

## SÉRFRÆÐILÆKNIR

*Laust er til umsóknar starf sérfræðilæknis í svæfinga- og gjörgæslulækningum. Starfsvettvangur innan spítalans verður fyrst og fremst við Hringbraut.*

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Sérfræðistörf í samráði við yfirlækna sérgreinarinnar, s.s. vinna á skurðstofum, gjörgæslu, móttöku, við svæfingar á útstöðvum sjúkrahússins, bráðameðferð og meðhöndlun bráðra og langvinnra verkja
- Þátttaka í bakvöktum og bundnum staðarvöktum samkvæmt vaktafyrirkomulagi sérgreinarinnar
- Þátttaka í kennslu og vísindavinnu í samráði við yfirlækna og prófessor

**Hæfnikröfur**

- Reynsla í kennslu og vísindavinnu er æskileg en ekki skilyrði
- Vilji til frekari sérhæfingar í samráði við yfirlækna deildar
- Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum
- Frekari viðbótarnám í svæfinga- og gjörgæslulækningum er æskilegt en ekki skilyrði (t.d. hjartasvæfingar, barnasvæfingar, gjörgæslulækningar)
- Íslenskt sérfræðileyfi í svæfinga- og gjörgæslulækningum

Starfshlutfall er 100%. Starfið er laust nú þegar eða eftir nánara samkomulagi.

Umsókn skulu fylgja vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.

Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, LSH skrifstofa aðgerðasviðs, 10C Fossvogi. Mat stöðunefndar læknaráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða við umsækjendur og ákvörðun um ráðningu í starfið byggir einnig á þeim.

Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags. Fullt starf er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2. maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Nánari upplýsingar veita Gísli Vigfússon, yfirlæknir (gislivig@landspitali.is, 825 3542) og Alma Dagbjört Möller, framkvæmdastjóri (almam@landspitali.is, 824 5824).

Umsóknarfrestur er til og með **1. febrúar 2016.**

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*

Vinakot

## Vinakot leitar að öflugu starfsfólki

Vinakot ehf. rekur skammtíma- og langtíma búsetu fyrir börn og unglinga með fjölþættan vanda. Um þessar mundir leitar Vinakot að öflugu starfsfólki í framtíðarstarf í nýtt úrræði. Um er að ræða vaktavinnu með ungling með fjölþættan vanda.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Hvetja og styðja þjónustuþega til sjálfstæðis og virkni
- Umönnun, eftirlit og félagslegur stuðningur
- Fyrirmynd fyrir þjónustuþega
- Almennt heimilishald
- Þátttaka í einstaklingsáætlunum og teymisvinnu

**Hæfniskröfur**

- 20 ára eða eldri
- Áhugi og metnaður fyrir að starfa með unglingum með fjölþættan vanda
- Menntun sem nýtist í starfi er æskileg
- Reynsla af því að starfa með fólki er æskileg
- Þekking á einhverfu er æskileg
- Sveigjanleiki og færni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að takast á við óvæntar aðstæður
- Frumkvæði, jákvæðni og áhugasemi í starfi
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Hreint sakavottorð í samræmi við lög

Bæði kynin eru hvött til að sækja um starfið.

Starfshlutfall 30-80 %

**Umsóknarfrestur er til 10.janúar 2016** og umsækjendur þurfa að geta hafið störf eigi síður en 15.janúar 2016.

Upplýsingar gefur Ásdís Sigurjónsdóttir, deildarstjóri og þroskaþjálfi, á netfangið asdis@vinakot.is og í síma 659-3751

Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á starf@vinakot.is

ráðum ráðningarstofa

Þarftu að ráða starfsmann?

**Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.**
**Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.**

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

**HITASTÝRING hf.**
Ármúla 16 108 Reykjavík Sími: 552-2222

*Hitastýring hf. er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu, uppsetningu og þjónustu á hita- og loftræstikerfum, kælikerfum fyrir gagnaver, tölvu og tæknirými, rakakerfum, hússtjórnar-kerfum og ýmiskonar iðnaðarsjálfvirkni.*

## Óskum eftir að ráða
## Rafvirkja

**Starfssvið:**
- Reglubundið eftirlit loftræsti- og kælikerfa
- Uppsetning á loftræsti- og kælikerfum
- Viðhald og þjónusta

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun á sviði kælitækni og/eða rafvirkjunar
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Almenn tölvukunnátta

**Nánari upplýsingar gefur Helgi Sverrisson**
**sími: 552-2222 netfang: helgi@hitastyring.is**

# Húsvörður

Húsfélagið Þorragötu 5-9, 101 Reykjavík óskar að ráða húsvörð til starfa. Starfinu fylgir 60 m² íbúð og er búseta þar skilyrði. Um er að ræða fjölbýli fyrir eldri borgara með 38 íbúðum.

Leitað er að einstaklingi sem er reyklaus, þjónustulundaður, traustur, samviskusamur, lipur í samskiptum og handlaginn. Starfið getur einnig hentað samhentum hjónum.

Helstu verkefni eru umsjón með fasteigninni, þrif, umhirða lóðar, minniháttar viðhald, umsjón með verktökum, aðstoð við íbúa hússins og önnur tilfallandi störf.

**Starfið er laust frá og með 1. mars 2016.**

Umsókn fylgi mynd, ferilskrá og meðmæli. Trúnaði heitið.

Umsóknum ásamt fylgigögnum skal skilað í pósti til Húsfélagsins Þorragötu 5-9, Þorragötu 7, 101 Reykjavík eða rafrænt á netfangið thorragata.5.9@gmail.com fyrir 26. janúar 2016.

## Húsvörður óskast

Okkur vantar húsvörð
í Laugardalshöll

Óskum eftir að ráða öflugan húsvörð í fullt starf. Vinnutími er 12 tíma vaktir og er unnið eftir vinnukerfi 2-2-3 auk tilfallandi aukavinnu.

Starfsemi Laugardalshallar er lifandi og fjölbreytt allt árið. Áhugasamir sendi umsókn fyrir 25. janúar 2016 ásamt ferilskrá á tölvupóst ish@ish.is

Nánari upplýsingar er að finna á forsíðu Laugardalshallar www.ish.is - Laus störf -

LAUGARDALSHÖLLIN

**Dagdeild öldrunar Landakoti**

LANDSPÍTALI

# HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

*Starf hjúkrunarfræðings á dagdeild öldrunar á Landakoti er laust til umsóknar.*

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Ákveða, skipuleggja og veita hjúkrunarmeðferð í samráði við skjólstæðinga og bera ábyrgð á meðferð samkvæmt starfslýsingu
- Skipuleggja og veita fræðslu til sjúklinga og aðstandenda
- Þátttaka í teymisvinnu

**Hæfnikröfur**
- Reynsla og áhugi á hjúkrun aldraðra
- Góð samskiptahæfni
- Faglegur metnaður
- Íslenskt hjúkrunarleyfi

Starfshlutfall er 80-100% og veitist starfið frá 1. febrúar 2016 eða eftir samkomulagi. Unnið er í dagvinnu.

Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af prófskírteinum og starfsleyfi.

Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttar-félags. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf“.

Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Nánari upplýsingar veita Herdís Herbertsdóttir, deildarstjóri (herdish@landspitali.is, 543 9878) og Sigurveig B Björgvinsdóttir, hjúkrunarfræðingur (sigurvb@landspitali.is, 543 6120).

Umsóknarfrestur er til og með **25. janúar 2016.**

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*

**Bráðaþjónusta geðsviðs**

LANDSPÍTALI

# SÉRFRÆÐILÆKNIR

*Laust er til umsóknar starf sérfræðilæknis á bráðaþjónustu geðsviðs. Deildin sinnir einstaklingum sem eiga við bráða geðræna erfiðleika að stríða. Þar er veitt móttaka og meðferð við bráðavanda. Um 5.300 komur eru á deildina á ári hverju. Áhersla er lögð á teymisvinnu og einstaklingsmiðaða þjónustu.*

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Vinna á bráðaþjónustu geðsviðs
- Þátttaka í vaktþjónustu geðlækna
- Samráðskvaðningar á aðrar deildir Landspítala
- Þátttaka í kennslu og rannsóknarstarfi

**Hæfnikröfur**
- Góðir samskiptahæfileikar og jákvæðni
- Faglegur metnaður og ábyrgð í starfi
- Góð reynsla og hæfileiki til að vinna í teymi
- Breið þekking og reynsla í geðlækningum
- Reynsla í kennslu og rannsóknarvinnu
- Íslenskt sérfræðileyfi í geðlækningum

Starfshlutfall er 100% og er starfið laust frá 1. mars 2016 eða eftir samkomulagi.

Umsókn fylgi vottfestar upplýs-ingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sér-prentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað. Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, Maríu Einisdóttur, framkvæmdastjóra, HB-34A.

Mat stöðunefndar læknaráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða við umsækjendur og ákvörðun um ráðningu í starfið byggir einnig á þeim.

Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags. Fullt starf er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2. maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Nánari upplýsingar veita María Einisdóttir, framkvæmdastjóri (mariaein@landspitali.is, 543 4077) og Sigríður Hafberg, mannauðsráðgjafi (shafberg@landspitali.is, 543 4453).

Umsóknarfrestur er til og með **26. janúar 2016.**

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*

# REKSTRARSTJÓRI

**Ferðbúinn ehf. leitar að öflugum aðila í stöðu rekstrarstjóra skáta-miðstöðvarinnar Hraunbyrgis og tengdri ferðaþjónustu. Leitað er að kraftmiklum og sjálfstæðum aðila. Um er að ræða 70-100% starfshlut-fall. Gert er ráð fyrir að rekstrarstjóri geti hafið störf fljótlega.**

**HELSTU VERKEFNI:**
- Ábyrgð á daglegum rekstri fyrirtækisins.
- Færsla bókhalds og samningagerð.
- Markaðsmál.
- Umsjón starfsmannamála farfuglaheimilisins.
- Samskipti við opinbera aðila vegna skátastarfs.
- Alþjóðleg verkefni.
- Önnur tilfallandi verkefni.

**HÆFNISKRÖFUR:**
- Menntun sem nýtist í starfi.
- Góð bókhaldskunnátta.
- Reynsla af rekstri fyrirtækja eða deilda.
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta í rituðu og töluðu máli.
- Önnur tungumálakunnátta er kostur.
- Reynsla af ferðaþjónustu og markaðsmálum er mikill kostur.
- Frumkvæði, skipulags- og samskiptahæfni.
- Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi bílpróf og bíl til umráða.

Skátafélagið Hraunbúar var stofnað árið 1925 og er því eitt af elstu skátafélögum landsins. Skátastarf í Hafnarfirði á sér langa og óslitna sögu en Hraunbúar hafa löngum verið eitt öflugasta félag landsins. Skátafélagið Hraunbúar er með aðstöðu í Hraunbyrgi og er aðstaðan ein sú glæsilegasta sem skátafélag hefur á Íslandi. Tengd ferðaþjónusta er farfuglaheimilið Lava Hostel sem nýtur mikilla vinsælda sem hagkvæmur og vinalegur gistikostur.

HRAUNBÚAR HAFNARFIRÐI

**UMSÓKNARFRESTUR**
til og með 17. janúar nk.

**SÆKJA UM:**
Starfsumsókn skal berast á netfangið starf@hraunbuar.is og skal henni fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gert er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi. Fyrirspurnir skulu berast á sama netfang.

# SÖLUFÓLK Í VERSLUN **FULLT STARF**

**Ert þú eldhress, drífandi og með ríka þjónustulund?**
**Þá ert þú starfskrafturinn sem við viljum vinna með.**
**Aðalverkefnin eru ráðgjöf, sala og þjónusta við viðskiptavini ásamt vöruframsetningu.**

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af verslunarstörfum
- Nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Brennandi áhugi á sölumennsku
- Þolinmæði, stundvísi og skipulagshæfileikar

Sótt er um á
byggtogbuið.is/starfsumsokn

**byggtogbúið**

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

---

**Fasteignadeild rekstrarsviðs**

LANDSPÍTALI

## VERKEFNASTJÓRI

*Verkefnastjóri óskast til starfa. Deildin sér um rekstur fasteigna og lóða Landspítala og annast breytingar og viðhald á húseignum og húskerfum spítalans. Þar er einnig unnið að skipulags- og þróunarmálum, skipulagi nýbygginga, meiri háttar breytingum á húsnæði og stefnumörkun í fasteignamálum með það að markmiði að skapa sem besta aðstöðu á sem hagkvæmastan hátt.*

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Skipulagning á nýtingu núverandi húsnæðis spítalans
- Verkefnastjórnun, áætlanagerð og stýring verkefna á hönnunar- og framkvæmdastigi
- Samskipti við byggingaryfirvöld, ytri eftirlitsaðila, ráðgjafa, notendur og verktaka
- Skipulagning og stjórnun vinnustofa með notendum
- Þátttaka í stöðugum umbótum deildarinnar
- Þátttaka í undirbúningi nýbygginga Landspítala

**Hæfnikröfur**

- Menntun og reynsla af stjórnun verkefna er kostur
- Sjálfstæði, frumkvæði og lausnamiðuð nálgun
- Faglegur metnaður og framúrskarandi samskiptahæfni
- Hæfni og geta til að starfa í teymi
- Hæfni til tjáningar í ræðu og riti
- Háskólapróf í verkfræði, arkitektúr eða sambærileg menntun

Starfshlutfall er 100% og er starfið laust nú þegar eða eftir samkomulagi.

Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af prófskírteinum og starfsleyfi.

Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Nánari upplýsingar veita Aðalsteinn Pálsson, deildarstjóri (adalstei@landspitali.is, 543 1504) og Viktor Ellertsson, mannauðsráðgjafi (viktore@landspitali.is, 843 1517).

Umsóknarfrestur er til og með
**25. janúar 2016.**

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*

---

**Fasteignadeild rekstrarsviðs**

LANDSPÍTALI

## PÍPULAGNINGAMAÐUR

*Pípulagningamaður óskast til starfa. Landspítali er með 140 þúsund m2 húsnæði á fjölmörgum stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Húsnæðið er mjög breytilegt, allt frá skrifstofuhúsnæði yfir í sérhæfð rými sem hvergi eru nema á sjúkrastofnunum og sumt er komið til ára sinna. Á Landspítala eru mörg tæknikerfi, allt frá almennum húskerfum yfir í sérhæfð kerfi fyrir sjúkrastofnanir. Fasteignadeild sér um viðhald alls húsnæðisins auk þess að vinna að margs konar breytingum. Verkefnin eru því fjölbreytt og krefjandi og oft unnin við aðstæður sem markast af þeirri þjónustu sem Landspítali veitir.*

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Ber ábyrgð á ákveðnum málaflokkum í viðhaldi og rekstri lagnakerfa sjúkrahússins í samráði við verkstjóra
- Sinnir almennu viðhaldi og eftirliti lagnakerfa ásamt breytingum og nýjum lögnum

**Hæfnikröfur**

- Drifkraftur og vandvirkni
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Geta sinnt daglegri stjórn samstarfsmanna í samstarfi við verkstjóra
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Góð tölvukunnátta er kostur
- Sveinspróf í pípulögnum
- Meistararéttindi í pípulögnum æskileg

Starfshlutfall er 100% og er starfið laust nú þegar eða eftir samkomulagi. Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af prófskírteinum og starfsleyfi.

Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Nánari upplýsingar veita Valur Sveinbjörnsson, rekstrarstjóri (valurs@landspitali.is, 543 5274) og Viktor Ellertsson, mannauðsráðgjafi (viktore@landspitali.is, 843 1517).

Umsóknarfrestur er til og með
**25. janúar 2016.**

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*

---

*HÖFÐI hjúkrunar- og dvalarheimili*

## Hjúkrunarforstjóri

Hjúkrunar- og dvalarheimilið Höfði á Akranesi auglýsir stöðu hjúkrunarforstjóra lausa til umsóknar.
Á Höfða eru 75 íbúar, 56 í hjúkrunarrýmum og 19 í dvalarrýmum. Nánari upplýsingar um heimilið er á heimasíðu þess **www.dvalarheimili.is.**

Hjúkrunarforstjóri hefur faglega forustu og ábyrgð á sviði hjúkrunar og umönnunar á heimilinu.
Stjórnar faglegri þróun, rekstri og starfsmannahaldi heimilisins á sviði hjúkrunar og umönnunar.

**Menntunar- og hæfnikröfur:**
Gerð er krafa um íslenskt hjúkrunarleyfi.
Framhaldsmenntun í stjórnun og rekstri æskileg.
Góð tölvukunnátta áskilin.
Reynsla og þekking á rekstri og stjórnun á sviði öldrunarmála er æskileg.
Framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum er áskilin sem og hæfni til að vinna sjálfstætt og skipulega.
Leitað er að einstaklingi með áhuga á öldrunarmálum og vilja til að takast á við krefjandi verkefni.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og launanefndar sveitarfélaga.

**Umsóknarfrestur er til og með 18. janúar 2016.**

Nánari upplýsingar um stöðu hjúkrunarforstjóra veitir:
Kjartan Kjartansson framkvæmdastjóri, sími 856-4302
netfang: **kjartan@dvalarheimili.is**

Umsókn og ferilskrá ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið sendist á netfangið kjartan@dvalarheimili.is. Umsókn má einnig senda til framkvæmdastjóra Höfða, Sólmundarhöfða 5, 300 Akranesi. **Öllum umsóknum verður svarað.**

---

## TÆKNIMAÐUR SELFOSS

VEGAGERÐIN

**Laust er starf tæknimanns í tæknideild Vegagerðarinnar á Selfossi. Um 100% starf er að ræða. Með tilliti til aldurssamsetningar starfsmanna Vegagerðarinnar er gjarnan tekið við umsóknum frá yngra fólki með nýleg próf.**

**Starfssvið**
- Áætlanagerð viðhalds- og framkvæmdaverka
- Gerð útboðslýsinga og kostnaðaráætlana
- Hönnun smærri verka
- Ýmis stjórnsýsla og samráð við hagsmunaaðila vegna framkvæmda
- Eftirlit með framkvæmdum ásamt tæknilegu og fjárhagslegu uppgjöri
- Eftirlit með klæðingaryfirlögnum ásamt tæknilegu og fjárhagslegu uppgjöri
- Skáningar í gagnabanka að loknum framkvæmdum

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf í verk- eða tæknifræði
- Reynsla af ámóta störfum er kostur
- Góð íslenskukunnátta
- Góð tölvukunnátta
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Hæfni í mannlegum samskiptum

**Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum og í samræmi við jafnréttisáætlun Vegagerðarinnar eru konur með tilskildar hæfniskröfur sérstaklega hvattar til að sækja um starfið.**

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til 18. janúar 2016. Umsóknir berist mannauðsstjóra netfang oth@vegagerdin.is
Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem óskað er eftir, þar með talin menntunar- og starfsferilsskrá.

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Svanur G Bjarnason svæðisstjóri Suðursvæðis í síma 522 1310, og
Erlingur Jensson deildarstjóri tæknideildar í síma 522 1330.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

# SOUS CHEF

## Tapasbarinn sækist eftir öflugum Sous Chef

**Við leitum að metnaðarfullum lærðum matreiðslumanni með ástríðu fyrir matargerð.**

Viðkomandi þarf að vera jákvæður, vinna vel í hóp og undir álagi og það er kostur að hafa reynslu af stjórnunarstörfum.

Í boði er vinna í skemmtilegum hópi og líflegu umhverfi með miklum möguleika á að vaxa í starfi.

**Nánari upplýsingar eru veittar í síma 895 7350**

**Ef þú vilt slást í hópinn sendu ferilskrá á bjarki@tapas.is fyrir 24. janúar 2016.**

Tapas RESTAURANT- BAR

Vesturgötu 3B | 101 Reykjavík | Sími 551 2344 | **www.tapas.is**

Sveitarfélagið ÁRBORG

## Talmeinafræðingur
### hjá skólaþjónustu Árborgar

Um er að ræða tímabundið 100% starf í 12 mánuði vegna fæðingarorlofs. Ráðning er frá 1. apríl 2016 eða eftir samkomulagi. Til greina kemur að fleiri en einn talmeinafræðingur skipti starfinu á milli sín. Í Sveitarfélaginu Árborg eru tæplega 1800 nemendur í fimm leikskólum og þremur grunnskólum. Unnið er að styrkingu á heildstæðri, þverfaglegri nærþjónustu við börn, foreldra og skóla. Áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun og eflingu skólastarfs í anda lærdómssamfélagsins.

**Helstu verkefni og menntunarkröfur**
Verkefni á sviði talmeina- og málþroskavandamála hjá börnum. Einnig vinna við skimanir, málþroskagreiningar, ráðgjöf, fræðslu og talþjálfun. Samstarf m.a. við starfsfólk skólaþjónustu, kennara og foreldra, jafnframt við starfandi talmeinafræðinga á stofu á Selfossi sem sinna einnig talþjálfun barna. Við leitum að talmeinafræðingi sem býr yfir góðri hæfni í mannlegum samskiptum, reynslu og menntun sem nýtist í starfi.

**Upplýsingar** veitir Þorsteinn Hjartarson, fræðslustjóri, sími 480-1900, 852-3918 og thorsteinnhj@arborg.is. Áhugasamir geta sent tölvupóst á skolathjonusta@arborg.is eða póst á fræðslusvið Árborgar, Austurvegi 2, 800 Selfoss. Umsóknarfrestur er til 12. febrúar 2016. Starfið hæfir jafnt körlum sem konum. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags og Launanefndar sveitarfélaga.

HEILSUGÆSLAN



## Svæðisstjórar heilsugæslustöðva

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laus til umsóknar störf svæðisstjóra þriggja heilsugæslustöðva.

Um er að ræða starf svæðisstjóra Heilsugæslunnar Garðabæ, Árbæ og Mosfellsumdæmis. Svæðisstjóri mun jafnframt gegna samhliða starfi fagstjóra hjúkrunar eða fagstjóra lækninga samkvæmt nýju skipulagi. Um er að ræða ábyrgðarmikið og krefjandi starf sem reynir á frumkvæði, stefnumótandi hugsun og samskiptahæfileika.

**Umsóknarfrestur er til og með 1. febrúar 2016.**

Heilsugæslan á að vera fyrsti viðkomustaður í heilbrigðisþjónustunni þar sem ólíkum þörfum notenda er mætt og þeim leiðbeint yfir í önnur kerfi heilbrigðisþjónustunnar eftir því sem þörf er á.

Flóknari vandamál, þörf fyrir fjölbreyttari úrræði og skortur á sérhæfðu starfsfólki kallar á nýja nálgun í starfsemi heilsugæslustöðva.

Hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er hafin breyting á skipulagi og rekstri heilsugæslustöðva sem miðar að því að auka þjónustu við notendur, nýta betur fjármuni og að bæta vinnuumhverfi starfsmanna.

Til að gera þjónustuna markvissari verður teymisvinna grunnstef í starfsemi stöðva, ásamt innleiðingu aðferða straumlínustjórnunar. Þverfagleg teymi heilbrigðisstarfsfólks munu auðvelda stöðvum að taka á flóknum vandamálum með fjölbreyttum úrræðum.

Í breyttu skipulagi mun starfsfólk fá aukið sjálfstæði til að móta starfsemina og til að útfæra þjónustu sem mætir þörfum íbúa og uppfyllir um leið kröfur um árangur samkvæmt mælingum og mati.

### *Helstu verkefni og ábyrgð:*

- Ber ábyrgð á rekstri heilsugæslustöðvar gagnvart framkvæmdastjórn
- Skipuleggur heilsugæsluþjónustu í umdæmi stöðvar
- Þróar nýjungar og vinnur að breytingum í starfsemi
- Mótar, innleiðir og endurskoðar verkferla
- Byggir upp og styður við teymisvinnu og þverfaglegt samstarf
- Stuðlar að góðri vinnustaðamenningu
- Stuðlar að gæðaþróun og árangursmati í starfi stöðvar
- Tekur þátt í gerð áætlana varðandi rekstur, þjónustu og áherslur í starfsemi stöðvar
- Er faglegur yfirmaður á sínu sviði og sinnir klínísku starfi eins og aðstæður leyfa

### *Hæfnikröfur:*

- Heimilislæknir eða hjúkrunarfræðingur með framhaldsmenntun og/eða reynslu af stjórnun
- Reynsla af starfi í heilsugæslu
- Þekking, reynsla og hæfni á sviði stjórnunar
- Reynsla af þróunarstarfi og breytingastjórnun æskileg
- Nám í stjórnun æskilegt
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogahæfni og metnaður til að ná árangri í starfi
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt

### *Aðrir eiginleikar:*

- Vilji til að veita framúrskarandi þjónustu og efla heilbrigði íbúa svæðisins
- Áhugi og hæfni til að leiða þverfaglegt starf heilsugæslunnar
- Áhugi og hæfni til að nýta aðferðafræði straumlínustjórnunar
- Vilji til að skapa gott starfsumhverfi

### *Nánari upplýsingar:*

- Starfshlutfall er 100% og verður ráðið í starfið til 5 ára frá og með 1. maí 2016 eða eftir nánara samkomulagi.
- Upplýsingar veitir Svanhvít Jakobsdóttir, forstjóri í síma 585-1300, eða í gegnum tölvupóst svanhvit.jakobsdottir@heilsugaeslan.is
- Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.
- Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

PORT hönnun

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknir, ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar, skulu berast Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins rafrænt. Umsóknum fylgi staðfestar upplýsingar um menntun, fyrri störf og reynslu.

Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, til Svövu K. Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík. Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningar í störf. Sækja skal um á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is) undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

**Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun**

ráðum
ráðningarstofa

# Þarftu að ráða starfsmann?

**Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.**
**Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.**

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

## Staða forstöðumanns við félagsmiðstöðina Dimmu laus til umsóknar

**Félagsmiðstöðin Dimma** er staðsett í Vatnsendaskóla í Kópavogi. Félagsmiðstöðin er starfrækt fyrir börn og unglinga á aldrinum 10 til 15 ára (6. til 10. bekkur). Félagsmiðstöðin vinnur á vettvangi frítímans í nánu samstarfi við stjórnendur grunnskóla, foreldra og önnur frístundaúrræði í bænum. Leitað er að stjórnanda sem veitir faglega forystu og býr yfir hæfni til að skipuleggja krefjandi frístundastarf.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði félags- og tómstunda og/eða uppeldis- og menntunarfræða skilyrði
- Reynsla af störfum með börnum/unglingum er skilyrði
- Reynsla af rekstri og stjórnun sem nýtist í starfi er æskileg
- Reynsla af verkefna- og viðburðastjórnun er æskileg
- Gerð er krafa um góða hæfni í mannlegum samskiptum

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar veita Linda Udengaard, deildarstjóri frístunda- og forvarnadeildar, í **linda@kopavogur.is** og Arna Margrét Erlingsdóttir, verkefnastjóri í **arnam@kopavogur.is**, eða í síma 570 1500.

Umsóknum skal skila með ferilskrá á umsóknavef á heimasíðu bæjarins, **www.kopavogur.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 24. janúar 2016**.

Kópavogsbær

kopavogur.is

## Uppgjörsvinna.

Endurskoðunarskrifstofa í Kópavogi auglýsir eftir uppgjörsaðila. Hlutastarf kemur einnig til greina. Um er að ræða almenna uppgjörsvinnu, þ.e. gerð ársreikninga og skattframtala, ásamt bókhaldsstörfum, vsk-uppgjörum, skattskilum o.fl. Reynsla af uppgjörsvinnu skilyrði. Umsóknir sendist á box@frett.is merktar:„Uppgjör-0901".

## Lagerstarf hjá Imtex

**Imtex óskar eftir duglegum og drífandi starfsmanni í hlutastarf. Í starfinu felst tiltekt pantana, útkeyrsla og annað sem til fellur. Unnið er 1 til 2 daga í viku og aðra hverja helgi. Tilvalin vinna fyrir skólafólk.**

**Áhugasamir sendi umsókn merkta „Lagerstarf" á starf@10-11.is.**

imtex warehouse

Klettagarðar 6
104 Reykjavík

## læknar óskast til starfa

Þjónustumiðstöð rannsóknaverkefna óskar eftir læknum til starfa við framkvæmd klínískra rannsókna Íslenskrar erfðagreiningar og samstarfsaðila.



### starfið

- Við leitum að læknum með almenna reynslu
- Um er að ræða umsjón með rannsóknum sem fela í sér ítarlegar heilsufarsmælingar á þátttakendum
- Virk þátttaka í rannsóknarvinnu er möguleg en ekki skilyrði
- Gert er ráð fyrir viðveru læknis 8 til 19 virka daga og einstaka laugardaga
- Starfshlutfall er samkvæmt samkomulagi

Umsóknir sendist á *rannsokn@rannsokn.is* eigi síðar en **24. janúar 2016**

**Frekari upplýsingar veitir** Hilma Hólm í síma 570-1900

ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ RANNSÓKNAVERKEFNA

**Þjónustumiðstöð rannsóknaverkefna** (*www.rannsokn.is*) er sjálfseignarstofnun. Hlutverk hennar er að sjá um klíníska hluta erfðafræðirannsókna Íslenskrar erfðagreiningar og samstarfsaðila innan íslenska heilbrigðiskerfisins. Starfsmenn annast öll samskipti við þátttakendur í rannsóknum í umboði ábyrgðaraðila einstakra rannsókna.

## Staða leikskólastjóra í Undralandi á Flúðum

**Í Hrunamannahreppi er laus staða leiksskólastjóra leikskólans Undralands. Leikskólinn er staðsettur í þéttbýliskjarnanum á Flúðum.**

**Óskað er eftir metnaðarfullum og áhugasömum leiðtoga.**

**Starfssvið**

- Stjórn og ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri leikskólans.
- Faglег forysta og forysta í samstarfi við foreldra og grenndarsamfélag.
- Stjórnun og ráðning starfsfólks.
- Vinna að framvindu og þróun í starfi leikskólans.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Leikskólakennaramenntun.
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar æskileg.
- Reynsla af stjórnun leikskóla mjög æskileg.
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í starfi ásamt skipulagshæfni.
- Hæfni og lipurð í mannlegum samskiptum.

Í leikskólanum Undralandi eru að jafnaði við nám 35-40 nemendur í þremur deildum. Sjá nánar á http://www.undraland.is.

Í Hrunamannahreppi búa um 800 íbúar og þar af býr um helmingur í þéttbýlinu á Flúðum. Öflug atvinnustarfsemi er í sveitarfélaginu og blómlegt mannlíf. Grunnskóli, sundlaug, bókasafn og önnur stoðþjónusta er til staðar í þéttbýlinu á Flúðum. Stutt er í helstu ferðamannastaði og náttúruperlur á Suðurlandi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ fyrir hönd Félags stjórnenda leikskóla.

Umsóknarfrestur er til 26. janúar n.k. en æskilegt er að starfsmaðurinn geti hafið störf eigi síðar en 1. apríl nk. eða eftir samkomulagi. Með umsókn skal fylgja starfsferilsskrá ásamt kynningarbréfi þar sem tilgreindar eru ástæður umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknum og fylgigögnum skal skilað á skrifstofu Hrunamannahrepps, Akurgerði 6, 845 Flúðir eða á netfangið hruni@fludir.is

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri í síma 480-6600 eða á netfangið jon@fludir.is.

KONE Dedicated to People Flow

## Hefurðu góða þekkingu á vélbúnaði og rafmagnsbúnaði?

KONE ehf. óskar eftir góðum liðsfélaga til starfa við þjónustueftirlit og viðgerðir á lyftum og rennistigum.

Við leitum að einstaklingi sem hefur gaman af því að þjónusta viðskiptavini okkar, er vandvirkur og getur unnið sjálfstætt.

Umsókn með upplýsingum um menntun og fyrri störf skal senda á koneisland@kone.com



## MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRI

**Vantar starfsmenn í sumarafleysingar við eldsneytisáfyllingar á flugvélar á Keflavíkurflugvelli**

Vaktavinna. Viðkomandi þarf að hafa meirapróf og trailer réttindi. Hreint sakavottorð er skilyrði.

**Upplýsingar veitir Helgi í síma 425-0752 og helgi@eak.is**

**Eldsneytisafgreiðslan á Keflavíkurflugvelli**

EAK ehf.
Aviation Fuel Service– Keflavík Airport Iceland

Kjötafurðastöð KS á Sauðárkrók óskar eftir að ráða til sín öflugan og vanan starfsmann í úrbeiningu og slátrun.
Nánari upplýsingar veitir Edda í síma 455 4588
eða sendið fyrirspurnir á netfang edda.thordardottir@ks.is

Kjötafurðastöð KS in Sauðárkrókur is looking for hard-working and experienced worker, both as a deboner and as a butcher.
Further information is given by Edda in Tel. 455 4588 or by an email at edda.thordardottir@ks.is

KJÖTAFURÐASTÖÐ KS
Eyrarvegi 20 550 Sauðárkrókur Iceland

MOSFELLSBÆR

# Ert þú góður mannauðsstjóri?

***Þá erum við að leita að þér.***

### STARF MANNAUÐSSTJÓRA MOSFELLSBÆJAR ER LAUST TIL UMSÓKNAR.

Mosfellsbær er öflugt og framsækið sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.

Mannauðsstjóri hefur yfirumsjón með stefnumótun og framkvæmd mannauðsmála og sinnir alhliða ráðgjöf til stjórnenda og starfsfólks. Hann ber einnig ábyrgð á gæðamálum og stýrir innleiðingu og viðhaldi á nýju gæðakerfi bæjarins. Mannauðsstjóri er forstöðumaður mannauðsdeildar og heyrir undir bæjarstjóra.

**MENNTUNAR- OG HÆFNIKRÖFUR:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi ásamt framhaldsmenntun á sviði mannauðsmála er skilyrði.
- Starfsreynsla á sviði stjórnunar og mannauðsmála er æskileg.
- Þekking á sviði stjórnsýsluréttar og vinnuréttar er kostur.
- Reynsla af innleiðingu og viðhaldi gæðakerfis er æskileg.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum er skilyrði.
- Leiðtogahæfni og geta til að hvetja aðra til árangurs.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, frumkvæði og kraftur til að hrinda hlutum í framkvæmd.
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig skipulega bæði í ræðu og riti er skilyrði.

**Umsóknarfrestur er til 25. janúar 2016.**
Umsóknir ásamt starfsferilsskrá og kynningarbréfi sem greinir frá ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni í starfið skulu berast á netfangið mos@mos.is. **Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um starfið.**

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

Læknisstaða á Umdæmissjúkrahúsi Austurlands/FSN

## • SÉRFRÆÐINGUR Í LYFLÆKNINGUM

*Laus er til umsóknar staða sérfræðings í lyflækningum við Umdæmissjúkrahús Austurlands/FSN í Neskaupstað. Starfshlutfall er 100% en hlutastarf kemur til greina og starfið gæti hentað 2-3 læknum að deila með sér. Staðan veitist frá 1. mars 2016 eða eftir nánara samkomulagi.*

HSA HEILBRIGÐISSTOFNUN AUSTURLANDS

Helstu verkefni og ábyrgð
Þátttaka í daglegri læknisþjónustu á deildum umdæmissjúkrahússins og heilsugæslunnar þar. Þetta innifelur m.a. vaktskyldu, samskipti og þjónustu við sjúklinga, kennslu og þverfaglega samvinnu (teymisvinnu). Nánari upplýsingar í starfslýsingu.

Hæfnikröfur
• Fullgild sérfræðiréttindi í almennum lyflækningum.
• Lögð er áhersla á faglegan metnað, jákvæðni og sveigjanleika.
• Lipurð og áreiðanleiki í samskiptum eru skilyrði.
• Áskilinn er réttur til að hafna umsóknum frá einstaklingum sem ekki teljast uppfylla framangreind skilyrði.

**Umsóknarfrestur er til og með 3. febrúar 2016.**

Kjör fara eftir kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.
Umsóknum skal skilað á eyðublöðum sem fást á vef Embættis landlæknis; www.landlaeknir.is, til HSA, mannauðsstjóra, Lagarási 22, 700 Egilsstöðum.
Öllum umsóknum verður svarað. Tekið er mið af jafnréttisstefnu HSA við ráðningar. Umsókn fylgi staðfestar upplýsingar um nám, starfsreynslu, kennslu og vísindastörf, ásamt afriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað. Mat HSA byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða tekin við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim. Tóbaksnotkun er ekki heimil á vinnutíma innan HSA.

**Nánari upplýsingar veita:**
**Kristín B. Albertsdóttir, forstjóri**, s. 470-3050, netf. kba@hsa.is,
**Pétur Heimisson, framkvæmdastjóri lækninga**, s. 470-3052 og 860-6830, netf. petur@hsa.is,
**Jón H. H. Sen, forstöðulæknir**, s. 840-4144, netf. jon@hsa.is og
**Emil Sigurjónsson mannauðsstjóri**, s. 470 3053 og 895 2488, netf. emils@hsa.is.

*Umdæmissjúkrahús Austurlands/FSN í Neskaupstað starfrækir blandaða lyf- og handlækningadeild, hjúkrunardeild, fæðingarþjónustu og endurhæfingardeild ásamt stoðdeildum, sem og heilsugæslu fyrir íbúa í Neskaupstað og Mjóafirði. Þjónustusvæði sjúkrahússins nær frá Bakkafirði til Djúpavogs, svæðis sem telur um 11.000 íbúa.*
*Meginhlutverk sjúkrahússins er að veita almenna sjúkrahúsþjónustu samanber lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 og það er hlekkur í þjónustukeðju HSA, sem starfar á þremur fagsviðum; heilsugæslu-, hjúkrunar- og sjúkrasviði. Á þjónustusvæði HSA eru auk FSN sjö heilsugæslur, en alls eru starfseiningarnar ellefu talsins.*




# Hjúkrunardeildarstjóri á Hrafnistu í Reykjavík

Leitum að metnaðarfullum hjúkrunarstjórnanda með brennandi áhuga á öldrunarhjúkrun og stjórnun. Starfs- og ábyrgðarsvið deildarstjóra er að hafa faglega, stjórnunarlega og rekstrarlega ábyrgð á daglegum rekstri á deildinni. Um er að ræða 100% starf.

Nánari upplýsingar veitir Sigrún Stefánsdóttir forstöðumaður Hrafnistu í Reykjavík í síma 664 9400. Umsóknir þurfa að berast fyrir 20. janúar 2016 á netfangið sigrun.stefansdottir@hrafnista.is.

Umsóknum skal fylgja náms- og starfsferilskrá ásamt afritum af prófskírteinum.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Starfsreynsla í hjúkrun og stjórnun
- Viðbótarnám er kostur
- Góð þekking og reynsla af Rai mælitækinu kostur
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Jákvæðni og framúrskarandi samskiptahæfileikar

das HRAFNISTA
Reykjavík | Hafnarfjörður Kópavogur | Reykjanesbær

MOSFELLSBÆR

## Laust starf í Þjónustustöð Mosfellsbæjar

Þjónustustöð Mosfellsbæjar sér um alla almenna þjónustu við bæjarbúa á sviði umhverfismála, svo sem snjóruðning, viðhald og rekstur gatna, holræsa, veitna, umferðarmannvirkja og opinna svæða. Þjónustustöð annast einnig viðhald á fasteignum bæjarins.

**Menntunar- og hæfnikröfur**
- Menntun og reynsla er nýtist í starfi.
- Almenn ökuréttindi skilyrði.
- Meirapróf og vinnuvélaréttindi.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Frumkvæði, jákvæðni og sjálfstæði í vinnubrögðum.

**Umsóknarfrestur er til 15. janúar 2016**

Nánari upplýsingar er að finna undir laus störf á www.mos.is.

Um fullt starf er að ræða.
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsmannafélags Mosfellsbæjar.

Fólk af báðum kynjum er hvatt til að sækja um starfið.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

PIPAR\TBWA • SÍA • 160138




# SÉRFRÆÐINGUR Í UPPLÝSINGATÆKNI

**Helstu verkefni:**
- Leiðandi í verkefnum á sviði viðskiptagreindar (BI)
- Þarfagreining og framsetning gagna
- Innleiðing og þátttaka í rekstri á SharePoint
- Verkefnastýring á smærri verkefnum
- Notendaþjónusta eftir þörfum
- Tilfallandi verkefni í upplýsingatæknideild

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun í tölvunarfræði eða sambærileg menntun/reynsla
- Þekking á Microsoft kerfum og umhverfi
- Reynsla af notkun gagnagrunna nauðsynleg
- Reynsla af greiningarvinnu og úrvinnslu gagna æskileg
- Forritunarþekking kostur
- Þekking á Dynamics NAV kostur

Hjá upplýsingatæknideild Olís starfa 6 manns. Verkefni deildarinnar eru mjög fjölbreytt og unnið er eftir skýrri framtíðarsýn fyrirtækisins í upplýsingatæknimálum.
Helstu kerfi sem unnið er við eru **Dynamics NAV, LS Retail, Microsoft Analysis Services, Dynamics CRM og Microsoft Office.**

Umsóknir sendist í tölvupósti til starfsmannastjóra Olís, Ragnheiðar Bjarkar, **rbg@olis.is**, merkt ***Sérfræðingur***.
Umsóknarfrestur er til og með **15. janúar**.

Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsueflingar, heiðarleika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð.

olís
Vinur við veginn

Okkur vantar markaðsstjóra!

## Ert þú framúrskarandi í markaðsmálum og fjölmiðlun?

Ef svo er þá vill Nýsköpunarmiðstöð Íslands fá þig í sinn hóp

Hlutverk Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er að styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og auka lífsgæði með þekkingaruppbyggingu. Miðstöðin veitir stuðningsþjónustu fyrir frumkvöðla, sprota- og nýsköpunarfyrirtæki og stundar tækniþróun og rannsóknir á völdum tæknisviðum.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands kemur með nýjar víddir inn í íslenskt samfélag - í þágu atvinnulífsins.

**Starfssvið**
Að stjórna markaðssetningu miðstöðvarinnar og þjónustu hennar. Ritstýra vefsíðu og útgáfu frétta af starfseminni. Að hafa umsjón með viðburðum sem miðstöðin stendur fyrir, rækta tengsl við fjölmiðla og hafa frumkvæði að nýjungum á sviði markaðsmála og fjölmiðlunar.

**Hæfniskröfur**
- Háskólamenntun í fjölmiðlun, markaðsmálum, viðskiptum eða á sambærilegum sviðum
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði og dugnaður
- Góð íslensku- og enskukunnátta í töluðu og rituðu máli
- Hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund

Hvatt er til umsókna frá konum jafnt sem körlum.

Umsóknarfrestur er til 25. janúar nk.

Starfstöð viðkomandi verður í Reykjavík.

Umsóknir skulu sendar á netfangið karlf@nmi.is merktar „markaðsstjóri“.

Upplýsingar veitir Karl Friðriksson, framkvæmdastjóri mannauðs og markaðssviðs Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands í síma 522 9000.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Árleyni 2-8, 112 Reykjavík
Sími 522 9000 | www.nmi.is

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

ráðum ráðningarstofa

## Við leitum að starfsfólki!

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Sérfræðingur

Velferðarráðuneytið auglýsir eftir sérfræðingi til starfa á skrifstofu gæða og forvarna.

Skrifstofan annast verkefni sem varða öryggi, gæði og eftirlit í heilbrigðisþjónustu, lýðheilsu og forvarnir, þar með taldar sóttvarnir og geislavarnir, starfsréttindi í heilbrigðisþjónustu, réttindi sjúklinga, sjúkraskrár og gagnasöfn í heilbrigðisþjónustu, lyf og lækningatæki og lífvísindi og lífsiðfræði þar með taldar vísindarannsóknir á heilbrigðissviði.

Starf sérfræðings felst m.a. í þátttöku í stefnumörkun og eftirfylgni hennar og faglegri þróun á málasviðum skrifstofunnar, auk samskipta við stofnanir sem heyra undir skrifstofuna, Alþingi, önnur ráðuneyti, félagasamtök, einstaklinga og ýmsa aðra samstarfsaðila innan lands og utan.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun og reynsla á sviði heilbrigðisþjónustu, meistarapróf er skilyrði.
- Þekking eða reynsla af verkefnastjórnun.
- Góð þekking á málaflokkum skrifstofunnar
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni.
- Gott vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð kunnátta í ensku og a.m.k. einu Norðurlandamáli.
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af stefnumótunarvinnu er kostur.

Um er að ræða áhugavert og fjölbreytt starf í krefjandi starfsumhverfi þar sem reynir á öguð vinnubrögð, ábyrgð og sjálfstæði. Upplýsingar um starfið veita Margrét Björnsdóttir skrifstofustjóri (margret.bjornsdottir@vel.is) og Áslaug Einarsdóttir lögfræðingur (aslaug.einarsdottir@vel.is) í síma 545 8100. Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins og fjármála- og efnahagsráðherra. Ráðuneytið hvetur karla, jafnt sem konur, til að sækja um starfið.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu berast velferðarráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 101 Reykjavík eða í tölvupósti á póstfangið postur@vel.is eigi síðar en 31. janúar næst komandi. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur úr, sbr. reglur nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum.

Æskilegt er að starfsmaðurinn geti hafið störf sem fyrst.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

*Velferðarráðuneytið 8. janúar 2016*

**Draumabíllinn er á sjalfsalinn.is**

SKRÁÐU BÍLINN FRÍTT

ENGIN SÖLULAUN



SJÁLFSALINN.IS

ACE HANDLING



**ACE Handling auglýsir eftirfarandi störf á Keflavíkurflugvelli til umsóknar:**

- Bifvélavirkja/Vélvirkja: Sjá um að annast viðhald á tækjabúnaði og utanumhald á skráningu á viðhaldi, skoðunum og lagerstöðu varahluta.
- Innritun og farþegaþjónusta: Innritun og þjónusta við farþega. Tölvukunnátta og góð tungumálakunnátta skilyrði.
- Hlaðdeild: Vinnuvélaréttindi æskilegi, 18 ára aldurstakmark.
- Hleðslueftirlit: Þjónusta við áhafnir, gerð hleðsluskráa. Tölvukunnátta og góð tungumálakunnátta skilyrði. 20 ára aldurstakmark.
- Flugvélaþrif: Þrif á flugvélum og húsnæði - ökuréttindi og tungumálakunnátta æskileg, 18 ára aldurstakmark.

Hrein sakaskrá skilyrði. Bæði er um að ræða hlutastörf og full störf og unnið er samkvæmt vaktakerfi. Umsækjendur þurfa að geta sótt námskeið í febrúar og hafið störf í mars. Umsóknarfrestur til og með 31.janúar. Umsóknir sendist á alma@bikf.is



## KOMDU MEÐ!

### SÉRFRÆÐINGUR Á SVIÐI INNKAUPA OG TEKJUSTÝRINGAR

**Við leitum að kraftmiklum og metnaðarfullum einstaklingi til að sinna innkaupum og tekjustýringu.**

Um er að ræða krefjandi og spennandi starf sem gefur möguleika á að hafa áhrif á þróun vaxandi fyrirtækis. Viðkomandi hefur umsjón með innkaupum fyrirtækisins og samningum við erlenda og innlenda birgja sem og útfærslu á verðstýringu og framlegðarmarkmiðum. Starfið heyrir undir fjármálastjóra.

### SÉRFRÆÐINGUR Í VEFÞRÓUN OG STAFRÆNUM LAUSNUM

**Vef- og markaðssvið leitar að öflugum einstaklingi til að sinna vefþróun og stafrænum lausnum.**

Um er að ræða fjölbreytt og spennandi en jafnframt krefjandi starf í lifandi umhverfi. Nordic Visitor opnaði sinn fyrsta vef árið 2004 og hefur verið framarlega í vefþróun í ferðaþjónustu síðan. Vefur fyrirtækisins er í dag ein stærsta vefverslun Íslands og helsta sölutól fyrirtækisins.

### LEIÐSÖGUMAÐUR Í GÆÐA- OG ÞRÓUNARTEYMI

**Við leitum að kraftmiklum, hugmyndaríkum og reyndum einstaklingi í starf leiðsögumanns.**

Um er að ræða nýtt og spennandi starf í gæða- og þróunarteymi fyrirtækisins. Viðkomandi starfsmaður mun bæði starfa á skrifstofu fyrirtækisins en einnig sem leiðsögumaður í ferðum á Íslandi og sem fararstjóri á Norðurlöndum.

Fullum trúnaði er heitið. Nánari upplýsingar um störfin er að finna á nordicvisitor.com/atvinna/

Nordic Visitor er framsækin ferðaskrifstofa sem sérhæfir sig í því að skapa góðar minningar með sérsniðnum pakkaferðum fyrir einstaklinga og hópa til allra Norðurlanda. Fyrirtækið hefur verið í stöðugum vexti síðan það var stofnað árið 2002 og er í dag eitt af stærstu ferðaþjónustufyrirtækjum Íslands með um 80 starfsmenn. Nordic Visitor starfrækir metnaðarfulla mannauðs- og menntastefnu og mikil áhersla er lögð á starfsánægju.

NORDIC VISITOR

# Viðskiptastjóri á húsgagnasviði



**Starfssvið:**

- Ábyrgð, utanumhald og umsjón ákveðins hóps stærri viðskiptavina.
- Sala og tilboðsgerð.
- Frumkvæði við öflun nýrra viðskiptavina.
- Annast kynningu á húsgagnalausnum og vörum fyrir viðskiptavini.
- Önnur tilfallandi verkefni.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af sölu og viðskiptum.
- Þjónustulund, jákvæðni og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Góð almenn enskukunnátta.
- Haldgóð tölvuþekking og kunnátta á Navision er æskileg.
- Áhugi á fallegri og framúrskarandi hönnun og áhugi á að selja gæðavörur.

**Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hildur Halldórsdóttir, **hildurh@penninn.is.**
Áhugasömum er bent á að sækja um á heimasíðu Pennans. **Umsóknarfrestur er til 18. janúar.**

Penninn Húsgögn

Penninn Skeifunni 10 | sími 540 2000 | www.penninn.is | penninn@penninn.is



Mýflug air

## Mýflug hf. óskar eftir flugmönnum og flugstjórum til starfa á King Air B200 með aðsetur á Akureyri og Cessna 206 með starfsstöð í Mývatnssveit

**Hæfniskröfur:**

- Gilt atvinnuflugmannsskírteini
- Gild blindflugsáritun
- Gild fjölhreyflaáritun
- Hafa lokið námskeiði í áhafnasamstarfi(MCC)
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Lágmarkskröfur fyrir flugmenn eru 500 heildarflugstundir og flugstjóra 1200 heildarflugstundir.

**Eftirfarandi skal fylgja umsóknum:**

- Afrit af skírteini
- Afrit af heilbrigðisvottorði
- Afrit af sakavottorði
- Afrit af einkunnum í bóklegu atvinnuflugmannsnámi
- Sundurliðun á flugtímum
- Ferilskrá.

Umsóknir sendist á leifur@myflug.is eigi síðar en 16. janúar

## Staða sölustjóra hjá MEET in REYKJAVÍK

MEET in REYKJAVÍK (Ráðstefnuborgin Reykjavík) leitar að sölustjóra (Director of Sales). Starfið er mikilvægur þáttur í starfsemi MEET in REYKJAVÍK sem er með það að markmiði að stórauka vægi funda-, ráðstefnu-, og hvataferðamarkaðarins með markvissri markaðsetningu erlendis.

**Starfið felst í kynningu og markaðssetningu á Ráðstefnuborginni Reykjavík og inniheldur m.a.:**

- Fjölbreytt verkefni í tengslum við samskipti, eftirfylgni og samstarf við erlenda sem innlenda ferðaþjónustuaðila.
- Skipulagning og framkvæmd söluferða á erlenda markaði.
- Skipulagning og framkvæmd FAM ferða til Íslands.
- Þátttöku í undirbúningi sýninga og kynningarviðburða.
- Textagerð á íslensku og erlendum tungumálum í tengslum við fréttabréf og almennt markaðsefni.

**Hæfniskröfur eru:**

- Háskólamenntun og a.m.k. tveggja ára starfsreynsla, er nýtist í starfi.
- Reynsla af ráðstefnu, funda- og /eða hvataferðaþjónustu og þekking á viðburðahaldi.
- Reynsla af markaðssetningu og kynningarstörfum erlendis.
- Mikil færni í íslensku og framúrskarandi enskukunnátta í tali og riti, en vald á þriðja tungumáli er kostur.
- Geta unnið undir álagi og sinnt mörgum viðfangsefnum samtímis.
- Eiga auðvelt með samskipti, að tjá sig fyrir framan aðra og starfa í teymi.

Athygli er vakin á að starfið er mjög fjölbreytt, krefst frumkvæðis, metnaðar, útsjónarsemi, og á stundum vinnuframlags utan hefðbundins vinnutíma.
**Umsóknarfrestur er til og með 19. janúar n.k.**

Vinsamlega sendið umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf til MEET in REYKJAVÍK á netfangið: conference@meetinreykjavik.is.

Nánari upplýsingar um starfið veita
Sunna Þórðardóttir: sími: **697 6014**, sunna@meetinreykjavik.is og
Þorsteinn Örn Guðmundsson sími: **696 9621**, thorsteinn@meetinreykjavik.is.

MEET IN REYKJAVÍK
Reykjavík Convention Bureau

Sóltún 26 105 Reykjavík Sími: 527 6666 www.meetinreykjavik.is

## Starfskraftur óskast

Bílaryðvörn Bílshöfða 5, 110 RVK óskar eftir starfskrafti á ryðvarnar verkstæði okkar sem fyrst.

Uppl. ásamt ferilsskrá sendist á jon@bilahollin.is eða í s. 664 8090.

NORÐURORKA

**Útboð á hreinsun og dýpkun tveggja vinnsluholna í Eyjafjarðarsveit fyrir Norðurorku hf.**

Verkið felst í hreinsun og dýpkun tveggja vinnsluholna Norðurorku (BN-1 og HN-10) við Botn í Eyjafjarðarsveit. Útboðsgögn á rafrænu formi fást frá Bjarna Gautasyni (bg@isor.is) hjá Íslenskum orkurannsóknum.

Tilboðum skal skilað á skrifstofur Norðurorku að Rangárvöllum við Hlíðafjallsveg, 603 Akureyri fyrir kl. 11:00 föstudaginn 26.02.2016. Tilboðin verða opnuð sama dag kl. 15:00.

*Fyrir hönd Norðurorku hf.*
*Bjarni Gautason, ÍSOR - Akureyri*

# ÓSKAST TIL LEIGU

## Fullbúið skrifstofu- og þjónustuhúsnæði óskast til leigu fyrir Fiskistofu á Akureyri

20232 – Ríkiskaup f.h. ríkissjóðs óska eftir að taka á leigu húsnæði fyrir Fiskistofu á Akureyri. Umsjónaraðili er Framkvæmdasýsla ríkisins.

Miðað er við að húsnæðið verði tekið á langtímaleigu til 10 ára, fullbúið til notkunar, án lauss búnaðar. Gerð er krafa um góða staðsetningu, gott aðgengi og næg bílastæði.

Húsrýmisþörf stofnunarinnar er í dag um 620 fermetrar en verður um 760 fermetrar að 5 árum liðnum. Væntanlegur leigusali skal miða við að hann getir stækkað húsnæðið sem þessu nemur að 5 árum liðnum.

Húsnæðið er hefðbundið skrifstofu- og þjónustuhúsnæði. Frekari upplýsingar um þær kröfur sem húsnæðið verður að uppfylla verða aðgengilegar á heimasíðu Ríkiskaupa **www.rikiskaup.is mánudaginn 11. janúar 2016.**

Fyrirspurnir varðandi verkefni 20232 skulu sendar á netfangið ***utbod@rikiskaup.is*** og verða svör birt á vef Ríkiskaupa. Fyrirspurnarfrestur rennur út **25. janúar 2016** en svarfrestur er til og með **28. janúar 2016.**

Stofnunin skal vera staðsett í umhverfi sem hæfir stjórnsýslustofnun, t.d. ekki í iðnaðarumhverfi, sé sýnileg og með góðu aðgengi. Æskilegt er að allar skrifstofur séu á einni hæð og einnig skiptir máli að innra skipulag húsnæðisins sé sveigjanlegt.
Við mat á hagkvæmni tilboða verður jafnframt tekið tillit til leiguverðs, stærðar húss og skipulags þess út frá fyrirhugaðri starfsemi, afhendingatíma, aðkomu og fjölda bílastæða.

Leigutilboðum skal skila til Ríkiskaupa, Borgartúni 7, 105 Reykjavík, eigi síðar en **kl. 12:00 þriðjudaginn 2. febrúar 2016.**
Merkja skal tilboðin; nr. 20232 – Leiga á húsnæði fyrir Fiskistofu á Akureyri.
Leiga á grundvelli þessarar auglýsingar er undanskilin lögum um opinber innkaup nr. 84/2007, sbr. a. lið 1. mgr. 6a. gr.

Gögn sem fylgja skulu tilboði þurfa m.a. að innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- *Afhendingartíma húsnæðis*
- *Staðsetningu, stærð húsnæðis og tillöguteikningar*
- *Fjölda bílastæða, aðkomu að lóð og byggingu*
- *Leiguverð per/m2 og heildarleiguverð*
- *Húsgjöld*
- *Gildandi deiliskipulag svæðis þ.e. lóðar og aðlægra lóða*
- *Tilvísun í gildandi aðalskipulag*

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP



ARKITEKTAR
567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN www.nyja.is
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



TOYOTA Rav4 langur 4wd. Árgerð 2003, ekinn 146 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 990.mjög fallegur og vel með farinn Rnr.211045.



VW Golf gti. Árgerð 2005, ekinn 134 Þ.KM, bensín, beinskiptur. Verð 1.290. Mjög fallegur og vel með farinn Rnr.115087.



NISSAN Qashqai se. Árgerð 2012, ekinn 39 Þ.KM, dísel, beinskiptur. TILBOÐ 2.990.Ásett verð 3.300 Rnr.115085.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

100 bílar bílasala .is



Nissan Patrol Elegance, 8/2009, ek 51 þúskm, sjsk, 7 manna, einn eigandi, vel með farinn, ásett verð 4.990 þús, er á staðnum, raðnr 152177.

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar,**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga og laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



**RANGE ROVER SPORT SUPERCHARGED.**

Stórglæsilegur og vel með farinn RR Sport Supercharged skráður 02.2008, ekinn aðeins 100 þús. km. Staðgreiðsluverð kr. 4.650.000.- Uppl. í s: 822 2032.



VW Caddy árg.2003. Ek.125 þús km. Í toppstandi. Fæst fyrir sanngjarnt verð. Upplýsingar í síma: 6931415

## 500-999 þús.



**SJÁLFSKIPTUR SPARIBAUKUR - 590 ÞÚS**

FORD FIESTA '03 ek.134 þús, ssk. búið að skipta um tímareim, ný skoðaður 17, góð dekk, frábær bíll sem eyðir litlu, verð 590 þús möguleiki á 100% vísaláni í 36 man s.841 8955

## Bílar óskast



**STAÐGREIÐI BÍLA 0-500 ÞÚS!**

Óska eftir að kaupa bíla á allt að 500 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en '01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Jeppar



Toyota LC 100 árgerð '00 ek. 296.000km vel með farinn bíll. Uppl. í s. 618-0069

## Sendibílar



Renault Traffic sendibíll. Árg. 2006 Ek. 82.000 Engin skipti, tilboð óskast. Uppl. í s. 820-5605.

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Húsbílar




## Fjórhjól



Til sölu Honda Sporttrax 450R árg. 2012, toppeintak og mjög lítið notað, verð 800 þús. staðgr. uppl. í síma 892-1524.

## Vinnuvélar



TEREX 3512 skotbómulyftari, 2006 árg. Nýyfirfarinn og nýmálaður. Fylgir bæði skófla og gaflar. Uppl í S:824-4043 og olafur@stjornublikk.is

## Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar alglugar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.




## Hjólbarðar




**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir




**FELGUR**

Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali. VAKA S:567 6700.

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

## Hreingerningar

Tek að mér þrif í heimahúsum. Er mjög vandvirk og samviskusöm. Upplýsingar í s : 696-1350.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**

Málningarþjónusta, vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. Sími 891 9890 malarar@simnet.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## til sölu

**Range Rover SDV8 Autobiography**



- Árgerð 2015.
- Ekinn 16 þ.km.
- Einn með öllu!
- Er á staðnum.

**Verð 27.900 þ.kr.**
Raðnr 135158.

STÓRA BÍLASALAN
**Klettháls 2 • 110 Rvk**
**S. 586 1414 • www.stora.is**

## Húsaviðhald







Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**GA VERK**

2 vanir smiðir geta bætt við sig verkefnum. Öll almenn smíðavinna, vönduð og fagleg vinnubrögð, tilboð eða tímavinna. S. 6126605 6951101.

Húsasmiðameistari getur bætt við sig verkefnum. S.6269899/6269099 rhsmidar@internet.is

Þarf að skipta um rennur, glerja eða opnanleg fög? Tilboð/tímavinna. S. 553 2171

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254

Ýmiskonar húsaviðhald S: 8478704. manninn@hotmail.com

Múrarameistari og málarameistari geta bætt við sig verkefnum. Uppl í s: 8966614

**LEKUR ÞAKIÐ ?**

Þakpappalagnir / Þakviðgerðir. Á steypt og timbur þök. Mikil reynsla, meðmæli geta fylgt. s. 8498700.

## Nudd

**NUDD**

Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**

Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**SPÁSÍMI 908 7000**

Spámiðlun, tarot, fyrirbænir, algjör trúnaður. Opið til 22.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Trésmíði

**INNRETTINGAR.IS**
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**AÐSTÖÐUHÚS/SKRIFSTOFA/ VINNUSKÚR**
Til sölu, verð 1960þ. plús vsk. Bjart og hlýtt. uppl . 820-5181

mýranaut
Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. 15% afsláttur í janúar. www.myranaut.is s. 868 7204

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

Óska eftir notuðu þrekhjóli, kaupnóta skal fylgja. Sími 612-8649

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun




**ÚTSALA - ÚTSALA**
25-50% afsláttur af öllum vörum. Takmarkað magn. Margar okkar vinsælustu vörum. Millifærsla - netgíró - greiðslukort. www.hush.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**EINSTAKT TÆKIFÆRI TIL AÐ BREYTA TIL !**

**ÍBÚÐ TIL LEIGU - FLÓRENS Á ÍTALÍU**
Til leigu björt og falleg 2ja herbergja íbúð með svölum og lyftu í hjarta listaborgarinnar Flórens á Ítalíu.
**Áhugasamir sendi tölvupóst á netfang : glg.oro@hotmail.it**

**TIL LEIGU Á AÐEINS 1000 KR FM!**
129 - 5000 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Herbergi til leigu í Engjahjalla 11. Fleiri uppls. í s. 847-7896/7874711

Til leigu gott æfingarhúsnæði fyrir hljómsveit, laust nú þegar. S. 894 3755.

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Looking for rent a one room in the center 101 contact; Rokas rokisland0880@gmail.com

## Atvinnuhúsnæði

**SKRIFSTOFUHERBERGI TIL LEIGU**
Ágæt 12-15 ferm. skrifstofuherbergi í Síðumúla til leigu. Með aðgangi að kaffistofu, ljósritun, prentun, interneti o.fl.
Uppl.: Gísli Sverrir, sími: 588 5800. Netfang: gislisv@r3.is Leiguverð 38.500 kr á mánuði.

Atvinnuhúsnæði á Ártúnshöfða til sölu 210m2 á gólfi ásamt 70m2 millilofti, 5m lofthæð. 2 innkeyrsluhurðir og útiaðstaða. s: 5681075/ 8931075

Til leigu snyrtilegt 130fm iðnaðarhúsnæði á Smiðjuvegi. Uppl. í s. 896 0551

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Jói Fel

**HJÁ JÓA FEL HOLTAGARÐAR**
Óskum eftir að ráða manneskju í fullt starf hjá okkur í Jóa Fel Holtagörðum.
**Vinsamlega sendið umsóknir á linda@joifel.is**

**STARFSMENN ÓSKAST Í STÁLSMIÐJU.**
Stálsmiðja í Hafnarfirði óskar eftir vönum starfs og verkamönnum. Mikil vinna í boði og góð laun fyrir góða menn.
**Áhugasamir sendi umsókn merkt "Vinna/stálsmiðja" og ferilskrá á fagstal@fagstal.is**

Frederiksen Ale House

Frederiksen Ale House óskar eftir vönum barþjónum og þjónum til starfa. Umsókn sendist á info@frederiksen.is

**LAGHENTA MANNESKJU VANTAR TIL STARFA Á SMÍÐAVERKSTÆÐI, LAGER O.S.FRV.**
Um er að ræða starf við framleiðslu, vinnutími er frá 8 til 18 á daginn.
Aðeins ábyrg, vandvirk, dugleg, heiðarleg, sjálfstæð manneskja með mannleg samskipti á hreinu. Gott vald á íslensku algjört skilyrði.
Hreint sakavottorð og meðmæli óskast.
**Áhugasamir umsækjendur hafi samband í rekkjan@rekkjan.is**

**HÚSVÖRÐUR**
Húsfélagið Þorragötu 5-9, 101 Reykjavík óskar að ráða húsvörð til starfa. Starfinu fylgir 60 m² íbúð og er búseta þar skilyrði. Um er að ræða fjölbýli fyrir eldri borgara með 38 íbúðum. Leitað er að einstaklingi sem er reyklaus, þjónustulundaður, traustur, samviskusamur, lipur í samskiptum og handlaginn. Starfið getur einnig hentað samhentum hjónum.

Helstu verkefni eru umsjón með fasteigninni, þrif, umhirða lóðar, minniháttar viðhald, umsjón með verktökum, aðstoð við íbúa hússins og önnur tilfallandi störf.

Starfið er laust frá og með 1. mars 2016.

Umsókn fylgi mynd, ferilskrá og meðmæli. Trúnaði heitið. Umsóknum ásamt fylgigögnum skal skilað í pósti til Húsfélagsins Þorragötu 5-9, Þorragötu 7, 101 Reykjavík eða rafrænt á netfangið thorragata.5.9@gmail.com fyrir 26. janúar 2016.



**Geymslusvæði á Granda,**
hentar vel fyrir bílaleigur,verktaka og byggingaraðila.
Nánari upplýsingar í síma 694-3899 eða **svbaldursson@gmail.com**

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407


**Er vandamál með neysluvatnið?**
Við ástandsskoðum, hreinsum og fóðrum neysluvatnslagnir.
HREINAR LAGNIR



Varanlega vörn gegn tæringu, ryðmyndun, stíflu og leka.
S: 519-6480
hreinarlagnir.is

XPRENT - hönnun og merkingar



**LJÓSMYNDA- OG STRIGAPRENTUN**
*Hágæðaprentun með ljósmyndaendingu*
PRENTUN | HÖNNUN | MERKINGAR | SKILTAGERÐ | XPRENT.IS
Sundaborg 1 - 104 Reyjavík - Sími: 777 2700 - xprent@xprent.is



**Dáleiðsla**
Hætta að reykja, betri svefn, léttast/þyngjast, og láta sér líða betur á margan annan máta.
Ingibjörg Bernhöft hjúkrunarfr. og dáleiðslufræðingur
s. 864 2627 • bernhoft@gmail.com

**VARAHLUTIR**
**Iveco • Benz • Man • Renault**
*Varahlutaþjónusta*
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

**Iveco**
**Viðgerðar- og varahlutaþjónusta**
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

• Jarðvegsvinna
• Steypusögun
• Kjarnaborun
• Múrbrot
• Húsarif
• Öll almenn verktakavinna
BROTAFL
STEINSÖGUN • BORUN • BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
brotafl@simnet.is




**Bílaþjónusta Bjarka**
alhliða bílaviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540/697 4540
Viðarhöfði 2b 110 Reykjavík

**BLIKK**
Rör • Tengiefni • Viftur • Loftræsting
Heildsala • Smásala
ísHúsið ehf
Smiðjuvegur 4a, Græn gata, Kópavogur | 566 6000

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

**RAFVIRKJAR RAFVIRKJAR**

**ER EKKI KOMINN TÍMI Á AÐ BREYTA TIL?**

Vantar rafvirkja eða nema í skemmtilega og hreinlega innivinnu. Unnið er við ljósleiðara, tölvulagnir, myndlyka, tölvur og ýmsan annan smáspennubúnað. Ýmis hlunnindi fylgja starfinu og samkeppnishæf laun.

**Upplýsingar í síma 6604090 einnig má senda póst á netfangið Birgir@bbrafverktakar.is**

**KAFFI KLASSÍK KRINGLUNNI**

Óskar eftir vönu fólki til afgreiðslu- og þjónustustarfa. Framtíðarstarf. Íslensku kunnátta skilyrði. Uppl. í s. 899 1965.

Jón og Salvar fasteignafélag ehf. Iðnaðarmenn óskast. Smiðir/lærlingar í mótavinnu. Upplýsingar í síma: 8943343 eða jon@jonogsalvar.is

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.

**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

Fyrirtæki sem sérhæfir sig í mótauppslætti óska eftir verkefnunum stórum sem smáum. Unnið á föstum verðum. Geta hafið störf fljótlega. Marga ár reynsla. Upplýsingar í síma 8691027 og 6975273

## TILKYNNINGAR

## Fundir

**AÐALFUNDUR SKOTÍÞRÓTTAFÉLAGS KÓPAVOGS VERÐUR HALDINN ÞRIÐJUDAGINN 23. FEBRÚAR KL. 20:00**

Fundarstaður: Íþróttahúsið Digranesi Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórn Skotíþróttafélags Kópavogs

**GLUGGA GERÐIN**

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is

**Barnaheill** Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...

Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.

# Létt og skemmtileg spænskunámskeið

**Verða haldin í Stórholti 18. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales. Gestakennari með fyrirlestur um Spán og spænska menningu eru Kristinn R. Ólafsson. Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðinu lýkur svo með tapaskvöldi. Námskeiðin standa í 4 vikur. Boðið er uppá byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.**

**Byrjendanámskeið I**

Mánudaga og miðvikudaga 10:00-11:30
Mánudaga og miðvikudaga 13:00-14:30
Mánudaga og miðvikudaga 17:30-19:00
Þriðjudaga og fimmtudaga 19:15 - 20:45

**Framhaldsnámskeið II:**

Þriðjudaga og fimmtudaga 10:00-11:30
Þriðjudaga og fimmtudaga 17:30-19:00

**Framhaldsnámskeið III:**

Mánudaga og miðvikudaga 19:15-20:45
Þriðjudaga og fimmtudaga 13:00 - 14:30



**Námskeiðin hefjast 11 og 12 janúar.**
**Verð á mann: 23.500 krónur**

**Upplýsingar í s. 698 50 33 eða binsina@gmail.com**

# Draumabíllinn er á sjalfsalinn.is

**SKRÁÐU BÍLINN FRÍTT**

**ENGIN SÖLULAUN**



**SJÁLFSALINN.IS**




**Cafe Catalina**

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

**LEIKIR HELGARINNAR**

**LAUGARDAGINN 9. JAN**
14:50 ARSENAL - SUNDERLAND
17:20 Man.United - Sheffield United

**Sunnudaginn 10. jan**
13:50 Chelsea - Scunthorpe
15:50 Tottenham - Leicester City

**HLJÓMSVEITIN KLETTAR**




RÚNAR ÞÓR, RÚNAR VILLAVALLA, TRYGGVI HUBNER, OG SIGGI ÁRNA. SPILA UM HELGINA

Allir velkomnir

http://www.facebook.com/cafecatalina

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn

## fasteignir

# Einbýlishús á Hellu



Til sölu er 198,5 fm einbýlishús ásamt 32 fm bílskúr við Heiðvang nr. 21, á Hellu. Húsið er byggt úr steinsteypu árið 1972. Það er múrað og málað að utanverðu og hluti þess hefur verið klæddur með timburklæðningu. Eignin telur, anddyri, gang, salerni, stofu, eldhús, þvottahús, herbergjagang, baðherbergi og fimm svefnherbergi. Undir hluta hússins er kjallari sem hefur verið innréttaður sem fjölskylduherbergi. Í húsinu eru vandaðar innréttingar úr hlyn og við það er stór verönd úr timbri með heitum potti. Húsið stendur við botnlangagötu á góðum útsýnisstað í Helluþorpi.

**Verð kr. 39.500.000,-**

**Nánari upplýsingar og myndir á heimasíðu www.fannberg.is og á skrifstofu.**

**FANNBERG FASTEIGNASALA EHF.**
sími 487-5028
Guðmundur Einarsson lögg. fasteignasali

Félag Fasteignasala

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

**ÓÐINSGÖTU 4**
SÍMI 570 4500,
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is
www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, lögg. fast.sali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

# Þykkvibær 14

**Eignin verður til sýnis sunnudag frá kl. 13.00 - 15.00**




Fallegt 209,0 fm. einbýlishús á einni hæð að meðtöldum 30,6 fm. bílskúr á þessum eftirsótta stað í Árbænum. Stofa með útgengi í garðskála. 4 herbergi. Hús að utan er í góðu ástandi og þak nýlega yfirfarið. Hellulagðar stéttar fyrir framan hús og í kring með snjóbræðslu undir. Gróin falleg lóð með fallegum gróðri og kassar á baklóð þar sem hafa verið ræktuð jarðarber.

**Verð 64,9 millj.**

**Frábær staðsetning þar sem stutt er í góðar gönguleiðir um Elliðaárdalinn. Stutt í alla þjónustu m.a. verslanir, skóla og sundlaug. Stór geymsluskúr ca. 60 fermetrar er á baklóðinni. Verið velkomin.**

# Er kominn tími til að gera eitthvað?

*Námskeið sem opna þér nýjar leiðir*

Hringsjá
Náms- og starfsendurhæfing

**Hringsjá býður úrval af öðruvísi og spennandi námskeiðum sem hafa hjálpað mörgum að komast aftur eða í fyrsta sinn af stað til meiri virkni, meiri lífsgæða og fleiri valkosta í námi eða starfi**

Námskeiðin eru sniðin fyrir einstaklinga, 18 ára og eldri sem hafa verið frá vinnumarkaði eða námi vegna slysa, veikinda, félagslegra erfiðleika eða annarra áfalla. Námskeiðin geta líka hentað þeim sem hafa litla grunnmenntun eða hafa átt erfitt með að tileinka sér hefðbundið nám. **Auk námskeiða býður Hringsjá líka fullt nám í 3 annir.**

**Um er að ræða eftirfarandi námskeið:**

| | |
|---|---|
| **Fjölskyldan og ég** | Með aukinni þekkingu tileinka þátttakendur sér leiðir til að verða betri fjölskyldumeðlimir, makar og uppalendur. |
| **Í fókus - Að ná fram því besta með ADHD** | Eykur skilning á ADHD (athyglisbresti/ofvirkni) og hvernig hægt er að ná betri tökum á ADHD |
| **Minnistækni** | Kennd er tækni til þess að efla og bæta minnið. Hentar þeim sem eiga við gleymsku eða skert minni að stríða. |
| **Sjálfstyrking** | Styrkir nemendur í að tjá sig, sýna öðrum örugga framkomu og almennt að vera til! |
| **TÁT - Tök á tilverunni** | Bjargráð og færni í að takast betur á við daglegt líf og hindranir sem upp koma. |
| **Tölvugrunnur** | Tölvunotkun fyrir byrjendur. Unnið á eigin hraða með aðstoð. |
| **ÚFF - Úr frestun í framkvæmd** | Farið yfir ástæður frestunar, einkenni og afleiðingar. Fyrir þá sem vilja hætta að fresta og fara að ná árangri í lífinu. |

Hringsjá
Náms- og starfsendurhæfing

Frekari upplýsingar og skráning hjá Hringsjá í síma **510 9380** eða á **hringsja.is**

# Um 300 hafa klárað Reiðmanninn

Töluverða athygli vakti í haust þegar nokkrir fangar á Kvíabryggju sóttu um að fara á reiðnámskeið en fengu að lokum ekki. Mörgum kom á óvart hve mikið námskeiðið kostaði en það sem færri vita er að námskeiðið sem um ræðir er í raun tveggja ára nám sem heitir Reiðmaðurinn.

Reiðmaðurinn er tveggja ára nám fyrir hinn almenna hestamann sem endurmenntunardeild Landbúnaðarháskólans heldur utan um. Boðið er upp á námið níunda árið í röð og töluverður áhugi fyrir því að sögn Heimis Gunnarssonar, verkefnastjóra Reiðmannsins.

„Reiðmaðurinn er hugmynd hestamannsins og reiðkennarans Reynis Aðalsteinssonar heitins,“ segir Heimir en farið var af stað með fyrsta hópinn haustið 2007. Síðan þá hefur námið verið kennt víða um land.

„Rétt um 300 manns hafa klárað Reiðmanninn og núna eru 24 að taka annað árið og þrír hópar, samtals 34 nemendur, að byrja fyrsta árið. Að auki er tíu manna hópur að hefja framhaldsnám núna um helgina,“ upplýsir Heimir sem kemur áhugi fólks ekki á óvart. „Þetta er alveg óunninn markaður, áður var ekkert markvisst nám í boði fyrir almenna hestamenn.“

Reynt er að bjóða upp á námskeið á tveimur stöðum á landinu á hverju hausti. „Einnig er nokkuð um að fólk biðji okkur um að setja í gang námskeið fyrir hóp af fólki og við erum opin fyrir því að bjóða upp á þetta nám hvar sem er á landinu. Skilyrðin eru þó þau að aðstaðan sé góð, að reiðhöll sé á staðnum auk hesthúspláss fyrir nemendur,“ segir Heimir en aðeins menntaðir reiðkennarar sinna kennslu í Reiðmanninum.

Aldursbil þátttakenda er afar breitt. „Við höfum fengið allt frá 18 ára krökkum upp í fólk á sjötugsaldri,“ segir Heimir en aldurstakmarkið er 16 ár. Getan er einnig misjöfn, allt frá byrjendum sem vilja koma sér betur inn í sportið upp í þrælvana knapa sem vilja bæta sig.

### Dýrt en á kostnaðarverði

Verðið fyrir tveggja ára nám er 528 þúsund krónur. „Það er auðvitað mikið en þetta er sanngjarnt verð. Við reynum að gera þetta eins ódýrt og við getum en það er mikill kostnaður sem fylgir þessu,“ segir hann og bendir á að fólk fái 16 þriggja daga verkleg námskeið fyrir utan bóklega hlutann.

En kostnaðurinn sem föngarnir á Kvíabryggju áttu að greiða var um 540 þúsund fyrir helming námstímans, af hverju var það svona miklu dýrara? „Aðalástæðan fyrir háum kostnaði var hvað þetta dreifðist á fáa þátttakendur, einungis fimm. Þá má geta þess að inni í þessu verði var einnig leiga og uppihald fyrir hestana,“ svarar Heimir og áréttar að skólinn hagnist ekki á námskeiðunum enda sé námið á vegum endurmenntunardeildar sem sé ekki ætlað að reka sig með hagnaði.


Heimir Gunnarsson segir mikinn áhuga meðal almennra hestamanna um að læra meira. MYND/GVA

Heimir segir reyndar verðið ekki hafa haft neitt um það að segja að námskeiðið var blásið af. „Þegar mennirnir höfðu samband við mig voru þeir búnir að fá leyfi í tölvupósti, en þegar námskeiðið var að bresta á var leyfið tekið til baka að hluta til. Þeir máttu áfram sækja námskeiðið en máttu ekki fara í hesthúsið þess á milli til að sinna hestunum og æfa sig. Þar sem þeir komust ekki til að sinna heimavinnu féll þetta um sjálft sig,“ segir Heimir.

# Námskeið fyrir fagfólk og almenning

IÐAN fræðslusetur býður árlega upp á 300 til 350 námskeið í ýmsum iðngreinum. Aldrei hefur verið meira framboð á námskeiðum og fjarnámi. Nú eru nokkur námskeið einnig miðuð að almenningi í tilefni af 10 ára afmæli IÐUNNAR sem er í ár.

IÐAN, fræðslusetur er sjálfstætt starfandi og er í eigu atvinnurekendasamtaka og samtaka launafólks í iðnaði. „Kjarnastarfsemi okkar snýst um að auka hæfni starfsmanna í iðnaði með símenntun og ráðgjöf á breiðu sviði,“ segir Hildur Elín Vignir, framkvæmdastjóri IÐUNNAR. „Hjá IÐUNNI er boðið upp á 300 til 350 námskeið á hverju ári fyrir fagfólk í iðnaði og þjónustum við bílgreinar, byggingа- og mannvirkjagreinar, matvæla- og veitingagreinar, upplýsinga- og fjölmiðlagreinar og málm- og véltæknigreinar. Auk þess sinnir IÐAN námsráðgjöf, hefur umsjón með raunfærnimati í ýmsum lögiltum iðngreinum, hefur umsjón með sveinsprófum og nemaleyfum og tekur þátt í margvíslegum erlendum samstarfsverkefnum.“


Hildur Elín Vignir, framkvæmdastjóri IÐUNNAR fræðsluseturs, segir starfsemi IÐUNNAR snúast fyrst og fremst um að auka hæfni starfsmanna í iðnaði með símenntun og ráðgjöf á breiðu sviði. MYND/GVA

IÐAN fræðslusetur heldur upp á tíu ára starfsafmæli á árinu og verður því fagnað með margvíslegum hætti. „Við förum af stað í fyrsta skipti með námskeið fyrir almenning og byrjum á því nú í næsta mánuði. Námskeiðin tengjast því sem við erum að gera hér en eru ekki eins sérhæfð og námskeið okkar fyrir fagfólk. Við erum með fjölbreytta hluti í gangi hér, til dæmis verðum við með námskeið um Twitter og Snapchat en upplýsingatækni er hluti af starfsemi okkar. Einnig erum við með námskeið Gotterí í garðinum í umsjá Guðríðar Helgadóttur og þá má líka nefna námskeiðin Léttar hjólreiðaviðgerðir og Ertu að huga að fasteignakaupum? Á námskeiðunum ætlum við að miðla sérþekkingu okkar kennara til almennings,“ lýsir Hildur.

Hún nefnir einnig að sérstök afmælisráðstefna verði haldin þann 4. maí næstkomandi en það er hinn eiginlegi afmælisdagur IÐUNNAR. „Við ætlum að nota afmælisárið til að efla okkur á öllum sviðum, í almennu námskeiðunum, fjarnáminu og í þjónustunni við okkar félagsfólk. Þetta afmæli á að vera nokkurs konar vítamínsprauta fyrir okkur.“

Auk afmælisráðstefnunnar verður Dagur íslensks prentiðnaðar haldinn hátíðlegur þann 5. febrúar í annað sinn. „Einnig verðum við með Fræðsluviku í iðnaði á Akureyri 22.-26. febrúar og verður hún haldin í þriðja sinn. Okkar aðilar eru dreifðir um allt land þannig að við höfum lagt áherslu á að auka framboð á námskeiðum sem haldin eru úti á landi og einnig aukið framboð á fjarnámi. Einnig munum við í fyrsta skipti bjóða upp á örnámskeið í upplýsingatækni og eru þau í formi myndskeiða á netinu.“

IÐAN er með glæsilega aðstöðu í Vatnagörðum sem er sérhönnuð fyrir starfsemi hennar. „Við erum með góða kennsluaðstöðu í bæði verklegum og bóklegum greinum,“ segir Hildur. Frekari upplýsingar um IÐUNA má nálgast á idan.is.

# Stjórnmál og stjórnsýsla tíu ára

Tímaritið Stjórnmál og stjórnsýsla fagnaði tíu ára afmæli í fyrra en það er í umsjá Stofnunar Stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands. Ritstjórn þess er í höndum akademískra starfsmanna Stjórnmálafræðideildar og hefur Gunnar Helgi Kristinsson verið ritstjóri þess frá upphafi. Í viðtali sem birtist á vef Háskóla Íslands í tilefni afmælisins segir hann að hugmyndin með útgáfu tímaritsins hafi verið að stuðla að þróun íslenskra stjórnmálafræða og þekkingar á sviði félagsvísinda um íslensk stjórnmál og stjórnsýslu í víðum skilningi.

„Hluti af þeirri þekkingu sem fræðimenn á þessum sviðum skapa með rannsóknum sínum á sérstaklega erindi við íslenska lesendur. Á sama tíma þarf það fræðifólk sem er að vinna á þessu sviði að eiga aðgang að birtingarvettvangi sem gerir miklar kröfur til gæða rannsókna og vinnubragða við rannsóknir. Við lítum svo á að tímaritið komi ekki í staðinn fyrir birtingar á alþjóðlegum vettvangi heldur eigi að ýta undir það viðhorf í fræðasamfélaginu að birtingar í ritrýndum tímaritum séu sjálfsagður hluti af því að stunda rannsóknir. Að ritrýna og fá greinar ritrýndar eru hluti af þeirri þjálfun sem styrkir fræðasamfélagið til lengri tíma litið,“ segir Gunnar Helgi en birting á ritrýndri grein í tímaritinu gefur 15 punkta í vinnumatskerfi akademískra starfsmanna við Háskóla Íslands.

Alls hafa rúmlega 370 greinar verið birtar í ritinu frá upphafi. Höfundar í tímaritinu koma aðallega úr þeim háskólum landsins þar sem fengist er við rannsóknir á þessu sviði og frá allnokkrum erlendum háskólum. Frá upphafi hafa 179 ritrýndar fræðigreinar birst í tímaritinu, en ríflega 90% þeirra hafa verið á sviði félagsvísinda


Gunnar Helgi Kristinsson

Tímaritið nýtist bæði nemendum og fræðimönnum. „Ég sé það glöggt þegar nemendur eru að skrifa ritgerðir í námskeiðum hjá mér eða lokaverkefni í BA- eða meistaranámi að greinar tímaritsins eru ómetanlegur þekkingarforði fyrir alla þá sem eru að leita upplýsinga um rannsóknir á íslenskum stjórnmálum og stjórnsýslu. Umferðin um vef tímaritsins sýnir þetta líka vel. Meira en tíu þúsund notendur sækja þangað nærri 50 þúsund slóðir á ári," segir Gunnar

Aðstandendur tímaritsins vinna nú að því að koma því í auknum mæli inn í alþjóðlega gagnagrunna þannig að efni þess verði fleirum aðgengilegt og höfundar njóti afraksturs birtinga í því að erlendir kollegar þeirra kynnist rannsóknarniðurstöðum þeirra.

Tímaritið er öllum opið. Slóðin er irpa.is.



## Hægt að læra allt milli himins og jarðar

EdX er vefur þar sem fólk getur sótt sér menntun á hinum ýmsu sviðum. Þar má stunda nám sem fram fer á netinu á vegum háskóla um allan heim og eru flest námskeiðin ókeypis. EdX var stofnað á vegum bandarísku háskólanna Harvard og MIT árið 2012 og var tilgangurinn sá að gera hágæða menntun aðgengilega fyrir alla, alls staðar.

Edx er ólíkur öðrum kennsluvefjum, eins og til dæmis Coursera og Udacity, að því leyti að hann er ekki rekinn í hagnaðarskyni.

Rúmlega 85 aðilar um allan heim, skólar, stofnanir og fyrirtæki, bjóða upp á eða stefna á að bjóða upp á námskeið á edX-vefnum. Námskeiðin snúast um flest allt á milli himins og jarðar, tölvutækni, tungumál, verkfræði, sálfræði, ritstörf, rafmagnsfræði, líffræði, markaðsfræði og fleira.



## Fróðlegar krakkasíður

Á vef Námsgagnastofnunar, nams.is, er að finna sérstakar krakkasíður. Á slóðinni má finna gagnvirka vefi fyrir nemendur á yngsta og miðstigi grunnskólans. Þetta eru bæði leikir og upplýsingasíður sem eru fróðlegar, gagnlegar og ekki síst skemmtilegar.

Hægt er að velja á milli ólíkra námsgreina á valmynd vinstra megin á síðunni og þá birtast ólíkir vefirnir sem hægt er að skoða. Þær námsgreinar sem eru í boði eru:

- Danska
- Enska
- Íslenska
- Komdu og skoðaðu
- Landafræði
- Lífsleikni
- Náttúrufræði
- Stærðfræði
- Táknmál
- Tónmennt
- Upplýsingatækni



## HVAÐ VARÐ UM ZETUNA?

Stafurinn z var notaður nokkuð í fornu máli. Þannig féllu stafirnir t, d og stundum ð saman á undan s og hafa þá verið bornir fram ts en skrifaðir z. Sem dæmi hefur orðið broz getað staðið bæði fyrir brots og brodds. Þá var z einnig algeng í miðmyndarendingum sagna á 13. öld (við köllumz). Á 14. öld komu upp miðmyndarendingarnar -zt og -zst en á 15. öld varð -zt næstum einráð ending (við köllumzt). Á 14. öld varð z einnig algeng í efsta stigi lýsingarorða, það er að segja að menn rituðu -az fyrir -ast í orðum eins og fallegast.

Skiptar skoðanir eru um hvenær z missti sjálfstætt hljóðgildi og fékk framburðinn s en margt í handritum bendir til að það hafi ekki verið fyrr en á 16. öld.

Það var því löng hefð fyrir bókstafnum z þegar farið var að semja stafsetningarreglur í tengslum við aukna móðurmálskennslu í skólum. Í íslenzkum rjettritunarreglum eftir Halldór Kr. Friðriksson frá 1859 (bls. 183) eru settar fram reglur um notkun z sem eru nánast hinar sömu og giltu allt fram til ársins 1974. Skrifa átti t.d. z þar sem saman lentu tannhljóð (t, d, ð) og s, til dæmis þið elskizt (elsk-ið+st), þið hafið elskazt (elskað+st), þú veizt (veit+st), við höfum hitzt (hitt+st). Í efsta stigi lýsingarorða eins og beztur, elztur, helztur var einnig skrifuð z þar sem t og d voru í stofni á undan s (bet+stur, eld+stur, held+stur). Í orðinu hanzki var rituð z þar sem d fór í stofni á undan s (hand+ski) og svo framvegis.



Mörgum þótti erfitt að læra eða kenna þessar reglur og þar kom að z var felld brott í stafsetningu 1974 annars staðar en í mannanöfnum þar sem hefð var fyrir notkun hennar.

*Heimild: Vísindavefur Háskóla Íslands*





## Uppbyggilegir leikir

Samfélagið verður sífellt tölvuvæddara og nánast hvert einasta íslenskt barn elst upp við nær daglega tölvu- og skjánotkun. Fátt virðist ætla að snúa þeirri þróun við en foreldrar geta reynt að halda uppbyggilegu efni að börnum sínum.

Á síðunni learninggamesforkids.com er að finna fjölda leikja sem ætlað er að auka hæfni í stærðfræði, bæta tungumálakunnáttu og vísindaþekkingu svo dæmi séu nefnd. Þar er líka hægt að æfa sig í fingrasetningu og fara í minnis- og orðaleiki og er reynt að hafa framsetninguna skemmtilega og hvetjandi.

Flestir leikirnir eru hugsaðir fyrir grunnskólabörn en á síðunni er líka að finna leiki sem henta leikskólabörnum. Þar eru líka leikir sem snúa að tónlist og listum og meðal annars hægt að læra nóturnar. Allir leikirnir á síðunni eru ókeypis.



## Jákvætt hugarfar mikilvægt

Þegar tekist er á við nám að nýju, mögulega eftir langt hlé, er að mörgu að huga. Á vefnum Nám og vinna sem er gagnabanki fyrir náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum kemur fram að hugarfar hafi mikil áhrif á líðan og árangur í tengslum við nám. Þetta má yfirfæra á allt nám, ekki einungis á það sem stundað er í grunnskóla.

Á vefnum segir jafnframt að nemendur ættu að reyna að tileinka sér jákvætt hugarfar gagnvart námsgreinum, kennurum, skólanum og sjálfum sér sem námsmanni. Ef það tekst er líklegra að nemendum líði vel og að þeir hafi orku til að takast á við námið.

Einnig kemur þar fram að mikilvægt sé að nemendur hafi trú á hæfileikum sínum og getu til að takast á við nám, bæði í því sem þeir hafa helst áhuga á og eiga auðvelt með að læra en einnig í þeim hlutum námsins sem þeim finnst erfiðir.

# MATREIÐSLA Á YOUTUBE



Á samfélagsmiðlinum YouTube má finna ótal stutta matreiðsluþætti og námskeið þar sem læra má með einföldum hætti að elda alls konar gómsæta rétti á skömmum tíma. Flestir góðkunningja íslenskra sjónvarpsáhorfenda hafa sínar eigin rásir þar, þ.á m. Jamie Oliver og Gordon Ramsay.

Jamie Oliver hefur rekið rásina Food Tube um tveggja ára skeið en hún hefur rúmlega tvær milljónir fylgjenda. Það er þó ekki bara Oliver sem miðlar fróðleik og eldar rétti. Fjölmargir aðrir skemmtilegir matreiðslumenn birtast þar einnig, t.d. Gennaro Contaldo og DJ BBQ. Fyrir vikið er rásin ein sú skemmtilegasta og vinsælasta sinnar tegundar.

Gordon Ramsay hefur tæplega eina og hálfa milljón fylgjenda á rás sinni þar sem hann birtir fjölda skemmtilegra myndbanda eins og honum er einum lagið. Ramsay eyðir litlum tíma í óþarfa blaður heldur rennir sér hratt og örugglega gegnum ólíka stíla matreiðslunnar.

Flest öll myndbönd á YouTube-rásum sjónvarpskokkanna eru nokkrar mínútur og því lítið mál að renna gegnum nokkrar uppskriftir á skömmum tíma og takast á við nýjar áskoranir í eldhúsinu.








SPENNANDI NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST







**Náðu hámarksárangri á Hilton Reykjavík Spa**

Hilton Reykjavík Spa er heilsurækt í algjörum sérflokki. Glæsileg aðstaða, notalegt andrúmsloft, einkaþjálfun, hópatímar og spennandi námskeið, auk endurnærandi heilsulindar og fyrsta flokks nudd- og snyrtimeðferða.

**Hot Yoga Sculpt**
4 vikur, hefst 19. janúar
Tímar kl. 17.30 þri og fim
og kl. 12.30 sun

Styrkur, orka og öndun. Jógaæfingar með léttum lóðum í heitum sal. Hnitmiðaðar æfingar gerðar rólega með einbeitingu á öndun. Mótun, aukið úthald og styrkur, aukinn liðleiki. Sviti og bruni í þessum áhrifaríku og skemmtilegu tímum.

Kennari: Dísa Lareau

**Verð 28.900 kr.**

**60 Plús – styrkur, jafnvægi, þol og samhæfing**
4 vikur, hefst 18. janúar
Tímar kl. 13 alla virka daga
Mán, mið og fös - hóptímar
Þri og fim - æfingaáætlun í sal, frjáls mæting

Sérsniðið fyrir fólk á besta aldri. Fjölbreyttar æfingar. Hugað að getu og óskum hvers og eins. Ráðgjöf um þjálfun og fyrirlestur um mataræði.

Kennari: Agnes Þóra Árnadóttir

**Verð 26.900 kr.**

**Heilsuáskorun í 100 daga**
Hefst 18. janúar
Tímar kl. 17.30 mán, mið og fös

**Átaksnámskeið og lífsstílsbreyting.**
- Fyrirlestrar af ýmsu tagi
- Kennslustund í Salt eldhúsi
- Næringarráðgjöf
- Mikið aðhald og hvatning
- Fjölbreyttir tímar
- Mælingar mánaðarlega

Fyrstu verðlaun fyrir bestan árangur, 80.000 kr. gjafakort hjá Icelandair

**Verð 99.900 kr.**

Skráning og nánari upplýsingar á spa@hiltonreykjavikspa.is og í síma 444 5090.

Hilton Reykjavík Spa – Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík – www.facebook.com/HiltonReykjavikSpa




FJÖLVARP

Þeir sem fá sér **FJÖLVARPSPAKKA** fyrir 1. febrúar fá fyrsta mánuðinn á **0 kr.**

Allt á milli himins og jarðar í tveimur sneisafullum pökkum

# FJÖLBREYTT **ERLENT EFNI**

**365**

Fjölvarp Veröld og Fjölvarp Evrópa veita þér aðgang að bíómyndum, íþróttum, frétta- og fræðsluefni, skemmtiþáttum, barnaefni og alls kyns öðru skemmtilegu og vönduðu sjónvarpsefni. Þú færð **1.000 kr. afslátt** á mánuði af Fjölvarpi Veröld og Fjölvarpi Evrópu ef þú ert með aðra sjónvarpsáskrift hjá 365.




**FJÖLVARP VERÖLD**
**6.590** kr.
Aðeins 220 kr. á dag

**FJÖLVARP EVRÓPA**
**3.290** kr.
Aðeins 110 kr. á dag

Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is

PIPAR\TBWA · SÍA



Hin ófrýnilega Wendelstein 7-X var ræst í fyrsta skipti á dögunum og það með sögulegum árangri. MYND/EPA

# Stutt en stórt skref í átt að **samrunaorku**

Vísindamenn freista þess nú að endurskapa þær aðstæður sem finna má í iðrum sólstjarna. Með því að beisla samrunaorku mun heimurinn öðlast nánast ótæmandi hreina orku.




Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@365.is


Það er í góðu lagi að hafa blendnar tilfinningar til olíu og kola. Framfarir mannsins eru reistar á þeim grunni sem þessir orkugjafar lögðu. Áratugir eru síðan við áttuðum okkur á að þessi forsenda framfara ógnar umhverfinu. Jarðefnaeldsneyti er ekki orkugjafi framtíðarinnar og sama má segja um kjarnorkuna. Hún er ágæt en miðað við þann stutta tíma sem við höfum til að fresta hnattrænum og óafturkræfum loftslagsbreytingum þá er kjarnorkan dæmi sem einfaldlega gengur ekki upp. Sólar- og vindorka mun leika stórt hlutverk í orkubyltingu plánetunnar en fleira kemur til greina. Hver veit nema svarið hafi blasað við allt frá því að maðurinn horfði fyrst upp í bláan himininn.

**Wendelstein 7-X rumskar**

Stutt en engu að síður stórt skref var tekið í átt að beislun samrunaorku fyrr í þessum mánuði þegar vísindamenn hjá Max Planck-stofnuninni í Þýskalandi ræstu Wendelstein 7-X, samrunaofn af gerðinni Stellarator. Þetta fyrsta tilraunaskot kostaði 130 milljarða króna og 10 ára vinnu. Skotið varði í 1/10 úr sekúndu, en það var þess virði. Vísindamennirnir framkölluðu ofurheitt rafgas við milljón gráðu hita.

Endanlegt markmið er að hita vetniskjarna í um 100 milljón gráður á Celsius (í kjarna Sólarinnar nær hitastigið aðeins 15 milljón gráðum) sem er heppilegur hiti fyrir samruna þar sem tvívetni er notað sem eldsneyti. Þeir kjarnaofnar sem eru til staðar í dag framleiða orku með því að kljúfa atóm í léttari agnir. Hinn fræðilegi samrunaofn sameinar létta kjarna atóma til að mynda þyngri agnir.

**Fjórði fasi efnis framkallaður**

Svona lítur hugmyndin út á blaði: Samrunaverinu má skipta í nokkur mismunandi lög sem liggja saman, líkt og laukur. Hringlaga rafgasið í kjarna tækisins seytlar innilokað í auðgunarsvæðinu sem aftur er lokað inni í lofttæmdu rými. Risavaxnir og ofurleiðandi seglar þræða síðan hringinn. Ofurleiðandi í þessu samhengi þýðir að seglarnir eru kældir svo að viðnám verði minna. Þannig eru innri lög samrunaversins algjörlega afgirt í kuldahöldnu umhverfi.

Þegar kemur að eldsneyti samrunaofnsins þá væri heppilegast að apa eftir Sólinni með hvarfi tveggja róteinda (vetniskjarna). Því miður er þetta tegund samruna sem aðeins er á færi sólstjarna, þar sem árekstrarsnið hvarfanna (eða líkurnar á að agnirnar skelli saman), er svo lítið. Þannig þarf aðra tegund eldsneytis og það vill svo til að árekstrarsnið tvívetnis (D) og þrívetnis (T) er hæfilega hátt.

Því er frosnu tví- og þrívetni dælt djúpt í Stellarator-vélina þar sem rafgasið flæðir. Um það bil 35 grömm þarf á klukkustund til að framleiða 1.000 megavött af raforku. Það sem fellur til við samrunann eru hlaðnar agnar af helíni sem rekast á í klóm rafsegulsviðsins og færa orku sína í rafgasið. Með þessu er hægt að slökkva á upphaflega orkugjafanum. Um stund sér Stellarator-vélin sjálf um að hita rafgasið og viðheldur aðstæðum sem henta til samruna. Og þetta verður enn betra.

**Nifteindir til bjargar**

Við samruna tví- og þrívetnis myndast helínatóm og nifteindir en orkan sem losnar úr læðingi er fyrst og fremst í formi orkuríkra nifteinda. Í Stellarator taka nýjar nifteindir á rás og yfirgefa rafgasið án hindrana en skilja hreyfiorku sína eftir í auðgunarsvæðinu og þá í formi hita. Töfrarnir halda áfram í auðgunarsvæðinu þar sem nifteindirnar framkalla þrívetni úr liþíni sem einnig er dælt í vélina. Þrívetnið sem verður til er síðan beislað og fært aftur í eldsneytishringrásina.

Beinir fangar orkuna úr helíninu, sem kalla má samrunaösku. Hitinn sem verður til í auðgunarsvæðinu og í beininum er fluttur með kælivökva í hverflarafal og úr verður rafmagn sem hægt er að nota í rafveituneti. Það sem vekur sérstaka athygli er að hinir hefðbundnu hlutar Stellarator-vélarinnar, það er gufu- og orkuhverflarnir, eru áþekkir því sem gengur og gerist í kola- og kjarnorkuverum.

Vísindamennirnir í Þýskalandi eru aðeins lítill hluti af þeim sem nú gera tilraunir með samrunaorku. Margar af þessum tilraunum eru farnar að sýna raunverulegan árangur. Svo að samrunaorka verði á endanum möguleiki í orkubyltingunni þurfum við að eyða þúsundum milljarða króna á næstu áratugum en ávinningurinn gæti verið sá að við tryggjum mannkyni ótæmandi hreina orku.

## ITER-vélin





## Hönnun samrunavélarinnar




Heimild: Max Planck Institut für Plasmaphysik

**ÁVINNINGURINN GÆTI VERIÐ SÁ AÐ VIÐ TRYGGJUM MANNKYNI ÓTÆMANDI HREINA ORKU.**



Þessi mynd náðist af ofurheitu rafgasi sem flæddi um samrunavélina í örfá sekúndubrot. MYND/EPA

Markhönnun ehf

# nettó

NETTÓ KJÚKLINGALEGGIR
VERÐ ÁÐUR 869 KR/KG
695 KR KG

NETTÓ KJÚKLINGUR 1/1
VERÐ ÁÐUR 849 KR/KG
747 KR KG

DANPO KJÚKLINGALUNDIR
700 G
VERÐ ÁÐUR 1.691 KR/PK
1.353 KR PK

FROSIÐ

ÝSUBITAR
ROÐ- & BEINLAUSIR
VERÐ ÁÐUR 1.698 KR/KG
1.392 KR KG

FROSIÐ

FAGFISK LAXAFLÖK
SNYRT
VERÐ ÁÐUR 1.949 KR/KG
1.754 KR KG

COOP PESTÓ - 190 G
GRÆNT/RAUTT
VERÐ ÁÐUR 329 KR/PK
279 KR PK

COOP PASTA SKRÚFUR
500 G - 3 LITIR
VERÐ ÁÐUR 199 KR/PK
169 KR PK

50% AFSLÁTTUR

BLÁBER - 125 G ASKJA
FRÁ CHILE
VERÐ ÁÐUR 549 KR/PK
275 KR PK

DIT VALG HAFRAMJÖL
1 KG - FÍNT/GRÓFT
VERÐ ÁÐUR 229 KR/PK
199 KR PK

COOP MÚSLÍ
BLANDAÐ/BLÁBERJA/
SÚKKULAÐI/TROPICAL
VERÐ ÁÐUR 598 KR/PK
538 KR PK

DALOON RÚLLUR - 600 G
M. KJÚKLING
M. KARRÍKJÚKLING
VERÐ ÁÐUR 637 KR/PK
497 KR PK

RISTORANTE - 26 CM
PIZZA SPECIALE,
PIZZA HAWAII,
PIZZA MOZZARELLA.
VERÐ ÁÐUR 499 KR/PK
449 KR PK

2 KG
699 KR PK

-21°C
499 KR PK

5 KG
399 KR PK

NÁTTÚRA FUGLAFÓÐUR
VERÐ ÁÐUR 789 KR/PK
HÁLKUSALT - 5 KG
VERÐ ÁÐUR 449 KR/PK
RÚÐUVÖKVI - 3 L
VERÐ ÁÐUR 589 KR/STK

COOP SYMFONI
GRÆNMETISBLANDA - 750 G
COOP BROKKOLÍ - 800 G
COOP BLÓMKÁL - 700 G
VERÐ ÁÐUR 389 KR/PK
299 KR PK

COOP BROKKOLÍBLANDA
750 G
VERÐ ÁÐUR 299 KR/PK
249 KR PK

TALENT ELDHÚSRÚLLUR
4 RÚLLUR
VERÐ ÁÐUR 298 KR/PK
259 KR PK

25% AFSLÁTTUR

COOP WC PAPPÍR
16 RÚLLUR
VERÐ ÁÐUR 1.198 KR/PK
899 KR PK

**www.netto.is | Tilboðin gilda 7. – 10. jan 2016**

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

**Saga til næsta bæjar**



**Stefán Pálsson** skrifar um þjóðsagnapersónu sem labbaði lengra en Reynir Pétur.



# Frægasti Íslandsvinurinn

*Til dómsins eru mér dagar taldir,*
*drottins míns er það hefndargjöf,*
*nú hef ég leitað í nítján aldir,*
*nár, þótt kvikur, að minni gröf.*

Þessar þunglyndislegu línur úr Gyðingnum gangandi eru fjarri því að vera þær þekktustu eftir Grím Thomsen. Kvæðið var byrjandaverk, enda skáldið rétt um tvítugt. Í hugum nútímafólks tengist nafn ljóðsins helst pottaplöntu sem nánast er útilokað að drepa með vanrækslu, en á fyrri hluta nítjándu aldar var þjóðsagan sem Grímur orti um svo þekkt að hún jaðraði við klisju í ljóðum rómantískra skálda.

Í stuttu máli fjallar sagan um bölvun ódauðleikans. Maður nokkur, sem í flestum útgáfum er kallaður Ahasverus, ýmist hæddist að Kristi eða slæmdi til hans meðan á píslargöngu hans með krossinn stóð. Jesús sneri sér þá að manninum og lagði á hann þau örlög að hann skyldi eigra hvíldarlaust um veröldina allt fram að dómsdegi. Hann varð upp frá því gyðingurinn gangandi.

Smáatriðin í frásögninni voru ólík eftir svæðum og tímabilum. Sums staðar í Evrópu tíðkuðu bændur það að slá blett á ökrum sínum til að búa ferðalangnum langþreytta næturstað. Aðrir töldu að hann fengi aðeins að hvílast á jólanóttu eða jafnvel alls ekkert. Ýmist var hann sagður ævaforn eða að einu sinni á öld legðist hann niður og risi upp aftur í mynd þrítugs manns.

### Fornar fyrirmyndir

Trúarbragða- og goðsagnafræðingar benda á að hin harmræna persóna eigi sér ýmsar augljósar fyrirmyndir, allt frá heiðnum sögum af Óðni, frásögn Gamla testamentisins af refsingu bróðurmorðingjans Kains, ævafornum búddískum sögnum eða arabískum þjóðsögum um mann sem lifað hafði í margar aldir og hitt Jesú Krist.

Hvernig svo sem upprunanum er háttað, er elsta óyggjandi skráða frásögnin af gyðingnum gangandi í Evrópu úr annál frá þrettándu öld sem ritaður var á Englandi. Þar sagði frá armenskum biskup sem kom til Englands og var spurður um heilagan Jósef frá Arímaþeu. Jósef þessi kemur við sögu í öllum guðspjöllunum fjórum, en hann var auðugur fylgismaður Krists sem talið gat Pílatus á að láta sig fá lík spámannsins af krossinum og lagði til hvílu í gröf sem hann átti sjálfur.

Ýmsar sögur spruttu um Jósef frá Arímaþeu, sem meðal annars tengdu hann við varðveislu hins heilaga kaleiks sem átti að geyma blóð Krists og margir leituðu um aldir (og gera jafnvel enn). Á Englandi varð lífseig sú hugmynd að Jósef hefði lagt leið sína til Bretlandseyja og stofnsett þar hina kristnu kirkju. Var kenning þessi tekin svo alvarlega að Elísabet fyrsta gat um hana í deilum sínum við kaþólska biskupa, enda var stjórnendum ensku biskupakirkjunnar fyrst eftir siðaskiptin mikið í mun að sýna fram á að Englendingar hefðu tekið kristna trú án milligöngu páfans í Róm.

Sumar miðaldasagnir hermdu að Jósef frá Arímaþeu hefði ekki bara ferðast til Englands í fornöld, heldur væri hann enn í fullu fjöri og byggi í einhverju fjarlægu landi. Hugmyndin um að menn gætu náð mörg hundruð ára aldri virðist barnaleg í dag, en var ef til vill ekki eins fráleit í huga miðaldafólks. Gamla testamentið var jú fullt af frásögnum af fólki sem lifði svo öldum skipti og Kristur sjálfur hafði látið svo um mælt að hann myndi snúa aftur til jarðar á meðan sumir samferðamanna hans yrðu enn á lífi. Það lá því nærri að spyrja ferðalang sem var langt að kominn hvort hann hefði nokkuð rekist á Jósef á flakki sínu.

Ekki kannaðist sá armenski við það, en annan mann hafði hann talað við sem vissulega hefði hitt Frelsarann í Palestínu. Josephus hafi sá kallað sig, en heitið Cartaphilus áður fyrr og verið dyravörður Pontíusar Pílatusar. Þegar Kristur gekk út úr höllinni hafi Cartaphilus þessi slegið til hans og uppskorið hin nöturlegu örlög að ráfa stefnulaust um heiminn og bíða endurkomu mannssonarins.



> JESÚS SNERI SÉR ÞÁ AÐ MANNINUM OG LAGÐI Á HANN ÞAU ÖRLÖG AÐ HANN SKYLDI EIGRA HVÍLDARLAUST UM VERÖLDINA ALLT FRAM AÐ DÓMSDEGI. HANN VARÐ UPP FRÁ ÞVÍ GYÐINGURINN GANGANDI.

### Fundur í Hamborg

Samkvæmt þessari útgáfu sögunnar er göngumaðurinn ólánsami ekki endilega gyðingur, enda líklegra að Rómverji hafi sinnt dyravörslunni í höll landstjórans. En í upphafi sautjándu aldar var fest á blað sú útgáfa sem mestri útbreiðslu náði og þar var enginn vafi um þjóðerni gönguhrólfsins.

Prenttæknin var í örum vexti alla sextándu öldina og hafði gríðarleg samfélagsleg áhrif. Með tímanum var farið að festa á blað hvers kyns sögur og sagnir sem gengið höfðu víða um lönd svo öldum skipti, en við skrásetninguna og fjölföldunina urðu til staðlaðar útgáfur af frásögnum sem verið höfðu með ýmsum hætti á ólíkum stöðum. Barnaævintýri eru augljóst dæmi um þetta. Um alla Evrópu höfðu fullorðnir sagt börnum sínum óendanlega fjölbreyttar sögur af Öskubuskum og Rauðhettum, en prenttæknin staðlaði þær og gat af sér eina útgáfu.

Þetta gerðist með söguna um gyðinginn gangandi árið 1602. Þá kom út bæklingur í borginni Leyden sem hafði að geyma frásögn af atburðum sem áttu að hafa gerst sextíu árum fyrr. Þá hefði ungur guðfræðingur, Paulus að nafni sem síðar varð virtur biskup í Danzig, verið á ferð í Hamborg og rekist á óhrjálegan mann með þverhandarþykkt sigglag undir iljunum. Sá hafi heitið Ahasverus og verið viðstaddur krossfestingu Krists og verið í hópi þeirra sem heimtuðu Barrabas lausan í staðinn fyrir Jesú. Fyrir harðneskju sína hafi Ahasverusi verið refsað og hann gangi nú um heiminn fullur iðrunar, enda löngu búinn að taka kristna trú.

Í bæklingnum frá Leyden kom fleira fram um siði og hætti gyðingsins gangandi. Hann væri hæglátur en vitur, enda kynni hann öll tungumál og hefði verið viðstaddur marga af merkisatburðum sögunnar. Þessum mikla vísdómi væri hann til í að miðla, en staðnæmdist þó aldrei lengi á sama stað, neitaði að þiggja lítilræði af mat og drykk og fengist hann til að taka við peningum gæfi hann þá fátækum við fyrsta tækifæri.

Eftir því sem þessi útgáfa sögunnar breiddist meira út, því víðar virtist gyðingurinn gangandi skjóta upp kollinum. Allt fram á nítjándu öldu komu fram frásagnir af ferðum hans um alla Evrópu og með auknum skipaferðum lét hann sig ekki muna um að bregða sér vestur til Ameríku. Íslendingar þekktu vel til sögunnar og í Þjóðsögum Jóns Árnasonar má finna sögukafla sem að stofninum til byggist á bæklingnum frá 1602.

### Gestur í norðri

Um það leyti sem almenningur hætti að trúa sögunum um ævagamlan vísdómsþul sem genginn væri upp að hnjám, tóku listamenn hann upp á arma sína. Grímur Thomsen var fráleitt eina skáldið sem fann yrkisefni í hörmulegu hlutskipti manns sem dæmdur væri til ódauðleika. Um hann voru ortir kvæðabálkar, ritaðar skáldsögur og óbeint varð hann fyrirmynd annarrar tragískrar persónu: Hollendingsins fljúgandi. Aðrir rithöfundar gripu til hans sem aukapersónu, enda oft gott í skáldskap að geta gripið til manns sem borið gat vitni um löngu liðna atburði. Þá gerði franski listamaðurinn Gustave Doré heimsfræga myndaröð með persónunni, líkt og sjá má í myndskreytingu með greininni.

En fyrir sjálfhverfa heimsmynd okkar Íslendinga er enn ónefnt það atriði sem okkur kann markverðast að þykja. Gyðingurinn gangandi var nefnilega Íslandsvinur, löngu áður en þeir Ringo Starr og Justin Bieber höfðu kynnt það hugtak til sögunnar.

Í þjóðsögum Sigfúsar Sigfússonar, sem var afkastamikill safnari þjóðlegs fróðleiks og lengst af búsettur á Austurlandi, er frásögn frá því á fyrri hluta nítjándu aldar. Segir þar frá atburðum við messu í Skorrastaðarkirkju í Norðfirði. Meðal kirkjugesta var Einar Erlendsson frá Hellisfirði, kunnur sómamaður en með skyggnigáfu. Hefði Einar í miðri messu orðið var við fornlegan og yfirbragðsmikinn mann, genginn upp að hnjám, sem komið hafi inn í kirkjuna farið inn undir prédikunarstólinn og farið svo út aftur. Töldu ýmsir ljóst að hér hefði verið gyðingurinn gangandi á ferðalagi um Ísland.

Óvenjulegt verður reyndar að teljast að gyðingurinn gangandi hafi kosið að birtast einungis skyggnum mönnum í Norðfjarðarsveit, enda slíkt almennt ekki háttur hans á nítján hundruð ára ferli. Um hitt þarf ekki að efast, að hér er fundinn langfrægasti Íslandsvinurinn – miklu þekktari og víðförlari en bæði Bobby Fischer og Damon Albarn.

....LIFUN





# TRÚBROT

Tónlist hinnar goðsagnakenndu hljómsveitar **TRÚBROTS** verður flutt á sviði Eldborgar þann 12. febrúar. Þar verður einnig eitt helsta meistaraverk íslenskrar tónlistarsögu, **....LIFUN**, flutt í heild sinni, en verkið er 45 ára í ár. Meðlimir **TRÚBROTS**, þau Gunnar Þórðarson, Magnús Kjartansson og Shady Owens, skipa hljómsveitina ásamt þeim Eyþóri Gunnarssyni, Friðriki Karlssyni, Gunnlaugi Briem, Jóhanni Ásmundssyni, Pétri Grétarssyni, Stefáni Jakobssyni, Andra Ólafssyni og Stefaníu Svavarsdóttur. Ekki missa af sannkallaðri veislu í Hörpu þar sem tónlist **TRÚBROTS** fær að hljóma og andi hippakynslóðarinnar svífur yfir vötnum.

## 12. FEBRÚAR Í ELDBORG

**Miðasala á tix.is, miðasölu Hörpu og í síma 528-5050.**

HARPA

DÆGURFLUGAN

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

RAUÐ, GRÆN OG GUL EPLI FRÁ FRAKKLANDI

**239** kr. kg

SMÁEPLI FRÁBÆR STÆRÐ Í SAFAPRESSUR

HOLLENSKAR PERUR

# EPLA- OG PERUDAGAR

**298** kr. 1 l
**Dream**
Rísmjólk, möndlumjólk, hnetumjólk

Lífrænt

**698** kr. 1 l
**Kókosvatn**
Lífrænt, 1 lítri

**398** kr. 500 ml
**Kókosvatn**
Lífrænt, 500 ml

NÝBAKAÐ!

**259** kr. 4 stk.
**Bónus Kringlur**
4 stk.

LÁGT VERÐ ALLA DAGA

NÝBAKAÐ!

**259** kr. 4 stk.
**Bónus Langlokur**
4 stk.

LÍFSKORN ER BAKAÐ ÚR HEILU HVEITIKORNI OG RÚGI

**319** kr. stk.
**Myllan Lífskornabrauð**
450 g, 3 tegundir

always

4 pakkar

MEGA XL PACK

Allt að 245 þvottar

**2.849** kr. 270 g
**Amino Energy**
**Fæðubótarefni** 270 g, 8 tegundir

**998** kr. 4 pk.
**Always**
**Dömubindi**, 4 pack

**4.998** kr. kg
**Ariel Þvottaefni**
Allt að 245 þvottar

Verð í þessari auglýsingu gilda til og með **10. janúar** a.m.k.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




100% Ungnautahakk

300kr. Verðlækkun pr. kg

1.598 kr. kg

**Íslandsnaut Ungnautahakk**
Verð áður 1898 kr. kg

ÍSLENSKT UNGNAUTAKJÖT




2.998 kr. kg

**Íslandsnaut Piparsteik**
Ungnautasteik, fersk

# SPARAÐU MEÐ BÓNUS



Ali

598 kr. kg

**Ali Grísabógur**
Ferskur




1.379 kr. kg

**Bónus Beikon**




Roð- og beinlaus

1.298 kr. kg

**Norðanfiskur Ýsubitar**
Roð- og beinlausir, frosnir




1.895 kr. kg

**Bónus Kjúklingabringur**
Ferskar




659 kr. kg

**Bónus Kjúklingaleggir**
Ferskir

BRÚN OG VISTVÆN STJÖRNUEGG




598 kr. 816 g

12 egg

**Stjörnu Brúnegg**
12 stór egg, 816 g
Verð áður 698 kr.




898 kr. 1 kg

**Grænmetisbuff**
Forsteikt og frosin, 1 kg




1.098 kr. kg

**Norðanfiskur Þorskbitar**
Roð- og beinlausir, frosnir




998 kr. 1 kg

**Gríms Plokkfiskur**
1 kg

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Rögnvaldur Jóhann Sæmundsson**

fyrrum skólastjóri og aðstoðarskólameistari,

andaðist miðvikudaginn 6. janúar síðastliðinn. Útförin verður auglýst síðar.

**Aðalbjörg Guðmundsdóttir**
**Sæmundur Rögnvaldsson** **Ingibjörg Axelsdóttir**
**Elín Rögnvaldsdóttir** **Björgvin Guðmundsson**
**Margrét Rögnvaldsdóttir** **Magnús H. Ingþórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg eiginkona mín, systir, mágkona, stjúpdóttir, amma og langamma,

**Soffía V. Björnsdóttir**

Broager, Danmörku,

lést þriðjudaginn 29. desember í Danmörku. Bálför hefur farið fram í Danmörku, minningarathöfn verður haldin síðar.

**Tage Hansen**
**Aðalbjörg Björnsdóttir** **Gunnar Már Torfason**
**Bjarni Björnsson** **Ingibjörg Sigurbjörnsdóttir**
**Jarþrúður Lilja Danielsdóttir**
**Steingrímur P. Björnsson** **Elín Sigurðardóttir**
**Ragna Ágústdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996
Vaktsímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is • Allan sólarhringinn




ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA




*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

Útfararstofa Kirkjugarðanna
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



**Í safninu eru um 1.300 smábílar frá ýmsum tímum.**

# Þeir gömlu eru flottastir

**Sigurvin Jónsson, sölustjóri á Akureyri, á vel á annað þúsund smábíla sem hann hefur sett upp til sýnis í gallerii Vallá að Austursíðu 2. Löggu- og keppnisbílar eru í uppáhaldi.**

„Ég á ótrúlegustu bíla. Það eru svona tólf til fimmtán ár frá því ég hóf að safna þeim skipulega en nokkrir eru frá því ég var lítill,“ segir Sigurvin Jónsson, sölustjóri hjá BM Vallá á Akureyri, sem hefur stillt upp smábílasafni sínu á vinnustaðnum að Austursíðu 2. Þar eru um 1.300 bílar og sá elsti 90 ára að sögn eigandans. „Ég er nýbúinn að setja safnið upp hér í nokkuð marga skápa, það vekur athygli og ég tek á móti hópum hér utan vinnutíma. Hef svo velviljaða yfirmenn.“

Löggubílar víðsvegar að úr heiminum eru í safni Sigurvins, hann hefur sérlega gaman af keppnis- og rallýbílum, á yfir 100 Ferrari og helling af rússneskum bílum. Hvar nær hann í þetta allt? „Ég versla á eBay, fer á skran- og bílskúrssölur og hirði allt sem að mér er rétt. Svo býtta ég við aðra safnara. Þetta er skemmtilegt áhugamál og stórt úti um allan heim. Það eru haldnar smábílasýningar í íþróttasölum í Bretlandi.“

Sigurvin kveðst hafa verið öfundaður af vinum sínum af því hvað hann átti marga bíla sem strákur. „Ég bjó í Svarfaðardal þegar ég var gutti en pabbi vann í sláturhúsinu á Svalbarðsströnd og kom alltaf við á Akureyri á föstudögum á heimleið og keypti bíl handa mér. Oftast Corgi. Ég vildi alveg eiga þá bíla núna í upprunalegum umbúðum, þeir eru verðmætir. Dönsku bílarnir Tekno eru samt enn dýrari. Þeir hlaupa á tugum eða hundruðum þúsunda króna eintakið ef þeir eru í orginal kassa og í topp standi. En fátækur sölumaður á Íslandi hefur ekki bolmagn í það. Þó hafa fyrstu bílarnir sem ég safnaði hækkað í verði á síðustu árum.“



**„Strákarnir eru reynsluökumenn,“ segir Sigurvin sem hér er á milli þeirra Ara og Arnars.**
MYND/ÚR EINKASAFNI.

Nokkra Corgi-bíla frá pabba sínum kveðst Sigurvin eiga enn – ekki marga. Söfnunin hafi byrjað þegar hann fór að skoða þá. „Ég sló þessu merki upp á netinu og sá hvers konar söfnun var í gangi, þá fór ég að kaupa einn og einn og það tekur engan endi. Fólk er líka að færa mér bíla úr geymslunni, ég tek fúslega við þeim þó þeir séu illa farnir því ég geri þá upp líka.“

Að laga James Bond- og Batman-bílana segir Sigurvin eins og að gera við úr, alls konar smáatriði sem gaman sé að glíma við. „Það er líka sjarmi yfir sumum þessum gömlu bílum sem eru með rispur og beyglur. Þeir hafa sál.“

Synir Sigurvins, Ari og Arnar, sjö og fimm ára, hafa að sjálfsögðu gaman af bílunum. „Strákarnir eru aðallega reynsluökumenn,“ segir Sigurvin. „Þeir eru með mér í þessu, enda erfingjar krúnunnar.“

**gun@frettabladid.is**



Sambýliskona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Gunnhildur Björgólfsdóttir**

Lindasíðu 47, Akureyri,

lést þriðjudaginn 29. desember síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 18. janúar kl. 13.30.

**Einar Óskarsson**
**Halla Arnardóttir** **Egill Baldursson**
**Einar Arnarson** **María Auður Gissurardóttir**
**Örn Arnarson** **Katrín Björg Ríkarðsdóttir**
**Hildur Arnardóttir** **Steindór Guðnason**
**Agnes Arnardóttir** **Brynjar Sigurðsson**
**ömmu- og langömmubörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Edda Hrönn Hannesdóttir**

Þórðarsveig 1, Reykjavík,

lést í faðmi ástvina á líknardeild LSH í Kópavogi þann 5. janúar. Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju fimmtudaginn 14. janúar kl. 13.00. Við viljum þakka starfsfólki líknardeildar LSH í Kópavogi fyrir einstaklega góða umönnun. Einnig þökkum við Ólafi Skúla Indriðasyni lækni á LSH fyrir ómetanlegan stuðning.

**María Garðarsdóttir** **Theodór Friðgeirsson**
**Ríkey Garðarsdóttir** **Margrét Sigurðardóttir**
**Brynjar Halldór Jóhannesson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




PIPAR\TBWA · SÍA

HBO® and related service marks are the property of Home Box Office, Inc.



Ástkær sonur okkar,
bróðir og barnabarn,

**Ole Nordman Brynjólfsson**

lést á heimili okkar 30. desember síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Seljakirkju 11. janúar kl. 15.00.

**Brynjólfur Óskarsson** — **Selma Olsen**
**Björn Friðrik Brynjólfsson** — **Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir**
**Thelma Björk Brynjólfsdóttir** — **Said Lakhlifi**
**Óskar Brynjólfsson** — **Stella Sigurðardóttir**
**Guðni Karl Brynjólfsson** — **Stefanía Ellý Baldursdóttir**
**Finna Ellý Bottelet**



Elskuleg eiginkona mín,
amma og langamma,

**Þórunn Eggþóra Andrésdóttir**
Furugerði 1,

andaðist á Landspítalanum Fossvogi þriðjudaginn 5. janúar. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Bergsteinn Ólason**
**Steinunn Kristjánsdóttir**
**Andrés Lars Kristjánsson**
**Rán Bachmann Einarsdóttir** — **Garðar Ingi Ingvarsson**
**Einar Valur B. Garðarsson**
**Alexander Valur B. Garðarsson**
**Ingvar Valur B. Garðarsson**



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður minnar,

**Þórdísar Bjarnadóttur**

Sérstakar þakkir til starfsfólks á V-2, Grund fyrir góða umönnun og hlýhug í hennar garð.

**Hildur Sveinbjörnsdóttir**



Ástkær sonur minn, bróðir
okkar og frændi,

**Albert Hallgrímsson**
frá Söndum,
síðast til heimilis á Höfða, Akranesi,

lést laugardaginn 2. janúar. Útförin fer fram frá Akraneskirkju miðvikudaginn 13. janúar kl. 14.00.

**Aldís Petra Albertsdóttir,**
**systkini og frændsystkini.**



Okkar ástkæri eiginmaður, faðir,
tengdafaðir, stjúpfaðir, afi og langafi,

**Óskar John Bates**
Skipalóni 4, Hafnarfirði,

lést mánudaginn 4. janúar síðastliðinn. Útför fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 15. janúar kl. 13.00.

**Rósa Kristmundsdóttir**
**Nikulás S. Óskarsson** — **Margrét Ágústa Guðmundsdóttir**
**Óskar Kr. Óskarsson** — **Klara Dögg Sigurðardóttir**
**Þuríður Óskarsdóttir Bates**
**Bryndís, Styrmir, Ása Björg, Sverrir, Salvör og Gísli**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



**Ánægðir styrkþegar stilltu sér upp til myndatöku.** MYND/NORÐURORKA

# Styrkir listir, forvarnir, íþróttir og fjölmenningu

**Gerð útilistaverks í tilefni af 100 ára fæðingarafmæli Elísabetar Geirmundsdóttur listakonu og minnismerki um Látra-Björgu skáld vegna 300 ára frá fæðingu hennar eru meðal verkefna sem Norðurorka styrkir á nýju ári. Baldur Dýrfjörð forstjóri veit meira.**

„Eins og áður eru mörg verkefni á sviði menningar og lista og starfs með börnum og unglingum,“ segir Baldur Dýrfjörð, staðgengill forstjóra Norðurorku, um styrki sem fyrirtækið veitti í vikunni. Samtals var sjö milljónum króna útdeilt til 43 samfélagsverkefna á Eyjafjarðarsvæðinu og í Þingeyjarsveit. Hann segir nokkra áherslu lagða á forvarnaverkefni af ýmsu tagi og þau sem tengist fjölmenningu, nýbúum og flóttafólki.

Eitt af því sem á að styrkja tengsl milli Íslendinga og innflytjenda er Alþjóðlegt eldhús. Það er matarhátíð í Hofi sem hefur verið áður og notið vinsælda, að sögn Baldurs. Íslenskuþorpið er annað, það er tungumálakennsla fyrir nýbúa. Baldur nefnir líka lestrarátak fyrir innflytjendur sem Lionsklúbburinn Ylfa stendur fyrir. „Klúbburinn óskaði eftir styrk til kaupa á námsgögnum sem munu nýtast flóttafólkinu sem hingað kemur á næstunni, meðal annars verða keypt spil sem eiga að ná til krakkanna. Svo er Rauði krossinn lykilaðili í móttöku flóttamanna, hann stendur í endurbótum

> **Klúbburinn óskaði eftir styrk til kaupa á námsgögnum sem munu nýtast flóttafólkinu sem hingað kemur á næstunni, meðal annars verða keypt spil sem eiga að ná til krakkanna.**
>
> Baldur Dýrfjörð,
> forstjóri Norðurorku

á húsnæði sínu hér á Akureyri og við hjálpum þeim aðeins með það.“

Þau verkefni sem tengja má árinu 2016 sérstaklega eru gerð útilistaverks í tilefni af 100 ára fæðingarafmæli Elísabetar Geirmundsdóttur listakonu og minnismerki um Látra-Björgu skáldkonu í tilefni af 300 ára fæðingarafmæli hennar. Til að viðhalda þekkingu á viðgerð gamalla húsa var veittur styrkur og líka til kynningar á kúbverskri tónlist í grunnskólum. Þannig mætti lengi telja.

**gun@frettabladid.is**



**Baldur Dýrfjörð er staðgengill forstjóra Norðurorku.** MYND/ÚR EINKASAFNI



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru

**Þorgerðar Bjarkar Tryggvadóttur**

sem andaðist 24. nóvember síðastliðinn.

**Kjartan Þór Arnþórsson**
**Kristín Eva Ólafsdóttir**
**Karen Kjartansdóttir** — **Jun Rafael Deluna**
**Berglind Björk Kjartansdóttir**
**Óliver Máni, Karen Agla og Klara Von**



Elskuleg móðir mín, amma
og langamma,

**Kristín Vigfúsdóttir**
Blikahólum 4, Reykjavík,

lést að morgni nýársdags á hjúkrunarheimilinu Vífilsstöðum. Hún verður jarðsungin frá Fella- og Hólakirkju, föstudaginn 15. janúar kl. 13.00.

**Vigfús Lýðsson**
**Kristinn Lýður Vigfússon**
**Aðalheiður Ísold Hoffmann**
**Írena Laufey**
**Hafþór Loki**



Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug
vegna andláts og útfarar

**Sigurðar Ívars Sigurðssonar**
vélfræðings,
Skipalóni 12.

**Guðrún Emilsdóttir**
**Guðfinna Guðmundsdóttir** — **Björn Bárðarson**
**Emil Lárus Sigurðsson** — **Ellý Erlingsdóttir**
**Kristján Sigurðsson** — **Berta Faber**



Faðir minn, tengdafaðir og afi,

**Ólafur J. Bachmann**
húsgagna- og húsasmíðameistari,
Jörundarholti, Akranesi,

lést á Dvalarheimilinu Höfða 6. janúar. Útförin fer fram frá Akraneskirkju fimmtudaginn 14. janúar kl. 14.00.

**Jósteinn Bachmann** — **Herdís Ormarsdóttir**
**börn, barnabörn og aðrir aðstandendur.**

# útsala

## — allar vörur —

# 20%
# 40%
# 50%

ROYAL COPENHAGEN
Villeroy & Boch 1748
ROSENDAHL COPENHAGEN
GEORG JENSEN
KAY BOJESEN DENMARK
HOLME GAARD 1825
KOSTA BODA SWEDEN 1742
WMF
Orrefors FINE CRYSTAL SINCE 1898
zak! designs

KÚNÍGÚND
SÉRVERSLUN MEÐ VANDAÐAR GJAFAVÖRUR

Laugavegur - Kringlan - kunigund.is

# KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**1** Rými stálfáka brytjaði söng sárinda (12)
**11** Kemur alltaf á tilskildum tíma séu þeir sanngjarnir (9)
**12** Aurasálir baula á lífrænt ræktaðar slettur (10)
**13** Þessi gella ginnir dyravörð drottins (11)
**14** Fagurblóm blómstrar kl. 19.00 ef sól skín (10)
**16** Af klikkaðri daðurförinni í vík Tréfótar vestra (12)
**18** Býð minn besta klár fyrir far þangað (7)
**19** Tiltekin ögn er fyrir ákveðinn mann (8)
**23** Hér er smuga fyrir villta fugla (5)
**24** Býst við karlkjaftæði í þjóðskrá sem annarstaðar (8)
**28** Neikvæð myndin er byggð á olíu, líkt og hlífðarplastið (11)
**32** Kem sérlega kómískum fyrir kattarnef (10)
**33** Held að hin efri ár geymist best með betri bollum (11)
**35** Gufan Sæmi mætti ekki í samstillt átak (9)
**36** Finn völu Báru og Kvennablaðsritstjóra (10)
**38** Meinarðu hirðingjabrjóstið eða bringukollinn? (13)
**40** Aum gera sér upp pest (9)
**42** Sá hífaði sá flösku (9)
**43** Vandræði og bráðræði leika um nasir (5)
**46** Svört sá kuldaleg (7)
**47** Þetta sjúklega horaða lið í næsta húsi (12)
**48** Slydda sálar veit á skítaveður (9)

**LÓÐRÉTT**
**1** Vafasöm skipti á klárum (10)
**2** Göslaðist hringinn fyrir kveðskapinn (10)
**3** Að nota fagott gefur vel af sér í ruglinu (10)
**4** Ástin mín, hér er staður fyrir þá sem kalla á kærleika (10)
**5** Spyrna við fæti ef röðin riðlast (6)
**6** Bæjarhlað Arnar í Garðabæ (6)
**7** Bræði vax í turna fyrir spengilega rugludalla (9)
**8** Best er að hunsa ómerkilegan krimmann (9)
**9** Þekkir þú Hall hinn feikifjáða? (9)
**10** Músíkant mun góla fyrir gersemi (9)
**15** Leita að heitum fönnum í uppnámi (6)
**17** Dýrslegt ógnarhljóð og hugur sem gefur það frá sér (7)
**20** Skepnuskapur manneskjunnar er ekki góður (10)
**21** Frá fyrsta föður til næsta á undan (3)
**22** Leita mælieininga fyrir styrkmótun ávaxta (6)
**25** Slæ stiku á nes og talanda (7)
**26** Tíu ensk, kjaftur og aftur kjaftur – hvert er sambandið þarna á milli? (9)
**27** Stíga á storð um þar til gerðar brýr (9)
**29** Veruleikafirrtir hipsterar eru ágætar skjólflíkur (11)
**30** Finnur fróðleikssetur þótt vísbendingin sé klúsuð (11)
**31** Þessi gáta birtist hér að liðnu dægri meinlæta (9)
**34** Komast að hinu sanna um eðli krika (4)
**35** Eðlieðli er eðli? Eða er þessi týpa andategund? (8)
**37** Baráttukona skynjar leiðindi hljóma (7)
**39** Friðsemd er kona damlaðra (6)
**41** Linkan er talin í rugli (5)
**43** Brenglun barnabarns Nóa hvílir á mér sem mara (4)
**44** Þessi kjaftatífa mun vaxa og dafna (4)
**45** Hví að hangsa innanum þessa klikkuðu kóna? (4)





Lausnarorð síðustu viku var
**HRINGVEGURINN**

FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**
Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af **Dagatal Hulli 2016** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Kolbrún Þorvaldsdóttir, Reykjavík.**



**LAUSNARORÐ**
Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist líkamshluti. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 13. janúar næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „9. janúar“.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.









# Þrautir

## Bridge
Ísak Örn Sigurðsson

### EINSTÆÐIR YFIRBURÐIR

Árlegt jólamót Bridgefélags Reykjavíkur var spilað 30. desember síðastliðinn. Félagarnir Steinar Jónsson og Ragnar Magnússon unnu sigur með einstökum yfirburðum. Þátttakan var 62 pör og fengu þeir 67,8% skor í fyrsta sætið, en annað sætið var með 59,1% skor. Að vonum áttu þeir félagar mörg góð spil og fengu hreinan topp í þessu spili. Ragnar Magnússon sat í norður og átti fyrstur að segja, enginn á hættu: Ragnar Magnússon var að velta því fyrir sér hvernig hann ætti að hefja leik og ákvað

**NORÐUR**
♠ D4
♥ 107
♦ ÁKG952
♣ 653

**VESTUR**
♠ G82
♥ 9543
♦ D86
♣ 874

**AUSTUR**
♠ Á753
♥ K6
♦ 74
♣ ÁDG109

**SUÐUR**
♠ K1096
♥ ÁDG82
♦ 103
♣ K2

að opna á 3 tíglum til að setja pressu á andstæðingana. Austur ákvað, illu heilli, að dobla og vestur sagði eðlilega 3 hjörtu. Steinar Jónsson doblaði þann samning sem var spilaður. Útspil Ragnars var tígulás og svo kom hjartatía. Steinar tók 3 hæstu á hjarta og spilaði fjórða hjartanu. Sagnhafi spilaði næst laufi á ás og síðan drottningu. Steinar fékk á kóng og spilaði tígli. Ragnar tók 5 næstu slagi á tígul, Steinar losnaði við alla spaða sína og sagnhafi fékk 2 slagi (laufás og hjartania), 1700 niður. Þremur minna niður hefði nægt í hreinan topp.

## Skák
Gunnar Björnsson



Najdorf átti leik gegn Timman á ólympíuskákmótinu í Buenos Aires í Argentínu árið 1980.

**Hvítur á leik**
**1. Bd6! Kg8 2. He8** og svartur gafst upp. Gestamót Hugins og Breiðabliks hófst í gær og urðu úrslit að mestu hefðbundin.

**www.skak.is** Skákþing Reykjavíkur heldur áfram á morgun.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | 3 | | 1 | 8 | |
| 3 | | | | | 1 | | | 4 |
| 4 | | 2 | 7 | | | | | |
| | | 4 | 6 | | 2 | 8 | | 3 |
| | | 1 | | 7 | | | 6 | 9 |
| | 6 | | 3 | | 9 | | 5 | |
| | 4 | | | 2 | 7 | | 1 | |
| 8 | | | 1 | 5 | 6 | | | 7 |
| | | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | 6 |
| | 5 | | 9 | | | | | 8 |
| 6 | | 8 | 2 | | 4 | 5 | | |
| | | | 8 | | | 4 | 3 | |
| | | 7 | 4 | 9 | | | | 2 |
| | 9 | 1 | | 5 | | 6 | | |
| | | | 6 | | 3 | | | |
| | 2 | | 5 | | | | | |
| 5 | | 9 | | 1 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | | 3 | 6 | | | 5 |
| | 2 | | | 5 | | 6 | 4 | 8 |
| | | | | | | | 2 | |
| | 4 | 7 | 6 | | | | | |
| | | | | 8 | 9 | 4 | | |
| 6 | | | | 2 | | | | |
| | | 9 | 7 | | | | | |
| | | | | 9 | 2 | | 8 | |
| 8 | 6 | | | | 3 | 5 | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.
Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 2 | 3 | 7 | 8 | 4 | 9 | 1 | 5 |
| 1 | 7 | 4 | 3 | 9 | 5 | 6 | 8 | 2 |
| 8 | 9 | 5 | 6 | 1 | 2 | 7 | 3 | 4 |
| 4 | 3 | 2 | 8 | 5 | 6 | 1 | 9 | 7 |
| 7 | 1 | 8 | 9 | 4 | 3 | 2 | 5 | 6 |
| 9 | 5 | 6 | 1 | 2 | 7 | 8 | 4 | 3 |
| 2 | 6 | 9 | 4 | 3 | 1 | 5 | 7 | 8 |
| 5 | 4 | 1 | 2 | 7 | 8 | 3 | 6 | 9 |
| 3 | 8 | 7 | 5 | 6 | 9 | 4 | 2 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | 4 | 7 | 3 | 5 | 2 | 9 | 1 |
| 9 | 7 | 1 | 4 | 6 | 2 | 5 | 3 | 8 |
| 5 | 2 | 3 | 9 | 1 | 8 | 4 | 7 | 6 |
| 1 | 6 | 9 | 5 | 7 | 4 | 3 | 8 | 2 |
| 2 | 4 | 7 | 3 | 8 | 6 | 1 | 5 | 9 |
| 8 | 3 | 5 | 1 | 2 | 9 | 6 | 4 | 7 |
| 7 | 5 | 2 | 6 | 9 | 3 | 8 | 1 | 4 |
| 3 | 9 | 8 | 2 | 4 | 1 | 7 | 6 | 5 |
| 4 | 1 | 6 | 8 | 5 | 7 | 9 | 2 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | 3 | 1 | 9 | 5 | 6 | 2 | 4 |
| 5 | 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 7 | 9 | 3 |
| 2 | 4 | 9 | 6 | 3 | 7 | 5 | 8 | 1 |
| 9 | 2 | 8 | 5 | 7 | 4 | 1 | 3 | 6 |
| 1 | 3 | 7 | 8 | 2 | 6 | 4 | 5 | 9 |
| 6 | 5 | 4 | 9 | 1 | 3 | 8 | 7 | 2 |
| 7 | 8 | 6 | 2 | 4 | 9 | 3 | 1 | 5 |
| 3 | 9 | 5 | 7 | 6 | 1 | 2 | 4 | 8 |
| 4 | 1 | 2 | 3 | 5 | 8 | 9 | 6 | 7 |

LED SJÓNVÖRP
OLED SJÓNVÖRP
24" LÍTIL SJÓNVÖRP
98" STÓR SJÓNVÖRP
32" SJÓNVÖRP
49" SJÓNVÖRP
48" SJÓNVÖRP
50" SJÓNVÖRP
55" SJÓNVÖRP
60" SJÓNVÖRP

# ÚTSALA

## ALLT AÐ 67% AFSLÁTTUR

65" SJÓNVÖRP
79" STÓR SJÓNVÖRP
ÚTVÖRP
HLJÓMTÆKI
84" STÓR SJÓNVÖRP
HEIMABÍÓ
BLU-RAY SPILARAR
HEYRNARTÓL
BÍLGRÆJUR
MYNDAVÉLAR
SKJÁVARPAR
HÁTALARAR
SJÓNAUKAR
BLUETOOTH HÁTALARAR

LG PHILIPS THOMSON Panasonic

YAMAHA KENWOOD Nikon GRUNDIG UNITED EPSON JBL

harman/kardon OLYMPUS Dantax tasco TOSHIBA JVC SanDisk

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18 OG LAUGARDAGA 11-16 | SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

**Sjónvarpsmiðstöðin**

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

## Konráð og félagar á ferð og flugi 181

Bragi Halldórsson

Lísaloppa rýndi í gátubókina. „Þessi er sniðug,“ sagði hún. „Spurt er, hvar er hundur smalans? Róbert klóraði sér í kollinum. „Ég sé engan hund, er ekki bara verið að plata okkur?“ Lísaloppa glotti. „Nei, myndin af hundinum er falin í myndinni.“ „Hvað meinar þú?“ spurði Róbert, hann skildi ekkert hvað það táknaði. „Jú,“ sagði Lísaloppa, „myndin af hundinum getur verið falin hvar sem er, í skýjunum, kindunum, fötum smalans eða grasinu því þetta er felumynd.“ Róberti leist ekkert á þetta. „Úff, ég finn aldrei þennan hund.

Getur þú fundið hund smalans?





## Brandarar

Sögukennarinn: „Í hvaða orrustu féll Gústaf Adolf?“
Lalli: „Ég held það hafi verið í síðustu orustunni hans.“

Spurning: Hvernig dó Super Mario?
Svar: Hann Nintendó.

Tveir asnar voru hvor á sínum árbakkanum. „Hvernig kemst ég hinum megin?“ hrópaði annar yfir ána. „Þú ert hinum megin,“ galaði hinn.

Kennarinn: „Hvað er það sem er kallað miðbaugur, Óli?“
Óli: „Það er svart strik á kortinu.“

„Af hverju ertu að skæla, gúrka, þetta er gamanmynd.“
„Ég veit,“ svaraði gúrkan, „þetta er bara vegna þess að það er laukur við hliðina á mér.“




# Finnst að allir ættu að hafa sama rétt

Drengur er nefndur **Nonni Gnarr.** Hann hefur mestan áhuga á leiklist en tók sig til og hannaði hálsmen fyrir jólin sem hann lét gera fyrir sig í Leynibúðinni á Laugavegi.



Nonni Gnarr með heimilistíkina Perlu sem er Pug. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Hvað heitir þú fullu nafni og hversu gamall ertu?** Ég heiti Jón Gnarr og verð 11 ára í maí.

**Hver er eftirlætisnámsgreinin þín í skólanum?** Mér finnst íþróttir skemmtilegasta námsgreinin.

**Hver eru helstu áhugamálin þín og af hverju?** Helsta áhugamál mitt er leiklist, ég hef leikið í tveimur bíómyndum og tónlistarmyndbandi. Svo var ég reyndar að prófa að hanna hálsmen og fannst það gaman.

**Segðu okkur meira frá því.** Mig langaði í hálsmen fyrir jólin og ég fór í nokkrar búðir en leist ekki á neitt, ég fékk þá hugmynd að gera Gay Pride-fánann því allir ættu að hafa sama rétt og það finnst mér jólin snúast um. Í Leynibúðinni á Laugavegi 55 er verið að búa til skartgripi og starfsfólkið þar var til í að búa hálsmenið til fyrir mig og gerði líka nokkur önnur sem eru til í Leynibúðinni.

**Hvernig tónlist fílarðu best?** Rapp og dubstep.

**Fékkstu bók eða bækur í jólagjöf og þá hverja eða hverjar?** Ég fékk eina bók, hún heitir Þín eigin goðsaga og er eftir Ævar Þór Benediktsson.

**Hvernig leikur þú þér oftast?** Í tölvuleikjum og Sannleikanum eða kontor.

**Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór?** Mig langar mest að verða leikari.



Eins og vel skreytt afmæliskaka.



Sumar tegundir kamelljóna hafa úr mörgum litum að velja.
MYNDIR/GETTY/NORDIC PHOTOS

## SKIPTA LITUM EFTIR AÐSTÆÐUM

Kamelljón eru eðlur. Talið er að rúmlega tvö hundruð mismunandi tegundir séu til af þeim. Kamelljón eru misstór og í mörgum litum. Sum þeirra geta skipt litum. Það gera þau til dæmis þegar þau þurfa að fela sig fyrir rándýrum. Þau verða skærari á litinn þegar þau eru reið og í árásarham en dekkri þegar þau eru auðmjúk og að gefast upp.

Kamelljón breyta líka lit til að stilla hita í líkamanum. Eru svört á köldum morgnum því svartur litur dregur til sín hita en verða grá þegar sólin fer að verma þau. Sum kamelljón nota líka liti í samskiptum við önnur kamelljón.

Tunga kamelljóna er ein sú hraðfærasta í heimi, henni skjóta þau eldsnöggt út þegar þau veiða sér til matar. Augun hreyfast hratt og sjónin er frábær. Halinn er langur og verður tilkomumikill þegar dýrið rúllar honum upp.

Kamelljón finnast í heitum löndum, allt frá regnskógum til eyðimarka. Aðalheimkynnin eru í Afríku og yfir helmingur tegundanna lifir á Madagaskar.

Fræðiheiti kamelljónaættarinnar er Chamaeleontidae.

# FYRSTA BÓK ÁRSINS!

JAN.
Penninn Eymundsson
BÓK
MÁNAÐARINS




Vildarverð:
3.299.-
Verð:
3.899.-



Konan í blokkinni

Jónína Leósdóttir er þekkt fyrir skáldsögur sínar. Hér sendir hún frá sér glænýja glæpasögu!

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Vildartilboð á bók mánaðarins gildir frá 9. jan til og með 31. jan. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Eftir nokkra daga af hvassri austanátt dregur loksins almennilega úr vindi í dag, víða 5-13 m/s, en heldur hvassara verður með suðurströndinni. Áfram éljagangur suðaustan og austan til, en annars að mestu þurrt og bjart veður þó að einhver ský verði til staðar. Kólnar í veðri, frost 0 til 5 stig, mildast við sjávarsíðuna.

### Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 2° | Oslo -10° | Stokkhólmur -7° | Gautaborg -2° | Helsinki -11° | Þórshöfn 2° | Nuuk -10° |
| London 9° | Amsterdam 5° | Paris 9° | Berlin -1° | Madrid 10° | Brussel 8° | Róm 17° |
| Boston 3° | New York 4° | Orlando 16° | Moskva -13° | Singapúr 27° | Tókýó 6° | Sydney 20° |




BYLGJAN 989

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




### Flóð & fjara

| Flóð | Fjara |
|---|---|
| **Reykjavík** | |
| **05.58** | **12.15** |
| 3,97m | 0,64m |
| **18.13** | **00.22** |
| 3,97m | 0,54m |
| **Akureyri** | |
| **10.02** | **03.47** |
| 1,44m | 0,43m |
| **22.36** | **16.26** |
| 1,31m | 0,31m |
| **Ísafjörður** | |
| **07.56** | **01.44** |
| 2,22m | 0,43m |
| **20.05** | **14.17** |
| 2,02m | 0,41m |

### Tunglstaða

Vaxandi
2%

Sólarupprás:
11.08

Sólarlag:
16.00

### Reykjavík

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -3° ←8 | -5° ←11 | -4° ←3 | -2° ↙11 | -3° ↙7 |

### Ísafjörður

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -4° ←11 | -8° ↙9 | -3° ↙18 | -5° ↙12 | -4° ↙10 |

### Akureyri

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -5° ↙10 | -8° ↓7 | -8° ↓2 | -4° ↓6 | -4° ↙8 |

### Egilsstaðir

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -2° ↓9 | -6° ↘8 | -5° ↘4 | -4° ↓8 | -2° ↓13 |

### Kirkjubæjarklaustur

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -2° ↙5 | -7° ↓6 | -7° ↓6 | -2° ↓10 | -2° ↘1 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# ÆVINTÝRAFERÐ TIL ÍSLANDS

**Með íslenska skemmtiferðaskipinu Ocean Diamond 11. til 24. maí**

## PERSÓNULEG STEMNING, FRÁBÆR MATUR OG ÞJÓNUSTA.

Íslenska skemmtiferðaskipið Ocean Diamond fékk nýlega verðlaun Sambands þýskra farþegaskipa fyrir ferðir sínar kringum Ísland síðasta sumar. Nú gefst Íslendingum tækifæri til að fara í ævintýraferð með skipinu frá Hamborg, um Norðursjóinn og eyjar Atlantshafsins áður en þeir upplifa ferðalag á sjó kringum land sitt með algjörlega nýjum hætti. Um borð er íslensk fararstjórn og skemmtun, persónuleg stemning er meðal áhafnar og farþega, frábær matur og þjónusta.




Siglt er frá Hamborg til Newcastle, Orkneyja, Hjaltlandseyja, Færeyja og svo einstök sigling kringum landið okkar áður en komið er til Reykjavíkur.














## EINSTÖK UPPLIFUN

Um borð í Demantinum eru 15 slöngubátar sem eru notaðir í hvala- og fuglaskoðun – í svokölluðum „Soft Expedition“ ævintýraferðum. 106 manna áhöfn er um borð auk íslenskra leiðsögumanna. Skipið tekur 224 farþega. Hentug stærð skipsins gerir kleift að koma farþegum á staði sem hin hefðbundnu skemmtiferðaskip komast ekki á. Þannig munu farþegar Ocean Diamond geta upplifað margt af því áhugaverðasta á eyjum Atlantshafsins og á Íslandi.

Verð frá 280.000 á mann miðað við þrjá í káetu - fullt fæði innifalið.

Verð frá 420.000 kr. á mann miðað við tvo í káetu -fullt fæði innifalið.

Nánari upplýsingar á www.icelandprocruises.is eða í síma 510 3600

**Iceland ProCruises** · Ármúla 15 · 108 Reykjavík · Sími 510 3600
info@icelandprocruises.is · www.icelandprocruises.is · facebook.com/icelandprocruises

Iceland Pro Cruises

FRÉTTABLAÐIÐ
MENNING


Fjallastef
2004-2014


Esjustef
1974


Kaffisett
1965


Úr borðbúnaði Hítar tröllkonu í Hundahelli
2001


Líkjörssett
1965

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Heppin að vera uppi á þessum tíma

**Hönnunarsafn Íslands opnar í dag yfirlitssýningu á leirlist Steinunnar Marteinsdóttur. Til að fræðast um ferilinn og ástina heimsótti Fréttablaðið listakonuna og nýja manninn í lífi hennar, Árna Bergmann rithöfund.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



**Þó Hulduhólar, hús Steinunnar Marteinsdóttur, standi við þjóðveg 1 í Mosfellsbæ er komið í nýja veröld um leið og rennt er í hlað. Listaverk úr grjóti girða lóðina af. Þegar stigið er inn yfir þröskuldinn blasa verk Steinunnar við, málverk, leirker, vasar, skálar. Á borði í vinnustofunni liggur nýútkomin bók hennar, Undir regnbogann, sem segir frá uppruna hennar og listamannsferli í máli og myndum. Þau gáfu sem sagt bæði út sögur sínar fyrir jólin hún og kærastinn, Árni Bergmann. Hans heitir Eitt á ég samt.**

## Ekkert ástarhjal

Við Steinunn og Árni tyllum okkur í eitt horn stofunnar. Þó augljóslega neisti á milli þeirra tekur hún fram að ekki verði um ástarhjal að ræða og alls engar typpasögur eins og nú tíðkist í fjölmiðlum. „Ertu viss um það?“ spyr Árni stríðnislega. Sjálf lofa ég að gæta fyllsta siðgæðis.

Áður en ég brunaði upp í Mosó kíkti ég á sýninguna í Hönnunarsafninu við Garðatorg í Garðabæ sem er glæsileg og fjölbreytt enda spannar hún feril Steinunnar í leirlist frá upphafi til nútímans.

„Ég kom heim frá námi í Þýskalandi 1960 og byrjaði að vinna í fyrirtækinu Glit,“ rifjar Steinunn upp. „Ári seinna setti ég upp eigið verkstæði á háaloftinu heima hjá mér. Þar var ofn sem ég hlóð sjálf og þætti heilsuspillandi í dag. Honum var bara lokað með asbestplötum og steinull.“

„Vinnuvernd var ekki komin til skjalanna á þessum tíma,“ skýtur Árni að.

„Enda var ég næstum búin að kveikja í. Fullorðinni konu sem bjó á neðri hæðinni leist ekkert á blikuna, þetta var stórhættulegt. En ég eignaðist betri ofn og flutti hingað í Hulduhóla 1969, ásamt þáverandi eiginmanni, Sverri Haraldssyni listmálara. Við eyðilögðum búskapinn hér og breyttum fjósinu í vinnustofu.“

„Nú eru flest frystihús landsins orðin að listamiðstöðvum. Hér sitjum við í hlöðunni og vinnustofan frammi var áður fjós. Þetta sýnir að þið hafið verið framsækin á sínum tíma,“ bendir Árni á.

„Við þurftum tvær vinnustofur og vildum búa á sama stað. Slíkt húsnæði var ekki að fá í bænum en bróðir minn, Bjarni Marteinsson, er arkitekt og umbylti þessum húsum þannig að þau hentuðu okkur. Svo er þetta fallegur staður með útsýni til Snæfellsjökuls og Esjunnar sem hafa veitt mér innblástur gegnum tíðina.“

„Steinunn hélt því snemma fram í viðtali að Ísland væri svo keramískt og hefur staðið á því,“ segir Árni og hún tekur undir það. „Enda er sami hiti í ofninum og glóandi hrauni og ef ég bræði malaðan vikur þá er þar kominn glerungur, þannig að ég hef náttúruöflin með mér í listinni.“

Hún segir verkin spinnast hvert af öðru. „Stundum fer ég aftur í tímann


Við erum voða feimin að tala um sambandið, segja Árni og Steinunn.

> **STUNDUM FER ÉG AFTUR Í TÍMANN OG VINN MEÐ GAMLAR HUGMYNDIR Á ANNAN HÁTT EN ÞÁ. ÞANNIG SVISSA ÉG FRAM OG AFTUR.**
>
> Steinunn Marteinsdóttir

> **ÞÚ ERT EINS OG PÓSTMÓDERN SKÁLDSAGA, VIRÐIR EKKI TÍMANS EÐLILEGU RÁS.**
>
> Árni Bergmann

og vinn með gamlar hugmyndir á annan hátt en þá. Þannig svissa ég fram og aftur.“ Þetta setur Árni strax í bókmenntalegt samhengi. „Þú ert eins og póstmódern skáldsaga, virðir ekki tímans eðlilegu rás.“

## Ganga tvö saman

Þó Steinunn kveiki enn upp í brennsluofninum af og til segir hún listmálun hafa tekið æ meira af tíma hennar á þessari öld. Hún hafi byrjað að mála úti í París. „Árni, hvenær var ég í París, 1986?“

Nú sperri ég eyrun: Var Árni byrjaður að fylgjast með þér þá? „Já, við höfum þekkst lengi,“ segir Steinunn og ég fæ að vita að þau hafi verið í sama gönguhópi í áratugi en á undanförnum misserum líka farið að ganga tvö saman. „Það er dálítið skondið með svona sögur að manni finnst að sumu leyti að þær hafi byrjað í fornöld,“ segir Árni og heldur áfram: „Þó Steinunn sé á móti öllu rómantísku hjali í fjölmiðla þá var það þannig að þegar ég var þrettán ára fór ég til Reykjavíkur frá heimabæ mínum Keflavík að skoða Listasafn Íslands. Þar sá ég styttu af telpu með fléttur sem mér þótti afskaplega falleg og þetta var stytta af Steinunni þegar hún var átta ára. Ég kannaðist við föður hennar sem gerði styttuna, hann var eins og mamma, ættaður frá Merkinesi í Höfnum. Þannig að við eigum bæði rætur þar.“

Voru ekki Ellý og Vilhjálmur þaðan líka? spyr ég. „Jú, þar var þríbýli um tíma og mér skilst að Steinunn og Ellý hafi heilmikið brallað saman, jafnvel búið til óperu.“

„Já, ætli ég sé ekki eina manneskjan sem hef sungið í óperu með Ellý Vilhjálms,“ segir Steinunn hlæjandi. „Óperan hét Hefurðu séð vasaklútinn hans pabba? og öllum í Höfnum var boðið á sýninguna.“

Árni býr að hluta til í íbúð sinni í borginni. Hefur aldrei tekið bílpróf heldur oftast farið ferða sinna á hjóli, þó hjólar hann ekki upp í Mosfellsbæ. Steinunn segir þau búa saman svona að tveimur þriðju. „Við erum voða feimin að tala um sambandið,“ segir Árni. „En ég vil þó segja að við erum mjög heppin að vera uppi á þessum tíma nú því áður þóttu ástamál gamals fólks afskaplega hlægileg og hallærisleg. Nú eru allir búnir að sætta sig við þetta og þykir það bara ágætt. Þannig að þó mönnum lítist ekki á heiminn alltaf þá eru framfarir á vissum sviðum.“


PAMPERS GÆÐABLEYJUR Á FRÁBÆRU VERÐI
Botnverð á Pampers bleyjum í Iceland
ÓTRÚLEGT VERÐ
Pampers
baby-dry
TILBOÐ Á BLEYJUM
1199 kr. pakkinn
PAMPERS
ALLAR STÆRÐIR - STÓRIR PAKKAR
Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.
Jón Jónsson
150.000 kr.
200.000 kr.
Borga
Borgaðu með símanum á einfaldan og öruggan máta með Netgíró.
Við sendum þér reikning í netbankann og þú færð allt að 14 daga vaxtalausan greiðslufrest.
Skráðu þig á www.netgiro.is
Netgíró
Betri leið til að borga
Úrval er breytilegt eftir verslunum
OPIÐ 24 TÍMA
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA
Iceland

# Boekie Woekie er okkar leikvöllur í listinni

**Á fyrstu sýningu ársins í Nýlistasafninu gefur meðal annars að líta málverk og skúlptúra og bókabúðina Boekie Woekie í raunstærð, en þessi íslensk-hollenska listabókabúð í Amsterdam á 30 ára starfsafmæli í ár.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Í dag kl. 16 verður opnuð fyrsta sýning ársins í Nýlistasafninu í Reykjavík en safnið er til húsa í Völvufelli í Breiðholti. Hér er á ferðinni sérdeilis forvitnileg sýning sem kallast Boekie Woekie, 30 ár – Books and more by Artists. Boekie Woekie er listamannarekin bókabúð, útgáfufélag og sýningarrými í Amsterdam og einn helsti vettvangur bókverka í Evrópu og þó víðar væri leitað og á búðin þrjátíu ára starfsafmæli um þessar mundir.

Rúna Þorkelsdóttir myndlistarkona er á meðal stofnenda Boekie Woekie og hún segir að það séu ein þrjú þeirra sem hófu þetta ævintýri á sínum tíma sem taka þátt í sýningunni í Nýló að þessu sinni.

> **VIÐ ERUM NÁTTÚRULEGA MYNDLISTARMENN, EKKI BARA BÓKAGERÐARFÓLK, OG VIÐ VINNUM Í ALLS KONAR MIÐLA.**

„Auk mín eru það Henriëtte van Egten og Jan Voss sem eru núverandi aðstandendur búðarinnar og svo bætast við þau Hrafnhildur Helgadóttir og Brynjar Helgason. Við höfum nefnilega haft þann háttinn á í gegnum tíðina að taka með okkur í samsýningar og slíkt þá listamenn sem eru að vinna hjá okkur hverju sinni. Nýlistasafnið bauð okkur svo að koma og sýna í tilefni af þrítugsafmælinu og það vill nú þannig til að við erum öll þrjú sem stöndum að Boekie Woekie einnig meðlimir í Nýlistasafninu frá upphafi.

Eitt af því sem við erum að sýna núna er raunstærð af fyrstu búðinni okkar sem við lítum á sem skúlptúr og prentum út lista yfir alla titlana sem eru í búðinni núna. Við erum náttúrulega myndlistarmenn, ekki bara bókagerðarfólk, og við vinnum í alls konar miðla. Það eru bæði myndir, málverk og prentverk á veggjum hérna hjá okkur og svo líka skúlptúrar.

En Boekie Woekie er í raun eins konar leikvöllur. Þetta er bókabúð með listaverkabókum og við tökum líka inn slíkar bækur eftir aðra. Að auki þá er þetta líka sýningarrými og ákveðið vinnukonsept fyrir okkur í myndlistinni. Þetta er í raun okkar myndlist í þessu sérstaka formi. Þegar við byrjuðum þá vorum við minnsta bókabúð í Amsterdam en eftir að við fluttum 1991 þá breyttist það og þetta hefur mikið vaxið og dafnað á þessum þrjátíu árum.“

Boekie Woekie býr að rótgrónum



**Óperukór Mosfellsbæjar**

óskar eftir reyndu söngfólki í allar raddir
með góða nótnalesturskunnáttu.
Áhugasamir sendi tölvupóst á netfangið **jmh67@msn.com** eða hafi beint samband við Julian Hewlett kórstjóra í síma 699 1967.

Framundan eru m.a. óperutónleikar vorið 2016 og fleira áhugavert.
Karlakórinn Mosfellsbræður og sönghópurinn Boudoir geta einnig bætt við sig nokkrum góðum söngfélögum.
Upplýsingar á sama stað.

Söngkveðjur

60 ÁRA 2016

REYKJAFELL



60 ár að baki og við horfum til framtíðar

Reykjafell · Skipholti 35 · Sími 588 6000 reykjafell.is

Í tilefni þess að Reykjafell er 60 ára langar okkur að bjóða þér á rafmagnaða fyrirlestradaga á Hótel Hilton

Ekki láta þig vanta á þessa frábæru viðburði dagana 13. til 15. janúar á Hótel Hilton þar sem erlendir sérfræðingar á sviði lýsingar, raflagna og iðnstýringa flytja ýmis fróðleg erindi. Fyrirlestrarnir fara fram á ensku.

Húsið opnar kl. 8.30 alla dagana með ljúffengum morgunverði áður en fyrirlestrarnir byrja.

» **Skráning og ítarleg dagskrá á reykjafell.is/fyrirlestrar**

Takmarkað framboð af sætum

*MIÐVIKUDAGUR 13. JAN, KL. 9.00 - 11.00*
**Frágangur eldvarna í raflögnum**
Frank Massallek og Jan Wagner frá Spelsberg deila með gestum þekkingu sinni og áratuga reynslu í áhugaverðum fyrirlestri um hönnun og uppsetningu eldvarna í byggingum og jarðgöngum.

*FIMMTUDAGUR 14. JAN, KL. 13.00 - 15.00*
**Lýsing frá öllum hliðum**
Dr. Amrita Prased frá Zumtobel fer ofan í kjölinn á áhrifum lýsingar á líðan fólks og Graeme Shaw starfsbróðir hennar fjallar um ljósastýringar og tæknilegar áskoranir LED lýsingar.

*FIMMTUDAGUR 14. JAN, KL. 9.00 - 11.00*
**Form töfluskápar og aflrofar**
Farið verður yfir uppbyggingu og hönnun á Form 1-4 Modul töfluskápunum frá Logstrup. Í framhaldi verður rætt um loft- og aflrofa og heildarlausnir í töflusmíði með Logstrup og Eaton.

*FÖSTUDAGUR 15. JAN, KL. 9.00 - 11.00*
**Öryggi véla og vélbúnaðar**
Bjarne Erichs frá Pilz kynnir regluverk og staðla öryggisbúnaðar. Hann fer einnig yfir CE merkingar, ferla og áhættumat ásamt því að kynna EN ISO 13849-1 staðalinn.

LÝSING AFLDREIFING RAFLAGNIR IÐNSTÝRINGAR



**Hrafnhildur Helgadóttir myndlistarmaður, Þorgerður Ólafsdóttir, formaður Nýlistasafnsins, Rúna Þorkelsdóttir og Jan Voss sem bæði voru á meðal stofnenda Boekie Woekie og Nýló.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**VIÐ EIGUM SVO BÆÐI STERKAR TENGINGAR VIÐ HJALTEYRI OG EIGUM ÞAR BÆÐI HÚS SEM VIÐ VERJUM MIKLUM TÍMA Í Á SUMRIN.**

tengslum við íslenska listasenu, spratt úr ekki ólíkum jarðvegi og Nýló og segja má að ákveðinn samhljómur sé á milli tilveru þeirra. Bæði Nýlistasafnið og Boekie Woekie eru stofnuð og rekin af listamönnum og hafa hvort um sig verið mótandi afl innan myndlistarinnar með því að vera vettvangur fyrir sýningar yngri jafnt sem eldri kynslóðar listamanna.

